


Frumvarp til laga um lagareldi

Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 1376 — 930. mál.

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
valdimar@sjavarutvegur.is

8. maí 2024

| | |
|---|--|
|  | Samfélagsverkefni gegn spillingu Sjávarútvegsþjónustan ehf. Tölvupóstfang: valdimar@sjavarutvegur.is Sími: 695 2269 |
| Verkefni: | Umsögn við frumvarp til laga um lagareldi. |
| Heiti þessarar umsagnar: | Frumvarp til laga um lagareldi - Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar hf. |
| Fyrri umsagnir: | Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 - Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar hf. Frumvarp um lagareldi - Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar hf. |
| Umsagnaraðili: | Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur |
| <p>Undirbúningur og gerð laga um fiskeldi á árinu 2019 snérist í of miklu mæli um að erlendir fjárfestar og íslenskir fulltrúar þeirra næðu sem mestum fjárhagslegum ávinningi. Tilgangur með umsögn við frumvarp um lagareldi er einkum að leggja sitt að mörkum við að koma í veg fyrir áframhaldandi fjárhagslegan ávinnings fámenns hóps fjárfesta á kostnað umhverfismála og að eigur Íslendinga verði fótum troðið.</p> <p>Þannig að það sé sagt þá er margt gott og vel gert í frumvarpinu en það er ekki sértaklega fjallað um það. Annað þyrfti að útfæra betur, sumt afleitt og eru gerðar athugasemdir og ábendingar við þær greinar frumvarpsins og eru þær helstu eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ <i>Flókið:</i> Hve flókin útfærslan er og í því sambandi er m.a. bent á laxahluti (VII. kafli), strok (VIII. kafli) og grein um forsendubrest (64 gr.). ✓ <i>Óréttlátt:</i> Refsing með skerðingu leyfa/heimilda bitna einnig á starfsmönnum, þjónustuaðilum og nærsamfélaginu, s.s. vegna forsendubrests (64 gr.), affalla (IX. kafli) og lús (X. kafli). Leiðin að fara er að láta greiða refsijald. ✓ <i>Ekki dómtækt:</i> Að refsíákvæðum í sumum greinum frumvarpsins munu vart vera dómtæki ef málið fer fyrir íslenska dómstóla, s.s. ákveðnar greinar um strok (VIII. kafli), afföll (IX. kafli) og kynþroska (XI. kafli). ✓ <i>Færa til eignar:</i> Að vera með ótímabundin rekstrarleyfi (33 gr.), heimild til verðsetningar (120 gr.) og heimild til leigu laxahluta (kafli VII kafli) færir auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar. Í framhaldinu munu málin þróast þannig að um varanlega eign verður að ræða eða sagt með öðrum orðum að arðurinn af auðlindinni íslenskir firðir verður einkavæddur að mestu í þágu erlendra fjárfesta. ✓ <i>Yfirtaka:</i> Ákvæði um smitvarnarsvæði (IV. kafli), útboð smitvarnarsvæða (V. kafli) og bráðabrigðaákvæða (I, II) munu stuðla að því að allt laxeldi í sjókvíum hér á landi munu verða í eigu Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm sem eru í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta/sjóða. <p>Áhættumat erfðablöndunar (6. gr.) er úthlutunarkerfi og hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Athyglisvert er að innleiða á mótvægisáðgerðir ef rekstrarleyfishöfum hentar. ✓ Tillögur Hafrannsóknastofnunar eru bindandi fyrir ráðherra og veldur það áhyggjum þegar horft til þeirra vinnubraga sem hafa viðgengist hjá stofnuninni og mikilvægt er að draga að aðra óháða sérfræðinga. ✓ Ennþá er gert ráð fyrir að lögfesta heimild til erfðablöndunar. | |

- ✓ Ef Alþingi Íslendinga vill láta taka sig alvarlega í umhverfismálum þarf að taka hugmyndaferði áhættumatsins til gagngerðar endurskoðunar.

Ákvörðun um smitvarnarsvæði þarf að taka mið af rannsóknum en ekki út frá núverandi staðsetningu sjókvíaeldisstöðva og horfa til framtíðar (11. og 12 gr.). Skerpa þarf á reglum um flutning eldisfisks, farartækja og búnaðar milli smitvarnarsvæða (14., 15. og 21. gr.) og innflutning á notuðum eldisbúnaði og flutningstækjum (20 gr.). Smitvarnarsvæði munu ekki skila því sem stefnt var að og laxalúsálirfur berast á milli svæða og málið þarf að skoða í stærra samhengi, setja miklar kröfur um tíðni laxalúsar á eldislaxi og ekki minnst að reglum sé framfylgt.

Varðandi úthlutun smitvarnarsvæða (V. kafli) mun það stuðla að því að Ice Fish Farm mun áfram vera með allt laxeldi á Austfjörðum og á Vestfjörðum munu þau vera í eigu Arctic Fish og Arnarlax.

Sérreglur einstakra rekstrarleyfishafa (35 gr.) verði ekki heimilaðar og eingöngu verði stuðst við almennar reglur sem allir fari eftir að öðrum kosti verði illmögulegt að halda niðri laxalúsaálaginu eins og reynslan hefur sýnt.

Varðandi útboð á laxahlutum (VII. kafli) eiga íslensku félögin litla sem enga möguleika að keppa við laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Ef þau íslensku félög sem mögulega verða ekki yfirtekin vilja stækka þurfa þau að leiga laxahluti af laxeldisfyrirtækjum sem eru að mestu í eigu erlendra fjárfesta. Með innleiðingu á laxahlutum í frumvarpinu er um að ræða milljarða eða tugmilljarða fjárhagslegan ávinning einkum til Ice Fish Farm, Arnarlax og Arctic Fish.

Kaflann um stork (VIII. kafli) þyrfti að endurskoða og einfalda. Eingöngu yrði miðað við að greitt yrði ákveðið gjald fyrir hvern eldislax sem veiddist. Komið yrði á markvissri vöktum í veiðiám og allur sjáanlegur eldislax fjarlægður.

Varðandi afföll (IX. kafli) snýst málið m.a. um trúvaranleika og tvöfalt bókhald. Lagt er til að fyrst í stað verði málið skoðað, rannsakað og ráðherra gefinn heimild að setja refsíákvæði í reglugerð.

Varðandi kaflann um laxalús (X. kafli) þá á að setja flest í reglugerð og framvindan mun að miklu ráðast af því hvaða ráðherra sitji hverju sinni. Mælt er með að í lögum verði sett hámarks viðmið, t.d. 0,5 kynþroska kvenlýs/eldisfisk.

Varðandi kynþroska eldislaxa (61 gr.) þá eru áskoranir um trúverðugleika við sýnatöku og miklar kröfur og jafnvel óraunæfar um lágt kynþroskahlutfall. Greinin mun ekki koma í vega fyrir að stórt hlutfall kynþroska eldislaxa geti sloppið og því mikilvægt að hafa gott skipulag að fjarlægja eldislax úr veiðiám.

Varðandi framleiðslugjald samfélagssjóðs (XIV. kafli) munu fyrirhugaðar breytingar ekki leiða til hækkunar á gjaldinu per kg sláturfisk frá því sem nú er þrátt fyrir að margir kalli eftir því.

Í staðinn fyrir að rekstrarleyfishafinn greiði gjald fyrir hvert kg af slátruðum eldislaxi (76. gr.) verði farin sú leið að greitt verði fyrir leyfilegan lífmassa hverju sinni. Með þessu móti greiði rekstrarleyfishafi fullt gjald fyrir auðlindina íslenskir firðir óháð því hvort hana nýti hana eða ekki.

Varðandi breyting á öðrum lögum (139. gr.) er kemur inn á eignaraðild erlendra aðila í íslensku sjókvíaeldi er kallað eftir skýringum af hverju ekki er hægt að hafa sömu reglur og í tilfelli íslensks sjávarútvegs og sjókvíaeldis í Færeyjum.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| 1. INNGANGUR | 7 |
| 1.1 SAMFÉLAGSVERKEFNI | 7 |
| 1.2 UMSAGNIR | 9 |
| 1.4 AÐFERÐAFRÆÐI, AFMÖRKUN OG TILGANGUR..... | 10 |
| 2. MARKMIÐ, GILDISSVIÐ OG ORÐASKÝRINGAR (I. KAFLI) | 12 |
| 2.1 ALMENNT | 12 |
| 2.2 UM EINSTAKAR GREINAR OG TILLÖGUR..... | 13 |
| 2.2.1 Markmið (1. gr.) | 13 |
| 2.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR..... | 15 |
| 3. STJÓRNSÝSLA (II. KAFLI) | 16 |
| 3.1 ALMENNT | 16 |
| 3.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 17 |
| 3.2.1 Stjórnsýsla (4. gr.)..... | 17 |
| 3.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR..... | 18 |
| 4. UMHVERFISVERND OG RANNSÓKNIR (III. KAFLI) | 19 |
| 4.1 ALMENNT | 19 |
| 4.1.1 Burðarþol og skipulag svæða | 19 |
| 4.1.2 Lífrænt burðarþol | 20 |
| 4.1.3 Áhættumat erfðablöndunar..... | 21 |
| 4.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 24 |
| 4.2.1 Burðarþolsmat, vöktun og rannsóknir (5. gr.)..... | 24 |
| 4.2.2 Áhættumat erfðablöndunar (6. gr.)..... | 27 |
| 4.2.3 Friðunarsvæði (7. gr.) | 38 |
| 4.2.4 Slepping eldisfisks (9. gr.) | 40 |
| 4.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR..... | 41 |
| 5. SMITVARNASVÆÐI OG DÝRAHEILBRIGÐI (IV. KAFLI) | 42 |
| 5.1 ALMENNT | 42 |
| 5.1.1 Sjúkviaeldissvæði, rannsóknir og fjarlægðarmörk | 42 |
| 5.1.2 Smitvarnasvæði og rek sjúkdómsvalda..... | 43 |
| 5.1.3 Heilbrigðisþröskuldar | 44 |
| 5.1.4 Samkomulag rekstraræðila | 45 |
| 5.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 48 |
| 5.2.1 Afmörkun smitvarnasvæða (11. gr.)..... | 48 |
| 5.2.2 Almenn um smitvarnasvæði (12 gr.)..... | 50 |
| 5.2.3 Flutningar farartækja og búnaðar milli smitvarnasvæða (14. gr.)..... | 52 |
| 5.2.4 Útsetning og flutningur eldisfisks (15. gr.) | 53 |
| 5.2.5 Þéttleiki (17. gr.)..... | 54 |
| 5.2.6 Innflutningur á notuðum eldisbúnaði og flutningstækjum (20. gr.) | 55 |
| 5.2.7 Brunnbátar og sóttreinsun (21. gr.)..... | 56 |
| 5.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYND | 57 |
| 5.3.1 Ísaffarðardjúp – Málið snýst um fjárhaglegan ávinning | 57 |
| 5.3.2 Smitvarnir..... | 58 |
| 6. ÚTHLUTUN SMITVARNASVÆÐA OG REKSTRARLEYFI (V. KAFLI) | 59 |
| 6.1 ALMENNT | 59 |
| 6.1.1 Fyrri kerfi | 59 |

| | | |
|------------|---|------------|
| 6.1.2 | <i>Staðan</i> | 60 |
| 6.1.3 | <i>Að koma sér í stöðu</i> | 61 |
| 6.2 | UM EINSTAKAR GREINAR | 63 |
| 6.2.1 | <i>Úthlutun smitvarnasvæða (24. gr.)</i> | 63 |
| 6.2.2 | <i>Úthlutun aukins burðarþols (32. gr.)</i> | 67 |
| 6.2.3 | <i>Ótímabundin rekstrarleyfi (33. gr.)</i> | 69 |
| 6.3 | MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 70 |
| 7. | STARFRÆKSLA SJÓKVÍAELDISSTÖÐVA OG EFTIRLIT (VI. KAFLI) | 72 |
| 7.1 | <i>Almennt</i> | 72 |
| 7.2 | UM EINSTAKAR GREINAR | 72 |
| 7.2.1 | <i>Innra eftirlit (35. gr.)</i> | 72 |
| 7.3 | MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 74 |
| 8. | LAXAHLUTUR (VII. KAFLI) | 75 |
| 8.1 | ALMENNT | 75 |
| 8.1.1 | <i>Leyfin verðmætin</i> | 75 |
| 8.1.2 | <i>Verðmætin aukast</i> | 76 |
| 8.2 | UM EINSTAKAR GREINAR | 77 |
| 8.2.1 | <i>Skráning laxahluta o.fl. (38. gr.)</i> | 77 |
| 8.2.2 | <i>Framsaf og flutningur laxamagns milli smitvarnasvæða (39. gr.)</i> | 78 |
| 8.2.3 | <i>Innköllum og útboð laxahlutar (40. gr.)</i> | 80 |
| 8.2.4 | <i>Aukning heildarlaxamagns vegna nýrra svæða. (41. gr.)</i> | 82 |
| 8.3 | MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 82 |
| 9. | STROK (VIII. KAFLI) | 84 |
| 9.1 | ALMENNT | 84 |
| 9.1.1 | <i>Fjarlægja eldislax</i> | 84 |
| 9.1.2 | <i>Engin erfðablöndun?</i> | 85 |
| 9.2 | UM EINSTAKAR GREINAR | 86 |
| 9.2.1 | <i>Tilkynning um strok og fyrstu viðbrögð. (43. gr.)</i> | 86 |
| 9.2.2 | <i>Veði innan 200 metra frá strokstað (44. gr.)</i> | 88 |
| 9.2.3 | <i>Veði í veiðiám eða vötnum (45 gr.)</i> | 89 |
| 9.2.4 | <i>Lækkun laxahlutar vegna þekkt stroatburðar (48. gr.)</i> | 90 |
| 9.2.5 | <i>Lækkun laxahlutar vegna óþekkt stroatburðar (49. gr.)</i> | 94 |
| 9.2.6 | <i>Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til stroatburðar (50. gr.)</i> | 95 |
| 9.3 | MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 97 |
| 10. | AFFÖLL (IX. KAFLI) | 98 |
| 10.1 | ALMENNT | 98 |
| 10.1.1 | <i>Afföll á eldisfiski og eftirlit</i> | 98 |
| 10.1.2 | <i>Talning og talningarskekkja</i> | 98 |
| 10.1.3 | <i>Aðrar leiðir</i> | 101 |
| 10.2 | UM EINSTAKAR GREINAR | 101 |
| 10.2.1 | <i>Reglulegt eftirlit með afföllum (52. gr.)</i> | 101 |
| 10.2.2 | <i>Breytingar á leyfilegum lífmassa vegna affalla (54. gr.)</i> | 103 |
| 10.2.3 | <i>Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til affalla (55. Gr.)</i> | 104 |
| 10.3 | MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 105 |
| 11. | LÚS (X. KAFLI) | 107 |
| 11.1 | ALMENNT | 107 |
| 11.1.1 | <i>Staðan</i> | 107 |
| 11.1.2 | <i>Breyta þarf hugsunarhætti</i> | 108 |

| | |
|--|------------|
| 11.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 110 |
| 11.2.1 Reglulegt eftirlit og viðbrögð við lús (56. gr.) | 110 |
| 11.2.1 Punktakerfi (58. gr.) | 111 |
| 11.2.3 Breyting leyfilegs lífmassa vegna lúsasmits og meðhöndlunar (59. gr.) | 113 |
| 11.3.4 Fjarlægging lúsasmitaðs fisks (60. gr.) | 114 |
| 11.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 114 |
| 12. KYNÞROSKA LAX (XI. KAFLI) | 115 |
| 12.1 ALMENNT | 115 |
| 12.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 116 |
| 12.2.1 Eldi kynþroska eldislax (61. gr.) | 116 |
| 12.2.2 Aðgerðir til að seinka kynþroska (62. gr.) | 118 |
| 12.2.3 Sérstakt eftirlit vegna kynþroska fisks (63. gr.) | 118 |
| 12.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 119 |
| 13. AFTURKÖLLUN REKSTRARLEYFIS TIL SJÓKVÍAELDIS (XII. KAFLI) | 121 |
| 13.1 ALMENNT | 121 |
| 13.1.1 Rekstrarleyfi og afturköllun | 121 |
| 13.1.2 Flókið kerfi | 122 |
| 13.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 123 |
| 13.2.1 Forsendubrestur (64. gr.) | 123 |
| 13.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 125 |
| 14. UMHVERFISSJÓÐUR SJÓKVÍAELDIS ((XIII. KAFLI) | 126 |
| 14.1 ALMENNT | 126 |
| 14.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 126 |
| 4.2.2 Skipting úthlutunarfjár (72. gr.) | 126 |
| 14.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 127 |
| 15. FRAMLEIÐSLUGJALD SAMFÉLAGSSJÓÐS (XIV. KAFLI) | 128 |
| 15.1 ALMENNT | 128 |
| 15.1.1 Stefnuþróunarmótunarpurinn | 128 |
| 15.1.2 Lögin 2019 | 130 |
| 15.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 130 |
| 15.2.1 Fjárhæð gjalds (76. gr.) | 130 |
| 15.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 134 |
| 16. ÝMIS SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI (XXI. KAFLI) | 135 |
| 16.1 ALMENNT | 135 |
| 16.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 135 |
| 16.2.1 Framsal og veðsetning rekstrarleyfis. 120. gr. | 135 |
| 16.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 137 |
| 17. SKIL OG BIRTING UPPLÝSINGA (XXII. KAFLI) | 138 |
| 17.1 ALMENNT | 138 |
| 17.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 138 |
| 17.2.1 Önnur birting upplýsinga. (123 gr.) | 138 |
| 17.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYNDIR | 138 |
| 18. REGLUGERÐARHEIMILD, REFSIÁKVÆÐI O.FL. (XXIV. KAFLI) | 139 |
| 18.1 ALMENNT | 139 |
| 18.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 139 |
| 18.2.2 Stjórnvaldssektir. (133. gr.) | 140 |

| | |
|--|------------|
| 18.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYND | 141 |
| 19. GILDISTÖKUÁKVÆÐI (XXV. KAFLI) | 142 |
| 19.1 ALMENNT | 142 |
| 19.1.1 Fiskiteljarar | 142 |
| 19.1.2 Eignarhald | 144 |
| 19.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 146 |
| 19.2.1 Fiskiteljarar (139. gr.) | 146 |
| 19.2.2 Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991 (139. gr.) | 147 |
| 19.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYND | 148 |
| 20. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA | 150 |
| 20.1 BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI 2019 | 150 |
| 20.2 UM MEÐFERÐ OG AFGREIÐSLU UMSÓKNA | 150 |
| 20.3 ELDI Á ÓFRJÓUM LAXI | 152 |
| 20.2 UM EINSTAKAR GREINAR | 154 |
| 20.2.1 Um ákvæði til bráðabirgða I. | 154 |
| 20.2.2 Um ákvæði til bráðabirgða II. | 156 |
| 20.2.3 Um ákvæði til bráðabirgða III. | 157 |
| 20.2.4 Um ákvæði til bráðabirgða VI. | 158 |
| 20.2.5 Um ákvæði til bráðabirgða VII. | 159 |
| 20.3 MÖGULEGAR SVIÐSMYND | 159 |
| VIÐAUKI 1. SKÝRSLUR OG GREINAR UM ÁHÆTTUMAT ERFÐABLÖNDUNAR | 160 |
| VIÐAUKI 2. AÐRAR GREIN HÖFUNDAR | 161 |

1. Inngangur

1.1 Samfélagsverkefni

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi á tímabilinu 2017-2019 og jafnvel eftir að lögín voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga. Í byrjun ársins 2022 hófst formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu og á hverju ári á næstu árum verður í verkefnið varið hálfu ársverki. Hægt að sækja árskýrslur vegna árána [2022](#) og [2023](#) þar er jafnframt gefið stutt yfirlit yfir þróun málsins allt frá árinu 2019.

Upplýsingar um Samfélagsverkefni gegn spillingu er að finna á vefsíðunni [lagareldi.is](#). Best er að finna allar skýrslur og greinar sem tengjast verkefninu á [sjavarutvegur.is](#)

Málið varðar

Málið varðar vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögín voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða (Ice Fish Farm) komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila (Tafla 1.1). Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture).

Box 1.1 Margt hefur verið reynt í Samfélagsverkefni gegn spillingu.

Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur hjá Sjávarútvegsþjónustunni ehf. hefur ýmislegt reynt til að vekja athygli á málinu:

- ✓ **Gögn:** Send gögn með athugasemdum til löggjafans, alþingismanna á Alþingi Íslendinga.
- ✓ **Opinber rannsókn:** Óskað eftir opinberri rannsókn með að senda beiðni til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, umboðsmanns alþingis og forsætisráðherra.
- ✓ **Fjölmiðlar:** Send gögn á fjölmiðla til að fá þá til að fjalla um málið og viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku.
- ✓ **Upplýsa:** Skrifað greinar í blöð til að kynna málið, samfélagsmiðlar hafa verið notaðir og jafnframt sendir tölvupóstar á markhópa til að upplýsa.
- ✓ **Rannsókn:** Þar sem ekki tókst að fá framkvæmda opinbera rannsóknna hóf Sjávarútvegsþjónustan formlega slíka rannsókn undir merkinu Samfélagsverkefni gegn spillingu í byrjun ársins 2022.

Meira á [lagareldi.is](#)

Box 1.2. Í ársskýrslum Samfélagsverkefnis gegn spillingu er að finna gott yfirlit yfir framgang verkefnisins.



Hægt er að sækja allar greinar og skýrslur sem birtar hafa verið í Samfélagsverkefni gegn spillingu á vefnum [sjavarutvegur.is](#)

Hér til hliðar er hægt að sækja árskýrslur samfélagsverkefnis gegn spillingu fyrir árin 2022 og 2023 með því að ýta með bendli á þær.



Tafla 1.1 Allt snérist um að ná sem mestum fjárhagslegum ávinningi þar sem leyfin voru verðmætin

Í upphafi skal endinn skoða, sem eflaust hefur verið gert af þáverandi stjórnarmönnum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða:

- 2016**
- **Auðlindin tekin:** Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum til að tryggja sig til lengri tíma þar sem bestu svæðin eru takmörkuð og eftirsótt. Þannig er verið að koma sér í ákveðna stöðu með möguleika á fjárhagslegum ávinningi þar sem væntanleg leyfi voru verðmætin.
 - **Sett í sölubúning:** Útbúin viðskiptaáætlun þar sem eldissvæðin og framleiðsluheimildir voru verðmætin og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.
- 2017**
- **Sérhagsmunagæsla:** Þáverandi stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldisfyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúa Landsambands fiskeldisstöðva og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra. Fyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám, urðu helstu ráðgjafar stjórnvalda, og nú var verkefnið að tryggja áfram þeirra stöðu og væntingar voru um mikinn fjárhagslegan ávinning.
 - **Koma sínum mönnum fyrir:** Ráðinn var starfsmaður fyrir stefnumótunarhópinn með aðstöðu í ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem jafnframt var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax.
 - **Hanna leikreglur:** Gefin var út stefnumótunarskýrsla með hagstæðum tillögum fyrir stjórnarformennina, með væntingum um fjárhagslegan ávinning þar sem leyfin voru verðmætin.
- 2018**
- **Vöntun á faglegu rýni:** Ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði tillögur stefnumótunarskýrslunnar inn í fiskeldisfrumvarpið og augljóslega var verið að huga að sérhagsmunum þeirra sem sömdu leikreglunnar.
- 2019**
- **Ekki tekið á öllum málum:** Alþingi Íslands tók á ýmsum málum og bætti frumvarpið verulega, stoppaði af ýmis áform og dró þannig úr væntanlegum fjárhagslegum ávinningi stjórnarformanna.
- 2020**
- **Fjárhagslegur ávinningur:** Í framhaldinu fóru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlenda aðila á erlendan hlutabréfamarkað og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur. Hér er um að ræða laxeldisfyrirtækin Arnarlax, Arctic Fish og Fiskeldi Austfjarða.
 - **Heimildir auknar:** Sú breyting var gerð í áhættumati erfðablöndunar að breytt var úr framleiðslu yfir í hámarks leyfilegan lífmassa og jukust þá framleiðsluheimildir um 30%.
 - **Ný leyfi:** Rekstrarleyfum var síðan breytt úr því að gera ráð fyrir framleiðslu yfir í hámarks leyfilegan lífmassa og jukust þá verðmæti leyfa um 30%.
- 2023**
- **Drög að breytingum á lögum:** Með því að fá að tilhliðra leyfilegum lífmassa á milli svæða eins og nú er gert ráð fyrir í frumvarpi um lagareldi eykst framleiðslugeta laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila og þar með verðmæti leyfa. Að vera með ótímabundin rekstrarleyfi, heimild til verðsetningar og til leigu laxahluta færir auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.

Farið fram á opinbera rannsókn

Mörgum sinnu hefur verið farið fram á opinbera rannsókn án þess að beiðninni hafi verið svarað af stjórnvöldum fram að þessu:

- ✓ Hinn 20. maí 2019 var sendur [tölvupóstur](#) til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit og óskað eftir að rannsókn yrði gerð.
- ✓ Það var síðan í fjórgang, þ.e. 15. ágúst, 11. september, 24. september og 8. október 2019 send ítrekun til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar en einhverra hluta vegna hafa engin svör borist.
- ✓ Á tímabilinu október til desember 2019 var [auglýst](#) eftir viðbrögðum í Morgunblaðinu, einnig án árangurs.
- ✓ Aftur var óskað eftir opinberri rannsókn með að senda beiðni í [tölvupósti](#) hinn 26. mars 2021 til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.
- ✓ Áfram hefur verið reynt að fá framgang í málið og þann 13. febrúar 2023 var forsætisráðherra send beiðni í [tölvupósti](#) um opinbera rannsókn. Hér hefur fyrirspurninni eins og þeim fyrri verið svarað með að svar engu.



1.2 Umsagnir

Stefnumótunin

Hinn 4. október 2023 var kynnt á [samráðsgáttinni](#) Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040. Í fyrsta sinn var sett fram heildstæð stefna fyrir uppbyggingu og umgjörð lagareldis. Stefnan náði til ársins 2040 og hefur að markmiði að skapa lagareldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.

Sett er fram sameiginleg framtíðarsýn til ársins 2040 fyrir undirgreinar lagareldis (sjókvíaelði, landeldi, úthafselði og þörungurækt) og fjallað um markmið hverrar greinar til að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika. Megináherslur stefnunnar var að lagareldi verði stjórnað á grundvelli skilgreindra mælikvarða sem koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfi sitt s.s. á vistkerfi eða villta stofna. Jafnframt að tryggja að staða dýravelferðar og sjúkdóma sé með sama hætti og best þekkist í lagareldi á heimsvísu.

Í skjalinu var einnig að finna aðgerðaáætlun til ársins 2028 sem ætlað er að hrinda stefnunni í framkvæmd. Sú aðgerðaáætlun mun síðan verða uppfærð árlega á meðan stefnan er í gildi.

Höfundur kom í sinni umsögn með ábendingar og athugasemdir við stefnumótunina undir heitinu [Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 - Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.](#)



frumvarpsdrögin til stuðnings og til að leggja áherslu á ákveðin atriði. Komið er með tillögur um breytingar á einstökum lagagreinum frumvarpsins.

- ✓ **Mögulegar sviðsmyndir:** Hér er reynt að draga upp mögulegan þróun mála, ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt. Haft skal í huga hvernig málin þróast á næstu árum ræðst mikið af m.a. hvaða ráðherra er með málaflokkinn hverju sinni.

Afmörkun

Í frumvarpi um lagareldi er tekið fyrir hafeldi, sjókvíaelði og landeldi. Stærsti hluti frumvarpsins fjallar þó um sjókvíaelði á laxi. Til að afmarka verkefnið er hér eingöngu tekið fyrir sjókvíaelði enda eru þar tillögur sem eru mest gagnrýnisverðar. Varðandi hafeldi er bent á að mikilvægt er að koma í veg fyrir að sömu mistök verði gerð og í tilfelli uppbyggingar á sjókvíaelði og í því samhengi er vísað til fjölda greina og skýrsla sem umsagnaraðili hefur birt á síðustu árum (viðaukar 1 og 2).

Margar viðbætur og breytingar í frumvarpi um lagareldi eru mjög jákvæðar en þeim greinum verður ekki gefin sérstök umsögn.

Tilgangur

Það er ljóst að lagaumgjörð fiskeldis frá árinu 2019 hefur í of miklu mæli miðast við að fámennur hópur, mest erlendir fjárfestar og íslenskir fulltrúar þeirra, nái sem mestum fjárhagslegum ávinningi (tafla 1.1). Tilgangur með þessari umsögn er einkum að leggja sitt að mörkum við að koma í veg fyrir áframhaldandi fjárhagslegan ávinnings fámenns hóps fjárfesta á kostnað umhverfismála og eigur Íslendinga verði fótum troðið.

Komið er með ábendingar og athugasemdir við allnokkrar greinar frumvarps um lagareldi sem lagðar eru til breytingar á eða fella alfarið út úr frumvarpinu. Vonandi koma þær að notum við að betrubæta frumvarp um lagareldi.

ORGUNBLAÐIÐ MANUDAGUR 25. OKTOBER 2021

Lög um fiskeldi og ólígarkar

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson



Í fyrstu greininni af sextán í Morgunblaðinu var komið þannig að orði: „Undirritarur mun sýna fram á í nokkrum greinum að framín lada verði ávarleg stjórnsýslubrvi Jar sem stavaru laxeldis-fyrirtæki Íslands höfðu mikla aukna að bryttingu rýgðar fiskeldi.“

Valdimar Ingi Gunnarsson

eignast meirihluta í laxeldisfyrirtækjum, verulegja hlutabréfin, selja sönu ákveðnu hluta breffanna við skráningu á erindan hlutabréfamsarkað og eiga þannig möguleika á ná til bakka öllum þeim fjármunum sem búið var að leggja í félagið - og jafnvel eignast fyrirtækið án þess að leggja í raun neina fjármuni til þess.

Tryggja enn meiri

» „Ólígarkar“ vasast í stefnumótun stjórnvalda og móta jafnvel leikreglurnar sjálfir til að þjóna eigin hagsmunum.

Í greininni var rakið hvað hafli verði gert til að regna að vökja atvugi stjórnsýslans á milli á þess að þeir hefðu fyrir því að stvara eða þakka fyrir ábendingarnar. Hvekad hefur verði farið fram á að gerð verði opinber rannsókn, m.a. beiddi til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og umboðsmanns

2. Markmið, gildissvið og orðaskýringar (I. kafli)

2.1 Almennt

Markmið laga um fiskeldi

Þegar lög nr. 71/2008 um fiskeldi voru endurskoðuð á árinu 2019 voru sett ný ákvæði í markmið laganna. Þegar borið er saman markmið laga nr. 71/2008 um fiskeldi og árangurinn hefur þróunin í flestum tilvikum ekki verið eins og best hefur verið á kosið af ýmsum ástæðum (tafla 2.1). Það er því ljóst að margt þarf að bæta til að markmið laga nr. 71/2008 um fiskeldi gangi eftir og í því samhengi er bent á niðurstöður [stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar](#) frá árinu 2023 en þar kemur m.a. fram:

„Stjórnsýsla og eftirlit með sjókvíaeldi hafa reynt veikburða og brotakennd og vart í stakk búin til að takast á við aukin umsvif greinarinnar á síðustu árum. Breytingum á lögum um fiskeldi sem var ætlað að stuðla að vexti og viðgangi greinarinnar í sátt við bæði samfélag og umhverfi var ekki fylgt eftir með því að styrkja stjórnsýslu og eftirlit þeirra stofnana sem mæðir mest á. Þær breytingar sem gerðar voru á lögum um fiskeldi árin 2014 og 2019 hafa að takmörkuðu leyti náð markmiðum sínum“.



Tafla 2.1. Markmið laga nr. 71/2008 um fiskeldi og hvernig hefur tekist til. Rautt, ekki fullnægjandi, gult ásættanlegt að hlut og grænt er fullnægjandi.

| Ákvæði í lögnum | Rökstuðningur |
|---|---|
| Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, | Vísað er á vefinn Radarinn sem er með tölfraði sem sýnir jákvæða þróun við uppbyggingu fiskeldis. Jafnframt á Bæjarins besta þar sem er að finna fjölmargar greinar um jákvæðu áhrifin. |
| stuðla að ábyrgu fiskeldi | Í þessu samhengi er bent á skýrslur höfundar um laxalúsafárið í Tálknafirði og slysasleppinguna í Patreksfirði og heilbrigðis- og skipulagsmál . |
| og tryggja verndun villtra nytjastofna. | Hér má nefna skýrslur og greinar höfundar s.s. Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum og Lögfesta erfðablöndunar á laxi . |
| Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra | Hér má t.d. benda á skýrslur og greinar umsagnaraðila laxalúsafárið í Tálknafirði og niðurstöður vöktunar Náttúrustofu Vestfjarða á laxalúsaálagi á villtum laxfiskastofnum. |
| og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. | Lítið var tekið á verndun laxastofna við gerð laga nr. 71/2008 um fiskeldi á árinu 2019 og um það er m.a. fjallað í rannsóknaskýrslunni Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan og greininni Áhættumatið og litlu veiðiárnar . |
| Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó. | Unnið er eftir norska staðlinum NS 9415 er mjög jákvætt en verkleg hefði mátt vera betra eins og m.a. er komið inn á í umsögn höfundar Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlanu . |
| Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. | Hér er vísað til nýlegrar skýrslu Hafrannsóknastofnunar Erfðablöndun villts íslensks lax (Salmo salar) og eldislax af norskum uppruna og Skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða Vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum |

Markmið frumvarps um lagareldi

Helstu breytingar sem eru gerðar á markmiði laganna í frumvarpi um lagareldi frá því sem er í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi eru:

- Við framkvæmd laganna skal byggt á vistkerfisnálgun og varúðarnálgun.
- Leitast skal við að fyrirbyggja hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og vistkerfi þeirra ásamt því að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta villta nytjastofna.

Þær breytingar sem voru gerðar á markmiði laganna var að mati sumra ekki til bóta og gerðar hafa verið fjölmargar athugasemdir í umsögnum við frumvarpsdrögin og þær umfangsmestar eru frá [Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi](#).

2.2 Um einstakar greinar og tillögur

2.2.1 Markmið (1. gr.)

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal leitast við að tryggja vernd vistkerfa, sjávarbotns og vatnshlota sem og líffræðilega fjölbreytni, velferð eldisfiska og gæði framleiðslu. Við framkvæmd laganna skal byggt á vistkerfisnálgun og varúðarnálgun.

Leitast skal við að fyrirbyggja hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og vistkerfi þeirra ásamt því að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta villta nytjastofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í lagareldi standist ströngustu staðla og kröfur sem gerðir eru til lagareldis. Skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra nytjastofna og annarra villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Varúðarnálgun

Í [greinagerð](#) sem umsagnaraðili sendi til allra alþingismanna á árinu 2019 var m.a. bent á að áhættumat erfðablöndunar væri að brjóta lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Í 9. gr. náttúruverndarlaga er komið inn á varúðarnálgun en þar segir:

„Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim“.

Það kemur ekkert fram í áhættumati erfðablöndunar að gripið verð strax til „skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim“ ef eldislax gengur upp í veiðiár, eldislax fjarlægður og þannig komið í veg fyrir hrygningu og erfðablöndun. Eftir mikinn þrýsting s.s. frá veiðiréttarhöfum og umhverfissinum var farið í umfangsmiklar aðgerðir með að fjarlægja eldislax ú veiðiám en um það er m.a. fjallað í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slyssaleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#). Til að uppfylla varúðarnálgun náttúruverndarlaga þarf töluverðar breytingar á meðfylgjandi frumvarpi. Nánar er fjallað um málið í umsögn við III. kafla frumvarpsins um Umhverfisvernd og rannsóknir.



erfðablöndunar en þar hefur aftur á móti verið lögfest heimild til erfðablöndunar með þeim afleiðingum að erfðablöndum hefur mælst í fjölmörgum laxveiðiám eins og fram hefur komið í nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunar [Erfðablöndun villts íslensks lax \(*Salmo salar*\) og eldislax af norskum uppruna](#). Slysasleppingar koma alltaf til að eiga sér stað og því mikilvægt að framkvæmd verði viðbrögð sem hafa það að markmiði að lágmarka tjónið eins og umsagnaraðili hefur nýlega fjallað um í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#). Til að tryggja betur verndun villtra laxastofna þarf að bæta í frumvarpinu mótvægisáðgerðir, vöktun og viðbrögð við slysasleppingum og nánar er fjallað um það í III. kafla frumvarpsins um Umhverfisvernd og rannsóknir.

Tillögur

- ✓ Við 2. gr. fyrstu setningar skal taka úr nytjastofna og setja inn stofna og bæta við mótvægisáðgerðum:
 - Leitast skal við að fyrirbyggja hugsanleg spjöll á villtum stofnum og vistkerfi þeirra með mótvægisáðgerðum stjórnvalda og rekstrarleyfishafa ásamt því að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta villta nytjastofna.

2.3 Mögulegar sviðsmyndir

Markmið laga nr. 71/2008 um fiskeldi sem sett voru við endurskoðun á árinu 2019 hafa ekki verið nægilega vel uppfyllt og er um að ræða verulegt frávik í sumum tilvikum (tafla 2.1). Líkleg þróun á næstu árum er að markmið laga um lagareldi náist ekki, en það er þó gert ráð fyrir að minna verði um frávikum vegna mikils þrýstings frá almenningi, umhverfissamtökum o.fl.



Það í III. kafla frumvarpsins um Umhverfisvernd


3. Stjórnsýsla (II. kafli)

3.1 Almennt

Með öll hlutverk á boðinu

Við endurskoðun á lögum nr. 71/2008 á árinu 2019 voru margir ósáttir við að Hafrannsóknastofnun væri með öll hlutverk á borðinu er varðar áhættumat erfðablöndunar og þar á meðal höfundur í sinni umsögn, „[Fljótandi að feigðarósi](#)“. Þingmaðurinn Bjarni Jónsson sem sat í samráðsnefnd um fiskeldi lýsir þessu e.t.v. best með sínu séráliti eða bókun við meðhöndlun málsins í nefndinni:¹

„Varðandi hlutverk Hafrannsóknastofnunar í ferlinu er það svo nú að stofnunin hefur öll hlutverk við borðið, fer með nánast allar rannsóknir, gerð vöktunaráætla, framkvæmd vöktunarverkefna, greiningu niðurstaðna og fullnaðarvald til stjórnsýslulegra ákvarðana. Þá hefur stofnunin á sama tíma stórkostlega fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem hún fylgir eftir, af verkefnum sem af fiskeldinu leiðir og sömuleiðis þjónusturannsóknum í laxveiðiám á Íslandi ... Sú staða sem nú er uppi með Hafrannsóknastofnun gagnvart ákvörðunum um laxeldi við Ísland er því fordæmalaus“




Samráðsnefnd lögð niður

Breytingar á lögum nr. 71/2008 voru lögð fram á árinu 2018 en mikil andstaða og gagnrýni kom fram og náðist ekki að afgreiða þau á vorþinginu. Lögin voru endurbætt m.a. til að koma á mótis við gagnrýnina og eitt af því var að leggja til samráðsnefnd um fiskeldi. Í lögum nr. 71/2008 kemur fram að „Ráðherra skipar samráðsnefnd um fiskeldi til fjögurra ára í senn. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar vegna málefna fiskeldis og skal taka til umfjöllunar hvaðeina sem málaflokkinn snertir. Í því felst m.a. að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á“. Nú í frumvarpi um lagareldi er gert ráð fyrir að samráðsnefndin verði lögð niður þar sem hún er ekki talin hafa skilað tilætluðum árangri sem raunverulegur og skilvirkur vettvangur til ráðgjafar í málefnum fiskeldis.

Breytingar í frumvarpi

Í frumvarpi um lagareldi er varðar stjórnsýslu eru gerðar eftirfarandi breytingar til viðbótar við að leggja niður samráðsnefnd um fiskeldi:



Mynd 3.1. Núverandi stjórnsýsluhlutverk Hafrannsóknastofnunar við úthlutun á framleiðsluheimildum til eldis á frjóum laxi og hagsmunatengsli.

¹ Álit eða gögn Samráðsnefndar fiskeldis eru ekki aðgengilega á netinu en höfundur kallaði eftir þeim og fékk afhent.

- ✓ Ákvarðanir Matvælastofnunar er lúta að breytingu á heimildum vegna affalla, lúsar og stroks sæti kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
- ✓ Hafrannsóknastofnun er til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, nr. 112/2015.

3.2 Um einstakar greinar

3.2.1 Stjórnsýsla (4. gr.)

Ákvarðanir Matvælastofnunar er lúta að skráningarskyldu eða veitingu, og afturköllun rekstrarleyfis til lagareldis samkvæmt lögum þessum sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Sama gildir um ákvarðanir Matvælastofnunar er lúta að breytingu á heimildum vegna affalla, lúsar og stroks.



Mörg mál er tengjast sjókvíældi á laxi hafa verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (UUA). Það má eiginlega setja að allt hafi verið kært sem mögulega var hægt að kæra. Nú bætist við ákvarðanir Matvælastofnunar er lúta að breytingu á heimildum vegna affalla, lúsar og stroks. Það má gera ráð fyrir að Matvælastofnun þurfi oft að breyta heimildum vegna affalla, lúsar og stroks og það muni hrannast inn kærur til UUA ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt. Það er vel þekkt að mál sem hafa lent á borði UUA hafa oft haft þar langa viðveru. Það kann því að vera skynsamlegt að beina kærur frekar til ráðherra eins og [Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi](#) leggja til og bent er á að meiri sérþekking sé þar á málaflokknum.

Hafrannsóknastofnun er til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, nr. 112/2015.

Við umsögn á lögum nr. 71/2008 á árinu 2019 kom [Sjávarútvegsþjónustan](#) með alvarlegar athugasemdir við að Hafrannsóknastofnun væri með öll hlutverk við borðið og það gerðu reyndar fleiri umsagnaraðilar. Það að Hafrannsóknastofnun hafi verið ætlað stjórnsýsluhlutverk er varðar áhættumat erfðablöndunar hefur skaðað stofnunina og því mjög jákvætt ef þessi breyting kemst í gegn. Hafrannsóknastofnun fór ekki vel með þetta hlutverk og verður nánar fjallað um það í rannsóknaskýrslunni „Áhættumat erfðablöndunar, tillögur, gagnrýnin og staðan“ sem nú er í vinnslu.

Tillögur

- ✓ Í staðin fyrir að ákvarðanir Matvælastofnunar verði kærar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verði kærur beint til ráðherra.
 - Ákvarðanir Matvælastofnunar er lúta að breytingu á heimildum vegna affalla, lúsar og stroks sæt kærur til ráðherra.
- ✓ Ítrekað að mikilvægt er að stjórnsýsla áhættumats erfðablöndunar verði færð frá Hafrannsóknastofnun til að stofnunin verði ekki fyrir meiri skaða en nú er orðið.

3.3 Mögulegar sviðsmyndir

Kærum kemur til með að fjölga

Að óbreyttu mun kærur vegna breytinga á framleiðsluheimildum vegna affalla, lúsar og stroks streyma inn hvort sem málaflokkurinn verður hjá úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða ráðherra. Það verður allt kært sem mögulegt er að kæra og bætist þessi kæruliður við fjölda annarra kærleiða. Ef ekki verður bætt við starfsfólki til að afgreiða kærur munu hrannast upp óafgreiddar kærur.

Óvíst hvort ráðherra þori

Flytja stjórnslu áhættumats erfðablöndunar úr hendi Hafrannsóknastofnunar yfir á ráðherra er jákvætt skref eins og lagt var til í frumvarpsdrögum. Þessu var reyndar breytt í endanlegu frumvarpi sbr. 6. gr. um áhættumat erfðablöndunar um að ráðgjöfin væri bindandi fyrir ráðherra, en kann mögulega að breytast aftur við vinnslu málsins á þinginu.



Hvernig ráðherra tekur á málum mun væntanlega fara mikið eftir hvaða ráðherra situr í stólnum hverju sinni. Áhættumat erfðablöndunar hefur það meginhlutverk að úthluta framleiðsluheimildum aðallega til laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Hér er um að ræða mikil verðmæti og þau fyrirtæki sem hafa oft með vafasömum hætti stuðlað að miklum verðmætum fyrir sína eigendur munu markvisst vinna að því að halda sínu. Hvort viðhöfð verði vinnubrögðin eins og fjallað var um í rannsóknarskýrslunum [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#) og [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#) á eftir að koma í ljós.

Hvað með laxalúsina?

Erlendis s.s. í Noregi og Færeyjum er álag af laxalús sem setur takmarkanir á heimilaðan hámarkslífmassa eða fjölda fiska. Af umhverfismálum laxeldis er það helst laxalús sem hefur mestu neikvæðu áhrifin á villta laxfiskastofna og einnig sjókvíaelði þeirra sem eru í nágrenninu (sjá nánar kafla 11). Af einhverjum ástæðum hefur laxalúsinn ekki verið tekin afvarlega fyrr en með þessum frumvarpsdrögum. Hvernig laga- og reglugerðarammanum hefur verið ábótavant er m.a. bent á í greinagerðinni [Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin](#) sem send var til allra alþingismanna áður en löggin um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019. Hvernig til tókst er vel gert grein fyrir í leiðbeiningar fyrir fjölmiðla [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#).



4.1.2 Lífrænt burðarþol

Núverandi burðarþol

Það er búið að gefa út lífrænt burðarþol fyrir einstaka firði [samtals 144.500 tonn](#). Engin breyting hefur verið gerð á hámark heimilaðs lífmassa í íslenskum fjörðum frá því að það var fyrst lögleitt með breytingu á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi á árinu 2019. Mesta burðarþolið er í Ísafjarðardjúpi samtals 30.000 tonn (mynd 4.2). Þar sem áhættumat erfðablöndunar setur takmarkanir á eldi á frjóum laxi er lífrænt burðarþol ekki að fullu nýtt í öllum fjörðum. Það er einkum í Ísafjarðardjúpi og Stöðvarfirði sem áhættumat erfðablöndunar setur takmarkanir á fulla nýtingu á lífrænu burðarþoli.

Mat á burðarþoli


Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, [Burðarþol íslenskra fjarða](#), er gerð grein fyrir hvernig staðið er að mati á burðarþoli fjarða. Súrefni, staða næringarefna og vistfræði sjávarbotnsins voru þeir þættir sem Hafrannsóknastofnun kannaði til að ákvarða burðarþol og við áætlun á burðarþoli þurfti að halda öllum þáttum innan tilgreindra marka þeirra. Í [Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar](#) var komið með nokkrar athugasemdir og ábendingar sem þyrfti að bæta sem ekki verða raktar hér.

Burðarþol mismunandi

Þegar skoðað er flatarmál í einstökum fjörðum og heimilaðs hámarkslífmassa á hvern ferkílómetra þá er niðurstaðan í grófum dráttum þessi:

- ✓ Firðir á Austfjörðum með um 200 tonn/ km².
- ✓ Firðir á Vestfjörðum með um 100 tonn/km² nema í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi þar er það u.þ.b. 60 tonn á km².

Það eru ýmsar ástæður fyrir mismunandi burðarþoli á ferkílómetra sem ekki verða raktar hér. Nýtt mat á burðarþoli í framtíðinni kann að leiða til aukningar eða jafnvel lækkunar á hámarks heimiluðum lífmassa í einstökum fjörðum.



Mynd 4.2. Hlutfallið á milli lífræns burðapöls og heimilda til eldis á frjóum laxi í áhættumati erfðablöndunar. Grænt sýnir að heimildir í lífrænu burðapöli og áhættumats erfðablöndunar er það sama og rautt sýnir að hve miklu leiti hlutfalls heimilda í áhættumati erfðablöndunar er minna en lífræns burðapöls.

4.1.3 Áhættumat erfðablöndunar




Áhættumat erfðablöndunar kynnt og gagnrýnt

Í júlí 2017 lagði Hafrannsóknastofnun fram [áhættumat erfðablöndunar](#) til að meta hversu mikið eldi á frjóum laxi í sjókvíum væri óhætt að stunda án þess að óásættanleg áhætta væri tekin með náttúrulega laxastofna landsins.

Áhættumatið hefur verið gagnrýnt m.a. í greinagerð sem var send til allra alþingismanna [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#) áður en lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 og einnig í [áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana](#). Í stuttu máli má komast að þeirri niðurstöðu að áhættumat erfðablöndunar gangi út á að:

- ✓ fylgjast með uppgöngu storkulaxa í veiðiár,
- ✓ bregðast ekki strax við til að fyrirbyggja tjón,
- ✓ og mæla síðan mögulega erfðablöndun.





Umsagnaraðili hefur gagnrýnt áhættumat erfðablöndunar mikið og er að finna yfirlit yfir greinar og skýrslur í viðauka 1.

Ekkert gert fyrr en allt var komið í óefni

Áhættumat erfðablöndunar er úthlutunarkerfi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd að gera. Hér áður fyrr var farið í veiðiár og norskættaður eldislax fjarlægður til að lágmarka erfðablöndun. Með tilkomu áhættumats erfðablöndunar var því hætt og þannig boðið upp á að norskættaður eldislaxi gæti hrygnt með íslenskum laxi og um ferli málsins er m.a. fjallað í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Fjarlægja eldislax úr veiðiám – Ferli málsins](#). Það var ekkert gert fyrr en allt var komið í óefni og um það er fjallað í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slyasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#).

Litlu veiðiánum fórnað

Markmiðið með líkani áhættumats erfðablöndunar er að geta spáð fyrir um dreifingu eldislaxa sem strjúka frá hverjum eldisstað og áætla hve mikið af þeim fiski mun skila sér í hverja á. Útbúið var líkan sem sýnir hvernig eldislax getur dreifst frá eldissvæðum á Vestfjörðum og Austfjörðum og í tiltekna veiðiár.

Það hefur verið gagnrýnt að ekki séu allar veiðiár teknar með í áhættumat erfðablöndunar og eftirfarandi stofnanir og nefndir hafa komið með umsagnir og athugasemdir: Erfðanefnd landbúnaðarins, Ríkisendurskoðun, Skipulagsstofnun og vísindanefnd. Ferli málsins er rakið í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi](#).

Stefnumótunarhópurinn og áhættumatið

Áhættumat erfðablöndunar var í aðalhlutverki í vinnu [starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) sem skilaði af sér skýrslu á árinu 2017. Bæði í áhættumati erfðablöndunar og í skýrslu stefnumótunarhópsins er forðast að nota hugtakið „fjarlægja



eldislax“ úr veiðiá. Hvorki Hafrannsóknastofnun né starfshópur um stefnumótun í fiskeldi upplýsa stjórnvöld um leiðir til að fjarlægja eldislax úr veiðiám sem búið var að taka upp í Noregi eftir áratuga biturra reynslu af aðgerðarleysi. Í stefnumótunarhópnum voru tveir fulltrúar erlendra fjárfesta og lögð var áhersla að halda öllum kostnaði vegna [umhverfismála í lágmarki](#). [Fiskistofa](#) skilaði inn umsögn til stefnumótunarhópsins um að mögulega mætti fjarlægja eldislax úr veiðiám. Ekkert tillit var tekið til þessarar umsagnar og ekki minnst á hana í stefnumótunarskýrslunni. Um vinnubrögð stefnumótunarhópsins er gefið yfirlit í [rannsóknaskýrslunni Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

Áhættumatið lögfest

Áhættumat erfðablöndunar var lögfest á Alþingi Íslendinga við endurskoðun á lögum um fiskeldi á árinu 2019. Því miður var sú leið farin við endurskoðun laga um fiskeldi að heimila erfðablöndun á villtum íslenskum laxi og hafa [lögfræðingar m.a. gert athugasemd við það](#).

Athugasemdir og ferli málsins er rakið í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi](#). Þar er m.a. farið yfir umsagnir og afstöðu stofnanna, samtaka, fyrirtækja og einstaklinga við fiskeldisfrumvörpin á árunum 2018 og 2019. Jafnframt gefið yfirlit yfir afstöðu sumra þingmanna um málið.

Í [greinagerð með frumvarpinu á árinu 2019](#) kom fram að gert væri ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun muni í niðurstöðum áhættumatsins leggja til tilteknar mótvægisáðgerðir sem hafa það markmið að hamla mögulegri erfðablöndun. Í áhættumatinu skulu því koma fram nokkrar útgáfur af framleiðsluheimildum, allt eftir því til hvaða mótvægisáðgerða er gripið. Hafrannsóknastofnun hefur verið mjög treg að koma með sviðsmyndir þrátt fyrir fjölmargar beiðnir s.s. frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og laxeldisfyrirtækjum sem m.a. var tekið saman í umsögn umsagnaraðila við [áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana](#).

Í umhverfismati áætlana

Sjávarútvegsþjónustan fór fram á að gerð verði [úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar](#) á árinu 2021.



Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana - Athugasemdir Sjávarútvegsþjónustunnar

| | |
|-------------------------------------|----|
| ENNSYRILIT | 3 |
| 0. SAMANTekt | 3 |
| 1. RINGANGUR | 5 |
| 1.1 Málsgögn | 5 |
| 1.2 Fyrir-ATHAFSÖMUR | 5 |
| 1.3 Því Á ÁTTUÐUM ERHVAÐANDEYFI | 7 |
| 1.4 ERHVAÐANDEYFI OG UMÞRÖGÐUR | 10 |
| 2. LAXASTOFNUN OG ÁHÆTTUMATIÐ | 13 |
| 2.1 FARA VORUM Í ÁHÆTTUMATIÐ | 13 |
| 2.2 FARA VORUM Í ÁHÆTTUMATIÐ | 12 |
| 2.3 LITLA LAXASTOFNUN FÓRNUM | 13 |
| 2.4 ERHVAÐANDEYFI | 14 |
| 2.5 LITLA LAXASTOFNUN ERHVAÐANDEYFI | 14 |
| 2.6 NÖRNSTIMA | 15 |
| 2.7 NÖRNSTIMA | 15 |
| 2.8 NÖRNSTIMA | 15 |
| 3. HÖLVAÐANDEYFI OG ÁTTUÐUR | 16 |
| 3.1 FÖLVAÐANDEYFI | 16 |
| 3.2 ERHVAÐANDEYFI | 17 |
| 3.3 LITLA LAXASTOFNUN | 18 |
| 3.4 HELVAÐANDEYFI | 19 |
| 3.5 LITLA LAXASTOFNUN | 20 |
| 3.6 LITLA LAXASTOFNUN | 21 |
| 3.7 DRÖG LITLA LAXASTOFNUN | 21 |
| 3.8 NÖRNSTIMA | 22 |
| 4. VIBMÓ | 23 |
| 4.1 ÁTTUÐUR OG ERHVAÐANDEYFI | 23 |
| 4.2 ÁTTUÐUR OG ERHVAÐANDEYFI | 24 |
| 4.3 VIBMÓ OG ERHVAÐANDEYFI | 25 |
| 4.4 NÖRNSTIMA | 26 |

Váldimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
áttuðunarskýrslunni
8. desember 2021

Sama ár fór áhættumat erfðablöndunar í umhverfismat áætlana. Sjávarútvegsþjónustan sendi inn umfangsmikla [greinagerð](#) og af einhverjum ástæðum var athugasemdum ekki svarað efnislega í lokaskýrslu umhverfismats áætlana undir heitinu [Burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar á Austfjörðum og Vestfjörðum – Umhverfismatsskýrsla](#). Skýrslan sem unnin var af VSÓ Ráðgjöf var hvítþvottur fyrir áhættumati erfðablöndunar enda unnin fyrir Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Hafrannsóknastofnun.

Endurskoðun á áhættumatinu

Áhættumatið var endurskoðað á árinu 2020 og heimildir auknar. Þegar áhættumat erfðablöndunar var í umhverfismati erfðablöndunar á árinu 2021 gagnrýndi [Sjávarútvegsþjónustan](#) að ekki væri rétt reiknað. Sú breyting var gerð í útreikningi að í staðinn fyrir að miða við framleiðslu eins og áður var gert var sú leið farin að miða við hámarkslífmassa og við það jukust framleiðsluheimildir u.þ.b. 30%. Undir þetta var tekið í stjórnýsluskýrslu [Ríkisendurskoðunar um sjókvíaelði](#). Það hafði verið upplýsingaóreiða í umfjöllun um hlutfallið á milli framleiðslumagns og hámarkslífmassa í fiskeldi og var því teknar saman leiðbeiningar fyrir fjölmiðla [Hlutfallið milli framleiðslumagns og hámarkslífmassa í fiskeldi](#).

Erfðablöndun


Hafrannsóknastofnun hefur leikið lykilhlutverk við innleiðingu áhættumats erfðablöndunar og það vekur athygli að stofnunin virðist tala tveimur tungum með sérfræðinga sem eru hliðhollari laxeldi og aðrir sem hafa sterkari bönd til náttúrulegra laxastofna og umhverfismála. Fyrst eftir að áhættumatið var gefið út árið 2017 komu fram mismunandi sjónarmið hjá sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar. Þær raddir þögnuðu fljótlega og málflutningur stofnunarinnar var einsleitari. Það voru ákveðin þáttaskil með skýrslu stofnunarinnar [Erfðablöndun villts íslensks lax \(salmo salar\) og eldislax af norskum uppruna](#). Niðurstöðurnar í þessari skýrslu sýna að erfðablöndun hefur orðið við hlutfallslega lítið eldismagn.

4.2 Um einstakar greinar

4.2.1 Burðarþolsmat, vöktun og rannsóknir (5. gr.)

Ráðherra ákveður fyrir hvaða vatnshlot eða önnur afmörkuð hafsvæði burðarþolsmat skuli gert og tímasetningu þess. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun.

Hafrannsóknastofnun skal meta áhrif af völdum álags frá sjókvíaelði með því að framkvæma tímabundnar rannsóknir á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis og vakta ástand vistkerfa innan vatnshlota eða annarra afmarkaðra hafsvæða sem þegar hafa verið metin til burðarþols. Endurskoða skal burðarþolsmat svo oft sem þurfa þykir, til dæmis ef niðurstöður vöktunar eða rannsókna gefa tilefni til, en eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Hafrannsóknastofnun skal árlega birta niðurstöður vöktunar á áhrifum af völdum álags fyrir þau hafsvæði sem vöktuð voru árið áður.



Matvælastofnun skal halda skrá um leyfilegan lífmassa smitvarnasvæða sem sýnir hámarkslífmassa samkvæmt burðarþolsmati hverju sinni. Lífmassi fisks í skrá Matvælastofnunar skal að hámarki samrýmast burðarþolsmati. Skráin skal að auki sýna breytingar sem verða á leyfilegum lífmassa hvers smitvarnasvæðis sem leiðir af breytingum skv. IX. og X. kafla laga þessara. Skráin skal birt opinberlega á vefsíðu Matvælastofnunar.

Skal Matvælastofnun, ef burðarþolsmat lækkar, aðlaga skrá sína fyrir hvert smitvarnasvæði til samræmis við burðarþolsmat, og skal gefa rekstrarleyfishöfum hæfilegan frest til aðlögunar. Um afleiðingar af hækkun burðarþolsmats fer skv. 32. gr. laga þessara. Hvorki skal tilgreina hámarkslífmassa í rekstrarleyfum samkvæmt lögum þessum né starfsleyfum sem gefin eru út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að loknum aðlögunarfresti samkvæmt þessari grein, sem ekki skal vera lengri en 18 mánuðir, er óheimilt að ala meiri fisk í vatnshloti eða

Breyting á frumvarpi

Gerð hefur verið breyting á skilgreiningu hugtaksins burðarþolsmat sem er nú bundið við álag af völdum sjókvíaldis en ekki aðeins „lífrænt álag“. Horfa á til umhverfisálags í víðum skilningi til framtíðar og tryggja að hægt sé að taka tillit til ólíks álags við burðarþolsmat kemur fram í greinagerð með frumvarpinu.


Hér er um veigamikla breytingu að ræða ef umhverfisálag vegna laxalúsar verður tekið inn í burðarþolið. Laxalús er í raun stærsta viðgangsefni umhverfismála laxeldis og ljóst að þéttleiki eldisins er orðinn of mikill á sumum svæðum og því erfitt að hemja lúsina. Þróun gæti því verið sú að laxalús takmarki burðarþol eða heimilaðan hámarkslífmassa í meira mæli en lífrænt álag frá eldinu á næstu árum og áratugum.

Þrjár skilgreiningar

Um er að ræða þrjár skilgreiningar á lífmassa í frumvarpi um lagareldi (mynd 4.3). Það er hlutverk Hafrannsóknastofnunar að skilgreina burðarþol þ.e.a.s. hámarkslífmassa vatnshlots/ strandsvæðahlots og skipta niður í hámarkslífmassa smitvarnasvæðis í stórum fjörðum s.s. Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Leyfilegur lífmassi er lífmassi fisks sem rekstraraðili má ala hverju sinni. Leyfilegur lífmassi verður ekki í rekstrarleyfum þar sem hann getur hækkað og lækkað allt eftir frammistöðu rekstraraðila. Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun haldi skrá sem aðgengileg er á vef stofnunar sem sýnir leyfilegan lífmassa rekstraraðila og hámarkslífmassa smitvarnasvæðis.

Smitvarnasvæði og burðarþol

Það á að meta burðarþol innan vatnshlota eða annarra afmarkaðra hafsvæða. Það má gera ráð fyrir að í flestum tilvikum verði einstakir firðir sérstakt smitvarnasvæði eins og fram kemur í greinagerð með frumvarpinu. Stórir firðir eins og Ísafjarðardjúp og Arnarfjörður (vatnshlotið eða [strandsjávarhlota](#) 101-1384-C) verði fleiri en eitt smitvarnasvæði (mynd 4.4). Þá þarf Hafrannsóknastofnun að skipta niður hámarkslífmassa strandsvæðahlots niður í einstök smitvarnasvæði. Það er ekki búið að ákveða skiptingu strandsvæðahlota í stórum fjörðum og í Ísafjarðardjúpi er hún ennþá mjög opin og fram kemur í greinagerð með frumvarpinu: „Tvö smitvarnasvæði sem skiptast frá norðri til suðurs. Tvö smitvarnasvæði, skipt frá austri til vesturs. Þrjú smitvarnasvæði, skipt frá norðri til suðurs sem og eitt smitvarnasvæði í innanverðu Ísafjarðardjúpi“. Skiptingin getur verið eins og



Mynd 4.3. Þrjár skilgreiningar á lífmassa sem notað er til að úthluta framleiðsluheimildum.

á mynd 4.5 eða öðru vísi, en nánar verður fjallað um skiptingu vatnshlota í smitvarnarsvæði í umsögn við IV. kafla frumvarpsins.

Mat á burðarþoli

Fyrsta matið á burðarþoli einstakra fjarða var byggt á takmörkuðum gögnum og með auknum rannsóknum og vöktun má gera ráð fyrir að breyting verði á burðarþoli. Hámarks lífmassi á einstökum smitvarnarsvæðum getur breyst:


- Ef rannsóknir Hafrannsóknastofnunar sýna og mikil áhrif á strandsvæðahlotið með lækkun á hámarks lífmassa eða nýjar mælingar sýna að mögulegt er að auka framleiðslu.
- Ef tekin verða inn önnur ný umhverfisviðmið en lífrænt álag inn í mat á burðarþoli eins og álag frá laxalús á villa laxfiskastofna gæti það leitt til þess að heimildir lækkuðu.
- Rekstrarleyfishafa geta aukið sínar framleiðsluheimildir með að taka í notkun eldistækni sem hefur minna álag sem gætu leitt til þess að mögulegt væri að auka hámarks lífmassa. Þá er það hlutverk Hafrannsóknastofnunar að meta hve mikið er mögulegt að auka framleiðsluheimildir.

Heimilaður hámarks lífmassi á einstökum svæðum eru verðmæti og má gera ráð fyrir að einstakir rekstraraðilar hafi skoðun á málinu, gagnrýni og reyni að hafa áhrif á niðurstöður með ýmsum ráðum.


Breytingar á hámarks lífmassa

Breytingar á burðarþoli einstakra smitvarnarsvæða geta skipt miklu fyrir einstaka rekstrarleyfishafa. Skv. frumvarpinu skal meta burðarþol smitvarnarsvæða eigi sjaldnar en á sex ára frest og ef breyting verður á er eftirfarandi til umhugsunar:

- Aukning:** Yfirleitt getur aðeins einn rekstraraðili fengið aukninguna og þar með getur verðmæti félagsins aukist.
- Minnkun:** Ef minnkun á burðarþoli fær þá rekstraraðilinn möguleika á að flytja sínar heimildir sem tapaðast yfir á annað smitvarnarsvæði þar sem möguleiki er til aukningar.



Mynd 4.4. Skipting hluta Vestfjarða í vatnshlot eða strandsjavarhlot.



Mynd 4.5 Ef strandsvæðahlotið Ísafjarðadjúp (101-1390-C) verður skipt niður í tvö smitvarnarsvæði utan við Æðey, hvernig verður þá staðið að því að skipta niður hámarks lífmassa.

Aukning heimilda

Aukning getur verið á hámarkslífmassa smitvarnarsvæði s.s. vegna þess að álagið á vistkerfið er minna en fyrri mælingar bentu til. Jafnframt getur rekstraraðili með sínum aðgerðum haft áhrif á hámarksburðapól svæðisins s.s. að velja lokaðar sjókvíar og fjarlægja allan úrgang. Þannig gæti rekstraraðili aukið heimildirnar a.m.k. fyrir ófrjóan lax og regnbogasilung jafnvel án þess að aukningin væri boðin út. Ef svo færi að aukningin yrði boðin út væri rekstraraðilinn einn um að bjóða í og þannig stjórnað verðinu. Nánar er fjallað um úthlutun aukins burðarþols í umsögn á 32. gr. frumvarpsins.

Minnkun heimilda

Það getur komið upp sú staða að á ákveðnum smitvarnarsvæðum þurfi að minnka hámarkslífmassa s.s. vegna þess að niðurstöður rannsókna sýna að burðapólið er minna en fram kom í fyrsta matinu. Slík lækking hefur áhrif á rekstarleyfishafa og nærsamfélagið. Hér kunna koma upp spurningar hvort rekstraraðili sem hefur önnur smitvarnarsvæði sem ekki eru nýtt að fullu fái heimild til að flytja það sem tapaðist yfir á svæði þar sem burðapól er nægilegt.

Það er verið að taka ákvörðun um verðmæti

Við breytingar á hámarkslífmassa vatnshlota eða smitvarnarsvæða er verið að taka ákvörðun eða leggja til breytingar á verðmætum eldissvæða og þar með virði einstakra laxeldisfyrirtækja. Það er því mikilvægt að aðferðafræði við mat á burðapóli sér vönduð og stöðluð. Rekstraraðili getur haft áhrif á hámarkslífmassa svæðis með að taka í notkun eldistækni sem veldur minna lífrænu álagi. Í 5. gr. þarf að bæta inn ákvæði um aukningu á burðapóli vegna notkunar á eldistækni sem dregur úr lífrænu álagi á umhverfið.

Tillögur

- ✓ Bætt verði inn ákvæði um að Hafrannsóknastofnun meti aukið burðapól vegna notkunar á eldistækni sem dregur úr lífrænu álagi á umhverfið
- ✓ Jafnframt er vísað er til umsagnar og tillagna í 32 gr. frumvarpsins.

4.2.2 Áhættumat erfðablöndunar (6. gr.).**4.2.2.1 Úthlutunarkerfi****Fréttatilkynning Hafrannsóknastofnunar**

Áður en umsögn er gerð um 6. gr. frumvarpsins er ástæða til að skoða um hvað málið snýst og hvert raunverulegt hlutverk áhættumat erfðablöndunar er.

Í byrjun ársins 2023 birti umsagnaraðili í Bændablaðinu greinina [Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?](#). Hér var verið að gagnrýna áhættumat erfðablöndunar og Hafrannsóknastofnun fannst ástæða til að birta [fréttatilkynningu](#) um málið. Umsagnaraðili svaraði í fjölda greina í Bændablaðinu og einnig í formi leiðbeininga fyrir fjölmiðla (sjá greinar og leiðbeiningar í viðauki 1).

Áhættumatið er úthlutunarkerfi

Það er athyglisvert þegar frumvarpið er lesið kemur fram er varðar áhættumat erfðablöndunar er nær eingöngu fjallað um hvernig staðið verður að úthlutunum á framleiðsluheimildum. Eins og umsagnaraðili hefur ítrekað bent á þá er áhættumat erfðablöndunar úthlutunarkerfi sem gagnast aðallega laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila og hefur lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera. Það er búið að úthluta ókeypis tug milljarða króna í formi leyfa til sjókvíaeldis í íslenskum fjörðum. Um það hvernig unnið var og staðið að málum er m.a. fjallað í


rannsóknaskýrslunum [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#) og [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.](#)

4.2.2.2 Mótvægisáðgerðir

Þrjú þrep

Umræðan hefur mikið verið um hvort það eigi að vera með mótvægisáðgerðir til að draga úr líkum á erfðablöndun. Áður en lengra er haldi skoðum fyrst hvað er átt við með mótvægisáðgerðum. Til einföldunar má skipta mótvægisáðgerðum í þrjú þrep (box 4.2):

- ✓ **Fyrsta þrep:** Koma í veg fyrir að eldisfiskur sleppi.
- ✓ **Annað þrep:** Koma í veg fyrir að eldisfiskur komist upp að hrygningarstöðvunum villta laxins.
- ✓ **Þriðja þrep:** Auka samkeppnishæfni villta laxa og minnka hjá eldislöxum.



Mynd 4.6. Til einföldunar má skipta mótvægisáðgerðum í þrjú þrep eða stig.

Fyrsta þrep

Farsælasta fyrsta þrep mótvægisáðgerða var innleiðing á búnaðarstaðlinum NS 9415 þegar [lög um fiskeldi nr. 71/2008 voru endurskoðuð á árinu 2014](#). Miklar kröfur eru gerðar til eldisbúnaðar í þessum staðli sem dregur verulega úr líkum á að eldislax sleppi úr sjókvíum. Varðandi eldi á frjóum laxi í lokuðum búnaði þá er sú tækni ennþá á þróunarstigi og með innleiðingu er verið að auka rekstrarkostnað og minnka samkeppnishæfni. Mikilvæg mótvægisáðgerð er gott verklag starfsmanna og þjónustuaðila við sjókvíarnar en því hefur oft verið ábótavant. Fleiri mikilvægar mótvægisáðgerðir eru s.s. seiðastærð/stærð möskva á neti til að minnka líkur á möskvasmugi og stytta eldistímann og þar með minnka líkur á stroki eldislaxa.

Annað þrep

Gripið er til annaðs þreps þegar fyrsta þrep mótvægisáðgerða heldur ekki og eldisfiskur sleppur úr sjókví. Það er óraunhæft að ganga út frá því að hægt sé að koma í veg fyrir að eldislax sleppi úr sjókvíum með núverandi eldistækni og er því mikilvægt að hafa annað þrep mótvægisáðgerða. Um það er m.a. fjallað um í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slysa-sleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin.](#)

Með öðru þrepi mótvægisáðgerða er reynt að koma í veg fyrir eða fækka eldislöxum sem ná að komast upp að hrygningarstöðvum villta laxins og valda mögulega erfðablöndun. Af ýmsum einkennilegum ástæðum hefur verið unnið á móti því að annað þrep mótvægisáðgerða verði innleitt og um það er m.a. fjallað í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Fjarlægja eldislaxa úr veiðiám – Ferli málsins](#).

Þriðja þrep

Það mun alltaf ákveðið hlutfall eldislaxa sem komast upp að hrygningarstöðvum villta laxins og þá er mikilvægt að vera með þriðja þrep mótvægisáðgerða til að hindra eða minnka líkur á að eldislax ná að hrygna. Í þriðja þrepi mótvægisáðgerða er lykilatriði að hafa sterka villta laxastofna og góða veiðistjórnun. Samkeppnishæfni eldislaxa er lítil eftir áratuga kynbætur og þegar villti laxinn nýtir allar hrygningarstöðvar eru minni líkur á að eldislaxinn komist að. Veiðistjórn er oft ábótavant hér á landi, takmörkuð vitneskja um um ástand einstakra stofna eins og umsagnaraðili bendir m.a. í greinni [Áhættumat erfðablöndunar og sjálfbærir villtir laxastofnar](#). Í Noregi er farið í fjölda veiðiáa að hausti og hrygningarlaxar taldir og árlega eru birtar upplýsingar um ástand einstakra laxastofna á vefnum <http://www.vitenskapsradet.no>

Með ljósastýringu í sjókvíum er kynþroska haldið í lágmarki en það kemur ekki í veg fyrir að kynþroska laxar gangi upp í veiðiár s.s. í tilfellum sem eldislax sleppur snemma úr kvíunum.

Miklar vonir voru bundnar við notkun á ófrjóum laxi þegar lög nr. 71/2008 voru endurskoðuð á árinu 2019 en þeir voru í raun notaðir til að laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila gætu haldið sýnum svæðum án þess að nota eins og gert er grein fyrir í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Ófrjóir laxar til að halda eldislaxum](#). Þróun á eldi á ófrjóum laxi var ekki komið nægilega langt á árinu 2019 og er sú staða óbreytt á árinu 2024.

4.2.2.3 Leiðirnar

Þrjár áherslur

Það eru skiptar skoðanir um leiðir til að lágmarka tjón af völdum eldislaxa. Sú leið sem mun skila bestum árangri er að banna laxeldi í sjókvíum í íslenskum fjörðum. Ef eingöngu eru skoðaðar leiðir þar sem gert er ráð fyrir laxeldi í sjókvíum eru eftirfarandi helst í umræðunni:

- ✓ **Hafróleiðin:** Fylgjast með, gera ekkert strax og mæla síðan tjónið.
- ✓ **Rekstrarleyfishafaleiðin:** Vera með mótvægisáðgerðir ef mér hentar.
- ✓ **Leið umhverfissinna:** Vernda villta laxastofn og koma í veg fyrir eða lágmarka erfðablöndun.


Hafróleiðin

Hér er um að ræða áhættumat erfðablöndunar sem er skilgreint eftirfarandi í frumvarpi um lagareldi: „Mat á þeim fjölda frjórna eldislaxa sem strjúka úr eldi í sjó og vænta má að komi í ár og orsaki erfðablöndun við villta nytjastofna lax“. Feld er út úr skilgreiningunni sem var innleitt við breytingu á lögum á árinu 2019 „að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, verði það mikil að tíðni arfgerða villtra stofna breytist og valdi versnandi hæfni stofngerða þeirra“.

Box 4.2. Til einföldunar hefur mótvægis-áðgerðum til að draga úr líkum á erfðablöndun verið skipt niður í þrjú þrep.

- ✓ **Fyrsta stigs:** Koma í veg fyrir að eldisfiskur sleppi, s.s. með miklum kröfum um búnað og starfsmenn og þjónustuaðilar viðhafi gott verklag.
- ✓ **Annad stig:** Fjarlægja eða hindra uppgöngu eldislax. Það getur falið í sér að fjölga árvökum og hindra uppgöngu og fjarlægja eldislax úr veiðiár t.d. með rekköfun, ljósveiðum sumar og haust.
- ✓ **Þriðja stig:** Felur m.a. í sér sterka náttúrulega stofna með góðri veiðistjórn sem dregur úr líkum á erfðablöndun. Varðandi eldi á á ófrjóum laxi þá er það óraunhæfur valkostur eins og staðan er í dag.

Þó að mótvægisáðgerðir hafi verið felld út úr skilgreiningu á áhættumati erfðablöndunnar er áhersla lögð á fyrsta þrep mótvægisáðgerða í Hafróleiðinni s.s. notkun á góðum og traustum búnaði til að draga úr líkum á að eldisfiskur sleppi úr sjókvíum. Jafnframt hefur verið haldið á loft að mögulega megi draga úr neikvæðum áhrifum með notkun á stærri seiðum og var tekið tillit til seiðastærðar við ákvörðun framleiðsluheimilda á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi [við endurskoðun á áhættumatinu 2020](#). Vandamálið við seiðastærð er að þar hefur Hafrannsóknastofnun hagrætt gögnum til að sýna fram á að endurkomuhlutfall minnki með aukinni seiðastærð eins og bent er á í athugasemdum Sjávarútvegsþjónustunnar í umsögn við [áhættumati erfðablöndunar í umhverfismati áætlana](#). Hve mikið vinnst með að stækka seiði sem sett eru í sjókvíar er því ennþá óljóst.



Mynd 4.7. Myndræn framsetning á þremur leiðum sem hafa verið innleiddar eða eru í umræðunni.

Tilgangur áhættumats erfðablöndunar er að gefa rétta mynd af fjölda eldislaxa sem gætu tekið þátt í hrygningu í hverri veiði. Hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar felur í sér að horfa, gera ekki neitt og mæla síðan tjónið og hefur verið gagnrýnd mikið m.a. umsagnaraðila í fjölda greina og skýrsla og er vísað til þeirra (viðauki 1).

Rekstrarleyfishafaleiðin

Mótvægisáðgerðir falla út í skilgreiningu á áhættumatinu með þessu frumvarpi en haldið er þeim möguleika opnum ef allir rekstrarleyfishafar sem ala frjóan lax á sama hafsvæði hafa samþykkt að rekstrarleyfum verði breytt þannig að skylda til viðkomandi mótvægisáðgerða verði hluti rekstrarleyfa sbr. 3 mgr. 6. gr. Hér gæti t.d. verið um að ræða aukin stærð seiða og lokaður búnað en þess er ekki sérstaklega getið í greinagerð með frumvarpinu. Ef hér er um að ræða annað stig mótvægisáðgerða sem gengur út á að hindra uppgöngu eða fjarlægja eldisfisk úr veiðiám þurfa forsvarsmenn laxeldisfyrirtækja ekki eingöngu að semja sína á milli heldur einnig við veiðiréttareigendur. Þegar skoðaðar eru matsskýrslur laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra

aðila þá er vart að vænta þess að fyrirtækin komi sér saman um að fara út í kostnaðarsamar aðgerðir enda var lítið gert úr mögulegri erfðablöndun í umhverfismati laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila og má [sækja matsskýrslur félaganna á vef Skipulagsstofnunar](#).

Hér er skynsamlegast að stjórnvöld móti reglurnar og komi í framkvæmd mótvægisáðgerðum án aðkomu laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Leið umhverfissinna

Margir umhverfissinnar eru á móti því að laxeldi í sjókvíum verði stundað hér á landi og er það að sjálfsögðu besta leiðin til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Umhverfissinnar er stór hópur s.s. almenningur, veiðiréttarhafar, náttúruverndarsamtök og jafnvel forsvarsmenn fiskeldisfyrirtækja sem vilja standa vel að og taka ábyrgð á sínum rekstri með að láta grípa til aðgerða þegar tjón eiga sér stað, koma í veg fyrir eða lágmarka umhverfisáhrif.

Miðað við núverandi stöðu leggja umhverfissinnar áherslu á að mótvægisáðgerðir verði viðhafðar til að lágmarka erfðablöndun. Leið umhverfissinna í meginráttum er að innleiða fyrsta, annað og þriðja þrep mótvægisáðgerða. Hugmyndafræðin er að koma í veg fyrir erfðablöndun en ekki heimila hana upp að ákveðnu marki eins og gert er í Hafróleiðinni.

Leið umhverfissinna líkist meira norsku leiðinni þar sem gripið er til aðgerða í tilfelli slysaslepping til að lágmarka tjónið og rekstraraðili greiði kostnaðinn (tafla 4.1). Það má margt læra af Norðmönnum þó eflaust sé hægt að gera betur.

Tafla 1. Samanburður á norsku og íslensku leiðinni skv. áhættumati erfðablöndunar frá 2017.

| | Norska leiðin | Íslenska leiðin |
|--------------------------|---|--|
| Hugmyndafærðin | Reyna að koma í veg fyrir að eldislax náí að ganga upp í veiðiár og hrygna. | Eldislaxi hleypt upp í veiðiár og það á að grípa til aðgerða eftir að tjón hefur átt sér stað. |
| Viðmiðanir | Miða við að halda hlutfalli eldislaxa undir 4% í veiðiám með að fjarlægja sjáanlegan eldislax. | Miða við 4% sem verður aðeins hægt að staðfesta í örfáum veiðivötnum. Það er engin viðmiðun til fyrir erfðablöndun. |
| Mótvægisáðgerðir | Komnir með mikla reynslu í fyrsta þrepi mótvægisáðgerða og grípa strax til annars þreps mótvægisáðgerða við slysasleppingu alla leið upp í veiðiár. | Fyrsta þrep mótvægisáðgerða er ábótavant og annað þrep mótvægisáðgerða er ekki virkjað. |
| Vöktun | Eru með haustvöktun og fá tiltölulega góðar upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám. | Vöktun á hlutfalli eldislaxa er ábótavant og hlutfall eldislaxa liggur ekki fyrir nema í örfáum veiðiám. |
| Viðbrögð (ábyrgð) | Eldisaðila gert skylt eftir slysasleppingu að fjármagna vöktun og fjarlægja eldislax úr veiðiám í nágrenninu. Eldisfyrirtæki greiða í sjóð sem fjármagnar aðgerðir til að fjarlægja eldislax af óþekktum uppruna úr fjölmörgum veiðiám. | Eldisaðila ekki gert skylt að fjármagna aðgerðir. Það er fylgst með, ekkert gert strax, en gripið til aðgerða eftir að tjón hefur átt sér stað. Ólíklegt að farið verði í niðurskölun framleiðsluheimilda sem getur tekið jafnvel áratugi. |

Tafla 4.1. Samanburður á norsku og íslensku leiðinni skv. áhættumati erfðablöndunar frá 2017.

| | Norska leiðin | Íslenska leiðin |
|--------------------------|---|--|
| Hugmyndafærðin | Reyna að koma í veg fyrir að eldislax náí að ganga upp í veiðiár og hrygna. | Eldislaxi hleypt upp í veiðiár og það á að grípa til aðgerða eftir að tjón hefur átt sér stað. |
| Viðmiðanir | Miða við að halda hlutfalli eldislaxa undir 4% í veiðiám með að fjarlægja sjáanlegan eldislax. | Miða við 4% sem verður aðeins hægt að staðfesta í örfáum veiðivötnum. Það er engin viðmiðun til fyrir erfðablöndun. |
| Mótvægisáðgerðir | Komnir með mikla reynslu í fyrsta þrepi mótvægisáðgerða og grípa strax til annars þreps mótvægisáðgerða við slysasleppingu alla leið upp í veiðiár. | Fyrsta þrep mótvægisáðgerða er ábótavant og annað þrep mótvægisáðgerða er ekki virkjað. |
| Vöktun | Eru með haustvöktun og fá tiltölulega góðar upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám. | Vöktun á hlutfalli eldislaxa er ábótavant og hlutfall eldislaxa liggur ekki fyrir nema í örfáum veiðiám. |
| Viðbrögð (ábyrgð) | Eldisaðila gert skylt eftir slysasleppingu að fjármagna vöktun og fjarlægja eldislax úr veiðiám í nágrenninu. Eldisfyrirtæki greiða í sjóð sem fjármagnar aðgerðir til að fjarlægja eldislax af óþekktum uppruna úr fjölmörgum veiðiám. | Eldisaðila ekki gert skylt að fjármagna aðgerðir. Það er fylgst með, ekkert gert strax, en gripið til aðgerða eftir að tjón hefur átt sér stað. Ólíklegt að farið verði í niðurskölun framleiðsluheimilda sem getur tekið jafnvel áratugi. |

4.2.2.4 Umsögn við 6. gr.

Breytingar á frumvarpinu

Í frumvarpsdrögum var gert ráð fyrir að ráðherra að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, ákveði með reglugerð heimilaðan hámarkslífmassa fyrir frjóan lax sem ala má á hverjum tíma. Í fjöldaumsögnum var komið inn á áhættumat erfðablöndunar og aðkomu ráðherra við ákvörðunartöku:

„Það er óásættanlegt að frumvarpið leggi til að áhættumat erfðablöndunar sé ekki bindandi fyrir ráðherra. Ef það yrði samþykkt þá þýddi það að framtíð íslenskrar náttúru og villtra laxastofna væri orðin pólitísk ákvörðun, sem ekki endilega yrði byggð á vísindum“.

Margir aðrir voru einnig á móti þessari breytingu s.s. [Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi](#) og [Landsamband veiðifélaga](#), sem bendir á að ef áhættumat erfðablöndunar er gert rétt verður að það að vera bindandi fyrir ráðherra. Í þessu frumvarpi var þessu breytt og tillaga Hafrannsóknastofnunar um áhættumat erfðablöndunar verður bindandi fyrir ráðherra, líkt og í gildandi löggjöf.



Hafrannsóknastofnun gerir tillögu til ráðherra um það hámarksmagn frjórna laxa, mælt í lífmassa, sem heimilt er að ala í sjó hverju sinni á tilteknu hafsvæði á grundvelli áhættumats erfðablöndunar. Ráðherra staðfestir áhættumat erfðablöndunar að fenginni tillögu Hafrannsóknastofnunar og er tillagan bindandi fyrir ráðherra. Áhættumat erfðablöndunar skal byggjast á vistkerfis- og varúðarnálgun. Heimildir til að ala frjóan lax samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn sem fram kemur í reglugerð.

Vinnubrögðin þarf að bæta

Áhættumat erfðablöndunar skal byggjast á vistkerfis- og varúðarnálgun eins og fram kemur í frumvarpinu. Því miður byggist áhættumat erfðablöndunar ekki á vistkerfis- og varúðarnálgun og í því samhengi er vísað til umsagnar á 1. gr. frumvarpsins.

Það er jákvætt við áhættumat erfðablöndunar að þar er reynt að setja skorður á umfang eldis á frjóum laxi í sjókvíum en áhættumatið hefur þó því miður lítið sem ekkert með umhverfisvernd að gera. Í umsögn [Landssambands veiðifélaga](#) við frumvarpsdrögin um lagareldi kemur m.a. fram:

„Hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar gengur í berhögg við markmiðsákvæði núverandi laga um fiskeldi og laga um náttúruvernd. Viðmið um að 4% erfðablöndun sé ásættanleg samræmist ekki þessum markmiðum og stefnu nefndra laga. Því er hafnað að löggjafinn viðurkenni í frumvarpinu að erfðablöndun sé ásættanleg“.

Þetta er sérstaklega athyglisvert í því samhengi að [Landsamband veiðifélaga](#) var með fulltrúa í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi þar sem lagt var til við stjórnvöld að innleiða áhættumat erfðablöndunar og var fast eftir því sótt eins og m.a. kemur fram í rannsóknaskýrslunum [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#) og [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#). Það virðist því hafa átt sér stað ákveðin stefnubreyting innan Landsambands veiðifélaga.

Varðandi erfðablöndun er ekki um að ræða 4%, heldur eru sett þá viðmið í áhættumat erfðablöndunar að hlutfall eldislaxa í veiðiám fari ekki yfir þau mörk. Reyndar eru engin mörk um

sambandi má nefna að það eru of fáar veiðiár eru í líkaninu, dreifing eldislaxa minni en gert er ráð fyrir, endurheimtuhlutfall rangt o.s.frv. Um þetta er m.a. fjallað í blaðagreininni [Áhættumatið, forsendurnar og vöktunin](#).

Áhættumat skal gefið út miðað við þann lífmassa frjórna laxa sem mætti ala í sjó ef hagkvæmstu skiptingu milli smitvarnasvæða væri fylgt. Áhættumat erfðablöndunar skal ekki skipt niður á smitvarnasvæði af Hafrannsóknastofnun en getur tekið mið af skiptingu milli hafsvæða og landshluta ef við á. Hluti ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í áhættumati erfðablöndunar er framsetning skiptihlutfalla vegna flutnings laxahluta milli smitvarnasvæða.

Skiptihlutfall og lækun lífmassa

Það verður hlutverk Hafrannsóknastofnunar að veita ráðgjöf um framsetningu skiptihlutfalla vegna flutnings laxahluta milli smitvarnasvæða. Í greinagerð með frumvarpinu fylgir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og þar er t.d. gert ráð fyrir að við flutningi lífmassa úr Patreks- og Tálknafirði í Ísafjarðardjúpi fari skiptihlutfallið úr 1 niður í 0,6. Þ.e.a.s. ef flutt er 1.000 tonna lífmassi úr Patreks- og Tálknafirði yfir í Ísafjarðardjúp má aðeins vera með 600 tonn lífmassa. Hér er hugmyndafræðin að eftir því sem eldið er nær laxveiðiám sem skilgreindir eru nytjastofnar af Hafrannsóknastofnun í áhættumati erfðablöndunar lækkar skiptihlutfallið.

Forsendur skiptihlutfalls

Athugasemdir eru gerðar við útreikninga á skiptihlutfalli. Í fyrsta lagi hefur verið gagnrýnt að það sé ekki tekið inn í áhættumat erfðablöndunar allar veiðiár þar sem er að finna laxastofna. Á sunnanverðum Vestfjörðum eru fjöldi veiðiáa sem fóstara lax. Með því að taka þær ekki inn í áhættumat erfðablöndunar er hægt að halda hagstæðu skiptihlutfalli fyrir sunnanverða Vestfirði eins og m.a. er komið inn á í greinagerðinni [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#).

Í öðru lagi er aðrir þættir sem hafa áhrif á dreifingu eldislaxa í veiðiár eftir stök úr sjókvíum. Í þessu samhengi er vert að bend á að þegar slysasleppingar eiga sér stað í fjörðum þar sem ekki er að finna villta laxastofna eins og í Patreksfirði dreifir laxinn sér yfir mun stærra svæði og mikill kostnaður verður að fjarlægja úr fjölmörgum laxveiðiám. Aftur á móti ef t.d. slysaslepping yrði í Ísafjarðardjúpi mætti gera ráð fyrir að mun stærra hlutfall eldislaxa leituðu upp í ár í Djúpinu, dreifðu sér minna og minni kostnaður væri að fjarlægja. Til nánari skýringa er vísað til leiðbeininga fyrir fjölmiðla [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#).

Áhættumatið skal byggt á þáttum eins og áætlun um fjölda strokufiska og endurkomuhlutfalli þeirra, áhrifum hafstrauma og dreifingu fiska, fjarlægð áa frá eldissvæðum, stofnstærð laxa í ám og öðru sem þýðingu kann að hafa.

Forsendur áhættumatsins

Það voru gerðar alvarlegar athugasemdir við forsendur sem stuðst er við í áhættumati erfðablöndunar fyrst í greinagerðinni [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#) sem send var til allra alþingismanna áður en lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019. Einnig er bent á greinina [Áhættumatið, forsendurnar og vöktunin](#). Varðandi fjölda stroka munu vera miklar árlegar sveiflur og meiri hér en í löndum þar sem stundað er umfangsmeira laxeldi.



Endurkomuhlutfall á seiðum og stærri fiski sem sleppur er hrein ágiskun og bent er á að engar rannsóknir á norskum eldislaxi hér á landi styðja þær viðmiðanir sem settar hafa verið í líkan áhættumats erfðablöndunar.

Dreifing minni

Í umsögnum [Ungir umhverfissinnar](#) og [NASF](#) við frumvarpsdrögin er með réttu bent á að eldislaxinn fari víða. Dreifing eldislaxa upp í veiðiár er þó mun minni en gert er ráð fyrir í áhættumati erfðablöndunar og um það er m.a. fjallað um í [Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana](#).

Eldislaxar ganga í mestu mæli í upp í veiðiár í sama firði og slysasleppingin átti sér stað. Með því að stunda ófullnægjandi vöktun í veiðiám á eldissvæðum, eins og umsagnaradili bendir á í greininni [Litlu laxastofnarnir – Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur](#) hefur Hafrannsóknastofnun reynt að halda því fram að dreifing á eldislaxi í veiðiár sé meiri en er í raun.

Eldislaxar geta farið víða sérstaklega í tilfelli sleppinga í litlum fjörðum með engan villta laxastofna í veiðiám. Í þessu samhengi má nefna [slysasleppinguna í Patreksfirði](#) á árinu 2023 og í [slysasleppinguna í Norðfirði](#) árið 2003.

Til að lágmarka dreifingu eldislaxa í stærri fjarlægðar laxveiðiár þarf að tryggja að til staðar séu laxastofnar í veiðiám í firðinum þar sem sjókvíaelði á laxi er stundað og að eldið sé ekki staðsett mjög utarlega í firðinum. Fjörður eins og Patreksfjörður er því óheppilegur þar sem engi villta laxastofna er að finna í veiðiám, eldislax sem sleppur fer víða og dýrt verður að fjarlægja.

Rýnskýrsla

Vísindanefnd var falið að rýna áhættumat erfðablöndunar og gerðar voru fjölmargar athugasemdir við forsendur, reikniaðferð, vöktun í skýrslu nefndarinnar [Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um niðurstöður óháðrar nefndar um athugun á aðferðarfræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar](#). Hafrannsóknastofnun gaf vísindanefndinni ekki allar umbeðnar upplýsingar s.s. litlu laxastofnana. Umsagnaradili hefur fjallað um skýrslu vísindanefndar í andsvörum við sérfræðing Hafrannsóknastofnunar í greininni [Rýnskýrslan og vöktun laxastofna](#). Það hefur tiltölulega lítið verið unnið með ábendingar í skýrslu vísindanefndar og er hér lagt til að aftur verði gerð úttekt af óháðum fagaðilum á áhættumati erfðablöndunar af óháðum aðilum og unnið verði áfram með þær til að lágmarka umhverfisáhrif eldisins.

Í áhættumati erfðablöndunar er heimilt að taka tillit til mótvægisáðgerða sem draga úr mögulegri erfðablöndun.

Það er heimilt!

Það er athyglisvert að fram komi að það sé heimilt að taka tillit til mótvægisáðgerða í áhættumati erfðablöndunar og verður það teljast afar óheppileg framsetning í lögum um lagareldi. Jafnframt er athyglisvert að þegar fjallað er um mótvægisáðgerðir



er það einkum út frá auknum framleiðsluheildum. Hvað er átt við með mótvægisáðgerðum er aðeins sagt að það geti verið ljósastýring til að hafa áhrif á kynþroska og að ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

Hér er lagt til að í staðinn fyrir nota heimilt komi í staðinn skal.

Hvert er LV að fara?

Í umsögn [Landsambands veiðifélaga](#) (LV) við frumvarpsdrögin kemur fram:

„Ítrekað hefur verið bent á að áhættumat erfðablöndunar á ekki að taka tillit til mótvægisáðgerða eins og núverandi lög geri ráð fyrir og endurtekið er með frumvarpinu. Ekki eru til neinar þekktar mótvægisáðgerðir sem koma í veg fyrir stök og þar af leiðandi erfðablöndun. Þá er slíkt ákvæði brot á samkomulagi veiðiréttarhafa við stjórnvöld frá þeim tíma er áhættumat erfðablöndunar var fyrst komið á“.

Það er athyglisverð að Landsamband veiðifélaga gerir athugasemd við innleiðingu mótvægisáðgerða sem hafa það hlutverk að koma í veg fyrir eða draga úr erfðablöndun vísa til samkomulags við stjórnvöld. Það hlýtur að vera sérkennilegt að Landsamband veiðifélaga geti gert samkomulag án eigenda minni veiðiaá sem ekki eru í sambandinu og annarra aðila s.s. náttúruverndarsamtaka. Um þetta og vinnubrögð starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem Landsamband veiðifélaga átti sinn fulltrúa er fjalla um í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

Meiri mótvægisáðgerðir – meiri framleiðsluheimildir

Í samhengi við athugasemdir Landsambands veiðifélaga (LV) skal það haft í huga að með innleiðingu á nýjum mótvægisáðgerðum þá er hægt að auka framleiðsluheimildir í reiknilíkani áhættumats erfðablöndunar. Það er e.t.v. ekki þróunin sem LV og sumir aðrir vilja sjá. Aukið umfang hefur einfaldlega almennt í för með sér að fleiri eldislaxar sleppa og ganga upp í veiðiár. Í áhættumati erfðablöndunar ganga mótvægisáðgerðir ekki út á að vernda villta laxastofna heldur auka framleiðsluheimildir til núverandi rekstraraðila. Að nota í væntanlegum lögum um lagareldi „taka tillit til mótvægisáðgerða sem draga úr mögulegri erfðablöndun“ er því algjör markleysa og hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar þarf í raun að endurskoða frá grunni.

Einungis skal tekið tillit til mótvægisáðgerða við gerð og notkun áhættumats erfðablöndunar ef fyrir liggur við gerð áhættumats erfðablöndunar að allir rekstrarleyfishafar sem ala frjóan lax á sama hafsvæði hafa samþykkt að rekstrarleyfum verði breytt þannig að skylda til viðkomandi mótvægisáðgerða verði hluti rekstrarleyfa. Ný rekstrar-leyfi sem gefin eru út eftir að mótvægisáðgerðir hafa verið samþykktar skulu hafa að geyma skyldu til sömu mótvægisáðgerða.

Eiga rekstrarleyfishafar að ákveða?

Það er mjög athyglisvert að gert er ráð fyrir því að einungis skal tekið tillit til mótvægisáðgerða ef fyrir liggur að allir rekstrarleyfishafar sem ala frjóan lax hafi samþykkt. Það hljómar undarlega að það eigi að leggja ákvörðun um mótvægisáðgerðir í hendur rekstrarleyfishafa sem hafa fram að þessu almennt reynt að koma sér undan slíkum áðgerðum eflaust vegna þess að þeim fylgir kostnaður en um það er m.a. fjallað í greininni [Sjókvíeldi laxfiska: Draga úr kostnaði og ná fjárhagslegum ávinningi](#). Í því sambandi er bent á að löggjafinn kynni sér viðhorf til mótvægisáðgerð í matsskýrslum Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm en þær er að finna á vef [Skipulagsstofnunar](#).

Hér er mikilvægt og eðlilegt að stjórnvöld skilyrði mótvægisáðgerðir sem gilda fyrir öll laxeldisfyrirtæki og veiðiár með það að markmiði á lágmarka erfðablöndun á íslenskum villtum laxastofnum.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um meðferð, útgáfu og breytingu rekstrarleyfa og mótvægisáðgerðir, hvaða stofnar teljast til villtra nytjastofna laxa, sem og framkvæmd vöktunar á fjölda frjórna laxa og lífmassa þeirra. Þar verða nánari ákvæði um afmörkun landshluta sem og um meðferð, útgáfu og breytingu áhættumats. Reglugerðin skal taka tillit til bestu fánlegrar tækni.

Framkvæmd vöktunar

Ráðherra setur í reglugerð framkvæmd vöktunar á fjölda frjórna laxa í veiðiám en vöktun hefur verið mjög ábótavant eins og umsagnaraðili hefur bent á í fjölda greina s.s. [Áhættumat erfðablöndunar og vöktun laxastofna](#) og [Áhættumatið, forsendurnar og vöktunin.](#)



Hvaða laxastofnar?

Hafrannsóknastofnun hefur fallið í þá gryfju að taka ekki með alla laxastofna inn í líkan áhættumats efnablöndunar. Með því hefur verið hægt að auka úthlutanir til laxeldisfyrirtækja í meirihluta erlendra aðila en um það er m.a. fjallað í greininni [Litlu laxastofnunum fórnað til að auka framleiðsluheimildir á frjóum eldislaxi.](#)

Eigendur minni veiðiáa hafa gert athugasemd að ekki er tekið tillit til þeirra veiðiá og jafnvel haldið því fram að þeim eigi að fórna. Landsamband veiðifélaga hefur verið klofið í þessu máli og ekki öll aðildarfélög fylgt samtökunum í þessu máli. Jafnframt hafa fjölmörg umhverfissamtök og jafnvel stofnanir gert athugasemd. Um það er m.a. fjallað í leiðbeiningar fyrir fjölmiðla [Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi.](#) Málinu er e.t.v. best lýst með umsögn [Icelandic Wildlife Fund \(IWF\)](#) við frumvarpsdrögin:

„IWF ítrekar enn og aftur þá skoðun sína að markmið áhættumats erfðablöndunar á ekki að hvíla á grunni þess að það snúist um að vernda hlunnindi tiltekinna einstaklinga og laxastofna sem þeir nytja heldur eigi áhættumatið að slá vörð um líffræðileg verðmæti allra villtra laxastofna landsins“.

Hver ákveður?

Ráðherra skal setja nánara ákvæði um hvaða stofnar villtra laxa teljast til villtra nytjastofna skv. frumvarpinu. [Landsamband veiðifélaga](#) gerir athugasemd í sinni er umsögn við frumvarpsdrögin en þar kemur fram:

„Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra geti ákveðið ýmsa þætti með reglugerð, t.d. varðandi mótvægisáðgerðir og hvaða stofnar villtra laxa teljast til nytjastofna. Því er alfarið hafnað að ráðherra geti tekið ákvörðun um þessa þætti og haft þannig áhrif á gerð áhættumats sem á að vera á forræði Hafrannsóknastofnunar sem telst sjálfstæð rannsóknarstofnun“.

Með þessari breytingu á 6. gr. frumvarpsins munu ákvarðanir ráðherra eflaust mikið miðast við hver sæti í ráðherrastólnum hverju sinni. Ef áhættumatið verður áfram er vissulega æskilegt að vísindastofnun ákveði framleiðsluheimildir í áhættumati erfðablöndunar að mestu leiti, og þá að ráðherra hefði takmarkaðar heimildir til að gera breytingar.

Í þessu samhengi er bent á að fram að þessu hefur Hafrannsóknastofnun alfarið ráðið hvaða stofna er tekið tillit til í áhættumati erfðablöndunar sem hefur verið mjög gagnrýnt. Stofnunin hefur verið allsráðandi og fáir sérfræðingar innan stofnunarinnar ráðið för sem hafa ekki farið vel með sitt hlutverk og vald. Ef halda á áfram með áhættumat erfðablöndunar er mikilvægt að vísindamenn frá öðrum stofnunum/nefndum sem vinna að náttúruvernd komi að vinnunni t.d. Náttúrufræðistofnun

Íslands og Erfðanefnd landbúnaðarins til að veita sérfræðingum stofnunarinnar faglegt aðhald. Þannig væri sérfræðingar innan Hafrannsóknastofnunar t.d. ekki einir um að taka ákvörðun um hvaða veiðiár væru í líkani áhættumati erfðablöndunar.

Tillögur

- ✓ Ef haldið verður áfram með áhættumat erfðablöndunar verði gerðar eftirfarandi breytingar 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins eða bætt inn:
 - Í staðinn fyrir nytjastofna verði eingöngu notað stofna og hljóðar setningin eftir breytingu:
 - Með áhættumatinu er áhætta af erfðablöndun frjórra eldislaxa við villta laxastofna metin með líkani.
- ✓ Gerðar verði eftirfarandi breytingar 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins:
 - Í staðinn fyrir að nota heimilt þá verði því breytt í skal og hljóðar þá setningin eftirfarandi;
 - Í áhættumati erfðablöndunar skal taka tillit til mótvægisáðgerða sem draga úr mögulegri erfðablöndun.
 - Fell verði út út í heild sinni eftirfarandi tvær setningar:
 - Einungis skal tekið tillit til mótvægisáðgerða við gerð og notkun áhættumats erfðablöndunar ef fyrir liggur við gerð áhættumats erfðablöndunar að allir rekstrarleyfishafar sem ala frjóan lax á sama hafsvæði hafa samþykkt að rekstrarleyfum verði breytt þannig að skylda til viðkomandi mótvægisáðgerða verði hluti rekstrarleyfa. Ný rekstrarleyfi sem gefin eru út eftir að mótvægisáðgerðir hafa verið samþykktar skulu hafa að geyma skyldu til sömu mótvægisáðgerða.
- ✓ Gerðar verði eftirfarandi breytingar á 8. mgr. og jafnframt síðust mgr. 6. gr. frumvarpsins:
 - Í staðinn fyrir hvaða stofnar teljast til villtra nytjastofna lax verði notað:
 - hvaða stofnar teljast til villtra laxastofna.
- ✓ Aðrar athugasemdir og ábendingar:
 - Mikilvægt að vísindamenn frá öðrum stofnunum/nefndum sem vinna að náttúruvernd komi að vinnunni við áhættumat erfðablöndunar t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands og Erfðanefnd landbúnaðarins.
 - Það hefur verið tiltölulega lítið unnið með ábendingar í skýrslu vísindanefndar og er hér lagt til að aftur verði gert úttekt á áhættumati erfðablöndunar af óháðum sérfræðingum.

4.2.3 Friðunarsvæði (7. gr.)

Til verndar villtum laxi er eldi laxfiska í sjókvíum óheimilt á eftirtöldum svæðum við strendur landsins:

1. Í Faxaflóa innan línu sem dregin er frá Garðskaga að Malarriði á Snæfellsnesi.
2. Í Breiðafirði innan línu sem dregin er frá Hellissandi að Látrabjargi.
3. Í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgrúpu að Siglunesi.
4. Í Eyjafirði innan línu sem dregin er frá Siglunesi að Bjarnarfjalli.
5. Við Skjálfanda innan línu sem dregin er frá Bjarnarfjalli að Tjörnestá.
6. Í Óxarfirði innan línu sem dregin er frá Tjörnestá að Rauðanúpi.
7. Við Norðausturland innan línu sem dregin er frá Hraunhafnartanga að Fonti á Langanesi og frá Fonti að Glettinganesi.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á í reglugerð um takmörk friðunarsvæða skv. 1. mgr. með vísan til hnita eða nákvæmari kennileita.

Friðunarsvæði úr auglýsingu í lög

Hér er verið að lögfesta efni auglýsingar 460/2004 að því undanskyldu að ekki er gert ráð fyrir eldi á frjóum laxi í Eyjafirði og Öxarfirði. Friðun hafsvæða gagnvart sjókvíaeldi er mikilvægt málefni sem rétt er talið að fái þá vönduðu og lýðræðislegu umfjöllun sem felst í setningu laga á Alþingi. Verði ákveðið að breyta friðunarsvæðum í framtíðinni, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þá þyrfti slík breyting einnig að hljóta þinglega meðferð. Bann við sjókvíaeldi á tilteknum svæðum í sér takmörkun á atvinnu- og athafnafrelsi sem rétt er að sé takmarkað með lögum fremur en auglýsingu.

Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að fái umræðu á Alþingi tvö mál þ.e.a.s. friðun Jökulfjarða og friðun Ísafjarðardjúps innan við Æðey.

Friðun Jökulfjarða

Skv. auglýsingu og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að vera með sjókvíaeldi á laxi frá Látrabjargi að Geirólfsgrúpi. Það er þó vilji margra að í Jökulfjörðum verði ekki heimilað sjókvíaeldi á laxi.


[Hafrannsóknastofnun](#) í umsögn við frumvarpsdrögin bendir á að friðun Jökulfjarða er ekki tilgreind í frumvarpinu. Stofnunin bendir á að Jökulfirðir innan netlagna eru friðland og einnig í strandsvæðaskipulagi er hafssvæðið utan netlagna skilgreint sem umhverfi og náttúra (grænt svæði) en ekki staðbundin nýting (rautt svæði). Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði má finna [HÉR](#). Undir þessa umsögn Hafrannsóknastofnunar tekur m.a. [NASF](#) í sinni umsögn við frumvarpsdrögin.

Í strandsvæðaskipulagi er ekki gert ráð fyrir að sjókvíaeldi á laxi verði heimilt í Jökulfjörðum. Strandsvæðaskipulaginu er alltaf hægt að breyta og heimila laxeldi í sjókvíum seinna meir vegna þrýstings hagsmunaaðila sem kann þá að vera í óþökk heimamanna og þeirra sem nýta og hafa nýtt svæðið til ferðaþjónustu í áratugi. Það er mikilvægt að taka vandaða umræðu á Alþingi um hvort heimila eigi laxeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum – Hvort það eigi að taka tillit til heimamanna og þeirra sem nú þegar nýta svæðið eða erlendra fjárfesta sem nú eiga meirihluta í laxeldisfyrirtækjunum sem nú stunda sjókvíaeldi við Íslandsstrendur.

Friðun innanverðs Ísafjarðardjúps

Þrátt fyrir auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt var tekin ákvörðun um að banna eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi þegar áhættumat erfðablöndunar var fyrst gefið út á árinu 2017 og þannig var hægt að auk framleiðsluheimildir á sunnanverðum Vestfjörðum. Um málefni Ísafjarðardjúps í áhættumati erfðablöndunar er m.a. fjallað um í rannsóknaskýrslunum [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#) og [Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlaða](#) og í stuttri samantekt:

- **Ísafjarðardjúp lokað:** Lokun Ísafjarðardjúps var gagnrýnd og bent var á að miðað við þær forsendur sem stuðst var við í áhættumatinu væri hlutfall eldislaxa í tveimur lykilám á Vestfjörðum vel undir 4% viðmiðunarmörkum. Þ.e.a.s. hægt er að auka framleiðsluheimildirnar



Mynd 4.8. Strandsvæðaskipulag Jökulfjarða og Ísafjarðardjúps. Græn svæði Umhverfi og náttúra og rauð svæði staðbundin nýting m.a. vegna sjókvíaeldis.

og hefði þá þurft að gera ráð fyrir þeim í Ísafjarðardjúpi þar sem burðarþolið var full nýtt á sunnanverðum Vestfjörðum.

- **Tilraunareldi:** Slaki í áhættumatinu vakti upp umræður og þann 5. júlí 2018 sendi Hafrannsóknastofnun frá sér fréttatilkynninguna: „Þá hefur stofnunin í hyggju að gera takmarkaða tilraun í Ísafjarðardjúpi til að rannsaka ákveðna þætti í fiskeldi í samvinnu við eldisfyrirtæki. Tilraunin yrði takmörkuð í magni við hámark 3.000 tonn af frjóum laxi og til 5 ára“. Af því var ekki væntanlega vegna þess að fyrir tilraunareldinu var engin lagastoð.
- **Opnað utan við Æðey:** Þegar áhættumat erfðablönduna var endurskoðað á árinu 2020 var Ísafjarðardjúp opnað eingöngu fyrir eldi á frjóum löxum fyrir utan Æðey. Rökin voru að vegna óvissu um áhrif eldis nærri laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi taldi Hafrannsóknastofnun ekki ráðlegt að heimila eldi nær ósum laxveiðiám en sem nemur að línu frá Ögurnesi að Æðey. Með þessari aðgerð taldi stofnunin að hægt væri ala meira af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi.

Engin heimild í lögum

Að loka Ísafjarðardjúpi að öllu leiti eða að hluta er engin heimild til í lögum og hér hefur Hafrannsóknastofnun verið að taka pólitískar ákvarðandi sem stofnunin hefur ekki lagalega heimild til. Þessar ákvarðanir hafa verið að setja áætlanir íslenskra laxeldisfyrirtækja í uppnám og ávinningurinn hefur verið hjá laxeldisfyrirtækjum með meirihlutaeigu erlendra aðila sem m.a. er fjallað um í blaðagreininni [Áhættumatið og aðför að íslenskum hagsmunum](#).

Leiðsögn fyrir Hafrannsóknastofnun

Óheimilt er að vera með eldi á ófrjóum laxi í innanverðu Ísafjarðardjúpi skv. áhættumati erfðablöndunar, þrátt fyrir það sé heimilt skv. auglýsingu nr. 460/2004 og að einnig sé gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi. Mikilvægt er að taka vandaða og lýðræðislega umræðu á Alþingi um hvort Ísafjarðardjúp innan Æðey verði áfram lokað fyrir eldi á frjóum laxi. Hafrannsóknastofnun verði gefin leiðsögn eða tiltal um hvernig staðið hefur verið að lokun innanverðs Ísafjarðardjúps til eldis á frjóum laxi án lagalega heimilda. Ef niðurstaðan vandaðra umræðu á þinginu verður að áfram verði óheimilt að vera með eldi á ófrjóum laxi innan við Æðey er bent á að breyta þarf 7. gr. frumvarpsins til að ákvarðanir Hafrannsóknastofnunar um lokun svæða í nafni áhættumats erfðablöndunar hafi lagalega stoð.

Tillögur

- ✓ Óheimilt verði að stunda laxeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum.
- ✓ Rætt verði um á Alþingi lokanir á eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi sem settar hafa verið í áhættumati erfðablöndunar án lagaheimilda og hvort innanverð Djúpið eigi áfram að vera lokað til eldis á frjóum laxi.

4.2.4 Slepping eldisfisks (9. gr.)

Eldisfisk sem alinn er til notkunar í sjókvíeldi er óheimilt að nýta í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Hafrannsóknastofnun gert sleppitilraunir í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Matvælastofnunar og Fiskistofnu, og eftir atvikum annarra fagaðila, ef ástæða þykir til.

Sleppitilraunir á eldisseiðum

[Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi](#) í sinni umsögn við frumvarpsdrög fagna heimild Hafrannsóknastofnunar að gera sleppitilraunir í óverulegu mæli og telja hana geta nýst sem mikilvægur grundvöllur til að þróa og styrkja stoðir áhættumats erfðablöndunar.

Tillaga um sleppitilraunir á eldisseiðum kom fram í fyrsta [áhættumati erfðablöndunar frá 2017](#). Þar voru sleppitilraunirnar flokkað sem mótvægisáðgerðir sem er rangt þar sem slíkar sleppingar mun leiða af sér erfðablöndun. Tillögur Hafrannsóknastofnunar voru eftirfarandi:

„Rannsóknir á lifun sjógönguseiða af eldisstofni. Rannsaka þarf og staðfesta lifunarhlutfall sjógönguseiða af eldisstofni miðað við mismundandi strokstaði við Ísland. Gera þarf tilraunir þar sem þar sem seiðum er sleppt í hafbeit og endurheimta þeirra mæld“.

Rannsóknir á lifun eldisseiða

Hér um að ræða sambærilega grein í frumvarpinu eins og samþykkt var í lögum um fiskeldi á árinu 2019. Þá var gerð athugasemd við greinina og var send [greinagerð](#) til allra alþingismanna áður en löggin voru samþykkt. Þessi rannsókn getur ekki flokkast sem mótvægisáðgerð, frekar er hér verið að leika sér að hættunni og bjóða upp á þann valkost að erfðablöndun geti átt sér stað. Vitað er að endurheimtuhlutfallið er lágt sem felur í sér að það þarf að sleppa miklum fjölda seiða á hverjum „strokstað“ til að fá marktækar niðurstöður. Eins og gerð er grein fyrir í [Matsskýrslu Háafells](#) hafa Norðmenn verið með tilraunarsleppingar á eldisseiðum og eldislaxi á mismunandi árstímum og svæðum. Fjöldi endurheimtra eldislaxa úr þessum sleppingum hefur verið hlutfallslega líttill af heildarfjölda eldislaxa sem hafa veiðst í sjó eða gengið upp í veiðiám í Noregi. Hér á landi er laxeldi umfangslítið og því almennt tiltölulega lítið um strokulaxa og yrði eldislax úr þessum sleppingum í veiðiár því mjög áberandi og ylli væntanlega mikilli ónægju ef af slíkum tilraunum yrði. Kostnaðurinn verður mikill við að ná í alla eldislaxa sem koma úr hafi nema Hafrannsóknastofnun sætti sig við að sá hluti „tilraunafiskana“ sem fara lengst frá „strokstað“ fái að vera óáreittur og með þeim afleiðingum að erfðablöndun geti átt sér stað.

Tillögur

- ✓ 9. gr. verði felld út í heild sinni.

4.3 Mögulegar sviðsmyndir

Áhættumat erfðablöndunar:

- ✓ Áhættumatið mun áfram vera notað þrátt fyrir marga augljósa galla. Áhættumatið hefur úthlutað verðmætum í formi lífmassa af eldislaxi sem má ala hverju sinni og ef það verður lagt niður, heimildir teknar af rekstrarleyfishöfum mun ríkið vera skaðabótarskylt.
- ✓ Virkjaðar verða mótvægisáðgerðir, m.a. farið í veiðiár og eldislax fjarlægður og þannig skapast grundvöllur að auka framleiðsluheimildir á frjóum laxi.

Burðarþolsmat

- ✓ Laxalús er í raun stærsta viðgangsefni umhverfismála laxeldis og ljóst að þéttleiki eldisins er orðinn of mikill á sumum svæðum og því erfitt að hemja lúsina.
- ✓ Laxalús verður innleitt í burðarþolsmatið sem takmarkar í meira mæli heimilaðan hámarkslífmassa en lífrænt álag hefur gert fram að þessu.
- ✓ Það má því gera ráð fyrir að heimilaður hámarks lífmassi í sumum fjörðum eða smitvarnarsvæðum minnki.

5. Smitvarnasvæði og dýraheilbrigði (IV. kafli)

5.1 Almennt

5.1.1 Sjókvíaeldissvæði, rannsóknir og fjarlægðarmörk

Skipting í sjókvíaeldissvæði

Þrátt fyrir að ákvæði um skilgreiningu og afmörkun sjókvíaeldissvæða hafi verið sett inn í [lög um fiskeldi á árinu 2014](#) hefur fjörðum eða afmörkuðum hafsvæðum ekki ennþá verið skipt niður af einhverum ástæðum. Skilgreining á sjókvíaeldissvæði er eftirfarandi:

„Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíaeldi þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi eldisfisks hverju sinni og möguleiki er að fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfræki sjókvíaeldisstöðvar á sama svæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu seiða og hvíld svæðisins. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómsvalda“.

Hér er lykilorð að á sjókvíaeldissvæðinu er hafður einn árgangur með samræmdri útsetningu ótengdra aðila og að afmörkun svæða taki mið af dreifingu sjúkdómsvalda.

Straumlíkan


Í [skýrslu nefndar um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi](#) frá 2014 er komið inn á skipulagsmál sjókvíaeldis og gerð straumlíkan (dreifilíkan):

„Til að koma í veg fyrir eða lágmarka líkur á að sjúkdómsvaldar berist á milli sjókvíaeldissvæða eða eldissvæða þarf að gera straumlíkan af yfirborðsstraumum helstu fjarda þar sem sjókvíaeldi er stundað eða fyrirhugað. Þegar það liggur fyrir hvernig yfirborðsstraumar haga sér í ákveðnum firði er hægt að nota þær upplýsingar til að ákvarða fjarlægðarmörk á milli kvíabýrpinga og jafnframt hvernig best er að haga útsetningu seiða. Hér er aðallega verið að skoða rek lúsarlirfa en aðrir sjúkdómsvaldar eru einnig inni í myndinni“.


Tíum árum síðan er aftur lagt til í [stefnumótun stjórnvald á árinu 2023](#) að gert verði straumlíkan. Straumlíkan eða dreifilíkan er forsenda þess að hægt verði að standa að faglegri skiptingu á staðsetningu sjókvíaeldisstöðva með það að markmiði á lágmark rek smits á milli þeirra. Það er ekki vitað til þess að lokið sé við gerð straumlíkans fyrir einhvern tiltekinn fjörð eða hafsvæði.

Fjarlægðarmörk ótengdra aðila

Í 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi var miðað við að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila samkvæmt meginviðmiði skuli vera 5 km við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað (tafla 5.1). Á árinu 2020 voru kröfurnar um fjarlægðarmörk minnkaðar af einhverjum ástæðum en á sama tíma hefur verið reynt að auka fjarlægð á milli fiskeldisstöðva í nágrennalöndum. Í staðinn fyrir



Mynd 5.1. Fjarlægðarmörk á milli ótengdra aðila þegar miðað er við útmörk eldissvæða og útmörk fiskeldisstöðvar.



Tafla 5.1 Breyting á útmörkum ótengdra aðila úr því að miða við útmörk eldissvæðis í útmörk fiskeldisstöðvar.

Í 4. gr. [reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi](#) voru eftirfarandi reglur um fjarlægðarmörk sem gengu út á útmörk hvers eldissvæðis:

„Lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila samkvæmt meginviðmiði skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Matvælastofnun getur að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva“.

Í 18. gr. [reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi](#) er fjarlægðarmörkum breytt í að vera útmörk fiskeldisstöðvar:

„Matvælastofnun skal tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar. Matvælastofnun getur þó að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila“.

að miða við útmörk eldissvæðis var farin sú leið að miða við útmörk fiskeldisstöðvar sem eru festingar og ankeri (mynd 5.1).

5.1.2 Smitvarnarsvæði og rek sjúkdómsvalda

Ný stefna án lausna

Matvælaráðherra skipaði [starfshóp um smitvarnir í sjókvíaeldi](#) sem skilaði ráðherra minnispunktum. Stutt [fréttatilkynning](#) var birt um tillögur starfshópsins án þess að fram kæmi efnislega hverjar tillögurnar voru. Minnispunktarnir hafa ekki verið birtir opinberlega svo vitað sé.

Gert er ráð fyrir að breyta hugtakinu „sjókvíaeldissvæði“ í „smitvarnarsvæði“ til þess leggja áherslu á fjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva á mismunandi smitvarnarsvæðum verði að lágmarki 5 km. Starfshópur lagði til skiptingu fjarða í ákveðinn fjölda smitvarnarsvæða en í ljósi flókins samspils leyfisveitinga og umsókna í Ísafjarðardjúpi, náðist ekki samstaða innan hópsins að leggja fram þá tillögu að aðeins einn rekstraraðili fái starfað innan hvers smitvarnarsvæðis. Því ályktaði starfshópurinn í þá veru að mögulega geti fleiri en einn aðili starfað innan smitvarnarsvæðis með því skilyrði að leyfishafar viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan smitvarnarsvæðis. Jafnframt að skilyrt sé að leyfishafar vinni sameiginlega að smitvörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Í stefnumótun matvælaráðuneytisins var aftur á móti gengið lengra en þessar tillögur starfshópsins gera ráð fyrir að aðeins einum rekstrarleyfishafa verði heimilt að starfrækja sjókvíaeldi á hverju smitvarnarsvæði.

Smitvarnarsvæði

Sbr. 11. gr. í [frumvarpsdrögum um lagareldi](#) kemur fram að fenginni umsögn Matvælastofnunar skal ráðherra ákveða með reglugerð hvaða vatnshlot teljast smitvarnarsvæði skv. 1. mgr. og hvernig smitvarnarsvæði eru afmörkuð. Afmörkun smitvarnarsvæða kann því að einhverju leiti að stjórnast af pólitískri ákvörðun. Stefnit er að því að aðeins einn rekstraraðili verði á hverju smitvarnarsvæði og verði því fyrirkomulagi komið á eigi síðar en á árinu 2028. Sú leið að fleiri en einn rekstraraðili sé á hverju smitvarnarsvæði er ekki hagfeld þegar áherslur rekstrarleyfishafa til umhverfismála er ekki þær sömu. Í frumvarpinu lagareldi er gert ráð fyrir að refsiaðgerðir bitni jafnt á öllum rekstrarleyfishöfum á smitvarnarsvæðum óháð frammistöðu í umhverfismálum.

Rek sjúkdómsvalda og fjarlægðarmörk

Það eru margir þættir sem hafa áhrif á líkur á því að smit af sýktum fiski berist með straumi frá einni sjókvíaeldisstöð yfir á þá næstu og sýki fiskinn þar. [Hættan á sýkingu](#) í þeirri sjókvíaeldisstöð sem er næst eykst eftir því sem:


- ✓ Styttra er á milli sjókvíaeldisstöðvanna.
- ✓ Meiri þéttleiki af fiski eða sýkingu er í þeirri sjókvíaeldisstöð sem berst frá.
- ✓ Sjávarhiti er lægri þar sem vírusar lifa lengur í sjónum. [Með lækkandi sjávarhita](#) eykst líftíminn og sýkingarvaldurinn getur lifað í lengri tíma við hita niður við frostmark.
- ✓ Straumhraðinn á svæðinu er meiri.

Þekking á straumum er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að skipuleggja smitvarnarsvæði og eldissvæði. [Nauðsynleg fjarlægðarmörk](#) ræðst einkum af straumstefnu og straumstyrk, mannlegum þáttum og hvaða smit á að koma í veg fyrir að berist á milli sjókvíaeldisstöðva. [Mælt er með](#) að hafa 5 km fjarlægðarmörk á milli sjókvíaeldisstöðva til að draga úr líkum á að ISA vírus berist á milli. Það kemur þó ekki í veg fyrir að smit og í því samhengi má benda á niðurstöður úr líkani sýndu að smit barst á milli sjókvíaeldisstöðva þar sem 9,6 km voru á milli við lágt sjávarhitastig (< 5°C) en ekki við 15°C.

5.1.3 Heilbrigðisþröskuldar

Tillögur Háafells

Í [umhverfismati Háafells frá árinu 2014](#) var fyrst lagt til að Ísafjarðardjúp væri skilgreint sem eitt framleiðslusvæði og þá horft til fyrirhugaðs fyrirkomulags í Noregi. Jafnframt var horft til mikilla áfalla vegna sjúkdóma í Færeyjum og Síle sem rekja mátti til að skipulagi var ábótavant. Aftur var lagt til að Ísafjarðardjúp væri skilgreint sem framleiðslusvæði [í umhverfismati á árinu 2016](#) sem lauk á árinu 2020. Í tillögum Háafells var m.a. gert ráð fyrir að óheimilt yrði að flytja sláturfisk á milli framleiðslusvæða. Því miður var ekkert tekið mark eða tillit til þessara tillagna Háafells í umhverfismatinu eða af stjórnvöldum.



Mynd 5.2. Myndræn framsetning á framleiðslusvæðum, smitvarnarsvæðum og heilbrigðisþröskuldom. Framleiðslusvæði 1 er stærra fjórður með tveimur smitvarnarsvæðum og framleiðslusvæði 2 er næsta svæði með stórum heilbrigðisþröskuldi á milli.

Skilgreining á heilbrigðisþröskuldum

Með heilbrigðisþröskuldum er markmiðið að koma í veg fyrir eða draga verulega úr líkum á að sjúkdómsvaldar geti borist á milli svæða (mynd 5.2):

- ✓ **Lítlir heilbrigðisþröskuldar:** Koma í veg fyrir eða draga verulega úr líkum á að smit s.s. vírus reki á milli smitvarnarsvæða. Sýnt á myndinni sem minni heilbrigðisþröskuldar á milli smitvarnarsvæða.
- ✓ **Stærri heilbrigðisþröskuldar:** Koma í veg fyrir eða draga verulega úr líkum á að laxalúsalirfur reki á milli framleiðslusvæða. Sýnt á myndinni sem stærri heilbrigðisþröskuldar á milli framleiðslusvæða.

Hér skiptir einnig miklu máli verklag og þannig komið í veg fyrir að sjúkdómsvaldar berist á milli svæða.

Meiri fjarlægð vegna laxalúsar

Þar er hægt að draga verulega úr líkum á að sjúkdómsvaldar reki með straumum á milli sjókvíaeldisstöðva ef höfð er 5-10 km fjarlægðarmörk. Þau fjarlægðarmörk munu þó ekki koma í veg fyrir rek laxalúsalirfa á milli sjókvíaeldisstöðva sem geta verið umtalsverð þar sem yfirborðstaumar eru óhagstæðir m.t.t. að lágmarka rek á milli svæða. Það þarf því töluvert stærri heilbrigðisþröskulda í tilfalli laxalúsar en smitsjúkdóma. Í því samhengi er þó bent á að ekkert verður við ráðið á öllum Vestfjörðum ef:

- ✓ Heimilað er að hafa meira ein 5-10 fullorðnar kvenlýs á eldisfiski eins og hefur fengista að viðgangast á sumum eldissvæðum skv. [Mæliborði fiskeldis](#) hjá Matvælastofnun á síðustu árum.
- ✓ Vinnubrögð eins og í Tálknafirði seinni hluta ársins 2023 verði látin viðgangast en sú atburðarás er tekin saman í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#).



5.1.4 Samkomulag rekstraraðila


Fyrri samkomulag og árangurinn

Á árinu 2013 fóru Arnarlax (Fjarðalax) og Arctic Sea Farm í sameiginlegt umhverfismat og samkvæmt matsskýrslu var gert ráð fyrir því að starfsemi fiskeldisstöðva þeirra væru innan við 5 km. Byggt var á þeirri forsendu að starfsemin yrði samræmd. Matvælastofnun veitti fyrirtækjunum rekstrarleyfi í desember 2017. Það var síðan kært og fellt úr gildi og málinu vísað til Skipulagsstofnunar. Í áliti Skipulagsstofnunar vegna fyrirætlana fyrirtækjanna um laxeldi í Patreks- og Tálknafirði var vísað til samvinnu fyrirtækjanna og að þörf væri á að setja skilyrði í rekstrarleyfi um samræmda útsetningu seiða til að lágmarka hættu á að smit frá eldinu bærisk á milli árgangssvæða.

Ítarlega var farið yfir leiðir til að halda laxalúsaálaginu niðri í matsskýrslu félaganna. Það verkur athygli að því sem lagt var upp með í matskýrslunni var ekki viðhaft s.s. samræmd útsetning, fjarlægð á milli eldissvæða og hvíldartími. Um þetta er m.a. fjallað í skýrslu umsagnaraðila í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#). Skipulagi var því ábótavant og jafnframt var á árinu 2023 matfiskur í Patreksfirði og seiði í Tálknafirði en átti að vera öfugt skv. [matsskýrslu félaganna](#). Hvernig tókst til að halda lúsaálaginu niðri og vinnubrögðin sem voru viðhöfð er best lýst í skýrslu Matvælastofnunar [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás](#).

Núverandi samkomulag

Arctic Fish (Arctic Sea Farm) hefur verið að [endurnýja rekstrarleyfi](#) sín í Patreks- og Tálknafirði. Á milli eldissvæða Arctic Fish og Arnarlax er minna en 5 km fjarlægðarmörk sem kallar á samkomulag á milli félaganna. Það vakti athygli í umsóknarferlinu að forstjóri Arnarlax í umsögn til Matvælastofnunar hinn 1. desember 2023 gerir athugasemd við of lítil fjarlægðarmörk Arctic Fish Farm við eldissvæði Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði. Á þessari afstöðu varð síðan breyting á og hinn 6. mars 2024 voru lagðir fram tveir samstarfssamningar milli Arnarlax og Arctic Sea Farm. Annars vegar var um að ræða samkomulag um sameiginlegt smitvarnarsvæði (Agreement on Common Biosecurity Area) og hins vegar samkomulag um neyðarslátrun (Emergency Harvesting agreement). Þá var einnig lögð fram sameiginleg yfirlýsing beggja aðila um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki (Box 5.1).



Box 5.1. Samstarfssamningur Arnarlax og Arctic Sea Farm.

Þann 6. mars 2024 lagði umsækjandi fram tvo samstarfssamninga milli Arnarlax og Arctic Sea Farm undirritað af fyrirsvarsmönnum beggja fyrirtækjanna. Annars vegar var um að ræða samkomulag um sameiginlegt smitvarnarsvæði (Agreement on Common Biosecurity Area) og hins vegar samkomulag um neyðarslátrun (Emergency Harvesting agreement). Þá var einnig lögð fram sameiginleg yfirlýsing beggja aðila um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki.

Samkvæmt samningi aðila um sameiginlegt smitvarnarsvæði er tilgangur hans að setja á stofn sameiginlegt smitvarnarsvæði í Ísafjarðardjúpi, Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði með það að meginreglu að aðilar samningsins viðhafi „samræmda og sameiginlega hvíldartíma allra eldissvæða innan smitvarnarsvæðis í því skyni að skilja kynslóðaeildi að í rúmi og tíma með smitvarnir vegna sjúkdóma að markmiði.“

Í samkomulaginu kemur fram að aðilar muni halda 5 km lágmarksfjarlægð milli næstu eldiskvía innan aðskilinna smitvarnarsvæða. Einungis megi gera undantekningar, í þeim tilfellum þegar báðir aðilar samþykkja, og með samþykki Matvælastofnunar, þegar sýnt hefur verið fram á takmörkuð vatnstengsl eins og í Arnarfirði sunnanverðum og norðanverðum. Eins og fyrr segir munu aðilar samningsins setja út eldisfisk í sjúkvíar af sömu kynslóð og samræma hvíldartíma sín á milli áður en settar eru út nýjar kynslóðir eldisfisks. Einnig munu aðilar viðhafa sameiginlegar vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra. Einn þáttur þess felist í samræmdum aðgerðum til að halda lúsasmiti undir ákveðnum viðmiðum. Til að ná markmiðum samningsins munu aðilar skiptast á upplýsingum um heilsu fisks á hverju smitvarnarsvæði og upplýsa hvorn annan tafarlaust ef upp koma frávik. Þá munu aðilar upplýsa hvorn annan vikulega um niðurstöður lúsatalninga.

Ítarlega er fjallað um aðgerðir varðandi laxalús í yfirlýsingu aðilanna um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki, þ.m.t. lúsatalningu, meðferðar, aðgangs að starfsfólki til að annast lúsameðferð á eldissvæðum á Vestfjörðum og sameiginlega leigu að skipi til lúsameðhöndlunar.

Í samningi aðila um neyðarslátrun er ítarlega fjallað um samstarf þeirra varðandi sláturþjónustu fyrir lax í þeim tilfellum þegar neyðarástand kemur upp eins og í tilfellum þegar upp kemur aukinn dánartíðni og hætta á útbreiðslu sjúkdóma svo sem ISA/PD. Í samningnum er ítarlega fjallað um framkvæmd og forgang aðila að sláturhúsum, aðgang að starfsfólki og notkunar brunnbáta.


Af framangreindum samningum er ljóst að aðilar hyggjast viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli.

5.1.5 Staðan

Staða einstakra fyrirtækja

Það er gert ráð fyrir einum rekstaraðila á hverju smitvarnarsvæði. Á Austfjörðum er Ice Fish Farm eitt fyrirtækja með öll rekstrarleyfi. Arnarlax og Arctic Fish eru búnir að leggja línurnar varðandi samstarf þeirra Patreks- og Tálknafirði, Arnarfirði og í Ísafjarðardjúpi. Í öðrum fjörðum á Vestfjörðum er einn rekstraraðili nema í Ísafjarðardjúpi en þar eru þeir fjórir; Arnarlax, Arctic Fish, Hábrún og Háafell. Í Ísafjarðardjúpi er staðan flókin um hvernig standa á að skiptingu í smitvarnarsvæði. Skoðum nú stöðun hjá einstökum fyrirtækjum:

- ✓ **Arctic Fish:** Félagið er með rekstrarleyfi til sjókvíaeldis eða í umsóknarferli í öllum fjörðum á Vestfjörðum (mynd 5.2). Í Ísafjarðar-djúpi er Arctic Fish með leyfi á einni staðsetningu en til að geta notað hinar tvær, þar sem minna en 5 km er á milli ótengdra aðila (svæðin merkt græn) þarf að liggja fyrir samstarfssamningur við Háafell og Hábrún. Jafnframt í Önundarfirði er Arctic Fish með tvö lítil leyfi sem hafa ekki verið nýtt á síðustu árum. Í Arnarfirði er Arctic Fish með eitt svæði innst inn í Arnarfirði í umsóknarferli (merkt gult).
- ✓ **Arnarlax:** Félagið er með rekstrarleyfi í Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði. Í umsóknarferli eru þrjú eldissvæði í Ísafjarðardjúpi (merkt gult). Til að fá að nýta þau svæði þarf samstarfssamning við Arctic Fish og Hábrúnu. Það liggur nú fyrir samstarfssamningur við Arctic Fish (kafla 5.1.3).
- ✓ **Hábrún:** Félagið er með rekstrarleyfi í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi. Hábrún er með 11.500 tonna eldi á regnbogasilung á nokkrum staðsetningum í umhverfismatsferli en [úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála](#) ógilti höfnun Skipulagsstofnunar um að taka matsáætlun til efnislegrar meðhöndlunar. [Skipulagsstofnun](#) afgreiddi í framhaldinu mál Hábrúnar og gaf síðan út sitt álit í september 2022. Í lok ársins 2022 [ákvað Skipulagsstofnun](#) að 200 tonna laxeldi Fjarðareldis þyrfti ekki að fara í umhverfismatsferli.
- ✓ **ÍS 47:** Félagið er með tvö eldissvæði í Önundarfirði (mynd 5.2). ÍS 47 og Hábrún er í meirihlutaeigu sömu aðila.
- ✓ **Háafell:** Félagið hefur 10 eldissvæði í Ísafjarðardjúpi og helmingur þeirra innan við Æðey (mynd 5.2). Háafell ehf. hefur lagt fram [matsáætlun](#) til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats fyrir 4.500 tonna aukningu á hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi í sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi.
- ✓ **Ice Fish Farm:** Félagið hefur öll eldissvæðin á Austfjörðum (mynd 5.3). Með rekstrarleyfi í Berufirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðfirði og Reyðarfirði. Í umsóknarferli eru eldissvæði í Seyðisfirði og endurskipulagning eldissvæða í Reyðarfirði.



Mynd 5.2. Eldissvæði á Vestfjörðum og hvaða fyrirtæki eru með starfsemi í einstökum fjörðum, leyfi eða leyfi í umsóknarferli skv. Mælaborði fiskeldis hjá Matvælastofnun.

Hverjir eiga að setja reglurnar?


Ástæðan fyrir samkomulagi Arnarlax og Arctic Fish er að verja hagsmuni félaganna og þar með hagsmuni erlendra fjárfesta en fyrirtækin eru í meirihlutaeigu erlendra aðila. Samkomulagið hefur í raun ekkert eða lítið með skipulagningu og skynsamlega staðsetningu smitvarnasvæða.

Í Ísafjarðardjúpi eru fjórir rekstraraðilar og íslensku félögin Hábrún og Háafell hafa átt í baráttu að verja sína hagsmuni gagnvart Arnarlaxi og Arctic Fish. Með þessu samkomulagi hafa Arnarlax og Arctic Fish komið sér í ákveðna stöðu til að verja sína hagsmuni í Ísafjarðardjúpi. Jafnframt hafa áhrif á hvernig stjórnvöld ákveða hvernig staðið verði að afmörkun smitvarnasvæða.

5.2 Um einstakar greinar

5.2.1 Afmörkun smitvarnasvæða (11. gr.).

Afmarka skal tiltekin smitvarnasvæði þar sem stunda má sjókvíaelði. Almenn skal miða við að hvert einstakt vatnshlot sé eitt smitvarnasvæði en þó er heimilt að skipta vatnshloti í fleiri en eitt smitvarnasvæði ef slíkt er mögulegt m.t.t. rekstraröryggis og smitvarna. Með sama hætti má ákveða að smitvarnasvæði nái yfir fleiri en eitt vatnshlot, eða hluta vatnshlota.



Mynd 5.3. Eldissvæði á Austfjörðum skv. Mælaborði fiskeldis hjá Matvælastofnun.

Vatnshlot

Hver fjörður er almennt eitt vatnshlot og er gert ráð fyrir að hver þeirra verði eitt smitvarnasvæði eins og fram kemur í greinagerð með frumvarpinu. Á Austfjörðum er aðeins einn rekstraraðili starfandi og hefur farið fram endurskipulagning af hálfu rekstraraðila með tilliti til sérstakra smitvarnasvæða. Því er ólíklegt að innleiðing smitvarnasvæða samkvæmt frumvarpinu hafi áhrif á sjókvíaeldisstarfsemi á Austfjörðum. Á Vestfjörðum er hins vegar önnur staða uppi þar sem tveir rekstraraðilar eru í Patreksfjarðarflóa (Patreks- og Tálknafjörður), tveir aðilar eru í Önundarfirði og þrír aðilar í Ísfjarðardjúpi og umsókn eins rekstraraðila til viðbótar bíður afgreiðslu. Er því ljóst að áhrifa af tillögum frumvarpsins um smitvarnasvæði mun fyrst og fremst gæta á Vestfjörðum.

Vatnshlotum skipt niður í smitvarnasvæði


Í greinagerð með frumvarpinu kom einnig fram hugmyndir um skiptingu vatnshlota niður í smitvarnasvæði þar sem eru fleiri en einn rekstraraðili en ekki er um að ræða endanlega niðurstöðu:

- **Patreksfjarðarflói:** Eitt smitvarnasvæði eða tvö smitvarnasvæði, skipting fer á milli fjarðakerfis Patreks- og Tálknafjarðar.
- **Arnarfjörður:** Tvö smitvarnasvæði sem skiptast þvert frá norðri til suðurs. Tvö smitvarnasvæði sem skiptast frá austri til vesturs. Þrjú smitvarnasvæði, skipt frá norðri til suðurs sem og eitt smitvarnasvæði í innri Arnarfirði.
- **Önundarfjörður:** Eitt smitvarnasvæði.

- **Ísafjarðardjúp:** Tvö smitvarnasvæði sem skiptast frá norðri til suðurs. Tvö smitvarnasvæði, skipt frá austri til vesturs. Þrjú smitvarnasvæði, skipt frá norðri til suðurs sem og eitt smitvarnasvæði í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Staðan

Arnarlax og Arctic Fish eru búnir að gera samstarfsamning í Patreks- og Tálknafirði, Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi (kafla 5.1.5). Fyrirtækin munu því ráða miklu hvernig smitvarnasvæði verða skilgreind í Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði. Staðan er mun flóknari í Ísafjarðardjúpi þar sem eru þrjár aðilar með leyfi, Arctic Fish, Hábrún og Háafell og Arnarlax fjórða fyrirtækið með sín mál í umsóknarferli. Sbr. 13. gr. frumvarpsins er rekstrarleyfishafa einungis heimilt að ala eina kynslóð fisks í einu á smitvarnasvæði. Bæði Arnarlax og Arctic Fish eru með eldissvæði í nokkrum fjörðum og þurf því ekki meira en eitt eða tvö smitvarnasvæði í Ísafjarðardjúpi. Sömu aðilar eiga meirihluta í Hábrúnu og ÍS 47 og hafa leyfi til eldis í Ísafjarðardjúpi og Önundarfirði. Háafell er með allt sitt eldi í Ísafjarðardjúpi og skv. mögulegri skiptingu á Djúpinu í frumvarpinu hefur félagið að mestu aðgang að tveimur smitvarnasvæðum. Háafell lagði upp með þrjú árgangsvæði (smitvarnasvæði) í umhverfismati félagsins á árinu 2011.



Mynd 5.4. Vegalengd á milli ystu eldissvæða í fjörðum á Vestfjörðum og eldissvæði ótengdra aðila þar sem minna en 5 km er á milli (rauður fylltur hringur). Gul svæði eru ennþá í umsóknarferli og fyrir græn svæði þarf að gera samstarfssamning á milli ótengdra aðila til að fá heimild til að setja út seiði. Kort tekið af Mælaborði fiskeldis.

Að fenginni umsögn Matvælastofnunar skal ráðherra ákveða með reglugerð hvaða vatnshlot teljast smitvarnasvæði skv. 1. mgr. og hvernig smitvarnasvæði eru afmörkuð. Í þeim tilfellum þegar vatnshlot skiptist í fleiri en eitt smitvarnasvæði skal ráðherra einnig ákveða hvernig hámarkslífmassi viðkomandi vatnshlots skiptist milli smitvarnasvæða að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Athugasemd SFS

Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frumvarpsdrögin er bent á að ljóst er að með þessu ákvæði er ráðherra falið mikið og óheft vald um hvernig smitvarnasvæðum verður skipt sem getur haft mikil áhrif bæði á núverandi rekstrarleyfishafa og leyfisafa til framtíðar. Jafnframt er bent á að mikilvægt sé að haft verði samráð við rekstraraðila við skiptinu smitvarnasvæða.

Leiðir til skiptinga

Það eru miklir fjárhagslegir hagsmunir undir fyrir marga rekstrarleyfishafa hvernig staðið verður að skiptingu fjarða og afmarkaðar hafsvæða í eitt eða fleiri smitvarnasvæði. Í flestum tilvikum er skiptingin nokkuð augljós, þ.e.a.s. fyrir Austfirði þar sem aðeins er einn rekstraraðili. Jafnframt fyrir suma firði á Vestfjörðum vegna samstarfssamnings Arnarlax og Arctic Fish. Eftir stendur sérstaklega Ísafjarðardjúpi, en ein eða sambland af eftirfarandi leiðum gætu verið farin:

- ✓ **Leið hagsmunaaðila:** Rekstraraðilar komi sér saman um skiptingu Ísafjarðardjúps í smitvarnasvæði í samráði við stjórnvöld.
- ✓ **Leið byggða á dreifilíkani:** Staðsetning smitvarnasvæða og eldisvæða byggt á rannsóknum á straumum í Ísafjarðardjúpi.
- ✓ **Yfirtaka:** Arnarlax og/eða Arctic fish yfirtaki Háafell og Hábrúnu (sjá nánari uppfjöllum í 5.3).

Það er síðan endanlega ákvörðun ráðherra að ákveða afmörkun smitvarnasvæða og hámarkslífmassa á hverju svæða að fenginn ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Þar er valið á milli vísindalegra niðurstaðna og/eða taka mið af núverandi stöðu rekstrarleyfishafa s.s. í Ísafjarðardjúpi.

Tillögur

- ✓ Í 1. mgr. bætist við eftirfarandi:
 - Við staðsetningu og afmörkun smitvarnasvæða verði stuðst við dreifilíkan til að lágmarka reks sjúkdómvalda og laxalúsálfirfa á milli eldissvæða.

5.2.2 Almennt um smitvarnasvæði (12 gr.)

Tilgangur með afmörkun smitvarnasvæða er að takmarka útbreiðslu sjúkdóma og sníkjudýra milli einstakra hafsvæða.

Byggi á vísindalegri nálgun

Mikilvægt er að horft verið til langs tíma og skilgreining á smitvarnasvæðum taki mið af niðurstöðum rannsókna en ekki ákvörðunum núverandi erlendra eigenda laxeldisfyrirtækjanna a.m.k. fyrir Vestfirði þar sem margir eru með sjókvíaelði. Afmörkun smitvarnasvæði byggi ekki á núverandi staðsetningu eldissvæða eða hverjir eru með rekstrarleyfi á svæðinu. Mikilvægt er að afmörkun smitvarnasvæða byggi á straummælingum og að fyrir liggi dreifilíkan sem sýni líklega rekleið sjúkdómvalda.

Á hverju smitvarnasvæði skal aðeins veita einum rekstrarleyfishafa rekstrar- og starfsleyfi til sjókvíaeldis. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að starfrækja sjókvíaeldi á smitvarnasvæði þar sem annar rekstrarleyfishafi starfrækir sjókvíaeldi.

Ósanngjarnt

Það er óheppilegt að í lögnum komi fram að aðeins einn rekstrarleyfishafi verði á hverju smitvarnasvæði og rekstraraðilum sé beinlínis hótáð (sbr. bráðabrigðaákvæði III). Í þessu samhengi er bent á að starfshópur um varnir gegn sjúkdómum lagð ekki til að aðeins einn rekstraraðili væri á hverju smitvarnasvæði. Sjá nánari umfjöllun um bráðabrigðaákvæði.

Ráðherra er heimilt að kveða á um lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva og einstakra sjókvía í reglugerð.

Minni kröfur

Í [reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi](#) var meginviðmið 5 km við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Í [reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi](#) er fjarlægðarmörkum breytt í að vera útmörk fiskeldisstöðvar og þar með voru kröfur um fjarlægðarmörk ótengdra aðila minnkaðar. Af hverju þessu var breytt eru ekki vitað en ljóst er að þessi breyting bætti stöðu laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila í umhverfis- og umsóknarferlinu. Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi getur að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila.

Það þarf meiri kröfur

Við höfum tvö dæmi sem er víti til varnaðar að mikilvægt er að viðhafa ákveðin fjarlægðarmörk og þar má nefna blóðþorrasmit (ISA veiruna) á Austfjörðum en um það er fjallað í greininni [Lög um fiskeldi og heilbrigðis- og skipulagsmál](#). Jafnframt laxalúsafárið í Tálknafirði en um það er fjallað í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Laxalúsafárið í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#).

Mikilvægt er að ákvarðanir um fjarlægðarmörk séu teknar á faglegum grunni en ekki út frá sérhagsmunum ákveðinna aðila. Allar breytingar sem kunna að vera gerðar þurfa að vera byggðar á niðurstöðum rannsókna þar sem reynt er að lágmarka áhættu á reki sjúkdómsvalda á milli eldissvæða og smitvarnasvæða. Mikilvægt er að ráðherra byggi sína ákvörðun á ráðgjöf fagaðila s.s. Tilraunareldisstöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum sem er með sérþekkingu á sjúkdómum og Hafrannsóknastofnunar sem er með sérþekkingu í straumum og líkanagerð.

Tillögur

- ✓ Í 1. mgr. komi í enda setningar „og að lágmarki skal vera 5 km á milli eldissvæða“.
- ✓ Í 2. mgr. verði felld út í heild sinni.
- ✓ Í 4. mgr. verði bætt inn byggt á niðurstöðum rannsóknum og hljóðar þá eftirfarandi:
 - Ráðherra er heimilt að kveða á um lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva og einstakra sjókvía í reglugerð byggt á niðurstöðum rannsókna.



5.2.3 Flutningar farartækja og búnaðar milli smitvarnasvæða (14. gr).

Flutningur hvers konar farartækja og/eða búnaðar á vegum rekstrarleyfishafa eða annarra milli smitvarnasvæða er óheimill nema samkvæmt leyfi Matvælastofnunar. Leyfi Matvælastofnunar er ávallt bundið skilyrði um sótthreinsun farartækja og búnaðar nema stofnunin taki annað sérstaklega fram. Leyfi sem Matvælastofnun veitir skv. 1. mgr. má veita í einstök skipti eða sem ótímabundið leyfi vegna skipulagðra og endurtekinna ferða um eða milli smitvarnasvæða.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um flutning og ferðir farartækja og/eða búnaðar milli smitvarnasvæða og landeldisstöðva.

Áhættugreining

Það er margt sem bendir til að blóðþorrasmit (ISA veiruna) hafi verið flutt á milli eldissvæða á Austfjörðum en um það er fjallað í greininni [Lög um fiskeldi og heilbrigðis- og skipulagsmál](#). Matvælaráðherra skipaði starfshóp starfshóp um smitvarnir í sjókvíaeldi á árinu 2023. Óheppilegt er að minnispunktar starfshópsins hefur ekki verið gefinn út. Sjúkdómamál eru eflaust stærsta mál fiskeldis og ekki óeðlilegt að gerð verði áhættugreining og lögð verði fram ítarleg greinagerð sem hægt verði að styðjast við gerð reglugerðar um sjúkdómavarnir.

Sjúkdómar í laxeldi í sjókvíum hafa valdið miklu tjóni bæði hér á landi og erlendis. Margar mótvægisáðgerðir sem hafa það að markmiði að lágmarka líkur á að sjúkdómar berist á milli smitvarnasvæða eru kostnaðarsamar og þrýstingur getur verið á Matvælastofnun að slaka á kröfum. Löggjafinn/framkvæmdavaldið mætti vera meira leiðbeinandi og telja upp helstu atriði sem bera að varast til að festa og tryggja gott verklag sem sett væru í reglugerð og takmarkaði þannig leyfi/undanþágur Matvælastofnunar.

Reglugerð

Það má margt læra af okkar nágrannalöndum, t.d. hafa á norsku reglugerðina Forskrift om transport av akvakulturdyr ([FOR-2008-06-17-820](#)) til viðmiðunar. Komið er inn á sjúkdómavarnir í ýmsum greinum frumvarpsins og til viðbótar má nefna að settar verði almennar reglur um:

- **Sjókvíar og fódurprammar:** Flutningur á sjókvíum, fódurprömmum á milli smitvarnasvæða.
- **Þjónustubátar rekstraraðila:** Þjónustubátar af mismunandi smitvarnasvæðum verði með aðskilið þjónusturými í höfnum.
- **Þjónustufyrirtæki:** Almennar reglur verði gefnar út um fyrirtæki sem eru að þjónusta sjókvíaeldisfyrirtækin er varðar; verklag, kröfur um búnað og hreinsun á honum.
- **Sláturhús:** Kröfur um losun á fiski úr brunnbáti yfir í sláturhús og hreinsun á frárennsli.
- **Brunnbátar:** sjá 21. gr.
- O.s.frv.

Skynsamlegt er að setja almennar strangar reglur um sjúkdómsvarnir en ekki láta einstaka aðila vera með sínar eigin reglur eins og tilhneiging er í þessu frumvarpi eins og t.d. í tilfelli laxalúsar. Sjúkdómamál eru alvöru mál sem getur valdið hruni í framleiðslu og miklum fjárhagslegum skaða eins og gerðist á Austfjörðum og í Færeyjum og Síle.

Sótthreinsun búnaðar

Í umsögn [VETAQ](#) við frumvarpsdrögin kemur fram að Matvælastofnun veiti leyfi fyrir flutning farartækja eða búnaðar og spurt er hver eru smitvarnarleg skilyrði leyfisveitingar? Þarf að fara fram hreinlætisúttekt óháðs aðila?

Hér þarf að bæta við inn í 16. gr. kröfu um að Matvælastofnun láti sannprófunum á virkni þrifa og sótthreinsunar brunnbáta og annar flutningstækja og búnaðar sem notaður er í eldinu með reglubundnum hætti.

Tillögur

- ✓ Í 16. gr. verði bætt inn að Matvælastofnun sannprófi virkni þrifa og sótthreinsunar í brunnbátum og öðrum faratækjum og búnaði með reglubundnum hætti.
- ✓ Matvælaráðuneytið láti gera áhættugreiningu vegna fisksjúkdóma þar sem kortlagðar væru smitleiðir í sjókvíaldi og mögulegar mótvægisáðgerðir sem síðan yrðu notaðar við gerð á reglugerð um sjúkdómavarnir.

5.2.4 Útsetning og flutningur eldisfisks (15. gr.)

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli eldissvæða, svo og flutningur á öllum fiski milli smitvarnasvæða eða ótengdra vatnshlota, er óheimill.

Flutningur á seiðum


Sú stað kemur upp bæði í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði að þar verði fleiri en eitt smitvarnasvæði. Brunnbátur þurfi þá að fara í gegnum eitt eða fleiri smitvarnasvæði til að koma seiðum í sjókvíar eða ná í sláturfisk. Seiðin koma úr landeldi og mun minni líkur á að þau séu sýkt en fiskur úr sjókvíaldi. Í tilfalli Arctic Fish koma öll seiðin úr Tálknafirði og í tilfalli flutnings í Ísafjarðardjúps, þarf fyrst að sigla í gegnum smitvarnasvæði í Tálknafirði og jafnvel eitt í Djúpinu. Það er því mikilvægt að lögleiddar verði reglur um heimildir til inntöku á sjó í brunnbáta og hvar og hvernig heimilt verði að losa brunna af sjó eftir flutning.

Flutningur á sláturfiski

Arctic Fish er með sláturhús í Bolungarvík og Arnarlax á Bíldudal. Arctic Fish er með eldi í flestum fjörðum á Vestfjörðum þar sem heimilt er að vera með sjókvíaldi. Eldisfiskur verður því fluttur frá fjölmörgum smitvarnasvæðum í sláturhús félagsins á Bolungarvík (mynd 5.5). Ef upp koma sjúkdómur í eldisfiski á sunnanverðum Vestfjörðum þá getur sú staða komið að verið sé að flytja sýktan sláturfisk inn á smitvarnasvæði í Ísafjarðardjúpi. Það er því mikilvægt að ákvæði í 21. gr. frumvarpsins um brunnbáta og sótthreinsun verði innleidd sem fyrst. Það er jafnframt full ástæða að stjórnvöld láti áhættugreina flutninga á sláturfiski til sláturhúsa og skoði mögulegar mótvægisáðgerðir.

Framleiðslusvæði

Í [umhverfismati Háafells frá árinu 2014](#) var fyrst lagt til að Ísafjarðardjúp væri skilgreint sem eitt framleiðslusvæði með takmörkuðum flutningi á milli svæða. Í tillögunum



Mynd 5.5. Flutningur á sláturfiski í sláturhús Arctic Fish kemur frá fjölmörgum smitvarnasvæðum.

fólst að seiði yrðu flutt inn á svæðið í lokuðum brunnbátum og óheimilt yrði að flytja sláturfisk inn af öðrum framleiðslusvæðum inn í Ísafjarðardjúp. Þessar tillögur fengu engar undirtektir en e.t.v. er meiri vilji að skoða málið núna eftir að allt bendi til að blóðþorrasmit hafi verið flutt, líklega með brunnbáti, úr Reyðafirði yfir í Berufjörð en um það er m.a. fjallað í greininni [Lög um fiskeldi og heilbrigðis og skipulagsmál](#).

Það er full ástæða að stjórnvöld láti áhættugreina flutning á sláturfiski og hvernig best er að haga skipulagi til að lágmarka að smit verði flutt á milli smitvarnarsvæða. Niðurstaðan gæti verið sú að öll slátrun á norðanverðum Vestfjörðum færi fram í sláturhúsi Arctic Fish í Bolungarvík og öll á sunnanverðum fjörðunum í sláturhúsi Arnarlax á Bíldudal.

Tillögur

- ✓ Stjórnvöld láti áhættugreina flutning á sláturfiski á milli smitvarnarsvæða og skoði möguleika á endurbættu skipulagi.

5.2.5 Þéttleiki (17. gr.)

Rekstrarleyfishafa ber að sjá til þess að fjöldi fiska og þéttleiki fisks í sjókvíum sé ávallt í samræmi við ákvæði rekstrarleyfis og reglugerða settum samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um hámarksþéttleika fiska í sjókvíum og útreikning á þéttleika.

Erfiðar umhverfisaðstæður

Ísland er á [jaðarsvæði fyrir sjókvíaeldi á laxi](#) er varðar sjávarhitastig yfir köldustu vetrarmánuðina en vissulega hafa aðstæður batnað á síðustu tveimur áratugum. Sundgeta eldislax minnkar með lækkanði sjávarhita sem er áskorun fyrir fiskinn. Við lágan sjávarhita og öldurót sækir eldisfiskurinn niður í kvína og þar getur myndast mikill þéttleiki af fiski. Þegar straumar eru miklir er hætta á að eldisfiskurinn nuddist saman og í netpoka og fái sár. Við lágan sjávarhita yfir vetrarmánuðina ná nuddsár ekki að gróa og leiða oft til mikilla affalla á eldisfiskinum.

Of mikill þéttleiki

Í Noregi er [viðmiðið 25 kg/m³](#), en íslensku sjókvíaeldisfyrirtækin eru flest í meirihlutaeigu Norðmanna og hefur verið tilhneiging að fara eftir norskum viðmiðunum. Afleiðingin hefur oft verið mikil afföll samfara erfiðum kuldatímabilum á veturna. Ástæðan fyrir því að reynt er að hafa mikinn þéttleika er að þá þarf minna af búnaði og það dregur úr framleiðslukostnaðinum. Samhliða að teknir eru upp erlendir vottunarstaðlar hefur þéttleikin verið minnkaður til að uppfylla kröfur staðalsins. Það er því töluvert aðhald í mörgum erlendum stöðlum sem mörg sjókvíaeldisfyrirtæki hafa tekið upp.

Íslenskar reglur

Nú eru kröfur um hámarks þéttleika á eldisfiski í sjókvíum almennt ekki að finna í rekstrarleyfum. Það væri óheppilegt að farin væri sú leið að setja ákvæði um hámarksþéttleika í rekstrarleyfi og þá þyrfti að breyta þeim öllum þegar breytingar yrðu gerðar. Skynsamara er að sett væri ákvæði í reglugerð sem þá væri tiltölulega auðvelt að breyta ef ný tækni eða þekking gæfi möguleika á að auka hámarks þéttleika án þess að það hefði neikvæð áhrif á velferð fisksins.

Tillögur

- ✓ Kröfur um hámarks þéttleika eldisfiska í sjókvíum verði eingöngu að finna í reglugerð.

5.2.6 Innflutningur á notuðum eldisbúnaði og flutningstækjum (20. gr.)

Sækja skal um leyfi til Matvælastofnunar fyrir innflutningi á brunnbátum og öðrum tækjum til flutnings á fiski. Matvælastofnun getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. Matvælastofnun getur bannað innflutning á brunnbátum og öðrum tækjum sem kunna að hafa verið notuð í tengslum við tilkynningarskylda sjúkdóma eða snikjudýr.


Það eru tiltölulega fáir fisksjúkdómar á Íslandi í samanburði við mörg nágrannalönd. Frá þessum löndum koma brunnbátar, sláturskip, fódurskip og skip sem taka dauðfisk úr kvíum. Nú á þessu ári er einnig fyrirhugað að flytja inn til landsins tímabundið skip sem er með búnað til að aflúsa. Líkur á að hættulegir fisksjúkdómar berist með skipunum aukast væntanlega eftir því að hve miklu leiti þau halda sig á svæðum með fisksjúkdóma og tíðni ferða til landsins. Vissulega dregur sóttthreinsun úr líkum á skipin beri með sé sjúkdóma, en ekkert er öruggt í því sambandi (mynd 5.6):

- **Brunnbátar til aflúsunar:** Ráðgert er að brunnbátar til aflúsunar verði fluttir til landsins tímabundið til verkefna á Vestfjörðum. Ef það verður ekki fengin skip til aflúsunar sem eingöngu yrðu nýtt á Íslandi er fyrirséð að slík skip verði fengin til landsins erlendis frá einu sinni eða oftár á ári næstu árin. Þessi skip eru því sem næst daglega við störf við sjókvíar og jafnvel í nágrenni svæða þar sem er að finna alvarlega fisksjúkdóma.
- **Skip sem flytja dauðfisk:** Skip sem notuð eru til að dæla dauðfiski úr kvíum hafa komið nokkrum sinnum til landsins í tilfellum þar sem stærrí afföll á eldisfiski hafa átt sér stað. Þessi skip eru stöðugt á svæðum þar sem er að finna fisksjúkdóma.
- **Fódurskip:** Megnið af fódurinu sem notað er til laxeldis í sjókvíum hér á landi er fengið erlendis frá og kemur í mestu mæli í fódurskipum sem losa oft beint í fódurpramma. Þessi skip meðhöndla ekki lifandi fisk og því e.t.v. minni líkur á að smit berist með þeim nema þá með kjölvatni ef ekki er rétt staðið að losun.
- **Brunnbátar:** Brunnbátar sem flytja sláturfisk og seiði eru yfirleitt leigð til lengri tíma erlendis frá og líkur á smiti frá þeim því takmarkaður.
- **Sláturskip:** Í sumum tilvikum er um að ræða skammtímaleigu á sláturskipum þar sem eldisfiski er slátrað um borð, pakkað í landi erlendis eða bryggjum hér á landi.

Áður en sú staða kemur upp að skip sem fengin eru erlendis frá bera með sér alvarlega fisksjúkdóma til landsins er mikilvægt að stjórnvöld móti stefnu til framtíðar, láti gera áhættugreiningu um mögulegar smitleiðir og komi á mótvægisáðgerðum. Það er væntanlega ekki hægt að stöðva strax umferð skipa frá eldisvæðum erlendis til landsins í einum vettvangi. Það er þó mikilvægt að lagður verði grunnur að fækkum skipa erlendis frá sem eru að vinna í nágrenni fiskeldis í nágrannalöndum.

Tillögur

- ✓ Matvælaráðuneytið láti gera áhættugreiningu vegna fisksjúkdóm, mögulegar smitleiðir kortlagar og líkur á að smit berist með skipum eða búnaði erlendis frá.
- ✓ Mótuð verði stefna stjórnvalda er varðar notkun erlendra skipa tímabundið eða til lengri tíma með það að markmiði að lágmarka líkur á að hættulegir fisksjúkdómar berist til landsins.
- ✓ Sett verði ákvæði í lög um lagareldi að Matvælastofnun sannprófi virkni þrifa og sóttthreinsunar á flutningstækjum og búnaði sem flutt er til landsins með reglubundnum hætti.



Mynd 5.6. Mögulegar smitleiðir með erlendum leiguskipum.

5.2.7 Brunnbátar og sóttgreinsun (21. gr.).

Brunnbátar og önnur tæki til flutnings á fiski skulu vera lokað og yfirbyggð. Brunnbátar skulu hafa búnað sem gerir þeim kleift að sigla með lokaða brunna sem geta lokað fyrir inntöku og fráveitu á sjó. Jafnframt skulu brunnbátar vera með búnað sem dauðgreinsar fráveitu. Tæmingu brunnbáta skal haga þannig að tryggt sé að smitefni og lúsarlifur berist ekki á smitvarnasvæði.

Öll flutningstæki, farartæki og búnað skal vera hægt að sóttgreinsa með fullnægjandi hætti.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun, eiginleika og sóttgreinsun flutningstækja, farartækja og búnaðar sem notaður er í sjókvíaelði.

Hönnun brunnbáta

Mikilvægt er að sett sé í reglugerð miklar kröfur um hönnun og rekstur brunnbáta til að lágmarka líkur á dreifingu sjúkdómsvalda. Hægt er að hafa til viðmiðunar norska reglugerð Forskrift om transport av akvakulturdyr ([FOR-2008-06-17-820](#)) en þar kemur m.a. fram:

- **Hægt að þrifa:** Kröfur um hönnun brunnbáta sem geta fullnægt skilvirkum þrifum og sóttgreinsun. Öll svæði flutningseiningar þarf að vera unnt að skoða á fullnægjandi hátt. Risaplötur, hlífar, lamir og þess háttar verða að vera auðvelt að fjarlægja þannig að hægt sé að framkvæma skoðun.
- **Lokaður:** Brunnbátar verði með lokaðum hringrásarkerfi og reglur verði settar um losun á sjó úr þeim. Opnun og lokun botnloka þarf að skrá sjálfkrafa. Skrár yfir staðsetningu opunar botnloka verða að vera tengdar stöðu brunnbátsins og skal hægt að senda þær

rafrænt til Matvælastofnunar sé þess óskað. Skrár yfir opnun botnloka skulu vera aðgengilegar eftirlitsyfirvöldum í að minnsta kosti fimm ár.

Rekstur

Það eru dæmi um að brunnbátar hafi flutt með sér sjúkdómsvalda og sýkt eldisfisk eins og komið hefur fram í [rannsóknum](#). Eðlilegt er að settar verði reglur um losun úr brunnum og að eftirlit með að innleiða norskar reglur um rafræna skráningu á opnun botnloka.

Settar verði einnig reglur um brunnbáta sem flytja sláturfisk yfir í sláturhús, s.s. að þeir séu ekki í höfnum þar sem er að finna þjónustubáta eða annan búnað sem notaður er á smitvarnarsvæðum. Þetta felur þá í sér að engir þjónustubátar sem sinna eldinu verði í sömu höfn og sláturbátar í Bolungarvík, Bíldudal og Djúpavogi.

Tillögur:

- ✓ Bætt verði inn í 21. gr.
 - Kröfum um hönnun brunnbáta.
 - Rafrænt eftirlit á opnun botnloka brunnbáta.
 - Sláturbátar verði ekki í sömu höfn og þjónustubátar sem sinna eldinu.

5.3 Mögulegar sviðsmynd

5.3.1 Ísafjarðardjúp – Málið snýst um fjárhaglegan ávinning

Staðan og viðfangsefnin

Staðan er núna sú að Ice Fish Farm hefur öll svæði á Austfjörðum og Arnarlax og Arctic Fish eru búin að gera samstarfsamning um Arnarfjörð, Patreks- og Tálknafjörð og reyndar einnig Ísafjarðardjúp. Það er í Ísafjarðardjúpi sem málin eru óleyst og miklir fjárhagslegir hagsmunir undir. Staðan er þessi er varðar eldissvæði í Ísafjarðardjúpi:

- ✓ **Arnarlax:** Í auglýstu rekstrarleyfi kemur fram að Arnarlax þurfi að ger samstarfssamning við Arctic Fish og Hábúnu til að geta nýtt sín þrjú eldissvæði. Búið er að gera samstarfssamning við Arctic Fish og þarf að gera annan við Hábrúnu til að geta nýtt eldissvæðið Óshlíð.
- ✓ **Arctic Fish:** Þarf að gera samstarfssamning við Hábúnu og Háafell til að geta nýtt tvö af þremur eldissvæðum. Um er að ræða eldissvæðin Arnarnes og Kirkjusund.
- ✓ **Hábrún:** Félagið er með rekstrarleyfi í Skötufirði og í [umhverfismatsferli](#) mörg ný eldissvæði í Ísafjarðardjúpi. Ef það gengur eftir mun staðan í Ísafjarðardjúpi verða mun flóknari.
- ✓ **Háafell:** Félagi er með rekstrarleyfi fyrir tíu eldissvæði og með mun stærra svæði en aðrir rekstrarleyfishafa þegar innanvert Ísafjarðardjúp er tekið með. Allt bendir þó til að Háafell verði jafnvel með aðeins eitt smitvarnarsvæði fyrir eldi á frjóum laxi og þannig getur félagið orðið órekstrarhæft.

Leiðir að fara

Til að leysa flækjustigið í Ísafjarðardjúpi eru einkum þrjár leiðir sem mögulega er hægt að fara:


- ✓ **Samningsleiðin:** Það er búið að gera samstarfssamning á milli Arnarlax og Arctic Fish um að heimila eða samþykkja mögulega minna en 5 km fjarlægðarmörk á milli ótengdra aðila. Það á eftir að gera samstarfssamning við Hábrúnu og Háafell sem er frekar ólíklegt að náist að gera.

- ✓ **Dómsleiðin:** Arnarlax gæti farið með málið fyrir dómstóla með þeim rökum að þeirra fiskeldisstöð á eldissvæðinu Óshlíð sé í meira en 5 km fjarlægð frá fiskeldisstöð Hábrúna í Skutulsfirði.
- ✓ **Yfirtaka:** Líklegasta leiðin sem farin verður er að Hábrúnu og Háafelli verði yfirtekin.

Möguleg yfirtaka

Miðað við Arctic Fish og Arnarlax eru bæði Háafell og Hábrún lítil fyrirtæki. Bæði Arnarlax og Arctic Fish eru orðin fjárhagslega sterk fyrirtæki sem að stórum hluta hefur eignarmyndunin orðið vegna verðmæta leyfa eftir að farið var með félögin á erlenda hlutabréfamarkað. Um það er m.a. fjallað í rannsóknarskýrslunum [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslega ávinnings](#) og [Arctic Fish – leiðing til fjárhagslegs ávinnings](#). Leiðin til yfirtöku á Háafelli og Hábrúnu gæti verið þessi:

- ✓ **Hábrún:** Félagið hefur verið [rekið með tapi undanfarið ár](#) og það hefur gengið á eigið fé. Það getur því hugsanlegt verið áhugavert fyrir ráðandi fjárfesta að selja Hábrúnu og fá þannig allt sem hefur verið lagt í félagið og mögulega meira til. Það væri t.d. hagkvæmt fyrir Arnarlax að kaupa Hábrúnu og þar með um leið ÍS 47 þar sem um sömu meirihlutaeigendur er að ræða. Þannig gæti Arnarlax nýtt eldissvæðið Óshlíð.
- ✓ **Háafell:** Félagið er í 100% eigu Hraðfrystihússins – Gunnvarar (HG) og með að ná ráðandi hlut í móðurfélaginu er búið að yfirtaka Háafell. HG er áhugaverður fjárfestingakostur og Jakob Valgeir [keypti nýlega um 20% hlut](#) í félaginu. Framundan eru kynslóðarskipti hjá HG og það mun freista ef vel er boðið í félagið. Arctic Fish myndi síðan geta nýtt a.m.k. tvö af þremur af sínum eldissvæðum með að yfirtaka Háafell.



Mynd 5.7. Möguleg sviðsmynd eftir nokkur ár. Arnarlax hefur yfirtekið Hábrúnu og ÍS 47 og Arctic Fish yfirtekið Háafell.

5.3.2 Smitvarnir

Betra skipulag

Fækkun fiskeldisfyrirtækja á Vestfjörðum úr fimm í tvö er mjög jákvætt m.t.t. sjúkdómavarna. Arnarlax og Arctic Fish eru búin að gera samstarfsamning og hægt er að endurskipuleggja eldissvæðin eða vera með hluta þeirra í notkun og þannig minnka fjarlægð á milli þeirra verulega. Þannig myndi nást mun betra skipulag á eldissvæðum á Vestfjörðum og minni líkur á að sjúkdómsvaldar geti rekið á milli einstakra fiskeldisstöðva.

Flutningur

Það mun draga úr líkum á að sjúkdómar berist á milli smitvarnarsvæða með flutningi vegna aukinna krafna. Sú hætta er þó ennþá inni að:

- ✓ Sjúkdómsvaldar verði fluttir með brunnbátum á milli svæða.
- ✓ Atburðarrásin sem átti sér stað á Austfjörðum með flutningi á sjúkdómsvöldum á milli fjarða geti átt sér stað á Vestfjörðum.
- ✓ Þjónustubátar beri með sér smit úr höfnum inn á eldissvæði.

6. Úthlutun smitvarnasvæða og rekstrarleyfi (V. kafli)

6.1 Almennt

6.1.1 Fyrri kerfi

Nýtt leyfisveitingarkerfi

Laxeldisfyrirtæki fyrrverandi stjórnarformanna Arnarlax og Ice Fish Farm voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám og vinnan fólst m.a. í því að útfæra nýtt leyfisveitingarkerfi en um það er fjallað í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#). Stjórnarformennirnir voru ráðgjafar stjórnvalda í gegnum [starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#). Lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 og í framhaldinu var gefin út reglugerðina [nr. 588/2020](#) um útboðum á eldissvæðum.

Útfærslan og heimildirnar

Útfærslan á nýja leyfisveitingarkerfinu var að Hafrannsóknastofnun ákveður skiptingu fjarða á grundvelli burðarþols. Næsta skref var síðan að auglýsa svæðin en vandamálið var að í flestum tilvikum var aðeins einn aðili sem kom til greina og til hvers er þá verið að auglýsa. Talið var að til ráðstöfunar væru u.þ.b. [50.000 tonna hámarkslífmassi](#) en vandamálið var að áhættumat erfðablöndunar veitti ekki nægilegar heimild til eldisins á frjóum laxi. Það var þó hægt að fá heimild til eldis á ófrjóum laxi, blokkera þannig svæðin tímabundið, vinna síðan að fá aukningu heimilda.

Til viðbótar voru vannýttur lífmassi á svæðum sem voru burðarþolsmeti sem kom í ljós eftir að búið var að samþykkja lög um fiskeldi. Hér getur verið um að ræða u.þ.b. [15.000 tonna hámarks lífmassa](#) og samtals voru því talið að um 65.000 tonn væru til ráðstöfunar. Útboðið er sérstaklega hannað fyrir Arnarlax, Ice Fish Farm og Arctic Fish og möguleiki var gefinn fyrir lokuðu útboði þar sem ákveðnum aðilum er gert mögulegt að bjóða í eldissvæðin og heimildirnar.

Lokað útboð

Það vakti athygli að gefin var heimild til að vera með lokað útboð eins og fram kemur í reglugerð nr. [588/2020](#) um útboð eldissvæða:

„Við lokað útboð er ráðherra heimilt að senda sérstaka orðsendingu um útboðið til þeirra sem gefinn er kostur á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 4. gr., koma fram hvaða öðrum aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð“.

Á [samráðsgáttinni](#) þegar reglugerðin var til umsagnar gerði [Landsamband veiðifélaga](#) athugasemd og benti á að lög um fiskeldi gæfi ekki heimild til lokaðs útboðs. Þvert á móti gera löginn ráð fyrir því að úthlutun eldissvæða skulu auglýst opinberlega. Þegar drögin eru lesin heildstætt er augljóst að æði mörg álitæfni geta risið, verði reglugerðin samþykkt óbreytt kemur m.a. fram í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#). Af einhverjum ástæðum var lítið sem ekkert tekið tillit til athugasemda við drögin að reglugerðinni og var hún síðar gefin út því sem næst óbreytt sem reglugerð [nr. 588/2020](#) um útboð eldissvæða.



Valforsendur

Í lögunum og í reglugerðinni er útlistað valforsendum við val umsækjanda við úthlutun eldissvæða:

- ✓ Upphæð tilboðs,
- ✓ reynsla af fiskeldisstarfsemi,
- ✓ fjárhagslegur styrkur,
- ✓ mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað rekstur sinn
- ✓ og upplýsingar um það hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum.



Ójafn leikur

[Stefnumótunarhópurinn](#) lagði til á árinu 2017 að útboð eldisvæðum verði auglýst bæði hér á landi og erlendis. Þannig yrði mögulegt útboð alþjóðlegt. Það er ljóst að fyrirtæki sem nú eru í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa mikla reynslu af fiskeldisstarfsemi og standa mjög sterkt m.t.t. fjárhagslegs styrkts. Hér er um að ræða Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm sem hafa fengið gefins eða ódýrt eldisleyfi sem markaðurinn hefur verðlagt á meira en 100 milljarðar króna miðað við stöðu á hlutabréfamarkaði á árinu 2021 eins og fram kemur í rannsóknaskýrslunni [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#). Eiginfjárstaðan er því sterk og það er því vandséð hvernig íslensk fyrirtæki eiga að keppa við erlendu laxeldisfyrirtækin, Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm, að óbreyttu.

Útboð skv. reglugerð nr. 588/2020 hafa ekki ennþá verið auglýst. Eflaust hafa menn áttað sig á því að við undirbúningsvinnu og við reglugerðina sjálfa hafi ýmislegt verið ábótavant og hætt hafi verið við áform með nýjum mönnum í ráðuneytinu.

6.1.2 Staðan

Heimildir

Það er búið að úthluta um 105.000 tonna hámarkslífmassa til eldis á laxi og regnbogasilungi hér á landi (tafla 6.1). Mestu heimildir hefur Ice Fish Farm, um 44.000 tonn, Arctic Fish með um 30.000 tonn og Arnarlax rúm 23.000 tonn. Öll þessi félög eru í meirihluta erlendra aðila og eru þau með samtals um 97.000 tonn. Félög í íslenskrari eigu, Háafell, Hábrún og ÍS 47 eru aðeins með rúm 8.000 tonna hámarks lífmassa. Eldissvæði sem félögin hafa til umráða eru á myndum 5.2 og 5.3 í kafla 5.

Nýting heimilda

Nýtingin á heimiluðum hámarks lífmassa er mun betri á Vestfjörðum en Austfjörðum (tafla 6.1). Aðeins um 34% heimilda eru nýttar hjá Ice Fish Farm og er þá miðað við það ár þegar nýtingin er best. Arnarlax og Arctic Fish hafa nýtt sínar heimildir best og því e.t.v. mestur vilji til að auka heimildir til að láta fyrirtækin stækka.

Tafla 6.1. Heimildir í hámarklfmassa sem sjókvíaeldisfyrirtækin hafa og nýting á þeim á síðustu þremur árum. Byggt á gögnum á vefsíðu Matvælastofnunar.

| Fyrirtæki | Fjörður | Heimildir (tonn) | Notaðar heimildir (tonn) | | Notað (%) | Athugasemdir |
|---------------|-----------------------|------------------|--------------------------|---------------|-----------|--------------------------------|
| | | | Mest 2020-2023 | 2023 (sept) | | |
| Arctic Fish | Ísafjarðardjúp | 8,000 | 0 | 0 | | |
| | Dýrafjörður | 10,000 | 10,600 | 6,000 | | |
| | Arnarfjörður | 4,000 | 3,600 | 3,600 | | |
| | Patreks- og Tálknafj. | 7,800 | 7,800 | 5,500 | | |
| | Samtals | 29,800 | 22,000 | 15,100 | 74 | |
| Arnarlax | Arnarfjörður | 10,000 | 10,200 | 10,200 | | |
| | Fossfjörður | 1,500 | | | | |
| | Patreks- og Tálknafj. | 12,000 | 8,200 | 8,200 | | |
| | Samtals | 23,500 | 18,400 | 18,400 | 78 | |
| Hábrún Ís 47 | Skutulsfjörður | 700 | 500 | 220 | | Regnbogasilungur |
| | Önundafjörður | 1,000 | 400 | 9 | | Regnbogasilungur |
| | Samtals | 1,700 | 900 | 229 | 53 | |
| Háafell | Ísafjarðardjúp | 6,800 | 4,000 | 4,000 | | 59 Einn staðsetning ófrjór lax |
| Ice Fish Farm | Berufjörður | 9,800 | 3,400 | 3,300 | | 2,300 tonn ófrjór ófrjór lax |
| | Stöðvafjörður | 7,000 | 0 | 0 | | |
| | Fáskrúðsfjörður | 11,000 | 8,400 | 8,400 | | |
| | Reyðafjörður | 16,000 | 2,900 | 2,400 | | |
| | Samtals | 43,800 | 14,700 | 14,100 | 34 | |
| | | 105,600 | 60,000 | 57 | | |

6.1.3 Að koma sér í stöðu

„Íslenskir fjárfestar höfðu ekki áhuga“

Fram kom í viðtali við aðstoðarforstjóra Ice Fish Farm í viðtali í Bændablaðinu hinn 4. nóvember 2021 „Þá má ekki gleyma því að við stofnun þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í rekstri í dag var þrúfaldlega reynt að fá íslenskt fjármagn inn í atvinnugreinina en þegar það gekk ekki og menn höfðu ekki áhuga var leitað til Noregs.....“. Þessu viðtali var svaraði í greininni [Eldisleyfin:Eign eða leiga?](#) en þar kemur m.a. fram að hafa skal í huga að verið var að bjóða fjárfestum mismunandi valkosti allt eftir tímasetningu tilboðanna:

- a) **Fjárfesta í rekstri:** Fyrir stefnumótun starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í fiskeldi sem gefin var út 2017 var verið að bjóða að fjárfesta í rekstrinum.
- b) **Fjárfesta í eldisleyfum:** Eftir stefnumótunina og ekki minnst eftir að lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 var aðallega verið að bjóða að fjárfesta í eldisleyfum.

14 UM RÆÐAN

Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga

Þetta er vinnuáhrif fundarinnar sem var haldin í fundarhúsi Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. í Reykjavík, þriðjudaginn 12. júlí 2023. Fundarinn var haldinn í samráði við Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunni ehf. Fundarinn var haldinn í samráði við Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunni ehf. Fundarinn var haldinn í samráði við Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunni ehf.

Stjórnun

Stjórnun Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er ábyrgð Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. Stjórnun Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er ábyrgð Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. Stjórnun Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er ábyrgð Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.

Stjórnun

Stjórnun Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er ábyrgð Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. Stjórnun Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er ábyrgð Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. Stjórnun Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er ábyrgð Sjávarútvegsráðgjafar ehf. og Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.

Það var á árinu 2016 og jafnvel fyrr að íslenski fulltrúar erlendra fjárfesta byrja að skoða þann möguleika að gera eldisleyfin að verðmætum með að skrá laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað. Fram til 2016/2017 var verið að bjóða íslenskum fjárfestum að fjárfesta í rekstri laxeldisfyrirtækja en eftir það mest erlendum fjárfestum þá í verðmætum eldisleyfa. Ferli málsins er m.a. rakið í rannsóknarskýrslunum [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) og [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#). Það á eftir að gera sambærilega skýrslu fyrir Ice Fish Farm.

Jarðvegurinn undirbúinn

Til að tryggja farveginn inn á erlendan hlutabréfamarkað og gera mögulegt að fá hækkun í hafi á verðmætum eldisleyfa komu fyrrverandi stjórnarformenn Arnarlax og Ice Fish Farm sér í opinberan starfshóp [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) í desember 2016. Höfundur hefur skoðað fundargerðir stefnumótunarhópsins og í fundargerð frá 27. janúar 2017 er byrjað að ræða um verðmæti fyrirtækjanna. Í fundagerð frá 10. febrúar 2017 var umræða um fjármögnun og þar kom m.a. fram að stefnt væri á markað; „KÓ greindi frá að tímarammi á skráningu Arnarlax væri sumarið 2018“ en skammstöfunin stendur fyrir Kjartan Ólafsson stjórnarformann fyrirtækisins. Jafnframt var velt fyrir sér verðmæti fyrirtækisins og fram kemur í fundagerð „KÓ svaraði að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða“. Vermæti eldisleyfa Arnarlax í loka ársins 2021 voru um 40 milljarða króna. Ekkert finnst síðan um málið fyrr en í fundagerð frá 14. júlí 2017 þegar fram kemur „Ákveðið að nefndarmenn fái sendar glærur og áhættumatsskýrslu eftir kl. 14 þegar hlutabréfamarkaður í Noregi hefur lokað“. Um þetta er fjallað m.a. í greininni [Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga](#).

Mikilvægðar forsendur

Það þurfti að undirbúa jarðveginn vel áður en farið var með félögin á erlendan hlutabréfamarkað til að ná sem mestum fjárhagslegum ávinningi:

- Engar takmarkanir á erlent eignarhald
- Engar takmarkanir á stærð fyrirtækjanna
- Hafa leyfin sem lengst

Um eignarhald og stærð fyrirtækja er fjallað um í kafla XXV frumvarpsins. Auðlindin íslenskir firðir voru verðmætin og starfs- og rekstrarleyfi setja tímabundinn nýtingarrétt. Í stefnumótunarskýrslunni var lagt til að nýtingarrétturinn í tilfelli rekstrarleyfis yrði lengdur úr 10 árum í 16 ár, og þannig voru eldisvæðin gerð að meiri verðmætum. Alþingi Íslendinga samþykkt síðan tillögur stefnumótunarhópsins þegar lög nr. 71/2008 um fiskeldi voru endurskoðuð á árinu 2019. Í ársskýrslum móðurfélaga [Arnarlax](#) og [Ice Fish Farm](#) er gert ráð fyrir að eftir 16 ára leyfistíma verði leyfin endurnýjuð fyrir vægt gjald.



Stefnumótunin opnaði leiðina

Í [skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) sem gefin var út þann 21. ágúst 2017 var leiðin vörðuð inn á erlendan hlutabréfamarkað. Það sem er athyglisvert við stefnumótunina er það sem ekki var lagt til þ.e.a.s. enga takmörkun á erlent eignarhald eða stærð fyrirtækja sem opnaði leiðina á erlendan hlutabréfamarkað. Leiðin var síðan fest í sessi með útgáfu laga um fiskeldi á árinu 2019. Í meginatriðum voru það norskir aðilar sem voru að fjárfesta í laxeldisfyrirtækjunum á árunum 2016/2017 þar til félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkaðinn. Arnarlax og Ice Fish Farm fóru inn á erlendan hlutabréfamarkað á árinu 2020 og Arctic Fish á árinu 2021. Norðmenn skyldu verðmæti eldisleyfa og gerðu sér grein fyrir að hægt væri að ná miklum fjárhagslegum ávinningi með að koma laxeldisfyrirtækjunum á erlendan hlutabréfamarkað. Á þessum tímamarki var ekki þörf á íslenskum fjárfestum nema til að bæta ímyndina út á við, s.s. fá lífeyrissjóðina að borðinu rétt áður en félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkað. Um þetta er m.a. fjallað um í greininni [Stór laxeldisfyrirtæki og lítil sjávarútvegsfyrirtæki?](#)

6.2 Um einstakar greinar


6.2.1 Úthlutun smitvarnasvæða (24. gr.)

Þegar burðarþolsmat hefur verið gert fyrir vatnshlot eða önnur afmörkuð hafsvæði er ráðherra heimilt að úthluta smitvarnasvæðum í viðkomandi vatnshloti eða hafsvæði. Ráðherra ákveður hvenær smitvarnasvæðum er úthlutað og hversu mörgum er úthlutað hverju sinni.


Útboð á lausum svæðum

Það eru ekki margir firðir sem hægt er að bjóða út ný eldissvæði og heimildir. Á Vestfjörðum er aðeins eftir Jökulfirðir, að vísu er Súgandafjörður einnig inn í myndinni en hann hentar ekki vel til sjókvíaeldis (mynd 6.1). Á Austfjörðum eru fleiri valkostir, Mjóifjörður og Norðfjarðarflói (mynd 6.2).

Það eru því í reynd ekki margir firðir og eldissvæði að bjóða út og vart meira en 30.000 tonna hámarkslífmassi í Jökulfjörðum, Norðfjarðarflóa og Mjóafirði. Hér er jafnvel um að ræða minni heimildir þegar tekið er tillit til þess [Jökulfirðir](#) og [Norðfjarðarflói](#) eru ekki skilgreindir sem eldissvæði í nýlegu strandsvæðaskipulagi fyrir Austfirði og Vestfirði.



Mynd 6.1. Firðir á Vestfjörðum þar sem heimilt er að vera með sjókvíaeldi skv. [auðgýsing nr. 460/2004](#) en hafa ekki verið nýttir (auðkennt með grænu). Jafnframt heimildir af lífmassa á eldri svæðum á Vestfjörðum sem mögulegt er að bjóða út. Kortagrunnur frá Mæliborði fiskeldis.



Mynd 6.2. Firðir á Austfjörðum þar sem heimilt er að vera með sjókvíaeldi en hafa ekki verið nýttir (auðkennt með grænu). Jafnframt heimildir af lífmassa á eldri svæðum á Vestfjörðum sem mögulegt er að bjóða út. Kortagrunnur frá Mæliborði fiskeldis hjá Matvælastofnun.

Þegar þessar heimildir verða auglýstar eiga allir sem uppfylla útbodsskilyrði að geta tekið þátt í útbóði. Áður en til þess kemur þarf þó að breyta strandsvæðaskipinu fyrir Jökulfirði og Norðfjarðarlóa.

Útbóð á lífmassa

Á Vestfjörðum eru 20.500 tonna vannýttur lífmassi (mynd 6.1). Helmingur af lífmassanum eða 10.000 tonn er Arnarlax með í umsóknarferli í Ísafjarðardjúpi. Það eru því sennilega um 10.500 tonna lífmassi sem hægt er að bjóða út á Vestfjörðum. Í Arnarfirði geta Arctic Fish og Arnarlax boðið í heimildirnar. Að vísu í Borgarfirði í innanverðum Arnarfirði væri hægt að koma fyrir nýju eldissvæði og viðhalda 5 km fjarlægðarmörkum við ótengda aðila en ólíklegt að það gangi eftir þar sem fjörðurinn er ekki talinn henta til sjókvíaeldis og heldur ekki gert ráð fyrir því í [strandsvæðaskipulagi](#). Í Ísafjarðardjúpi geta öll fyrirtækin boðið í heimildir; Arnarlax, Arctic Fish, Hábrún og Háafell. Í Önundarfirði gætu mögulega ÍS 47 og Arctic Fish boðið í heimildir. Arctic Fish er reyndar með lítil leyfi eða svæði í Önundarfirði og óljóst hvort þeir geti tekið þátt í útbóði.

Á Austfjörðum er 18.000 tonna lífmassi vannýttur og þar af 10.000 tonn sem eru í umsóknarferli í Seyðisfirði. Í Fáskrúðsfirði og Reyðafirði eru samtals um 8.000 tonna lífmassi til ráðstöfunar og þar getur aðeins Ice Fish Farm tekið þátt í útbóði. Í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði gæti komið inn nýr aðili með eldissvæði í innanverðum fjörðunum og haldið 5 km fjarlægðarmörkum við Ice Fish Farm en mjög ólíkt að það gangi eftir vegna mikilla nálægðar við byggð og ekki er gert ráð fyrir því í [strandsvæðaskipulagi](#).

Hvað er til ráðstöfunar fyrir aðra?

Skoðum nú hvaða valkosti aðrir hafa en félög sem eru nú þegar með sjókvíaeldi í íslenskum fjörðum. Það sem eftir stendur er aðeins Mjóifjörður. Fjörðurinn verður væntanlega skilgreindur sem eitt smitvarnarsvæði og þannig útilokað fyrir nýtt félag að koma inn og hefja sjókvíaeldi miðað við stöðuna í dag. Til að gera mögulega aðkomu á nýju félagi í sjókvíaeldi á Íslandi þyrfti að breyta strandsvæðaskipulagi fyrir Jökulfirði og Norðfjarðarlóa og þannig væru til ráðstöfunar þrjú smitvarnarsvæði. Það má gera ráð fyrir að mikil andstaða verði við þeim breytingum.

Smitvarnarsvæði skal úthlutað til umsækjanda með útbóði og skulu umsækjendur tilgreina í tilboði, auk annarra upplýsinga, þá tilboðsfjárhæð sem þeir eru reiðubúnir að greiða fyrir úthlutun viðkomandi smitvarnarsvæðis. Heimilt er að gera kröfu um lágmarkstilboðsfjárhæð í útbóðinu. Tilboðsfjárhæð rennur í ríkissjóð.

Koma sér í stöðu

Skoðum nú fyrst hvernig laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa unnið sér í haginn. Þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Ice Fish Farm komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi og voru leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ eins og fram kemur á [vefsíðu verkefnisins](#)



[Samfélagsverkefni gegn spillingu](#). Vinnubrögðin hafa verið rakin í tilfelli [Arnarlax](#) og [Arctic Fish](#) sem eru með sitt eldi á Vestfjörðum. Stutt samantekt af ferli málsins má sjá í töflu 1.1 og í [ársskýrslum Samfélagsverkefnis gegn spillingu](#). Arnarlax og Arctic Fish eru því með sterka eiginfjárstöðu sem byggist að stórum hluta á að auðlindin íslenskir firðir hefur verið gerða að verðmætum í eignasafni fyrirtækjanna í gegnum rekstrarleyfi. Það verður því erfitt fyrir íslensk fyrirtæki að keppa við Arnarlax og Arctic Fish í útboðum á smitvarnarsvæðum. Um þetta er m.a. fjallað í greininni [Lög um fiskeldi – Að fanga ríkisvaldið og ná fjárhagslegum ávinningi](#).

Rekstrarleyfin verðmætin

Rekstrarleyfin hafa verið gerð að miklum verðmætum með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað um það er m.a. fjallað í greininni [Lög um fiskeldi og ólígarkar](#). Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir heimild til að veðsetja rekstrarleyfi (120 gr.). Þannig eiga erlendir fjárfestar möguleika að veðsetja rekstrarleyfin og fjármagn kaup á nýjum smitvarnarsvæðum í samkeppni við íslenska aðila. Það má því e.t.v. segja að íslenskri skattgreiðendur séu að fjármagna kaup erlendra fjárfesta á nýjum smitvarnarsvæðum.

Við mat á tilboðum kemur m.a. til skoðunar fjárhæð tilboðs, reynsla af sjókvíaeldisstarfsemi, fjárhagslegur styrkur, mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað annan rekstur sinn, svo sem nýtingu þegar útgefina rekstrarleyfa, og upplýsingar um hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum. Ávallt skal heimilt að víkja frá hæsta boði ef aðrir þættir en tilboðsfjárhæð mæla með því að öðru tilboði sé tekið. Úthlutun smitvarnarsvæða skal auglýsa opinberlega.

Rekstrar- og eldissaga

[Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi](#) í umsögn við frumvarpsdrögin veltir fyrir sér mati á tilboðum sem kunna að berast. Heimild að víkja frá hæsta boði ef aðrir þættir mæli með því s.s. umhverfissjónarmið og rekstrarsaga viðkomandi tilboðsgjafa:

„Samtökin gera hér athugasemd við óskilgreinda tilvísun til fyrri rekstrar- og eldissögu og umhverfissjónarmiða. Þá er ekki skýrt af ákvæðinu hvert innbyrðis vægi slíkra þátta verður við matið. Eigi slík sjónarmið að hafa áhrif á mat á mikilvægum umsóknum um úthlutun smitvarnarsvæða þurfa slík viðmið að vera skýr, fyrirsjáanleg og mælanleg og mega ekki ráðast af handahófskenndum mati ráðherra. ... Svigrúm ráðherra til að grundvalla ákvörðun um val á tilboðum verður að vera skýrt afmarkað svo tilboðsgjöfum sé fyrirfram ljóst hvaða málefnalegu og lögmætu ástæður geta ráðið valinu“.

Umhverfissjónarmið

Í tilboði þarf að koma fram upplýsingar um hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum. Hér má velta fyrir sér hvernig tekið verður á tveimur alvarlegum uppákomum hjá í Arctic Fish í Patreksfirði og Tálknafirði á árinu 2023 þar sem virðist hafa átt sér stað markviss brotavilji og í því sambandi er bent á skýrslurnar:

- [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#). Leiðbeiningar yfir fjölmiðla nr. 9.
- [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#). Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 8

Þrátt fyrir alvarlega annmarka var [eldisleyfi Arctic Fish í Patreks- og Tálknafirði endurnýjuð](#) á þessu ári án þess að ofanefnd atvik í Tálknafirði og Patreksfirði hefðu áhrif skv. [greinagerð Matvælastofnunar með leyfinu](#). Verður niðurstaðan sú að fyrri rekstrar- og eldissaga Arctic Fish sé ekki nægilega góð til að félagið eigi mögulega að taka þátt í útboði smitvarnarsvæða eða þarf meira til? Eða verður eingöngu horft til loforða um hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn út frá umhverfissjónarmiðum á næstu árum?

Nýting útgefínna rekstrarleyfa

Fyrirhugað er að við mat á tilboðum verði tekið tillit nýtingu þegar útgefínna rekstrarleyfa. Ice Fish Farm hefur sankað að sér heimildum en nýtt illa sín eldissvæði og framleiðsluheimildir (tafl 6.1). Hvað telst lök nýting á eldissvæðum? Er ekki eðlilegt eins og oft er gert í þessu frumvarpi að setja mörk hvað telst nægileg nýting á eldissvæðum til að viðkomandi fyrirtæki geti tekið þátt í útboðum, t.d. 80% nýting. Eða verður farin sú leið að hafa hafa viðmiðunargildið opið til að Ice Fish Farm geti boðið í smitvarnarsvæði í Mjóafirði og Norðfjarðarfloa?

Úthlutun smitvarnarsvæða samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir einstaka smitvarnarsvæðum eða yfir heimildum til eldis á smitvarnarsvæðum.



Kaup á leyfum

Í máli aðstoðarforstjóra Ice Fish Farm í Bændablaðinu hinn 4. nóvember 2021 kemur jafnframt fram: „Þetta er alveg tvennt ólíkt. Sjávarútvegurinn er að nýta takmarkaða auðlind en fiskeldið ekki, nema að því leyti að við nýtum svæði sem einhver annar nýtir ekki á meðan. Við mætum með okkar eldisdýr á staðinn og getum farið með þau aftur. Leyfin okkar eru til leigu til 16 ára“. Eldisleyfin í Noregi eru varanlega eign en á Íslandi er um að ræða úthlutun eldisleyfa. Í Noregi eru leyfin keypt fyrir háar fjárhæðir en á Íslandi fást þau því sem næst ókeypis (tafla 6.2). Um þetta er fjallað m.a. í greininni [Eldisleyfin:Eign eða leiga?](#)

Sala á leyfum

Á Íslandi fást eldisleyfin því sem næst ókeypis og með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlenda hlutabréfamarkaði hefur verðmæti félaganna hækkað mikið í hafi. Verðmæti eldisleyfa t.d. Arnarlax eru metin á um 40 milljarða á markaði (m.v. árið 2022). Fjölmarginir íslenskir frumkvöðlar og íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta eru byrjaðir að leysa hagnaðinn til sín með sölu hlutabréfa. Nást hefur meira en tífalda þá fjárhæð sem upphaflega var lagt í fyrirtækið við sölu á eignarhlutum eftir að félögin voru kominn á erlendan hlutabréfamarkað. Um þetta er fjallað m.a. í rannsóknaskýrslunni [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#).



Endurnýjun á leyfum

Eins og fram hefur komið í árskýrslum norskra laxeldisfyrirtækja sem eru meirihlutaeigendur í laxeldisfyrirtækjum hér á landi þá er gert ráð fyrir að auðvelt verði að endurnýja leyfin eftir 16 ár og það verði tiltölulega ódýrt. Það er því vert að spyrja sig hvort það sé í raun einhver munur á eldisleyfum í Noregi og Íslandi þegar upp er staðið. Í þessu samhengi er bent á að eldisleyfi sem fengust frítt í Noregi

Tafla 6.2. Munurinn á eldisleyfi í Noregi og á Íslandi.

| | Noregur | Ísland |
|----------------------------|---|---|
| Kaup á leyfum | Flest eldisleyfi eru keypt fyrir háar fjárhæðir. | Leyfin fást því sem næst ókeypis. |
| Sala á leyfum | Leyfin hafa verið að hækka og má því gera ráð fyrir að flestir selji þau með hagnaði. | Leyfin eru ekki keypt, fást því sem næst ókeypis, en eru seld með miklum hagnaði. |
| Endurnýjun á leyfum | Eldisleyfin eru varanleg eign. | Það er gert ráð fyrir að 16 árum liðnum fást leyfin endurnýjuð fyrir lítið. |

urðu að varanlegri eign. Um þetta er fjallað m.a. í greininni [Verðmæti eldisleyfa sem eru í eigu útlendinga.](#)

Færa til eignar

Í þessu frumvarpi er áfram unnið að málum til að stuðla að því að eldisleyfin færast nær því að vera varanlega eign. Að vera með ótímabundin rekstrarleyfi (33 gr.), heimild til verðsetningar (120 gr.) og heimild til leigu laxahluta (kafla VII kafla) færir auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.

Tillögur:

- ✓ Þessi grein verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

6.2.2 Úthlutun aukins burðarþols (32. gr.).

Ef endurskoðun Hafrannsóknastofnunar á burðarþolsmati vatnshlots eða annarra hafsvæða skv. 5. gr. leiðir til hækkunar burðarþolsmats er rekstrarleyfishafa, sem þegar hefur fengið rekstrarleyfi á þeim smitvarnasvæðum sem verða fyrir áhrifum af hækkun burðarþolsmats, heimilt að sækja um hækkun á leyfilegum lífmassa til Matvælastofnunar en slík hækkun getur þó aldrei orðið meiri en hámarkslífmassi hverju sinni.

Um umsókn skv. 1. mgr. skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þessa kafla. Skal sérstaklega höfð til hliðsjónar fyrri rekstrar- og eldissaga rekstraraðila. Ráðherra skal heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um þau atriði sem tekið skal tillit til við afgreiðslu umsóknar um hækkun á leyfilegum lífmassa.

Flokkun svæða


Byrjum að flokka svæðin m.t.t. þess hve margir geta verið þátttakendur í útboði á auknum lífmassa (mynd 6.3). Flest svæðin eru merkt rauð en þar er aðeins einn aðili sem getur boðið í aukninguna. Gul svæði, Arnarfjörður og Patreks- og Tálknafjörður, en þar koma aðeins Arnarlax og Arctic Fish til greina að taka þátt í uppboði. Hér er líklegast að fyrirtækin komi sér saman um hver bjóði í auknar heimildir hverju sinni. Eina græna svæðið er Ísafjarðardjúp með mögulega raunverulega samkeppni, en þar eru fjórir aðilar; Arnarlax, Arctic Fish, Háafell og Hafbrún.

Rauðu svæðin (einn í útboði)

Eins og fram kemur í frumvarpinu er stefnan að aðeins einn rekstraraðili verði á hverju smitvarnasvæði og það verði komið að full til framkvæmdar á árinu 2028. Allt stefnir að því að meginreglan verði sú að vatnshlot verði smitvarnasvæði nema Arnarfjörður, Ísafjarðardjúps og jafnvel Patreks- og Tálknafjörður. Einn verður í útboði á öllum svæðum á Austfjörðum þar sem Ice Fish Farm getur aðeins tekið þátt í uppboði. Á Vestfjörðum er einn í uppboði í Dýrafirði og jafnvel Önundarfirði (mynd 6.3).

Í greinagerð með 32 gr. kemur fram að fáir rekstrarleyfishafi sjálfkrafa aukinn hámarkslífmassa þá væri hætta á að rekstrarleyfishafi myndi ekki ná að uppfylla skilyrði um nýtingu lífmassa og kynni því að missa leyfið. Því er farin sú leið að úthluta viðbótarlífmassa samkvæmt nýju burðarþolsmati eingöngu eftir ósk og umsókn rekstrarleyfishafa. Þá er spurt getur einn rekstraraðili á smitvarnasvæði setið að svæðinu án þetta að nýta burðarþol þess að fullu? Þannig hamlað aðkomu annarra að svæðinu sem áhuga hafa á að fullnýta burðarþol smitvarnasvæðisins.





Mynd 6.3. Skipting svæða eftir því hve margir geta tekið þátt í útboði. Merkt rautt aðeins einn, gult tveir og grænt fleiri aðilar.

Þegar aðeins einn rekstraraðili kemur til greina getur hann stjórnað því hve mikið er greitt. Stjórnvald getur vissulega farið þá leið að setja ákveðna lágmarks upphæð sem á greiða fyrir t.d. hvert tonn af aukningu í leyfilegum lífmassa rekstrarleyfishafa, en það er ekki sett inn í 32. greinina. Ef rekstrarleyfishafa finnst upphæðin of há og ekki tilbúinn að greiða, getur sú staða komið upp að ekki er verið að nýta hámarks lífmassa viðkomandi vatnshlots/smitvarnsvæðis. Rekstrarleyfishafi á smitvarnsvæðinu gæti einnig farið þá leið að eiga samtal við stjórnvald og pressað verð niður með stuðningi m.a. sveitafélaga sem vilja aukin umsvif á sjókvíældis á sínu svæði.

Gulu svæðin (tveir í útboði)

Arnarfjörður og Patreks- og Tálknafjörður eru skilgreind sem gul svæði þar sem aðeins tveir rekstraraðilar geta tekið þátt í útboði, en það eru Arnarlax og Arctic Fish. Félögin eru búin að gera samstarfsamning er varðar eldissvæði (kafla 5.1.4) og þróunin kann að vera að Arnarlax og Arctic Fish komi sér saman um hvaða félag bjóði í auknar heimildir á einstökum vatnshlotum og þannig greiði eingöngu lágmarks verði hverju sinni.

Grænu svæðin (margir í útboði)

Það er aðeins í Ísafjarðardjúpi sem er raunveruleg samkeppni um auknar heimildir. Ísafjarðardjúpi verður væntanlega skipt niður í smitvarnsvæði en óljóst er hvernig hámarks lífmassa vatnshlots verði skipt á milli smitvarnsvæða.

Arctic Fish og Arnarlax hafa sterka stöðu og hafa gert eldisleyfin að verðmætum með að fara með þau á erlendan hlutabréfamarkað. Það er einnig möguleiki fyrir þau að hald kostnaði við aukningu

heimilda í Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði í lágmarki. Það er því mögulegt að bjóða hátt í Ísafjarðardjúpi og ná þar allri aukningu í framleiðsluheimildum sem þar kanna að vera í boði á næstu árum.

Í greininni kemur fram að sérstaklega skal höfð til hliðsjónar fyrri rekstrar- og eldissaga rekstraraðila við val á félagi sem tekur þátt í útboðinu. Bæði félögin hafa verið kærð af Matvælastofnun vegna slæmrar frammistöðu er varðar slyasleppingar, ásamt fjölmörgum vanefnum sem m.a. er tekið fyrir í rannsóknaskýrslunum, [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) og [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#). Er það nægilegt til að útiloka félögin til að taka þátt í útboði í Ísafjarðardjúpi eða þarf meira til?



Tillögur:

- ✓ Þessi grein verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

6.2.3 Ótímabundin rekstrarleyfi (33. gr.).

Uppfylli rekstrarleyfishafi öll skilyrði laga þessara og reglna settum með stoð í þeim skal rekstrarleyfi til sjókvíaeldis vera ótímabundið. Rekstrarleyfi skulu sæta breytingum samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma sem og afturköllun skv. XII. kafli laga þessara.

Það sem breytist

Með þessari grein frumvarpsins eru einkum tvær breytingar sem eiga sér stað ef hún nær fram að ganga:

- ✓ **Nær því að vera eign:** Að vera með ótímabundin leyfi færast auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.
- ✓ **Endurskipulagning erfiðari:** Með að hafa tímabundið leyfi eins og nú er, er meiri möguleiki að taka á skipulagsmálum við endurnýjun leyfa með það að markmið að draga úr umhverfisáhrifum.

Nær því að vera eign

Nokkrir aðilar gera athugasemdir við ótímabundið leyfi og setja ákveðna varnagla við þá leið s.s. [NASF](#) og [Náttúruverndarsamtök Íslands](#). [NASF](#) setur málið í stærra samhengi í sinni umsögn við fiskeldisfrumvarpið:

„NASF gerir athugasemdir við það að smitvarnarsvæði og rekstrarleyfi verði veitt ótímabundið og að leyfin verði framseljanleg og veðsetjanleg. Í fyrsta lagi er það ótrúlegt að veita eigi mengandi stóriðju ótímabundinn notkunarrétt á sameign þjóðarinnar, hafinu. Í öðru lagi er hættu á því að ef að fyrirtæki veðsetur eða framselur leyfi sín þá myndist eignarréttur og því verði yfirvöld skaðabótaskyld út frá væntingum leyfishafa. Vissulega er tekið fram að eignarréttur myndist ekki, en ef fyrirtæki eru svipt eða skert framleiðsluheimildum eru allar líkur á því að þau reyni allt í sínu valdi til að fá því hnekk. Hér er því verið að búa til óþarfa áhættu fyrir yfirvöld og verið að þóknast iðnaðinum. NASF leggur til að ef að úthluta á smitvarnarsvæðum og rekstrarleyfum (þvert á vilja þjóðarinnar) þá verði það gert til skamms tíma í senn og án þess að hægt sé að veðsetja eða framselja leyfin.

Nánar er fjallað um framsal, framleigu (kafli VII. frumvarpsins um laxahluti) og veðsetningu (kafli XXI. frumvarpsins um ýmis sameiginleg ákvæði)

Endurnýjun leyfa

Í greinagerð með 33 gr. frumvarps um lagareldi er komið inn á að ástæða þess að lagt er til að leyfi verði ótímabundin er fyrst og fremst sú að réttaráhrif gildistíma voru í reynd óljós samkvæmt eldri lögum. Þannig var leyfistíminn langur, eða 16 ár. Í þessu samhengi er bent á að auðvelt er að stytta leyfistíma aftur til 10 ára eins og hann var við breytingu á lögum um fiskeldi á árinu 2014.

Í greinagerð með 33 gr. frumvarps um lagareldi kemur fram að auk þess sem gert var ráð fyrir að leyfum yrði úthlutað til sömu aðila við lok gildistíma, sbr. 3. mgr. 7. gr. gildandi laga nr. 71/2008. Í þessu samhengi er bent á að sbr. 2. mgr. 7. gr. gildandi laga nr. 71/2008 kemur fram að horft skuli til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiahrifa sem leyfisskyldri starfsemi hefur leitt af sér við endurnýjun leyfa. Tökum dæmi starfsemi Arctic Fish í Patreksfirði og Tálknafirði á árinu 2023 þar hefur verið markviss brotavilji og í því sambandi er bent á skýrslurnar:

- ✓ [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#). Leiðbeiningar yfir fjölmiðla nr. 9.
- ✓ [Laxalúsafarir í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#). Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 8



Þrátt fyrir að starfsemi Arctic Fish hafi haft verulega neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiahrifa rann umsókn félagsins auðveldlega í gegn með [endurnýjun rekstrarleyfis félagsins](#) í Patreks- og Tálknafirði snemma á þessu ári. Ásamt þessum uppákomum voru fjölmörg önnur frávík sem rakin eru í rannsóknaskýrslunni [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#). Hvað þarf til að eldisleyfin verði ekki endurnýjuð? Það er full ástæða að skerpa í lögnum um hvað þarf til þess að rekstrarleyfi verði ekki endurnýjað eða rekstrarleyfishafi missi sitt leyfi fyrir tiltekið smitvarnarsvæði.

Tillögur:

- ✓ Greinin verði óbreytt frá því sem er í núverandi lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, nema í staðinn fyrir að leyfistími sé 16 ár verði hann stytur niður í 10 ár.
- ✓ Skerpa þarf ákvæði í lögnum um hvað þarf til að rekstrarleyfishafi missi sitt leyfi fyrir tiltekið smitvarnarsvæði.

6.3 Mögulegar sviðsmyndir

Eldisleyfi

Ef frumvarpið fer óbreytt í gegnum Alþingi Íslendinga þá munu öll eldisleyfi vera í eignum Ice Fish Farm á Austfjörðum og á Vestfjörðum mun þau vera í eigu Arctic Fish og Arnarlax og þar með yfirráð yfir öllum smitvarnarsvæðum. Allt sjókvíaeldi á Íslandi mun vera í höndum féлага í meirihlutaeigu erlendra aðila.


Félögin munu jafnframt ein geta boðið í mögulega aukningu á framleiðsluheimildum á smitvarnarsvæðum.

Nær því að vera eign

Með því að sankta að sér eldissvæðum og heimildum, setja blokkeringar til að halda og fara með félögin á erlenda hlutabréfamarkað hafa erlendir fjárfestar náð miklum fjárhagslegum ávinningi.

Ferli málsins að tryggja hagsmuni laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila mun halda áfram með þessu frumvarpi (mynd 6.4).

Með því að eldisleyfin verði ótímabundin, ásamt heimild til framleigu og veðsetningar færast leyfin nær því að vera eign sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta. Í framhaldinu munu málin þróast þannig að um varanlega eign verður að ræða eða sagt með öðrum orðum að arðurinn af auðlindinni íslenskir firðir verður einkavæddur að mestu í þágu erlendra fjárfesta.




Mynd 6.4. Eldisleyfin, ferli málsins að miklum fjárhagslegum ávinningi.

7. Starfræksla sjókvíaeldisstöðva og eftirlit (VI. Kafli)

7.1 Almennt

Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar [Sjókvíaeldi - Lagaframkvæmd, stjórnslu og eftirlit](#) kemur fram að lagabreytingar sem gerðar voru árin 2014 og 2019 höfðu hvorki í för með sér betri og skilvirkari ferli leyfisveitinga né eftirlits. Eftirlit með sjókvíaeldi við Íslandsstrendur er of takmarkað og háð aðgengi að búnaði og starfsfólki fiskeldisfyrirtækja. Efla þyrfti eftirlit með sjókvíaeldi til muna, en einnig er þörf á að einfalda og samþætta eftirlitið betur milli Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Það voru gerðar athugasemdir við mun fleiri atriði er varðar eftirlit með sjókvíaeldi og er vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar.



7.2 Um einstakar greinar

7.2.1 Innra eftirlit (35. gr.)

Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðvar skal m.a. fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur. Niðurstöður vöktunar skulu sendar Matvælastofnun sem birta skal þær opinberlega. Á grundvelli vöktunar getur rekstrarleyfishafi ákveðið að grípa til aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu sníkjudýra. Ákvörðun um aðgerðir skulu sendar til Matvælastofnunar og skulu þær rökstuddar af þjónustudýralækni rekstrarleyfishafa. Matvælastofnun skal innan þriggja virkra daga taka afstöðu til aðgerða og getur innan þess frests synjað um beiingu fyrirhugaðra aðgerða.

Ef einn stendur sig ekki verða margir tjón

Athafnir eða athafnaleysi eins rekstraraðila hefur áhrif á smittíðni laxalúsar hjá öðrum rekstraleyfishöfum. Gott dæmi um slíkt er tekið fyrir í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Laxalúsafar í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#) en þar tekið á málum í Patreks- og Tálknafirði og lúsinni fjölgaði óhóflega mikið og breiddist smitið með straumum norður með Vestfjörðum til annarra rekstrarleyfishafa og þurfti að aflúsa í öllum fjörðum með lúsalyfjum (mynd 7.1).

Arctic Fish og Arnarlax hafa markvisst komið sér undan að vera með mótvægisáðgerðir og grípa til fullnægjandi viðbragða þegar tíðni laxalúsar hefur aukist óhóflega mikið. Skýringin er einföld, mótvægisáðgerðir eru oft mjög kostnaðarsamar og með að gera lítið sem ekkert má draga úr rekstrarkostnaði. Sjá umsögn við X. kafla frumvarpsins um um lús.


Viðbragsáætlanir rekstrarleyfishafa

Í frumvarpinu kemur fram að á grundvelli vöktunar getur rekstrarleyfishafi ákveðið að grípa til aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu sníkjudýra. Í þessu samhengi er bent á að nú þegar eru ákvæði í reglugerð um viðbragsáætlanir (sjá umsögn við X. kafla frumvarpsins um um lús) og hvað felst í viðbragsáætlunum Arctic Fish og Arnarlax sem Matvælastofnun hefur væntanlega samþykkt eru ekki upplýsingar um. Hvort þær hafi verið eins, með mismunandi mótvægisáðgerðir eða

viðbrögðum við laxalús liggja ekki fyrir upplýsingar um. Niðurstaðan er allavega skv. skýrslu Matvælastofnunar [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás](#) að málum hafi verið verulega ábótavant. Tillögur í 35. gr. breytir litlu um möguleika umhverfissóðanna að viðhafa áfram sín vinnubrögð.

Þarf að samræma

Það þarf samræmdar aðgerðir og eftirlit haft með þeim af stjórnvöldum. Lagt er til að 35 gr. verði umskrifuð á þann veg að sérreglur einstakra rekstraraðila verði ekki heimilaðar og eingöngu verði stuðst við almennar reglur sem allir rekstraraðilar fari eftir eins og almennt tíðkast í okkar nágrannalöndum. Það þarf að skilgreina viðmiðanir um heimilaða tíðni laxalúsar og fyrirfram skilgreind viðbrögð sem gilda fyrir alla rekstraraðila. Vísað er m.a. til umsagnar Sjávarútvegsþjónustunnar við [Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040](#) til nánari skýringar.



Mynd 7.1. Tímasetningar heimildar frá Fisksjúkdómanefnd til lyfjameðhöndlunar á eldislaxi vegna laxalúsar í einstökum fjörðu á Vestfirðum.

Eftirlit rekstraraðila óbótavant

Fjöldmargir umsagnaraðilar við frummatsdrögin koma með þá athugasemd að innra eftirlit sjókvíaeldisfyrirtækja sé ábótavant. Í umsögn [NASF](#) kemur m.a. fram:

Stóru laxeldisfyrirtækin eru á opnum markaði. Þar af leiðandi hafa mistök, slys, gáleysi, athafnir eða athafnaleysi áhrif á gengi hlutabréfa þessa félaga. Að ætla síðan að leyfa þeim fyrirtækjum að sjá um að hafa eftirlit með sjálfum sér er ávísun á vandræði. Augljóst er að það myndast hvati til að segja ekki satt og rétt frá eða halda upplýsingum leyndum þegar kerfið er sett svona upp.

Nánar er fjallað um málið í umsögn með X. kafla frumvarpsins um lús er varðar mótvægisáðgerðir, viðbrögð og eftirlit með laxalús.

Matvælastofnun er heimilt að leita umsagnar fisksjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar áður en afstaða er tekin til aðgerða rekstrarleyfishafa.

Langt ferli

Matvælastofnun er heimilt að leita umsagnar fisksjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar áður en afstaða er tekin til aðgerða rekstrarleyfishafa um meðhöndlun á laxalúsalyfjum. Í þessu samhengi er bent á að ákvörðunarferlið hefur verið langt og of seint gripið til aðgerða. Á þetta benda rekstraraðilar eins og fram kemur skýrslu Matvælastofnunar [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás](#). Vandamálið er að rekstraraðilar hafa spilað á kerfið, haldið öllum

mótvægisáðgerðum í lágmarki til að halda niðri kostnaði. Það hefur síðan verið gripið til lyfjameðhöndlunar þegar tíðni laxalúsar á eldisfiski hefur hækkað mikið.

Viðbragðsáætlanir

Það þarf samræmda opinbera viðbragsáætlun fyrir laxalús. Til að tryggja örugga og góða stjórnslu geri Matvælastofnun viðbragðsáætlun sem verði sýnilega á vef stofnunarinnar og þar skilgreind viðbrögð við mismunandi sviðsmyndum stutt í reglugerð um fiskeldi. Þannig verði rekstraraðila ljóst til hvaða aðgerða verði gripið hverju sinni. Með þessu móti er komið í veg fyrir matskenndar aðgerðir sem tefja ákvörðunarferlið og kunna að vera mismunandi eftir atvikum. Jafnframt er mikilvægt að talning laxalúsar á eldisfiski verði framkvæmd af óháðum fagaðila eða búnaði sem Matvælastofnun hefur samþykkt.



Rekstrarleyfishafi skal, ótilkvaddur, senda Matvælastofnun skriflega staðfestingu um að farið sé að innri reglum í starfsemi rekstrarleyfishafa. Skulu slíkar staðfestingar sendar Matvælastofnun eigi sjaldnar en mánaðarlega á því formi sem Matvælastofnun ákveður. Matvælastofnun skal sannreyna með reglulegum hætti að framkvæmd innra eftirlits með starfsemi sé í samræmi við lög og reglur.

Pappírsvinna sem engu skilar

Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frumvarpsdrögin kemur m.a. fram varðandi skriflega staðfestingu:

„Hverju slíkri staðfestingu er þá ætlað að áorka umfram það að íþyngja fiskeldisfyrirtækjum og eyða tíma eftirlitsaðila við yfirferð er með öllu óljós“.

Undir þetta er hægt að taka og lagt til að þessi grein verði alfarið felld út. Að sjálfsögðu á rekstrarleyfishafi að fara eftir lögum og reglum og á engu að skipta hvort hann sendi frá sér skriflegar staðfestingar. Í núverandi úttektum Matvælastofnunar er farið yfir hvort starfsemi rekstraraðila sé í samræmi við lög og reglur. Vandamálið hefur verið að Matvælastofnun hefur ekki verið að vinna sína heimavinnu er varðar eftirlit með rekstrarleyfishöfum. Að vísu hefur átt sér stað mikil framför í eftirlitinu hjá Matvælastofnun. Það sem skiptir máli er að Matvælastofnun hafi verkfæri eða heimildir til að grípa til viðeigandi refsiaðgerða þegar rekstrarleyfishafi er að brjóta lög og reglugerðir. Í því sambandi þarf að vera nákvæmlega skilgreint í reglugerð um fiskeldi og leiðbeiningum Matvælastofnunar hvað viðmið um tíðni laxalúsa er miðað við og hver eru viðbrögðin hverju sinni.

Tillögur

- Þess grein þarf að taka til gagngerðar endurskoðunar og við endurritun þarf að hafa í huga:
 - Sér reglur fyrir einstaka rekstrarleyfishafa verði ekki heimilaðar.
 - Ein samræmd viðbragsáætlun fyrir alla rekstrarleyfishafa undir eftirlit Matvælastofnunar.
 - Skilgreindar viðmiðanir í samræmi við það sem er í nágrennalöndum.

7.3 Mögulegar sviðsmyndir

Eftirlit Matvælastofnunar mun aukast en að óbreyttu mun litlu breyta. Það að rekstrarleyfishafar verði áfram með sínar eigin viðbragsáætlanir getur áfram stuðlað að ósamræmdum viðbrögðum og laxalúsinni fjölgi óhóflega mikið.

8. Laxahlutur (VII. kafli)


8.1 Almennt

8.1.1 Leyfin verðmætin

Sankað að sér heimildum

Laxeldisfyrirtækin í meirihluta-eigu erlendra aðila Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm hafa sankað að sér heimildum á síðustu árum til fjárhagslegs ávinnings (mynd 8.1). Rannsóknaskýrslur hafa verið gerðar um vinnubrögðin og er m.a. vísað í eftirfarandi skýrslur:

- ✓ [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.](#)
- ✓ [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#)
- ✓ [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#)
- ✓ [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#)




Mynd 8.1. Hámarkslífmassi til eldis á laxi og regnbogasilungi, leyfi skv. Mælaborði fiskeldis og mál í umsóknarferli.

Það á eftir að gera rannsóknaskýrslu um Ice Fish Farm.

Leyfin gerð að verðmætum

Eldisleyfin voru verðmæti og með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað náðist mikil hækkun í hafi á verðmætum hlutabréfa félaganna (mynd 8.2). Öll laxeldisfyrirtækin í meirihluta-eigu erlendra aðila eru skráð á erlendum hlutabréfamarkaði. [Arnarlax](#) var skráður á erlendan hlutabréfamarkað á árinu 2019, [Ice Fish Farm](#) árið 2020 og [Arctic Fish](#) á árinu 2021. Í lok ársins 2021 var áætlað að verðmæti eldisleyfa þessara þriggja laxeldisfyrirtækja í meirihluta-eigu erlendra aðila væri um 105 milljarða ISK eins og fram kemur m.a. í rannsóknaskýrslunni

[Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.](#)



Mynd 8.2. Verðmæti eldisleyfa hafa aukist á síðustu árum með stjórnvaldsákvörðunum.

Umsagnaraðili hefur frá árinu 2019 skrifað greinar í fjölmiðla (tafla 8.1), fjölmargar skýrslur/umsagnir sem má sækja á sjavarutvegur.is þar sem bent hefur verið á vinnubrögðin og varað við að uppbygging sjókvíaeldis framan af hafi að mestu leiti snúist um fjárhagslegan ávinning erlendra fjárfestra og íslenskra fulltrúa þeirra. Málið snýst um milljarða ávinning sem m.a. hefur verið fjallað um m.a. í rannsóknaskýrslunum [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) og [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#).

8.2 Um einstakar greinar

8.2.1 Skráning laxahluta o.fl. (38. gr.)

Matvælastofnun heldur skrá yfir laxahlut einstakra rekstrarleyfishafa sem og laxaffjölda rekstrarleyfishafa miðað við heildarlaxaffjölda hverju sinni. Laxaffjöldi skal skráður á tiltekið smitvarnasvæði. Enginn má ala frjóan lax í sjókvíaeldi án skráningar í skrá Matvælastofnunar. Skráin skal birt opinberlega á vefsíðu Matvælastofnunar.

Úthlutun og skráning laxahlutar samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildum til eldis á frjóum laxi.

Álitaefni tengd eignarrétti

[Landsamband veiðifélaga](#) bendir á fjölmörg álitaefni tengd eignarrétti á leyfum og í umsögn sambandsins við frumvarpsdrögin kom m.a. fram:

„Þrátt fyrir að fram komi í 24. og 38. gr. frumvarpsins að úthlutun smitvarnasvæða og laxahlutar myndi ekki eignarrétt eru önnur ákvæði frumvarpsins til þess fallin að gefa sjókvíaeldisfyrirtækjunum réttmætar væntingar um að úthlutað réttindi teljist einhvers konar eign. Einkum er um að ræða ákvæði um heimildir til framsals, framleigu og veðsetningar á laxahlut.“

Landsamband veiðifélaga vitnar síðan í ítarlegt samantekt í minnisblað frá ADEL lögmonnum (box 8.1).

Box 8.1 Minnisblaði ADVEL lögmonna

Í ítarlegu minnisblaði frá ADVEL lögmonnum kemur m.a. eftirfarandi fram um þessa þætti (samandregnar niðurstöður):

- ✓ „Sú yfirlýsing um eignarrétt sem kemur fram í 24. og 38. gr. frumvarpsdraganna gildir sem slík og nær til beinna eignarréttinda á leyfum sem yrði úthlutað á grundvelli 24. og 38. gr. frumvarpsdraganna; smitsvæði og laxahlut. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að þau réttindi sem leiða af úthlutun slíkra leyfa njóti almennrar eignarverndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Nánar tiltekið þau atvinnuréttindi og þær réttmætu væntingar sem verða til á grundvelli lagaákvæða frumvarpsdraganna og þeirra leyfa sem úthlutað verður á grundvelli þeirra.“
- ✓ „Ákvæði frumvarpsdraganna sem heimila sérstaklega framsal, framleigu og/eða veðsetningu á laxahlut kunna að vekja réttmætar væntingar leyfishafa til þess að geta hagnýtt útgefin leyfi sem eign og þar með styrkja eignarréttarvernd slíkra væntinga.“
- ✓ „Ákvæði frumvarpsdraganna um að úthlutun réttinda leiði ekki til stofnunar eignarréttinda og/eða óafturkallanlegs forræðis yfir réttindum útilokar eitt og sér ekki bótaskyldu íslenska ríkisins vegna niðurfellingar á úthlutaðum leyfum og/eða réttindum.“

Nánar um niðurfellingu réttinda sem fram koma í frumvarpinu segir í minnisblaðinu:

- ✓ „Loks er það afstaða ADVEL að ákvæði frumvarpsdraganna um að úthlutun réttinda leiði ekki til stofnunar eignarréttinda og/eða óafturkallanlegs forræðis yfir réttindum komi ekki, eitt og sér, í veg fyrir að íslenska ríkið geti orðið bótaskyldt vegna niðurfellingar á úthlutaðum leyfum og/eða réttindum. Þetta á einkum við eftir því sem fyrirhugað kerfi við lagareldi festir sig í sessi og fjárhagslegir hagsmunir leyfishafa af rekstrinum aukast. Þá má trauðla gera ráð fyrir að horfið verði frá ríkjandi fyrirkomulagi kerfisins nema gegn greiðslu bóta, sem gætu hvort tveggja tekið til innviða rekstrarleyfishafa sem færu forgörðum en jafnframt til atvinnuréttinda þeirra og réttmætra væntinga um að fá að stunda starfsemina sem geta samkvæmt framansögðu notið eignarréttarverndar. Aftur á móti gætu framangreind ákvæði, ásamt öðrum atriðum, komið í veg fyrir að leyfishafi geti krafist bóta við niðurfellingu á úthlutaðu leyfi uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði þess, innköllun á laxahlut vega vannýtingar eða brottfalls rekstrarleyfis eða öðrum sams konar ráðstöfunum, enda gæti leyfishafi þá tæplega haldið því fram að hann hafi haft réttmætar væntingar til þess að eiga útgefinn laxahlut óskilyrt og óháð öðrum ákvæðum laganna. *Ef löggjafinn myndi hins vegar – eftir að það kerfi sem búið er til með lögnum hefur komið til framkvæmda og fest sig í sessi – afnema lögin eða breyta þeim þannig rekstrargrundvöllur sé ekki lengur til staðar er, að mati ADVEL, líklegt að viðkomandi leyfishafi eigi bótarétt á hendur íslenska ríkinu sökum sviptingar á atvinnuréttindum og réttmætum væntingum, í andstöðu við 72. gr. stjórnarskrárinnar.“* (áhersla höfundar)


Skaðabótaskyld

Í umsögn [Landssambands veiðifélaga \(LV\)](#) er komið inn á skaðabótaskyldu ef lögin verða samþykkt: „Allar líkur eru fyrir því að tekin verði pólitísk ákvörðun um að banna sjókvíældi með lögum hér á landi innan fárra ára. Áföllin sem hafa og munu dynja á greininni og krafa almennings í landinu mun á endanum verða til þess. Því er óskiljanlegt að lagt sé til í frumvarpinu kerfi sem festir réttindi sjókvíældisfyrirtækjanna í sessi og gefur þeim auknar réttmætar væntingar um tilkall til réttinda á grundvelli leyfa. Slíkt er aðeins til þess fallið að auka hættuna á skaðabótaábyrgð ríkisins“.

Það væri miður ef þessi sviðsmynd LV gengi eftir, en skoðum nú málið. Fulltrúar laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa stórskaðað ímynd greinarinnar þar sem lagt hefur verið upp með mikinn fjárhagslegan ávinning fárra, eiga Íslendinga ekki virtar og umhverfismálum ýtt til hliðar til að draga úr kostnaði. Niðurstaðan er sú að greinin er mjög óvinsæla og umræðan er mjög neikvæð sem endurspegladist í [skoðunarkönnun og í október 2023](#) voru 63,5% neikvæðir gagnvart sjókvíældi og í [annarri sem tekin var í nóvember 2023](#) voru 69% svarenda andvígir sjókvíældi og aðeins 10% hlynntir. Það er því ekki hægt að útiloka að til þess komi að óheimilt verði á vera með sjókvíældi hér á landi eins og reyndar hefur sumstaðar gerst erlendis.

Tillögur:

- ✓ Eftir þær breytingar sem fyrirhugað er að gera í þessu frumvarpi um lagareldi er full ástæða að skoða hvort innistæða sé fyrir því að úthlutun laxahlutar myndi eignarrétt.



Mynd 8.3. Skiptihlutfall við flutning á laxahlutum frá sunnanverðum Vestfirðum yfir í Ísafjarðardjúp. Í tilfalli Patreks- og Tálknafjarðar ef fluttir eru 1.000 laxahlutir yfir í Ísafjarðardjúp lækka þeir niður í 600 laxahluti.

8.2.2 Framsal og flutningur laxamagns milli smitvarnasvæða (39. gr.)

Framleiðslugetan eykst

Breytingarnar í 39 gr. eru þess eðlis að framleiðslugeta m.v. núverandi heimildir aukast og þar með verðmæti leyfanna:

- ✓ **Flutningur laxahluta:** Laxahlutir nýtast betur eftir því sem fjær eldissvæðið er laxveiðiám í áhættumati erfðablöndunar. Fyrirtæki sem eru með heimildir í Ísafjarðardjúpi geta t.d. flutt laxahluti úr Djúpinu yfir í Patreksfjörð og þannig aukið framleiðslugetu sína.
- ✓ **Leiga laxahluta:** Með að leigja laxahlut til annarra rekstrarleyfishafa er hægt að tryggja betri nýtingu á laxahlutum sem fyrirséð er að ekki er hægt að nýta og þannig skapa fyrirtæku leigutekjur og auka framleiðslu á landsvísu.

Með þessum breytingum er eflaust um að ræða milljarða eða tugmilljarða fjárhagslegan ávinning einkum til Ice Fish Farm, Arnarlax og Arctic Fish.

Rekstrarleyfishöfum er heimilt að flytja laxamagn á milli smitvarnasvæða enda sé staðfestingar Matvælastofnunar á flutningnum aflað fyrir fram og skal slík staðfesting gefin út eigi síðar en viku eftir að Matvælastofnun hafa borist öll gögn til þess að staðfesta megi flutning milli smitvarnasvæða. Að teknu tillit til skiptihlutfalls áhættumats erfðablöndunar getur laxamagn viðkomandi rekstrarleyfishafa breyst við flutning milli smitvarnasvæða. Matvælastofnun skal í staðfestingu sinni skv. 1. másl. tilgreina breytingu á laxamagni við flutning milli smitvarnasvæða. Laxamagn verður þó ekki flutt milli landshluta.

Flutningur laxahluta á Vestfjörðum

Að teknu tillit til skiptihlutfalls áhættumats erfðablöndunar getur laxafjöldi viðkomandi rekstrarleyfishafa breyst við flutning milli smitvarnasvæða. Á Vestfjörðum eru þær veiðiár sem eru í áhættumati erfðablöndunar staðsettar í Ísafjarðardjúpi. Með því að flytja 1.000 laxahluti úr Patreks- og Tálknafirði yfir í Ísafjarðardjúp er þar aðeins hægt að nýta 600 laxahluti. Mun hagkvæmara er að flytja 1.000 laxahlutir úr Ísafjarðardjúpi yfir í Patreks- og Tálknafjörð þar sem þá er hægt að nýta tæplega 1.700 laxahluti.

Athyglisvert er að öll íslensku fyrirtækin eru á norðanverðum Vestfjörðum og laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila eru með stærstan hluta sinna starfsemi á sunnanverðum Vestfjörðum. Skiptihlutfall mun fyrst og fremst nýttast Arnarlaxi og Arctic Fish.


Flutningur laxahluta á Austfjörðum

Á Austfjörðum er eitt fyrirtæki með allt eldi á frjóum laxi, Ice Fish Farm. Þar er skiptihlutfallið lægst í Stöðvarfirði og Berufirði sem eru næst einu laxveiðiánni í áhættumati erfðablöndunar í Breiðdalsvík (mynd 8.4). Ice Fish Farm er með [rekstrarleyfi fyrir 7.500 tonnum](#) af frjóum laxi í Berufirði. Með að flytja þessar heimildir yfir í Fáskrúðsfjörð, Reyðafjörð og Seyðisfjörð er hægt að auka heimildir til eldis á frjóum laxi um helming eða upp í 15.000 tonn skv. þeim reglum sem er að finna í greinagerð með frumvarpinu.

Rekstrarleyfishöfum er heimilt að framselja laxahlut til annarra rekstrarleyfishafa með sömu skilyrðum og breytingum og greinir í 1. mgr. Í tilkynningu til Matvælastofnunar um flutning milli rekstrarleyfishafa skal greint frá kaupverði eða leiguverði laxahlutar. Rekstrarleyfishöfum skal með sama hætti heimilt að leigja laxahlut til annarra rekstrarleyfishafa, þó ekki til eldis meira en tveggja kynslóða í senn, sem leigutaki elur óslitið, að teknu tilliti til hvíldartíma. Að leigu lokinni skal leigusala skylt að selja viðkomandi laxahlut eða nýta hann til eigin eldis.

Leiga laxahluta

Eins og fram kemur í greinagerð með 39 gr. þá er ljóst að rekstrarleyfishafi getur haldið laxahlut í 5-6 ár án þess að nýta hann sjálfur áður en hann sætir innköllun. Hér geta því laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila sem hafa sankað að sér heimildum leigt laxahluti til íslenskra fyrirtækja



Mynd 8.4. Skiptihlutfall við flutning á laxahlutum frá Berufirði norður með Austfjörðum. Hægt er að auka eldi á frjóum laxi um helming með að flytja laxahluti úr Berufirði yfir í

á næstu árum og jafnvel áratugum. Leigt til íslenskra fyrirtækja sem hafa sýnt hógværd í að afla sér framleiðsluheimilda á síðustu árum – Er það sviðsmyndin að Íslendingar verði leiguliðar hjá norskum fjárfestum á auðlindinni íslenskir firðir?

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að greinin verði felld út í heild sinni.

8.2.3 Innköllun og útboð laxahlutar (40. gr.)

Sé laxahlutur ekki nýttur að fullu a.m.k. einu sinni á þriggja ára tímabili, annaðhvort með eigin notum rétthafa eða útleigu skal innkalla þann laxahlut sem ekki var nýttur án endurgjalds og sá laxahlutur færður á nafn Matvælastofnunar í skráningu skv. 1. mgr. 38. gr. Sama gildir ef rétthafi laxahlutar hefur glatað öllum rekstrarleyfum til sjókvíaeldis. Innkallaður laxahlutur skv. 1. og 2. máls. telst vera óráðstafaður laxahlutur.

Nýting á laxahlutun og innköllun

Handhafi laxahlutar getur nýtt til eigin þágu eða leigt út frá sér. Sé laxahlutur ekki nýttur að fullu a.m.k. einu sinni á þriggja ára tímabili, annaðhvort með eigin notum rétthafa eða útleigu skal innkalla þann laxahlut sem ekki var nýttur án endurgjalds og sá laxahlutur innkallaður og færður á nafn Matvælastofnunar (mynd 8.5). Til að koma í veg fyrir innköllun á laxahlutum getur rekstrarleyfishafi leigt hann til annars rekstraraðila í 3-4 ár eða þann tíma sem tekur að ala tvær kynslóðir. Það getur verið hagkvæmt fyrir rekstraraðila að gera ef fyrirséð er að hann geti ekki nýtt laxahlutinn á næstu árum.

Laxahlutir á Austfjörðum

Það er ekki hægt að leigja eða selja laxahluti á milli landshluta, þ.e.a.s. á milli Vestfjarða og Austfjarða. Ice Fish Farm er eina fyrirtækið með laxeldi á Austfjörðum og hefur því ekki möguleika að leigja eða selja sinn laxahlut. Ef fyrirtækið nýtir ekki sína laxahluti að fullu eitt ár af þremur verða þeir innkallaðir þar sem Ice Fish Farm hefur ekki möguleika að leiga eða selja. Ice Fish Farm hefur nýtt frekar illa sínar heimildir og er því töluverðar líkur á að laxahlutir tapist. Það er að vísu alltaf hægt að finna smugur til að verja hagsmuni félagsins. Hægt væri að stofna annað félag sem fengi hluta af smitvarnarsvæðum og framleiðsluheimildum Ice Fish Farm með þátttöku annarra aðila og þannig skapast grundvöllur á leigu eða sölu laxahluta á Austfjörðum.

Laxahlutir á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum getur aftur á móti orðið virkari markaður með laxahluti þar sem fyrirtækin eru fimm með sjókvíaeldi á laxi og regnbogasilungi. Tvö þeirra eru reyndar ekki ennþá með heimild til eldis á frjóum laxi en unnið er að því að fá þá heimild. Þrátt fyrir virkan markað getur sú staða komið upp að ekki sé til staðar kaupendur eða leigjendur á laxahluti. Það geta t.d. átt sér mikil afföll hjá öll laxeldisfyrirtækjunum á Vestfjörðum s.s. í köldum vetri vegna vetrasára á eldisfiski, víðtækra affalla vegna þörungablóma eða alvarlegs sjúkdóms í fiski hjá öllum rekstraraðilum. Það getur því komið upp sú staða að enginn er til að leiga laxahluti og heimildirnar flytjist til Matvælastofnunar.

Íslensku fyrirtækin viðkvæmust

Arctic Fish og Arnarlax eru með eldi í mörgum fjörðum á Vestfjörðum og möguleika að færa laxahluti á milli smitvarnarsvæða og tryggja þannig betur að ná fullri nýtingu á þeim. Hér eru sértaklega viðkvæm lítil íslensk fyrirtæki sem eru með eldi aðeins á einum firði. Ef tekið er dæmi ef alvarlegur sjúkdómur kæmi eingöngu upp í Ísafjarðardjúpi og afföll yrðu mikil á fiski og það þyrfti að slátra öllum eldisfiski úr Djúpinu. Hér er Háafell í viðkvæmri stöðu með allt sitt eldi í Ísafjarðardjúpi og

fyrirtækið væri síðan eitt um að bjóða í laxahlutina. Vart er að vænta þess að hátt verði boðið í laxahlutinn.

| | 1. ár | 2. ár | 3. ár | 4. ár | 5. ár | 6. ár | 7. ár | 8. ár |
|-----------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Laxahlutur 10.000 tonn | Leiga | | | | | | | |
| Laxahlutur 10.000 tonn | Eigin nýting | | | | | | | |
| Laxahlutur 10.000 tonn | Eigin nýting | | | | | | | |
| Samtals eigin nýting | 20,000 | 20,000 | 10,000 | 10,000 | 10,000 | 10,000 | 10,000 | 10,000 |
| Samtals leiga | 10,000 | 10,000 | 20,000 | 20,000 | 20,000 | 20,000 | 20,000 | 20,000 |

Mynd 8.6. Möguleikar á nýtingu og leigu laxahluta.

Ójöfn staða

Eins og bent er á í umsögn á 39 gr.

standa laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila betur að vígi þegar til uppboðs kemur en íslensk fyrirtækin. Málið getur því þróast þannig að laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila á Vestfjörðum vinni útboðið og leigi síðan íslenskum fyrirtækjum auðlindina íslenskir firðir. Varðandi frekari athugasemdir er vísað til umsagnar V. kafla frumvarpsins um úthlutun smitvarnarsvæða og rekstrarleyfa.

Tillögur

- ✓ Greinin verði feld út eða tekin til gagngerðar endurskoðunar.

8.2.4 Aukning heildarlaxamagns vegna nýrra svæða. (41. gr.)

Aukist heildarlaxamagn vegna afmörkunar nýrra smitvarnarsvæða skal sú viðbót ekki koma til aukningar á laxamagn þeirra rekstrarleyfishafa sem þegar hafa yfir að ráða laxahlut heldur skal sú viðbót við heildarlaxamagn sem þannig verður til mynda óráðstafaðan laxahlut sem skal boðinn út.

Einungis aðilar sem fengið hafa úthlutað smitvarnarsvæði í viðkomandi landshluta eða hafsvæði geta boðið í óráðstafaðan laxahlut skv. 1. mgr.

Einungis aðilar sem fengið hafa úthlutað smitvarnarsvæði í viðkomandi landshluta eða hafsvæði geta boðið í óráðstafaðan laxahlut. Þetta takmarkar í reynd fjölda aðila sem geta tekið þátt í útboði við þá sem hafa aðgang að smitvarnarsvæði en þeir eru fimm eða jafnvel aðeins Ice Fish Farm á Austfirði og Arnarlax og Arctic Fish á Vestfjörðum. Varðandi frekari athugasemdir er vísað til umsagnar V. kafla frumvarpsins um úthlutun smitvarnarsvæða og rekstrarleyfa.

Tillögur

- ✓ Greinin verði feld út eða tekin til gagngerðar endurskoðunar.

8.3 Mögulegar sviðsmynd

Erlendu félögin standa sterkt

Það vekur athygli að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi gerir því sem næstar engar athugasemdir við þennan kafla sem getur bent til að samtökin hafi komið sterkt inn við samningu hans. Hér er verið að innleiða svipað kerfi og kvótakerfið í íslenskum sjávarútvegi. Í tilfelli sjávarútvegsins hafa núverandi sjávarútvegsfyrirtæki keypt að stórum hluta sínar heimildir eða kvóta. Aftur á móti í tilfelli laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa þau fengið heimildirnar frítt eða fyrir lágt verð, farið með félögin á erlendan hlutabréfamarkað og aukið verðmæti eldisleyfa. Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm eru því með sterka eiginfjárstöðu og geta því komið sterkt inn til að keppa um laxahluti sem fara í útboð.

Verða íslensku félögin leiguliðar?

Íslensku félögin Háafell, ÍS 47 og Hábrún er fjárhagslega veik í samanburði við laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlendra aðila, Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm. Líklegasta sviðsmyndin er að íslensku félögin verði yfirtekin. Varðandi útboð á laxahlutum eiga íslensku félögin litla sem enga möguleika að keppa við laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Ef þau íslensku félög sem mögulega verða ekki yfirtekin vilja stækka þurfa þau að leiga laxahluti af laxeldisfyrirtækjum sem eru að mestu í eigu erlendra fjárfesta.

Lög um fiskeldi og samfélags- verkefni gegn spillingu

Eftr Valdimar Inga Gunnarsson

Það hefur verið stórt viðhafið um fiskeldi á öðrum dæmum og tilfáttingu verkefni eðlufarða nannu um lífsmílu og hvar breiða á slúta ári. Væðing er á mætti sviga til lífgeru lauslaðfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Þau eru mikill hagnamir myndir og slátt hagnamagns.

Spilling gegnrynd

Gæðing hefur verið sláttling sem átti sér stað við andfátting og gerir laga um fiskeldi og jafnvægi áttu lágtu vana nauðgætt. Þegar þessu ári hóf undirtektir að vína í



Valdimar Ingi Gunnarsson

Þar sem ekki var

erðli við beini tektir minni að framkvæmd yfirlit eptir var minni á spillingu við andfátting og gerir laga um fiskeldi og jafnvægi áttu lágtu vana nauðgætt. Þegar þessu ári hóf undirtektir að vína í

lytar á samfélagsmáttum og fjöldi náttúru pósta sendur til dekkinnna markhóga. Þjóðmargir hafa haft nauðgætt og lýst undirtektir áttu lágtu vana nauðgætt. Þegar þessu ári hóf undirtektir að vína í

Sjálfstjórn rannsóknar

Þar sem ekki var erðli við beini tektir minni að framkvæmd yfirlit eptir var minni á spillingu við andfátting og gerir laga um fiskeldi og jafnvægi áttu lágtu vana nauðgætt. Þegar þessu ári hóf undirtektir að vína í

» Á seinni stigum rannsóknar minnar verður skoðað hvort vísa eigi málinu til lögreglu.

laga um fiskeldi. Rannsóknarkjöldurinn verður skoðaður eða vína áttu lágtu vana nauðgætt. Þegar þessu ári hóf undirtektir að vína í

Aðrar aðgerðir

Staðbilda rannsókn og skrif á bók

9. Strok (VIII. kafli)

9.1 Almennt

9.1.1 Fjarlægja eldislax

Tillögur 2019

Þegar lög um fiskeldi voru til umsagnar á árinu 2019 send Sjávarútvegsþjónustan inn umsögn undir heitnu [Fljótandi að feigðarósi](#). Þar var m.a. bent á Íslendingar munu standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum laxeldis m.a. er varðar erfðablöndun. Komið var með fastmótaðar tillögur um vöktun og um að eldislax yrði fjarlægður úr veiðiám (tafla 9.1 og 9.2). Þessar tillögur fengu engan hljómgrunn á Alþingi Íslendinga.

Unnið á móti

Það hefur verið unnið á móti þessum tillögum (tafla 9.1 og 9.2) s.s. af Hafrannsóknastofnun. Það virðist þó sem svo að sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar [mæli tveimur tungum](#) þeir sem eru hliðhollir laxeldi og aðrir sem vinna við rannsóknir á villtum laxi hafa sterkari bönd til umhverfismála. [Fiskistofa](#) hefur alltaf viljað halda þeim möguleika opnum að fjarlægja eldislax úr veiðiám eins og fram kom í umsögn stofnunarinnar við lög nr. 71/2008 þegar þau voru til endurskoðunar á árinu 2019.

Jákvæð þróun

Með tilkomu slysasleppingar í Patreksfirði í ágúst 2023 var mikill þrýstingu um að gripið yrði til aðgerða að fjarlægja eldislax úr veiðiám sem var og gert í miklu mæli eins og grein er gerð fyrir í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#). Það hefur því verið jákvæð þróun að gripið verði til aðgerða til að koma í veg fyrir eða draga verulega úr erfðablöndun í tilfelli slysasleppinga. Slysasleppingin í Patreksfirði var að því leiti sérstök að hátt hlutfall eldislaxanna var kynþroska, engir villtir laxastofnar eru í firðinum og dreifði strokulaxinn sér því yfir stórt svæði. Almennt sækja eldislaxar sem sleppa úr sjókvíum í mestu mæli í veiðiár í sama firði.

Sýnt mikinn hroka

Sumir forsvarsmenn laxeldisfyrirtækja hafa sýnt hroka og gert lítið úr mögulegum umhverfisáhrifum slysasleppinga og auka þannig úlfúð enn frekar gagnvart greininni. Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Arctic Fish gerði strax lítið úr [slysasleppingunni sem átti sér stað í ágúst 2023 í Patreksfirði](#) sem vakti hörð viðbrögð andstæðinga sjókvíeldis. Þegar umfang og alvara málsins kom í ljós steig forstjóri félagsins fram og harmaði atburðinn og bauðst til að greiða kostnað við að fjarlægja eldislaxinn úr veiðiám. Þrátt fyrir tíðar slysasleppinga hjá Arnarlaxi á síðustu árum hefur aldrei af einhverjum ástæðum komið til tals að þeir þyrftu að taka til eftir sig og greiða kostnað við að fjarlægja eldislax úr veiðiám, en um það er fjallað m.a. í [áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlna](#).

Tafla 9.1. Slysaslepping – eldislax fjarlægður.

- **Viðmið:** Enginn sjáanlegur eldislax í veiðivötnum á eldissvæðum þegar hrygning villtra laxfiska fer fram.
- **Vöktun:** Hjá því fiskeldisfyrirtæki þar sem slysaslepping á sér stað er gert skylt að fjármagna og fá óháðan fagaðila til að vakta nálæg veiðivötn við slíkan atburð. Fiskistofa hefur yfirumsjón með aðgerðum.
- **Viðbrögð:** Allur sjáanlegur eldislax fjarlægður úr veiðivatni fyrir hrygningu.

Tafla 9.2. Vöktun – eldislax fjarlægður.

- **Viðmið:** Enginn sjáanlegur eldislax í veiðivötnum á eldissvæðum þegar hrygning villtra laxfiska fer fram.
- **Vöktun:** Myndatökubúnaði komið fyrir og bæði villtir laxfiskar og eldisfiskar taldir í lykilám í nálægð við eldissvæði í samstarfi við veiðiréttareigendur eða framkvæma haustvöktun í veiðivötnum í nálægð við eldissvæði. Kostnaður verði greiddur af Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Framkvæmt af óháðum fagaðila undir stjórn Fiskistofu.
- **Viðbrögð:** Allur sjáanlegur eldisfiskur fjarlægður og kostnaður greiddur af eiganda eldisfisksins.

9.1.2 Engin erfðablöndun?

Svar ráðherra

Í fyrirspurn á Alþingi hinn 20. september 2022 var spurt um hvort ráðherra telji þörf á að bregðast frekar við með einhverjum hætti vegna vísbendinga um erfðablöndun milli eldislaxa sem sloppið hafa úr sjókvíum og villtra laxastofna. Í [svari ráðherra hinn 25. október](#) kemur fram:

„Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun hefur erfðablöndun milli eldislaxa og laxa úr villtum stofnum ekki verið staðfest. Þó svo að ekki liggi fyrir staðfestar upplýsingar um erfðablöndun milli eldislaxa og laxa úr villtum stofnum er brýn þörf á því, í samræmi við varúðarregluna, að vakta og tryggja skýrt eftirlit til að fyrirbyggja erfðablöndun.

[Laxfiskar](#) gerðu m.a. athugasemd við svar ráðherra og bent var á að farið væri með fleipur um erfðablöndun eldislaxa og villtra laxa. Í því samhengi var vitnað í [skýrslu](#) sem unnin var af sérfræðingum Laxfiska og Háskóla Íslands þar sem sýnt var fram á að erfðablöndun hefði átt sér stað.

Viðbótarsvar ráðherra


[Ráðherra dregur síðan svarið](#) frá 25. október til baka hinn 27. október og bendir á að svar við fyrirspurninni væri ekki byggt á [nægilega tryggum upplýsingum](#). Í [viðbótarsvari ráðherra til þingsins](#) hinn 10. nóvember kemur fram:

„Hafrannsóknastofnun hefur rannsakað erfðablöndun milli villtra laxa og eldislaxa í íslenskum ám. Rannsóknirnar eru hluti af vöktun vegna áhættumats erfðablöndunar. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna frá árinu 2017 komu fram skýr merki um erfðablöndun í ám á Vestfjörðum. Við greiningar á sýnum, sem síðar hefur verið safnað, hefur fyrri greining verið staðfest, þ.e. erfðablöndun hefur átt sér stað. Frekari rannsóknir og greiningar standa yfir og eru endanlegar niðurstöður væntanlegar í samantekt innan tíðar“.

Skýrsla um erfðablöndun

Í júlí 2023 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrsluna [Erfðablöndun villts íslensks lax \(salmo salar\) og eldislax af norskum uppruna](#). Það voru rannsökuð sýni úr 89 ám og áhersla lögð á svæði í nálægð við sjókvíaelði (mynd 9.1). Samtals greindist erfðablöndun í 36 ám af 89 í mismiklu mæli í rannsókn Hafrannsóknastofnunar. Erfðablöndun greindist yfirleitt í minna en 50 km fjarlægð frá eldislaxastofnum en nokkrir blendingar fundust í allt að 250 km fjarlægð. Niðurstöðurnar Hafrannsóknastofnunar sýna að erfðablöndun hefur orðið við hlutfallslega lítið eldismagn.





Mynd 9.1. Dreifing erfðablöndunar villts lax og eldislax (gömul og ný) í ám skv. greiningu í nýlegri rannsókn Hafrannsóknastofnunar. Bláir punktar merkja að engin erfðablöndun greindist. Appelsínugulir punktar merkja að erfðablöndun greindist hjá einum eða fleiri fiskum.

9.2 Um einstakar greinar

9.2.1 Tilkynning um strok og fyrstu viðbrögð. (43. gr.)

Rekstrarleyfishafi skal án tafar hefja leit að orsökum, meta umfang og koma í veg fyrir frekara strok. Þegar tilkynning berst Matvælastofnun, eða fyrir liggur rökstuddur grunur um strok, skal stofnunin að eigin frumkvæði kanna hvort strok hafi átt sér stað. Staðfesti Matvælastofnun strok eldisfisks skal stofnunin tryggja að brugðist sé við í samræmi við 44. og 45. gr.

Ef fiskar með eldiseinkenni, eða sem grunur er um að séu af eldisuppruna, veiðast í ám eða veiðivötnum ber stjórn veiðifélags eða veiðiréttarhafa þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, að tilkynna um slíkt til Matvælastofnunar.

Breyting á frumvarpi

Sú breyting var gerð í frumvarpsdrögum að tekið var út eins og fyrir kemur í 13 gr. núverandi laga nr. 71/2008 um fiskeldi: „Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um strokufisk úr eldi í sjó skal Fiskistofa án tafar að eigin frumkvæði kanna hvort strok hafi átt sér stað“.

Í umsögn [Fiskistofu](#) við frumvarpsdrögin er réttilega bent á að mikill munur er á núverandi ákvæði og því sem lagt er fram í frummatsdrögum. Þarna er mikill munur á þar sem núverandi lög gera ráð fyrir því að Fiskistofa bregðist við ef rökstuddur grunur er um eldisfiska í sjó en ákvæði eins og

Það er í núverandi drögum tiltekur að Matvælastofnun muni bregðast við ef tilkynning berst. Reynslan hefur sýnt að það getur gerst að strok verði úr eldi án þess að rekstrarleyfishafi verði þess var og verður slíkur atburður því ekki tilkynntur. [Fiskistofa](#) bendir á að þeim eftirlitsaðila sem eftirlit hefur með stroki verði gert að bregðast við ef rökstuddur grunur er um að eldisfisk megi finna í sjó þó að tilkynning hafi ekki borist. Í umsögn Fiskistofu er bent á að það þurfi að bæta við inn í greinina að brugðist verði við ef það er rökstuddur grunur um strok eins og er í núverandi lögum um fiskeldi. Það er nú komið aftur inn í framvarpið.



Fram að þessu hefur málaflakkurinn verið í höndum Fiskistofu en hér er gert ráð fyrir að tilkynningar um eldisfiska berist til Matvælastofnunar. Í [umsögn Fiskistofu](#) við frumratsdrögin er lagt til að æskilegt er að útfæra með hvaða hætti Matvælastofnun eigi að bregðast við slíkum tilkynningum. Það er ljóst að fagþekking er ekki til staða á þessum málaflakki hjá Matvælastofnun eins og hjá Fiskistofu.

Tillögur um verklag


Hér er eðlilegt að verkefnum verði skipt á milli Fiskistofu og Matvælastofnunar allt eftir núverandi samskiptaformi og fagþekkingu (mynd 9.2):

- ✓ **Tilkynning rekstraraðila:** Matvælastofnun er í stöðugu samskiptum við forsvarsmenn sjókvíaeldisfyrirtækja. Það er því eðlilegt að öll samskipti og tilkynningar um strok eða mögulegt strok verði til Matvælastofnunar. Í tilfellum þar sem gat er á netpoka leggur stofnunin mat á líkur á að eldisfiskur hafi getað sloppið m.t.t. stæðar fisks og stærð gatsins. Matvælastofnun tilkynni Fiskistofu um strok eða mögulegt strok. Fiskistofa metur hvort veiða eigi eldislax í sjó utan 200 metra marka frá sjókví og gerir jafnframt vöktunaráætlun í nærliggjandi veiðiám.
- ✓ **Rökstuddur grunur:** Rökstuddur grunur um strok verði tilkynnt til Fiskistofu sem getur t.d. verið þegar eldisfiskur er veiddur í sjó eða á ósasvæðum. Matvælastofnun gerir í framhaldinu rannsókn á nærliggjandi sjókvíaeldisstöðvum og reynir að finna uppruna eða úr hvaða sjókví eldisfiskurinn kemur. Fiskistofa gerir vöktunaráætlun fyrir nærliggjandi veiðiár og þá í samstarfi við veiðiréttarhafa.
- ✓ **Tilkynning veiðileyfishafa:** Veiðileyfishafar og stangveiðimenn tilkynni þegar eldisfiskur veiðist í ám til Fiskistofu. Veiðileyfishafar eru í reglulegum samskiptum við Fiskistofu og því eðlilegt að allur eldisfiskur eða grunur um eldisfisk sé tilkynntur til Fiskistofu sem fer í framhaldinu á staðinn og metur hvort líkur séu á að þar sé að finna fleiri fiska af eldisuppruna. Gerð er vöktunaráætlun fyrir viðkomandi veiðiá og mögulega ám í næsta nágrenni og þá í samstarfi við veiðiréttarhafa.

Upplýsingamiðlun

Mikilvægt er að almenningur og aðrir verði vel upplýstir um framgang mál og ekki síður þeir sem tilkynna um eldisfisk í sjó og ám. Útbúið verði sérstakt mál fyrir hverja slysasleppingu á vefsíðu Matvælastofnunar er varðar slysasleppinguna sjálfa og einnig á vef Fiskistofu um aðgerðir að vakta og fjarlægja strokufisk úr sjó og veiðiám, með fréttum um framvindu þar til fullvíst er að allur mögulegur strokulax hafi skilað sér jafnvel 2-3 árum eftir strok.

Til að almenningur sé upplýstur útbúi Matvælastofnun viðbragsáætlun aðgengilega á vef stofnunarinnar um hvernig brugðist verði við hinum mismunandi sviðsmyndum s.s. með tilliti til stærð gata á netpoka. Á vef Fiskistofu verði að finna vöktunar- og viðbragsáætlanir sem grípa á til við strok á eldisfiski.



Mynd 9.2. Ferli mála þegar tilkynnt er um strok, mögulegt strok eða rökstuddur grunur er um strok.

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að greinin verði umskrifuð og verkefnum á milli Fiskistofu og Matvælastofnunar verði skipt niður allt eftir núverandi samskiptaformi og fagþekkingu.

9.2.2 Veiði innan 200 metra frá strokstað (44. gr.)

Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá strokstað. Skal hver sjókvíaeldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni sem tekur mið af stærð eldisfisks á hverjum tíma. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Matvælastofnunar.

Atferli eldislaxa við kvíar

Skv. rannsóknnum leitar eldislax almennt niður á meira dýpi eftir að hann sleppur úr sjókví og því litlar líkur á að hann veiðist í net sem höfð eru í yfirborðinu í nágrenni við sjókvíarnar. Um atferli eldislax eftir að þeir sleppa úr sjókvíum er m.a. fjallað um í sérstökum viðauka við matskýrslu Háafells undir heitinu [Náttúrulegir laxastofnar, umhverfisáhrif laxeldis, mótvægisáðgerðir, vöktun og veiðar á eldislaxi](#) og þar er vísað til vísindarannsókna.

Viðhafður blekkingarleikur

Á síðustu árum hefur verið viðhafður blekkingaleikur er varðar hvort eldislax hafi sloppið úr sjókvíum eða ekki. Lögð hafa verið net við sjókvíar innan við 200 metra frá strokstað og ef enginn eldislax hefur veiðst hefur verið látið í það skína að enginn eldislax hafi sloppið. Fjöldi tilkynninga hafa komið frá stofnunum á síðustu árum um að enginn eldisfiskur hafi veiðst. Það kom síðan sumum á óvænt á óvart að erfðablöndun fannst í fjölmörgum laxastofnum í nýlegri rannsókn

Hafrannsóknastofnunar [Erfðablöndun villts íslensks lax \(*Salmo salar*\) og eldislax af norskum uppruna.](#)

Tillögur:

- ✓ Greinin verði áfram inn í frumvarpinu en ljóst að viðbrögð í sjó þurfa vera mun umfangsmeiri og þá undir verkstjórn Fiskistofu, sbr. tillögum í 43. gr.

9.2.3 Veidi í veiðiám eða vötnum (45 gr.)

Ef atburður verður sem greinir í 1. mgr. 44. gr. gr., skal Matvælastofnun, í samráði við Fiskistofu og viðeigandi veiðifélög eða veiðiréttarhafa þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, ákvarða hvort leita skuli að strokufiski í veiðiám eða vötnum og hann fjarlægður.

Sé talin nauðsyn á því að fara í þær aðgerðir sem 1. mgr. greinir, skal Fiskistofa hafa samráð við stjórn veiðifélags, eða veiðiréttarhafa þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, um aðgerðir skv. 1. mgr.



Viðhafðar blekkingar

Vöktun og viðbrögð hafa verið verulega ábótavant og viðhafðar blekkingar um hvort eldislax hafi sloppið og oft eingöngu stuðst við veiðar við sjókvíar í fjölda tilkynninga frá stofnunum. Það er ekki fyrir en við slysasleppingu í Patreksfirði í ágúst 2023 sem farið er í að leita eldislaxa eftir slysasleppingu í einhverju mæli. Sú atburðarás sem þá fór af stað virðist að mestu hafa ráðist af utanaðkomandi þrýstingi á stjórnvöld að grípa til aðgerða. Aðgerðirnar voru að mörgu leiti stjórnlausar og er gert grein fyrir atburðarásinni í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin.](#)

Samráð við Fiskistofu

Í 45. gr. kemur fram að Matvælastofnun skal í samráði við Fiskistofu og viðeigandi veiðifélög eða veiðiréttarhafa þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, ákvarða hvort leita skuli að strokufiski í veiðiám eða vötnum og hann fjarlægður. Í umsögn [Fiskistofu](#) er eðlilega spurt í hverju samráð við Fiskistofu eigi að felast. Eins og fram kemur í umsögn með 43. gr. er eðlilegt að leit af strokufiski verði alfarið í höndum Fiskistofu og ekki búinn til einn milliliður, Matvælastofnun, til að flækja málið.

Ákvörðun Fiskistofu

Það er margt til batnaðar í frumvarpi um lagareldi og nú er orðið fjarlægja notað sem var forðast að nefna við undirbúning og gerð laga nr. 71/2008 um fiskeldi á árinu 2019. Fiskistofa þarf að útbúa vöktunar- og viðbragsáætlun fyrir mismunandi sviðsmyndir strokviðburða þannig að það sé fyrirfram vitað til hvaða aðgerða verður gripið til. Til aðgerða verði síðan gripi í samráði við veiðiréttarhafa. Til að upplýsa og ná meiri sátt um atvinnugreinina verði vöktunar- og viðbragsáætlanir aðgengilegar á vef Fiskistofu.

Allan kostnað Matvælastofnunar og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

Vinna óháðra fagaðila

Yfirleitt eru það ekki starfsmenn stofnanna sem taka að sér að fjarlægja eldislax úr veiðiám eins og bent var á í umsögn „[Fljótandi að feigðarósi](#)“ þegar lög um fiskeldi voru til afgreiðslu á árinu 2019. Það er í takt við framkvæmd í Noregi og hér á landi þegar virkilega á reyndi í [tilfelli slysasleppingarinnar í Patreksfirði á árinu 2023](#). Á vegum Fiskistofu voru fengnir erlendir rekkafarar

og einnig unnu íslenskir aðilar að fjarlægja eldislax úr veiðiám. Hvernig staðið var að aðgerðum eftir slyssasleppinguna þarfnast nánari skoðunar og það þarf að fastmóta vinnubrögðin og tryggja greiðslu til þeirra sem leggja vinnu og fjármagn að fjarlægja eldislax úr veiðiám. Hér er hægt að hafa til viðmiðunar hvernig staðið er að málum í Noregi eins og m.a. var bent á í umsögninni „[Fljótandi að feigðarósi](#)“ við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019. Tryggja þarf að þeir sem vakta og fjarlægja eldislax úr veiðiám séu fagaðilar og þeir fá réttmæta greiðslu fyrir sína vinnu.



Tillögur

- ✓ Fiskistofa verði alfarið látin sjá um framkvæmd stjórnáslu í tilfalli aðgerða vegna strokviðburða.

9.2.4 Lækkun laxahlutar vegna þekktis strokatburðar (48. gr.)

Breyting á frumvarpinu

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessari grein frumvarpsins frá því að frumvarpsdrög voru lögð fram í lok ársins 2023. Í frumvarpsdrögum var gert ráð fyrir að áætla fjölda fiska í strokviðburðum í tilfalli eldislaxa undir einu kg. Fyrir stærri fisk var gert ráð fyrir að minnka laxahlut um 500 laxa þegar einn eldislax veiddist í veiðiám í áhættumati erfðablöndunar og 100 laxa í öðrum veiðiám (tafla 9.3). Nokkrir umsagnaraðilar við frumvarpsdrögin, s.s. [Landsamband veiðifélaga \(LV\)](#) og [NASF](#) benda á að margföldunarstuðlarnir hafi lítil sem engin áhrif á laxeldisfyrirtækin og í sumum tilvikum var bent á að hann þyrfti að vera tíu sinnum meiri. Í umsögn NASF kemur jafnframt fram:

„Að lokum, er það grátlegt að laxahlutur sem eitt sjókvíaeldisfyrirtæki missir, fer bara aftur á markað svo að annað sjókvíaeldisfyrirtæki geti keypt hann. Þarna er ekki verið að vernda náttúruna, heldur hag iðnaðarins“.

[Sjávarútvegsþjónustan](#) lagði til að í staðinn fyrir að minnka framleiðsluheimildir vegna slyssasleppinga er leiðin að láta laxeldisfyrirtæki greiða háa upphæð fyrir hvern eldislax sem fjarlægður er úr veiðiám. Þannig bitnar aðgerðin eingöngu á þeim sem veldur tjóninu, en ekki á starfsmönnum fyrirtækisins, þjónustuaðilum og nærsamfélaginu.

Í umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar var lagt til að greiddar yrðu 5 milljónir fyrir hvern eldislax sem veiddist í veiðiám. Kosturinn við að nota refsigjald er að það býtur strax og hefur ekki áhrif á starfsmenn, þjónustuaðila og nærsamfélagið eins og t.d. hefur verið bent á í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Stefnumótun í lagareldi: Aðgerðir sem bitna á nærsamfélaginu](#). Jafnframt var lagt til að ef um endurtekna slyssasleppingar rekstraraðila er að ræða verði ráðherra heimilt í reglugerð að auka

Tafla 9.3 Aðferðafærði við útreikningaá lækkun laxahluta í tilfalli þekktis strokviðburða skv. frumvarpsdrögum frá desember 2023.

| Þekkt strok | |
|--|--|
| < 1kg strokulax | >1kg strokulax |
| <p>Áætlað</p> <p>Reiknast sem margfeldi endurkomuhlutfalls og áætlaðs fjölda strokulaxa. Áætluð endurkoma eldislaxa í veiðiár er margfölduð með 100 og þannig fengnir fjöldi laxa sem dragast frá laxahlutum.</p> | <p>Raunverulegt</p> <p>Fyrir hvern strokulax sem finnst í veiðiám dragast frá laxahlutum:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ 500 eldislaxar í tilfellum veiðiáa í áhættumatinu ✓ 100 eldislaxar í tilfellum veiðiáa utan áhættumats |
| <p>Fjöldi frjóa laxa sem rekstrarleyfishafi veiðir eða sem veiðist við vöktun í fiskteljara skulu ekki teljast með til takmörkunar.</p> | |

gjaldið um allt að 25 milljónir króna fyrir hvern eldislaxa sem finnst í veiðiá. Í nýju frumvarpi var að hluta til tekið tillit til þessara ábendinga.

Fyrir hvern strokinn frjóan lax sem finnst í ám sem eru hluti af áhættumati erfðablöndunar og sem stafar frá rekstrarleyfishafa, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi greiða sekt til ríkissjóðs sem nemur 5.000.000 kr.

Fyrir hvern strokinn frjóan lax sem finnst í ám sem ekki eru hluti af áhættumati erfðablöndunar og sem stafar frá rekstrarleyfishafa, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi greiða sekt til ríkissjóðs sem nemur 1.000.000 kr.

Mismunandi vægi

Áfram er gengið út frá mismunandi vægi allt eftir því hvort viðkomandi veiðiá er í áhættumati erfðablöndunar eða ekki. Sektað verði um fimm milljónir fyrir eldislax sem veiðist í veiðiá innan áhættumatsins og eina milljón í ám utan þess. Í Ísafjarðardjúpi eru einu veiðiárnar á eldisvæðum á Vestfjörðum sem eru í áhættumati erfðablöndunar, Langadalsá, Laugardalsá og Ísafjarðaá. Í tilfelli slysasleppinga í Ísafjarðardjúpi leita væntanlega flestir laxar upp í þær veiðiár í firðinum og m.v. 100 eldislaxa yrði sektargreiðsla 500 milljónir króna. Aftur á móti í tilfelli sambærilegrar slysasleppingar í Arnarfirði væri upphæðin aðeins 100 milljónir króna.

Staðla aðferðafræðina

Til að koma í veg fyrir að mismuna laxeldisfyrirtækjum þarf að vera stöðluð aðferðafræði og í því sambandi má nefna:

- **Veiði í ám:** Það þarf að vera sama upplýsingagjöf til stangveiðimanna í laxveiðiám og í minni ám þar sem takmarkað eða ekkert ut anumhald er um veiðina og í stærri veiðiám
- **Veiði í sjó:** Það þarf að vera sambærileg og stöðluð upplýsingagjöf til almennings eftir að slysaslepping hefur átt sér stað varðandi einkenni eldislaxa og hvert á að tilkynna.
- **Vöktun í veiðiám:** Aðferðafræðina þarf að skilgreina og staðla, jafnframt að tryggja þjálfun þeirra aðila sem leita og fjarlægja eldislax úr veiðiám. Um er að ræða fiskteljara (árvaka), rekköfun, ljósveiðar o.fl.

Ef vinnubrögð eru ekki faglegum og stöðluð er hætta á því að mál sem hugsanlega fari fyrir dómstóla haldi ekki þegar á reyni.

Sama refsigjald

Lagt er til að sama refsigjald verði haft óháð því í hvaða veiðiá eða í sjó eldislaxinn veiddist. Það mun vissulega draga úr áhuga rekstraraðila að veiða í net innan við 200 metra frá sjókvíum, en skiptir í sjálfu sér ekki miklu mál þar sem lítið eða ekkert veiðist hvort sem er. Þannig mun það vera áfram þar sem eldislax sem sleppur stingur sér niður og veiðist takmarkað í net við kvíar.

Eldislax sem hrygnir í veiðiá getur valdið erfðablöndun hvort sem áin er innan áhættumats erfðablöndunar eða ekki. Það að flokka veiðiár, gera lítið úr litlum ám, sem geta verið landeigendum mikilvægar, eykur óánægju og ósætti út í atvinnugreinina.

Ef strok verður þegar meðalþyngd frjórna laxa í viðkomandi sjókví er undir 1 kg skal reikna fjölda fiska vegna sektarákvörðunar sem margfeldi endurkomuhlutfalls og áætlaðs fjölda strokinna fiska. Rekstrarleyfishafi skal greiða sekt til ríkissjóðs vegna hvers fisks skv. 1. másl. sem nemur 10.000 kr. Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um endurkomuhlutfall að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Heimilt er að fresta sektarákvörðun samkvæmt þessari málsgrein þar til slátrað er eða talið upp úr þeirri sjókví þar sem strok átti sér stað.

Einfalt mál gert flókið

Hér er verið að gera einfalt mál flókið. Það á að áætla endurkomuhlutfall í tilfelli sleppinga þegar eldislax í sjókvíum er minna en eitt kg. Í greinagerðinni með 48. gr. er sagt að endurkomuhlutfallið sé lágt eða 1,5% og aðeins er gert ráð fyrir að greitt verið 10.000 kr fyrir hvern eldislax. Hér er um að ræða svo lága upphæð að hún skiptir engu máli í stóra samhenginu. Hér greiðir rekstaraaðili mögulega tvisvar fyrir sama eldisfiskinn ef hann veiðist í veiðiá:

- a) **Leið 1:** 10.000 kr fyrir eldislax skv. áætluðu endurkomuhlutfalli.
- b) **Leið 2:** Fimm milljónir eða eina milljón allt hvort hann veiðist í á sem er innan áhættumats erfðablöndunar eða utan.

Hvaða leið á að velja?

Með erfðagreiningu er mögulegt að greina hvort eldislaxinn komi úr ákveðnu stroki af laxi sem var minna en eitt kg þegar hann slapp. Til að koma í veg fyrir tvígreiðslu verður að velja á milli leið eitt og tvö. Tökum dæmi eins og gert er í greinagerð með 48. gr. um 50.000 fiska sleppingu og áætlað endurkomuhlutfall 1,5% og því gert ráð fyrir um 750 fiskur sem skiluðu sér að hafi. Með vali á leið 1 þyrfti rekstraraðili að greiða 7,5 milljónir króna (750 eldislaxar x 10.000 kr/eldislax). Ef valin væri leið 2 og tveir eldislaxar veiddust í stórri laxveiðiá þyrfti að greiða 10 milljónir króna og 250 milljónir ef veiðast 50 eldislaxar. Í stóra samhenginu skiptir áætlað endurkomuhlutfall af smálaxi sem sleppur litlu sem engu máli og er því lagt til að fella út til að einfalda málið.

Stroknir frjóir laxar sem rekstrarleyfishafi veiðir skv. 44. gr. eða sem veiðast við vöktun í fiskteljara skulu ekki teljast skv. ákvæðum 1. og 2. mgr.

Tillaga SFS

Í 48. gr. er gert ráð fyrir að fjöldi frjóa laxa sem rekstrarleyfishafi veiðir eða sem veiðist við vöktun í fiskteljara skulu ekki teljast með til takmörkunar á laxahlut. [Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi \(SFS\)](#) benda á að sömu rök eigi við veidda eldislaxa með rekköfun í veiðiám fram á 1. september, enda er þá með sama hætti komið í veg fyrir að þeir geti tekið þátt í hrygningu. Það var ekki tekið tillit til þessara ábendinga við breytingu á frumvarpinu.

Kostir og gallar

Hvetja til veiða á eldislaxi og umbá þeim sem það gera er jákvætt að því leiti að dregið er úr umhverfisáhrifum eldisins. Ókosturinn er aftur á móti sá að það er verið að flækja málið og draga úr refsingu þeirra sem ekki eru að standa sig og ítrekað eru að missa eldislax úr sjókvíum.

Eins og staðan er nú á þetta sérstaklega við í tilfelli Ísafjarðardjúps þar sem er að finna allar veiðiár í áhættumati erfðablöndunar Ísafjarðará, Laugardalsá og Langadalsá og í tveimur þeirra er fiskteljari (árvaki) og möguleiki væri að fjarlægja eldislax sem gengur upp í árnar. Gera má ráð fyrir að stærsti hluti eldislaxa sem sleppa úr sjókvíum í Ísafjarðardjúpi gangi upp í þessar veiðiár.

Hægt að draga verulega úr refsigaldi

Rekstraraðilar í Ísafjarðardjúpi gætu samið við veiðiréttarhafa í Langadalsá og Laugardalsá um að allur lax yrði flokkaður og eldislaxar fjarlægðir með að setja hindrun í fiskteljara (árvaka). Ef úr slyssaleppingu rekstraraðila í Ísafjarðardjúpi skiluðu sér 100 eldislaxar í veiðiár og 60 yrðu fjarlægðir í Langadalsá og Laugardalsá myndi refsigaldið lækka um 300 milljónir króna (mynd 9.3). Miðað við frumvarpið eins og það er núna er ábati að koma fyrir fiskteljurum með möguleika að fjarlægja eldislax úr veiðiá mun óhagkvæmari í öðrum fjörðum á Vestfjörðum þar sem aðeins þarf að greiða eina milljón fyrir hvern eldislax sem veiðist í veiðiám utan áhættumats erfðablöndunar.

Fiskteljarar dýr leið

Að koma fyrir fiskteljurum (árvaka) í veiðiár er mjög kostnaðarsamt og ekki minnst því fylgir mikill rekstrarkostnaður. Það er jákvætt að hafa ákveðinn fjölda fiskteljara í tilteknum fjölda veiðiáa, sérstaklega stærri veiðiám á eldissvæðum, til að fylgjast með strokum sem ekki eru tilkynnt eða rekstraraðili hefur ekki uppgötvað. Mun ódýrari leið er að fara í veiðiár fyrir hrygningu með rekköfun, ljósveiðum eða öðrum aðferðum og fjarlægja eldislaxa. Um leiðir til að fjarlægja eldislax úr veiðiám er m.a. fjallað um umsögn við

[áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana](#)

Ekki flækja málið

Hér er lagt til að málið verði ekki flækt enn frekar og engin heimild verði gefin að draga frá þá eldislaxa sem veiðast í sjó og fiskteljurum (árvaka). Í dæminu á mynd 9.3 hækkar refsigjald um 300 milljónir ef þeir eldislaxar sem fjarlægðir eru í sjó og fiskteljara eru ekki dregnir frá.

Matvælastofnun skal leggja á sektir samkvæmt ákvæði þessu. Ákvæði 5.–7. mgr. 133. gr. skulu að öðru leyti gilda um sektarákvörðun samkvæmt þessari grein. Hámarkssekt samkvæmt þessari grein vegna sama stroks er 750.000.000 kr. Hámarkssekt miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2024 og breytist í samræmi við breytingar á henni.

750 eldislaxar í veiðiám


Skv. 5. mgr. 48. gr. hámarks sekt 750 milljónir króna og ef allir eldislaxar sem slyppu færi í veiðiá innan áhættumats erfðablöndunar gætu þeir verið allt að 150 talsins að komast upp í hámarks þakið. Í tilfalli þess að allir eldislaxarnir leituðu upp í veiðiár utan áhættumats erfðablöndunar gæti hámark fjöldi eldislaxa fara upp í 750 til að ná hámarks sekt. Það er mikil fjöldi eldislaxa og myndi eflaust vekja mikla athygli bæði hér á landi og erlendis.

Hámarkssekt

Verð á eldislaxi er hátt og líkur á að það verði áfram. Þó svo að stærri laxeldisfyrirtækin fengju 750 milljón króna refsigjald er ekki víst að þau verði rekin með tapi það ár. Eðlilegt er eins og oft er að tjónvaldur greiði fyrir það tjón sem hann veldur og ekkert hámarks gjald verði að finna í frumvarpinu vegna slyssleppinga.

Tillögur:

- ✓ Greinin verði tekin til gagngerðar endurskoðunar þar sem áhersla verði lögð á eftirfarandi:



Mynd 9.3. Sviðsmýndir um refsigjald rekstrarleyfishafa þar sem hægt væri að draga frá eldislaxa veiðan í sjó og fiskteljara sbr. núverandi frumvarpi og þar sem frádrátturinn væri felldur út.

- Sama gjald verði hvort sem eldislax veiðist í ám innan áhættumats erfðablöndunar eða utan.
- Áætlað strok eldislaxa undir einu kg verði fellt út.
- Engin heimild verði gefin á frádrætti á eldislöxum sem veiðast í sjó og fiskteljara.

9.2.5 Lækkun laxahlutar vegna óþekktstrokburðar (49. gr.)

Við lok eldis á hverri kynslóð skal telja alla fiska sem er slátrað og sá fjöldi borinn saman við fjölda útsettra fiska að frádrögnum samanlögðum afföllum og þekktu stroki. Ef mismunur er annars vegar á milli fjölda fiska sem slátrað er við lok eldis á tiltekinni kynslóð og hins vegar fjölda útsettra fiska, að frádrögnum samanlögðum afföllum og fjölda fiska sem vitað er að hafa strokið, þá skal sá mismunur teljast óþekkt strok. Þegar óþekkt strok er reiknað skal nota lægri óvissumörk í fjölda útsettra fiska.

Við útsetningu fiska skal nota talningarbúnað sem fullnægir lágmarksskilyrðum um nákvæmni samkvæmt reglugerð.

Óþekkt strok skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk sem ákveðin skulu í reglugerð. Fari óþekkt strok yfir viðmiðunarmörk skal rekstrarleyfishafi skila Matvælastofnun skýrslu um líklegar orsakir og ástæður stroks sem Matvælastofnun skal birta opinberlega.

Óþekkt strok

Ef mismunur er annars vegar á milli fjölda fiska sem slátrað er við lok eldis á tiltekinni kynslóð og hins vegar fjölda útsettra fiska, að frádrögnum samanlögðum afföllum og fjölda fiska sem vitað er að hafa strokið, þá skal sá mismunur teljast óþekkt strok (mynd 9.4). Það er einkum talning á fjölda dauðra fiska og þá sérstaklega seiða í sjókvíaeldi þar sem mesta ónákvæmni er, en nánar er fjallað um það í umsögn við IX. kafla frumvarpsins um afföll.

Ónákvæmar talningar

Væntanlega er hugmyndin um refsiaðgerðir vegna affalla/slysasleppinga á eldisfiski sótt til [skýrslna ráðgefandi aðila](#) í Noregi. Refsiaðgerðir vegna slysasleppinga voru til umfjöllunar í nýlegri [opinberri norski skýrslu](#) án þess að það væri mælt með þeirri leið af ýmsum ástæðum. Í því sambandi var nefnt að talningabúnaður væri ekki nægilega nákvæmur og að rekstraraðilar tilkynntu sjálfir um strokviðburð. Í Noregi er í raun ekki vitað um hve margir [eldislaxar hafa sloppið í raun](#) og sama vandamál er einnig hér á landi eins og t.d. hefur verið komið inn á í [Heimildinni](#).

Miklar áskoranir


Varðandi að fá nákvæmlega upplýsingar um þann fjölda eldisfiska sem hafa strokið eru margar áskorandi og þær helstu eftirfarandi:

- Ónákvæmur talningabúnaður, en nákvæmestar talningar við bólusetningu og slátrun.
- Yfirleitt er sami eigandi af seiðaeldi, matfiskeldi og sláturhúsi og sjá því alfarið um allar talningar sem skapa ótrúverðleika.
- Mikil ónákvæmni getur verið við talningu á dauðfiski í sjókvíaeldi sem geta skapað mikla skekkju um hve margir eldisfiskar sluppu í raun.

Nánar er fjallað um nákvæmni talninga í umsögn við IX. kafla frumvarpsins um afföll og einnig er bent á niðurstöður verkefnisins [Presisjon ved telling av laks \(PRESAL\)](#).

Ónákvæmur talningabúnaður

Í greinagerð með 49. gr. kemur fram að tekið væri tillit til 2% talningarskekkju. Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) (SFS) við frummatsdrögin er vakin athygli á því að samtökunum er ekki kunnugt um að til sé talningabúnaður með lægri uppgefin skekkjumörk en +/- 2%. Er þá miðað við bestu mögulegu aðstæður og fylgt sé skýru verklagi og leiðbeiningum frá framleiðanda. Samtökin benda á að eðlilegt er að gera ráð fyrir því að við raunaðstæður séu skekkjumörk önnur og meiri en framleiðandi og söluaðili gefa upp. Til þess að gæta þess að ekki sé brotið gegn meðalhófi skv. 72. og 75. gr. stjórnarskrá verður því í öllu falli að byggja heimild til skerðingar á raunhæfum skekkjumörkum kemur fram í umsögn SFS.



Mynd 9.4. Það er oft mikil ónákvæmni við talningu. áætlun á fjölda fiska.

Talning á dauðfiski og ótrúverðleiki

Það er einkum mikil ónákvæmni við talningu á dauðfiski úr sjókvíum. Þar geta komið upp miklar áskoranir sérstaklega þegar mikil afföll verða á seiðum, sem rotna og smjúga út um möskva netpokans. Refsiaðgerðir sem taka mið af talningu rekstrarleyfishafa mun aldrei verða samþykktar af almenningi eða standast skoðun fyrir dómstólum. Hægt væri að fara þá leið að vera með talningu af óháðum aðila við bólusetningu og slátrun með tilheyrandi kostnaði. Mögulegt væri að fá sæmilega nákvæma talningartölur en stóra viðfangsefnið er talning á dauðfiski úr sjókvíum sem auðvelt er að rengja.

Einfalda, eitt refsigjald

Það verður mjög erfitt að láta þessa aðferðafræði ganga upp, mikil óvissa er í talningu og það er heldur ekki traustvekjandi að rekstrarleyfishafa sér um talningu. Hér er lagt til að þessi grein verði felld út í heild sinni en það þýðir ekki endilega að refsing sé ekki til staðar vegna óþekks stroks. Í 48. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir refsigjaldi þegar eldislax veiðist í ám. Það er ekkert öðruvísi með eldislax úr þekktu eða óþekktu stroki, ákveðið hlutfall leitar upp í nærliggjandi veiðiár (mynd 9.5). Það er einfaldast og skynsamlegast að vera með eitt refsigjald fyrir hvern fisk sem veiðist.

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að 49 gr. verði felld út úr frumvarpinu.

9.2.6 Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til strokatburðar (50. gr.)

Í undantekningartilfellum er Matvælastofnun heimilt að lækka eða fella niður sektir samkvæmt þessum kafla ef stök kemur til vegna óviðráðanlegra atvika utan stjórnunarsviðs rekstrarleyfishafa og sem ekki teljast hluti af fyrirsjáanlegri áhættu í rekstri sjókvíaeldis. Fárviðri, hafis og athafnir þriðja aðila, sem er ótengdur rekstrarleyfishafa, skulu m.a. teljast til slíkra óviðráðanlegra ytri atvika enda hafi rekstrarleyfishafi gripið til allra tiltækra ráðstafana og aðgerða til þess að varna stroki af

völdum slíkra atburða. Atvik sem varða starfsmenn, verktaka og þjónustuaðila á vegum rekstrarleyfishafa skulu ekki teljast til óviðráðanlegra ytri atvika.

Undantekningartilvikin

Í 50. gr. er komið inn á að í undan-tekningartilfellum sé Matvælastofnun heimilt við útreikning á lækkun laxahlutar að taka tillit til óviðráðanlegra atvika utan stjórnunar-sviðs rekstrarleyfishafa og sem ekki teljast hluti af fyrirsjáanlegri áhættu í rekstri sjókvíaeldis. Í því sambandi er talið upp fárviðri og hafís en í raun eru miklu fleiri s.s. tjón af völdum ísingar, lagnaðarís, hvala og afræningja (mynd 9.6). Um þetta er að hluta til fjallað um í greininni [Slysasleppingar: Áhættu-þættir og verklagsreglur fyrir sjókvíaeldisstöðva](#).

Allt eru þetta viðráðanlega atvik og með vali á eldissvæði og vali á mótvægisáðgerðum er dregið úr líkum á að tjón komi upp. Eftir stendur saknæmar aðgerðir þriðja aðila en þar er líka fyrirsjávarlega áhætta a.m.k. að stórum hluta þar sem rekstraraðili getur lágmarkað með góðu eftirliti og ýmsum mótvægisáðgerðum. Einnig má telja upp járnskjálfta sem hefur valdi miklu tjóni í sjókvíaeldi erlendis. E.t.v. ekki miklar líkur á að gerist á Vestfjörðum og Austfjörðum en gott dæmi um óviðráðanleg ytri atvik sem geta leitt til stroks á fiski.


Það verður að setja marga fyrirvara við 50. gr. og um það er ágætlega fjallað um í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frumvarpsdrögin. Nokkrir aðilar í sínum umsögnum við frumvarpsdrögin leggja til að þessi grein verði feld út úr frumvarpinu s.s. [Landsamband veiðifélaga](#) og [NASF](#) og er tekið undir þær tillögur.

Fárviðri

Varðandi fárviðri þá eru kröfur um að sjókvíaeldisfyrirtækin uppfylli NS 9415 staðalinn sem á að tryggja að búnaður þoli verstu veðurfarslegar aðstæður. Tjón á búnaði sem leiðir til slysasleppinga er að öllu jöfn vegna þess að vinnubrögðum er ábótavant eins og t.d. kemur fram í [samantekt um slysasleppingar í Noregi](#) sem ná aftur til ársins 2014. Það er þó ljóst að sum laxeldisfyrirtæki eru að taka allnokkra áhættu m.t.t. slyssleppinga með að staðsetja sjókvíarnar utarlega í fjörðum þar sem veðurálag er meira og áhættan meiri. Hér getur niðurstaðan verið að fyrirtækjum sem staðsetja sjókvíar sínar á opnum svæðum með áskorunum fá sértaka meðferð hjá Matvælastofnum. Það er ekki skynsamlegt að útbúa sérreglur fyrir þessi fyrirtæki.


Hafís

Búnaður getur orðið fyrir tjóni vegna hafís og eldislax sleppið úr sjókvíum. Í því sambandi má benda á áður en hafís kemur inn í firðina hafa rekstraraðilar að öllu jöfnu fengið viðvörun með nokkurra daga fyrirvara. Í gæðahandbókum sjókvíaeldisfyrirtækja á eða ætti að vera til staðar viðbragðsáætlun um það hvernig á að bregðast við þegar von er á hafís. [NASF](#) bendir réttilega á í sinni umsögn við frumvarpsdrögin um mikinn hafís í Dýrafirði á árinu 2007, en þar er Arctic Fish m.a. með sitt laxeldi.



Mynd 9.5. Eldislax úr þekktu og óþekktu stroki leitar upp í veiðiár og einfaldast og skynsamlegast að vera með eitt refsigjald fyrir hvern fisk sem veiðist.

Líkur á að haffis berist í firði á Vestfjörðum eru ekki miklar en misjafnar eftir svæðum og ekkert óeðlilegt við það að gerð verði áhættugreining og stjórnvöld geri kröfu til rekstrarleyfishafa um trúverðugar mótvægisáðgerðir. Í staðinn fyrir að rekstraraðili fá sérmeðhöndlun hjá Matvælastofan vegna tjóna af haffis er eðlilegra að rekstraraðili meti sína stöðu fyrir einstök eldissvæði og hvort áhættan sé ásættanleg.



Mynd 9.6. Það eru margir veðurfarslegir þættir og lífverur sem geta valdið tjóni á sjókvíum.

Tillögur:

- ✓ Greinin verði alfarið felld út.

9.3 Mögulegar sviðsmyndir

Að óbreyttu frumvarpi mun stjórnsýslan einkennast af vafasömum geðþóttarákvörðunum í sumum tilvikum og þróun mála mun mögulega vera:

- ✓ **Eldislax fjarlægður úr veiðiám:** Það verður farið í veiðiár og allur sjáanlegur eldislax fjarlægður enda mikil þrýstingu frá umhverfissinum o.fl. að það verði gert. Það að aðferðafræðin er ekki nægilega vel stöðluð mun valda deilum.
- ✓ **Strok á stórum laxi:** Auknar kröfur og gjald fyrir hvern eldislax sem veiðist mun mögulega draga úr tíðni slyasleppinga.
- ✓ **Stroka á smálaxi:** Áætlun á fjölda eldislaxa sem hugsanlega sleppa mun ekki standast skoðun þegar málið fer fyrir dómstóla.
- ✓ **Óþekkt strok:** Lækkun laxahlutar vegna óþekkts strokatburðar munu verða kærð og ekki standast skoðun þegar málið fer fyrir dómstóla.
- ✓ **Óviðráðanlegar ytri aðstæður:** Afsláttur vegna stroks af óviðráðanlegum ytri aðstæðna utan stjórnunarsviðs rekstrarleyfishafa mun valda deilum þegar kemur til framkvæmda, málin kærð og mun vart standast skoðun hjá dómstólum.

10. Afföll (IX. kafli)

10.1 Almennt

10.1.1 Afföll á eldisfiski og eftirlit

Mikil afföll

Hér á landi hafa afföll á eldisfiski verið tiltölulega mikil eins og í öðrum löndum þar sem sjókvíaeldi á laxi er stundað. Á [Mælaborði fiskeldis](#) sem er vistað á vef Matvælastofnunar er gott yfirlit yfir afföll á eldisfiski á Íslandi, eftir fyrirtækjum og svæðum (fjörðum). Mestu afföll/förgun voru í tengslum við blóðþorrasmit (ISA veiran) árin 2021 og 2022 og í laxalúsafárinu í Tálknafirði um haustið 2023 (mynd 10.1). Afföll á eldisfiski í sjókvíum eru því vissulega stórt viðfangsefni á Íslandi eins og nágrannalöndum.

Ástæður affalla

Ásamt afföllum á eldisfiski vegna laxalúsar og sjúkdóma hafa verið tiltölulega mikil afföll yfir köldustu vetramánuðina (mynd 10.1). Erfiðar umhverfisaðstæður yfir vetramánuðina, lágt sjávarhitastig, mikið ölduróta og straumar hafa oft valdið miklum afföllum eða sárum sem hefur síðan leitt fiskinn til dauða. Í nýlegri [stefnumótun fyrir lagareldi](#) er bent á að afföll á eldisfiski í sjókvíum á Íslandi hingað til aðallega stafað frá ólífvænlegum seiðum sem sett eru út í kvíar, t.d þegar sigling frá seiðaeldisstöð að eldissvæði er löng eða aðlögun seiða að lífi í sjó er ábótavant, en einnig geta sjúkdómar, laxalúsameðferðir og lök umhverfisskilyrði leitt af sér afföll.

Mikil gagnrýni



Það er mikil gagnrýni á mikil afföll í sjókvíaeldi bæði hér á landi og erlendis. Í umsögn við frumvarpsdrögin koma nokkrir með athugasemdir. [Landsamband veiðifélaga](#) bendir á að það er fullkomlega órökrétt að upplýsingar um afföll komi frá fyrirtækjunum sjálfum. Stöðust opinbert eftirlit þarf að vera með afföllum. Að öðrum kosti er beinn efnahagslegur hvati fyrir fyrirtækin að gefa upp rangar tölur um afföll. [NASF](#) kemur inn í umsögn við fiskeldisfrumvarpið að það sé ekki viðeigandi að sjókvíeldisfyrirtækin hafi eftirlit með sjálfum sér. Afföll á eldisfiski eru upplýsingar sem geta haft áhrif á hlutabréfagengi félaganna og mikilvægt að Matvælastofnun sannreyni. Réttast væri að Matvælastofnun eða annar óháður eftirlitsaðili sæi um eftirlitið kemur fram í umsögn NASF.

10.1.2 Talning og talningarskekkja


Norska rannsóknaverkefnið

Í Noregi var starfrækt umfangsmikið rannsóknaverkefni undir nafninu [Presisjon ved telling av laks \(PRESAL\)](#) þar sem unnið er að því að auka nákvæmni við talningu á eldisfiski. Nákvæmni talningar á eldisfiski felst fyrst og fremst í:

- a) Nákvæmni talningabúnaðar og hvernig er staðið að framkvæmdinni.
- b) Framkvæmd losunar og talningar á dauðfiski úr sjókvíum.



Mynd 10.1. Afföll á eldisfisk í sjókvíum á Íslandi í tonnum (efri myndin) og fjölda fiska (neðri myndin) eftir mánuðum og árum (heimild: Mælaborð fiskeldis).



Mynd 10.2. Myndræn framsetning á talningu á lifandi og dauðum fiski og nákvæmni talningarinnar.

Talning á fiski

Í seiðaeldi er fiskurinn talinn nokkrum sinnum og nákvæm talning fæst við bólusetningu (oft 40-50 g fiskur) (mynd 10.2). Almennt er [engin talning á fiski](#) við afhendingu úr seiðaeldisstöð og miðast þá fjöldi seiða við þann fjölda sem var við bólusetningu að frádregnum afföllum. Mesta hættan á skekkju er þegar seiðum úr einu kari er skipt upp [á milli kerja eftir bólusetningu](#).

Í sjókvíaeldi eru dauðir fiskar taldir og sá fjöldi dreginn frá fjölda lifandi fiska í kvínni og þannig fenginn áætlaður fjöldi hverju sinni. [Mikil ónákvæmni er í talningu dauðra fiska](#) sérstaklega seiðum þar sem þau geta náð að rotna og smogið út um möskva netpoka.

Við slátrun er að öllu jöfnu mikil nákvæmni við talningu. Það eru því tvær staðsetningar í ferlinu sem eru með tiltölulega nákvæma talningu, þ.e.a.s. bólusetning og slátrun. Ef ekki tekst að telja alla dauða fiska í sjókvíaeldi getur orðið mikil skekkja og þeir fiskar sem upp á vantar eru taldir til strokfiska eins og lagt er upp með í 50. gr. þessa frumvarps.

Búnaður og talningarskekkja

Það er óframkvæmalegt að fá mjög nákvæmar tölur um fjölda fiska í sjókvíum miðað við núverandi tækni. Skv. upplýsingum frá framleiðendum talningabúnaðar er nákæni við talningu [almennt +/- 2%](#). Þessar tölur miðast þá við bestu aðstæður og að farið sé eftir leiðbeiningu framleiðenda en á vettvangi er raunveruleikinn allt annar og því a.m.k. í sumum tilvikum má gera ráð fyrir töluvert meiri skekkju.

Í [norskri rannsókn](#) kom fram að skekkja við talningu var mjög mismunandi bæði er varðaði vanttalningu og oftalningu.

Talning á dauðum fiski úr kvíum

Almennt má gera ráð fyrir því að mesta skekkjan í talningu sé í sjókvíaeldi og þá talning á dauðfiski. Varðandi skráningar á dauðum fiski má skipta þeim niður í skráð og óskráð afföll (mynd 10.3). Þau viðfangsefni við að ná öllum dauðfiski og skrá er m.a. fjallað um í greininni [Afföll á fiski í eldiskví og notkun dauðfiskaháfs](#).

Í [nýlegri könnun í Noregi](#) kom fram að helstu frávík við talningu dauðfisks í sjókvíaelði stöfuðu af eftirtöldu:

- Dauðfiskur fer undir dauðfiskaháfinn.
- Dauðfiskur nær að rotna áður en hann er tekinn upp.
- Dauðfiskur fer aldrei niður í dauðfiskaháfinn/Liftup (situr t.d. fastur í netveggnum).
- Rangar tölur gefnar upp um dauðfiska:
 - Erfitt að meta þegar mikil afföll eru á seiðum.
 - Massadaði í matfiskeldi.

10.1.3 Aðrar leiðir

Hvatinn er til staðar

Afföll á eldisfiski bitna fyrst og fremst á rekstraraðili með auknum rekstrarkostnaði og þannig er hvatinn nú þegar til staðar. Aftur á móti í tilfalli laxalúsar getur slök frammistaða rekstraraðila í sumum tilvikum dregið úr rekstrarkostnaði en á sama tíma til neikvæðra umhverfisáhrifa á villta laxfiskastofna. Í tilfalli laxalúsar getur því hvatakerfi haft jákvæð áhrif til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins.

Aðrar leiðir skynsamari

Miðað við þá þekkingu og tækni sem er til staðar í dag er skynsamlegra að fara aðrar leiðir með það að markmiði að draga úr afföllum:


- *Smitvarnasvæði*: Skilgreina smitvarnasvæði með öflugum heilbrigðisþröskuldum til að koma í veg að sjúkdómsvaldar reki á milli svæða, setja jafnframt takmarkanir á flutning á búnaði og fiski á milli svæða.
- *Gæði seiða*: Gera kröfur um gæði seiða, flutning á þeim og útbúa leiðbeiningar og reglur.
- *Þéttleiki*: Meiri kröfur um hámarks þéttleika í sjókvíum yfir vetramánuðina vegna erfiðra umhverfisaðstæðna hér á landi en almennt er hjá nágrennalöndum.
- *Flutningur*: Auka kröfur á flutningi á fiski og búnaði á milli svæða til að draga úr líkum á að smit berist á milli.
- O.s.frv.

Varðandi frekari rökstuðnings er vísað í fyrri umsögn [Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040 – Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.](#) og er vísað þar í kafla 3 og 6.

10.2 Um einstakar greinar

10.2.1 Reglulegt eftirlit með afföllum (52. gr.)

Rekstrarleyfishafa er skylt að halda afföllum á hverju smitvarnasvæði í lágmarki og huga að allri velferð fiska í sjókvíaelði. Rekstrarleyfishafa er skylt að fjarlægja dauðan fisk og lífrænar leifar fiska reglulega úr sjókvíum. Sama gildir um fiska sem þarf að farga vegna sára eða sjúkdóma.




Mynd 10.3. Skráð og óskráð afföll í eldiskví.

Rekstrarleyfishafi skal skrá fjölda og þyngd fiska sem og þyngd lífrænna leifa sem eru fjarlægðar. Lífrænar leifar skulu umreiknaðar í fjölda fiska eftir fyrirmælum Matvælastofnunar.

Tortryggni gagnvert talningu

Að fá nákvæma tölu um afföll er áskorun og miðað við núverandi fyrirkomulag mun alltaf vera ákveðin tortryggni gagnvart niðurstöðum:

- ✓ *Talning seiða:* Í flestum tilvikum er sama fyrirtæki sem framleiðir seiðin og elur fiskinn áfram í sjókvíum. Starfsmenn fyrirtækisins sjá um talningu seiða út úr seiðaeldisstöðinni og getur verið tilhneiging að vantelja seiðin og þannig minnka affallaprósentuna. Til að fá trúverðugar tölur um fjölda seiða þyrfti eftirlitsmaður frá Matvælastofnun að vera viðstaddur á meðan talning fer fram og ekki víst að það verði nægilegt.
- ✓ *Talning á dauðfiski:* Hjá sumum rekstraraðilum er fyrir hvert eitt seiði sem kemur upp úr sjókví skráð tvö seiði og það eru margar áskoranir við að [fá rétt tölu fiska upp úr sjókví](#). Ástæðan er m.a. sú að hluti seiðanna ná að rotna það mikið að þau smjúga út um möskvana sérstaklega eftir langvarandi brætur. Það getur því verið umtalsverður fjöldi fiska sem ekki hefur náðst að telja og þá verður niðurstaðan sú að hér sé um að ræða slysasleppingu þó að enginn lifandi fiskur hafi sloppið úr sjókvínni.
- ✓ *Talning við slátrun:* Í flestum tilvikum er sama fyrirtæki sem framleiðir eldisfiskinn og slátrar. Starfsmenn sjá um talningu geta haft tilhneiging að oftelja ef fiska vantar í sjókvína til að koma í veg fyrir að það sem upp á vantar verði skráðir sem strokulax. Til að fá trúverðugar tölur um fjölda eldisfiska þyrfti eftirlitsmaður frá Matvælastofnun að vera viðstaddur á meðan talning fer fram.



Mynd 10.4. Hjá Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm eru starfsmenn fyrirtækjanna sem telja fiskinn í seiðaeldinu, matfiskeldinu og slátruninni.

Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm eru seiðaeldi, matfiskeldi og slátrun og starfsmenn félaganna sjá um alla talningu á eldisfiski allt eldisferlið og mun ávallt vera vantrú á niðurstöðum talningar.

Ónákvæmni talningar

Til viðbótar tilhneingingu að telja fiska eins og hentar hverju sinni er nákvæmni talningavéla oft gefin upp sem +/-2%. Er þá miðað við bestu mögulegu aðstæður og fylgt sé leiðbeiningum framleiðandi sem við raunaðstæður kunna að vera aðrar og ónákvæmnin meiri enda er [reyndin sú að frávik eru meiri á vettvangi](#). Staðan er sú að það er óframkvæmalegt að fá öruggar og nákvæmar tölur um fjölda fiska í sjókvíum miðað við núverandi tækni og verður að skoða fyrirhugað hvatakerfi sbr. 54. gr. í því ljósi.

Tillögur

- Áður en farin verður sú leið að afföll á eldisfiski geti orðið grundvöllur refsiaðgerða sbr. 53. gr. eins og hún er nú verði fyrst þróuð aðferðafærði við að telja og meta afföll á eldisfiski sem haldi ef mál fer fyrir dómstóla.

10.2.2 Breytingar á leyfilegum lífmassa vegna affalla (54. gr.)

Matvælastofnun skal reikna afföll á smitvarnasvæði fyrir hverja kynslóð eldisfisks á smit-varnasvæði. Afföll skulu reiknuð í fjölda fiska. Afföll á hverju smitvarnasvæði skulu vera afföll alls sjókvíaeldis á viðkomandi smitvarnasvæði, óháð fjölda eldissvæða og sjókvíaeldis-stöðva.

Leyfilegur lífmassi á smitvarnasvæði skal vera 3% hærri en að öðrum kosti væri heimilt ef afföll síðustu kynslóðar á viðkomandi smitvarnasvæði voru 10% eða lægri.

Leyfilegur lífmassi á smitvarnasvæði skal vera óbreyttur ef afföll síðustu kynslóðar á viðkomandi smitvarnasvæði voru hærri en 10% en lægri en 20%.

Leyfilegur lífmassi á smitvarnasvæði skal vera 3% lægri en að öðrum kosti væri heimilt ef afföll síðustu kynslóðar á viðkomandi smitvarnasvæði voru 20% eða hærri.

Leyfilegur lífmassi samkvæmt þessari grein verður aldrei meiri en hámarkslífmassi samkvæmt burðarþolsmati segir til um.

Ósanngjarnt

Afföll taka ekki mið af einstökum rekstrarleyfishöfum heldur smitvarnasvæðinu og þar kunna að vera fleiri en einn, a.m.k. til ársins 2028. Þannig geta mikil afföll hjá einum rekstraraðila lækkað leyfilegan lífmassa hjá öðrum rekstrarleyfishöfum á smitvarnasvæðinu. Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frummatsdrögin er bent á að það kynni að leiða til ólögmetrar mismunar á milli þeirra rekstrarleyfishafa, sem eru einir með rekstrarleyfi á tilteknu smitvarnasvæði, og svo þeirra sem deila smitvarnasvæði með öðrum rekstrarleyfishöfum, enda byggir afmörkun smitvarnasvæða á frjálsum mati ráðherra.


Áskoranir við framkvæmd

Það eru margar áskoranir við að koma hvatakerfi á fyrir afföll á eldisfiski og í því sambandi má nefna:

- *Aflúsun:* Við aflúsun með umhverfissvænum aðferðum geta oft stundum verið mikil afföll á fiski. Valið getur verið hjá rekstraraðila á milli þess hvort hann eigi að setja kraft í aflúsun til að minnka tíðni laxalúsar á eldisfiski og þar með auka afföllin eða að sleppa henni til að auka ekki afföllin.
- *Ónákvæm talning.* Nákvæmni við talningu er ekki mikil sérstaklega á dauðfiski í sjókvíum. Það geta því komið upp álitamál hvort lækka eða hækka eigi heimildir.
- *Trúverðuleiki:* Í flestum tilvikum er sama fyrirtæki sem framleiðir seiðin og elur fiskinn í áframeldi. Starfsmenn sjá um talningu seiða út úr seiðaeldisstöðinni og getur verið tilhneiging að vantelja seiðin og þannig minnka affallaprósenta.

Möguleg leið

Ef koma á hvatakerfi sem stenst mögulega skoðun þarf að miða við talningu á fjölda fiska við bólusetningu í seiðaeldisstöð og slátrun þar sem mesta nákvæmni er. Hér er þó viðfangsefnið ónákvæm talning á dauðfiski úr sjókvíum og það liggja því ekki fyrir



Mynd 10.5. Núverandi fyrirkomulag á talningu á dauðum og lifandi eldisfisk og tillögur um talningu í seiðaeldisstöð og slátruhúsi af óháðum aðila eða undir eftirliti hans.

upplýsingar hvort og þá í hve miklu mæli eldisfiskur hafi sloppið úr kvíum. Til að að þessi aðferðafræði gangi upp þarf að taka út refsíákvæði sbr. 49. gr. um óþekkt stök sem reyndar umsagnaraðili hefur lagt til.

Jafnframt til að skapa trúverðugleika þurfa talningar í seiðaeldinu og í sláturhúsi að vera framkvæmdar eða undir eftirlit óháðs aðila með tilheyrandi kostnaði. Það er því skynsamlegt að flýta sér hægt að innleiða þetta hvatakerfi, þróa og prófa áður en það verður mögulega tekið í notkun.

Tvöfalt bókhald

Nákvæmasta talning er við bólusetningu og við slátrun og því hægt að ganga út frá þeim talningum af töluverðri nákvæmni. Vandamálið er aftur á móti að auðvelt er að hagræða gögnum og þannig komast undan refsingu vegna mikilla affalla. Eftir bólusetningu og talningu í seiðaeldi er hægt að vera með tvöfalt bókhald, skrá of mörg dauð seiði og þannig vera með fleiri seiði en talin við útsetningu. Til að hafa eftirlit með hvort tvöfalt bókhald eigi sér stað í seiðaeldi þyrfti alltaf að telja fjölda seiða út úr stöðinni eða taka reglulega úrtök. Talningu á sláturfiski verður ávallt hægt að hafa áhrifa á til að fá þann fjölda fiska sem hentar hverju sinni. Til að koma mögulega í veg fyrir það þyrfti myndavélaeftirlit í sláturhúsi.

Tillögur

- Ef tekið verður upp hvatakerfi fyrir afföll á eldisfiski miðist afföll við talningu í seiðaeldinu og í sláturhúsi. Jafnframt þarf að taka út refsíákvæði sbr. 49. gr. um óþekkt stök sem reyndar umsagnaraðili hefur lagt til.
- Skynsamlegt er að prófa og þróa aðferðir við að meta afföll áður en innleitt og fyrst í stað að gefa ráðherra heimild í reglugerð.

10.2.3 Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til affalla (55. Gr.)

Í undantekningartilfellum er Matvælastofnun heimilt við útreikning framleiðslutakmark-ana samkvæmt þessum kafla að taka tillit til óviðráðanlegra atvika utan stjórnunarsviðs rekstrarleyfishafa og sem ekki teljast hluti af eðlilegri áhættu í rekstri sjókvíaeldis. Fárviðri, hafís og athafnir þriðja aðila sem er ótengdur rekstrarleyfishafa skulu m.a. teljast til slíkra óviðráðanlegra ytri atvika enda hafi rekstrarleyfishafi gripið til allra tiltækra ráðstafana og aðgerða til þess að verjast afföllum af völdum slíkra atburða. Atvik sem varða sjúkdóma, sníkjudýr, náttúru viðkomandi smitvarnasvæðis eða starfsmenn, verktaka og þjónustuaðila á vegum rekstrarleyfishafa skulu ekki teljast til óviðráðanlegra ytri atvika.

Viðráðanleg eða óviðráðanleg

Þessi grein er í takt við 50. gr. frumvarpsins og er einnig vísað til umsagnar á henni. Í frumvarpinu eru taldir upp viðráðanleg og óviðráðanleg atvik sem ekki alltaf standast skoðun.

- ✓ **Fárviðri:** Af einhverjum ástæðum er fárviðri flokkað undir óviðráðanlegt ytri atvik. Í umhverfismat á að vera búið að leggja mat á veðurfar og áhrif þess á eldið og tekið tillit til verstu aðstæðna s.s. við val á sjókvíum skv. búnaðarstaðlinum 9415. Í fárviðri, miklu ölduróti og við lágt sjávarhiti er hætta á að eldisfiskur drepist í miklu mæli og sérstaklega á opnum svæðum. Hér getur niðurstaðan verið að fyrirtækjum sem staðsetja sjókvíar sínar á opnum svæðum með áskorunum m.t.t. velferð fisksins fá sértaka meðferð hjá Matvælastofnum. Það er ekki skynsamlegt að útbúa sérreglur fyrir þessi fyrirtæki.
- ✓ **Hafís:** Hafís er einnig flokkaður sem óviðráðanlegt ytri atvik. Hafís getur skemmt kvíar og eldisfiskur sloppið en litlar líkur á að hann valdi afföllum á fiski og því vart heima undir 55. gr. frumvarpsins.

- ✓ **Undirkæling:** Ekki talin upp sem óviðráðanlegt ytri atvik. Ísland er á jaðarsvæði fyrir sjókvíaeldi m.t.t. sjávarhita. Lágst sjávarhitastig samhliða langvarandi slæmri veðráttu getur valdið miklum afföllum á eldisfiski og verulegu tjóni. Rekstraraðilar stjórna ekki veðurfari og það má ávallt búast við breytilegu árferði hér á landi og það komi reglulega harðir vetur með miklum áskorunum, ekki bara fyrir einn rekstraraðila heldur greinina í heild sinni.
- ✓ **Marglyttur:** Þær eru ekki flokkaðar sem óviðráðanlegt atvik. Tjón af brennimarglyttu er vel þekkt á Austfjörðum og til eru aðferðir til að lágmarka tjónið. Með hlýnandi veðurfari geta komið upp afföll vegna annarra tegunda marglytta sem rekstraraðili hefur enga stjórn á a.m.k. fyrst í stað.
- ✓ **Þörungablómi:** Þörungar eru ekki flokkaðir sem óviðráðanlegt atvik. Getur t.d. valdið miklum afföllum á eldisfiski eins og gerst hefur bæði hér á landi og erlendis. Mögulega geta komið upp mikil afföll af völdum þörunga á stórum svæðum vegna sérstakra tímabundinna aðstæðna sem forsvarsmenn sjókvíaeldisstöðva hafa enga eða litla stjórn á.
- ✓ **Sjúkdómar:** Veruleg afföllum geta verið vegna sjúkdóma, sem mögulega má rekja til annarra s.s. að sjúkdómar hafi rekið með straumum frá sjókvíum ótengds aðila yfir að sjókvíum rekstraraðila og smitað fiskinn. Hér getur verið að stjórnvöld hafi heimilað of mikið eldi á litlu svæði og að of stutt hafi verið á milli eldissvæða ótengdra aðila. Í þessu tilviki verður að telja að rekstrarleyfishafi hafi orðið við óviðráðanlegu ytra atviki.
- ✓ **Afræningjar:** Selir og skarfar og fleiri dýr geta drepíð eldisfisk í kvíum. Það er vel þekkt og vitað til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa til að halda afföllum í lágmarki. Afföll vegna afræningja geta því ekki flokkast undir óviðráðanlegt ytri atvika.

Vanda til verka

Hér er verið að feta braut sem getur byggst á geðþóttarákvörðunum og er mjög vandmeðfarin. Ef innleiða á þess grein þarf að fara fram vandað áhættumat og skilgreina möguleg atvik sem geta flokkast sem óviðráðanleg. Að mati umsagnaraðila er verið að skilgreina óviðráðanleg ytri atvik sem ekki standast skoðun. Jafnframt er verið að halda út þáttum sem ætti mögulega að skilgreina sem óviðráðanleg ytri atvik.

Það geta komið upp stór álitamál og jafnvel siðferðisleg mál þegar verið er að gefa afslátt af aföllum vegna meintra óviðráðanleg ytri atvik. Á sama tíma getur verið mál hjá viðkomandi rekstraraðila s.s. stór slyaslepping og málið fyrir dómstóli. Það er því full ástæða að skoða ákvæðið mun betur áður en til mögulegrar innleiðingar kemur. Allar leikreglur sé á hreinu, skýrar og opinberar fyrir innleiðingu.

Tillögur

- Lagt til að það verði gerð áhættugreining, málið skoðað vel áður en til mögulegrar innleiðingar kemur.

10.3 Mögulegar sviðsmyndir

Ef frumvarpið fer í gegn óbreytt munu ákvæði um afföll vera gagnrýnd og líklegt að fram komi eftirfarandi ókostir:

- ✓ **Afföll:** Þau munu líklega aukast vegna aukinna krafna um umhverfisvæna aflúsun fyrst í stað.
- ✓ **Talning:** Talningar á eldisfiski hjá laxeldisfyrirtækjum munu hafa lítinn trúverðugleika og verða gagnrýndar.
- ✓ **Tvöfalt bókhald:** Upp munu koma mál þar sem rekstrarleyfishafar með seiðaeldi, matfiskeldi og slátrun eru með tvöfalt bókhald til að komast hjá sektum vegna mikilla affalla.

- ✓ **Óviðráðanleg ytri atvik:** Það geta komið upp stór álitamál og jafnvel siðferðisleg mál þegar verið er að gefa afslátt af aföllum vegna meintra óviðráðanleg ytri atvik.
- ✓ **Stenst ekki kröfur dómstóla:** Ef rekstraraðili sem fær skerðingu á heimildum vegna affalla fer með málið fyrir dómstóla er hætta á ákærandi lendi í vandræðum með að rökstyðja skerðinguna með viðeigandi hætti.

11. Lús (X. Kafli)

11.1 Almennt

11.1.1 Staðan

Laxalús viðfangsefni

Laxalús er orðin viðfangsefni á Íslandi, eins og bent er á í umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við stefnumótun í lagareldi [Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040](#).


Reyndar var laxalús orðin viðfangsefni áður en en lög nr. 71/2008 um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019. Þá var bent á í umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar [Fljótandi að feigðarósi](#) að ef lögini yrðu samþykkt myndu Íslendingar að mörgu leyti standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum s.s. er varðar laxalús.

Skoða í stóra samhenginu

Horfa verður á viðfangsefnið í stóra samhenginu ef árangur á að nást við að halda laxalúsinni niðri. Hér skipta skipulagsmál og umfang eldisins miklu máli (mynd 11.1). Jafnframt varnir til að hindra að lúsina að komast inn í kvína og umhverfisvænar aðferðir til að fjarlægja laxalúsina af eldisfiskinum. Þegar allar varnir bregðast er gripið til lyfjameðhöndlunar. Tíðar meðhöndlunar með laxalúsalyfjum má sjá í samhengi við takmarkaðar umhverfisvænar mótvægisáðgerðir hér á landi á síðustu árum.

Farið yfir strikið

Á árinu 2023 fóru Arnarlax og Arctic Fish verulega yfir strikið í Tálknafirði og úr var mikið tjón og álitshnekkir. Mikil fjölgun varð á laxalús og þurfti að farga miklu magni af eldislaxi. Laxalirfurnar bárust norður með Vestfjörðum og smituðu eldislax alla leið í Ísafjarðardjúp. Gert er grein fyrir atburðarásinni í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#) og í skýrslu Matvæla- stofnunar [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás](#).



Mynd 11.1. Með skipulagi og margvíslegum mótvægisáðgerðum er hægt að draga verulega úr þörfinni að nota laxalúsalyf (úr umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040).

Box 11.1. Fróðleikur um laxalús á íslensku.

- Hafrannsóknastofnun. [Um sjávarlús og laxalús](#).
- Ársskýrslur dýralæknis fisksjúkdóma.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2014. *Laxalús og eldi laxfiska í köldum sjó*. Sjávarútvegurinn – vefrit um sjávarútvegsmál 14(1):1-5.
- Ólafur S. Ástþórsson og Hafsteinn G. Guðfinnsson 2019. *Laxalús, skaðvaldur í laxeldi*. Ægir 112 (2): 22-24.
- Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir 2019. *Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun*. Hafrannsóknastofnun. HV 2019-56. 22 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. *Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar*. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 8. 32 bls.

Notkun laxalúsalyfja

Því miður er notkun laxalúsalyfja komin úr böndunum. Ástæðan fyrir því er að umhverfisvænum mótvægisáðgerðum hefur verið verulega ábótavant. Það kann að einhverju leiti að skýrast með því að notkun laxalúsalyfja er að mörgu leiti virkasta aðferðin til að halda laxalúsinni niðri og jafnframt tiltölulega ódýr lausn miðað við margar aðrar. Þannig hafa sumir rekstrarleyfishafar getað dregið verulega úr kostnaði fram að þessu. Það er gerð góð grein fyrir notkun laxalúsalyfja í skýrslu Matvælastofnunar [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás.](#)

Tíðni laxalúsar eykst

Framleiðslan laxalúsalirfa ákvarðast af meðalfjölda kynþroska kvenlúsa á eldisfiski og fjölda eldisfiska. Á [Mælaborði fiskeldis](#) hjá Matvælastofnun er hægt að sjá tíðni laxalúsar og jafnvel eftir einstökum eldissvæðum. Þegar skoðað er tíðni laxalúsar á eldislaxi er fjöldi þeirra mjög hár á sumum eldissvæðum, jafnvel yfir 10 kynþroska kvenlús á eldisfiski. Oft langt yfir viðmiðunum þegar gripið er til viðbragða vegna laxalúsar í sjókvíaeldisstöðvum í nágrennalöndum.

Vöktun á náttúrulegum laxfiskastofnum

[Náttúrustofa Vestfjarða](#) hefur verið með vöktun á laxalúsaálagi á villtum laxfiskum m.a. á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem umfang eldisins hefur verið mest. Áætluð dánartíðni villtra laxfiskahópa vegna laxalúsaálags var lægri í Patreksfirði árið 2020 (7%) en 2019 (11%) en var hæst árið 2017 (58%). Áætluð dánartíðni í Tálknafirði var lægri árið 2020 (6%) en 2017 (23%). Niðurstöður Náttúrustofu Vestfjarða sýna því greinileg neikvæð áhrif á villta laxfiskastofna en ekki er vitað til þess að niðurstöðurnar hafa verið nýttar í stjórnsýslunni.


11.1.2 Breyta þarf hugsunarhætti

Hefur víðtæk áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að halda laxalús á eldisfiski í sjókvíum í lágmarki umfram það að tryggja velferð fisksins en þær eru einkum þrjár (mynd 11.2):

- ✓ Eldið valdi ekki tjóni á sjókvíaeldi nágrennans.
- ✓ Koma í veg fyrir afföll á laxaseiðum þegar þau fara út úr ánum og leita til hafs.
- ✓ Koma í veg fyrir afföll á sjóbirtingi og sjóbleikju sem halda sig í fjörðunum.

Það að einn rekstraraðili er ekki að standa sig hefur víðtæk áhrif, bæði á villta náttúrulega laxafiskastofna og aðra rekstraraðila í nágrenninu. Laxalúsaálag í einum firði ræðst af fjölda kynþroska laxalúsa á hverjum eldisfiski og fjölda fiska sem eru í sjókvíunum. Ef það er lítið umfang á eldinu í einum firði getur meðalfjöldi laxalúsa á eldislaxi verið meiri án þess að valda afföllum á



Mynd 11.2. Laxalús frá einni sjókvíaeldisstöð getur valdið afföllum eða tjóni á laxaseiðum, sjóbirtingi og sjóbleikju og einnig aukið tíðni laxalúsar á eldisfiski í sjókvíaeldisstöðvum í nágrenninu.

villtum laxfiskum. Aftur á móti þar sem er mikið umfang þarf meðalfjöldinn laxalúsar á eldisfiski að vera töluvert lægri.


Box 11.2. Líffræði laxalúsar.

Laxalús nærast á slímhúð, húð og blóði fiskanna og valda þannig stressviðbrögðum hjá þeim. Þær bera stundum með sér annars konar sýkingar og geta einar og sér valdið dauða fiska séu þær í miklum mæli.

Sviflægar lirfur klekjast úr eggjum sem liggja í strengjum utan á kvendýrinu (sjá mynd). Nokkur sviflægar lirfustig halda sig í sjónum og á síðasta stiginu sem kallast copepodid þarf lirfan að finna sér hýsil til að festa sig á.

Laxalúsalirfur dreifast með straumum sem getur verið mjög breytileg á milli tímabila og jafnvel á milli ára. Almenn er útbreiðsla laxalúsalirfa þannig að sumar lirfur getur dreifst mjög langt (>100 km) en megin fjöldi heldur sig engu að síður í nokkurra tuga km fjarlægð frá upptökum. Í sjó er náttúruleg þynning á laxalúsalirfum, þó að það geti verið svæði þar sem lúsin safnast náttúrulega saman (t.d. á straumskiljum eða í flóum meðfram landi), minnkar styrkurinn almennt eftir því sem lengra dregur frá upptökum.

Þegar lúsin hefur fest sig getur hún byrjað að nærast á slími, húð og blóði hýsilsins og býr til anga undir húðinni sem festir hana betur. Kvendýrið getur framleitt vel yfir 3.000 egg á lífsferli sínum.



Hvað þarf til?

Það er lágur sjávarhiti á eldissvæðum hér á landi, laxalúsalirfur lifa lengur og rekur yfir stærra svæði en þar sem er kjörhitastig laxalúsar. Mikið rek laxalúsalirfa á milli ótengdra aðila getur gert það ómögulegt eða erfitt að halda laxalúsinni niðri hjá þeim sem vilja vanda til verka. Til að það gangi upp þarf:

- **Fjarlægðamörk:** Í núverandi reglugerð um fiskeldi er miðað við 5 km á milli ótengdra aðila en það þyrfti að vera meira og hafa verið nefnd að lágmarki 10 km.
- **Meðalfjöldi laxalúsa:** Þar sem er mikið eldi þyrfti jafnvel að halda fjölda kynþroska kvenlúsa undir í 0,1-0,2 lús/eldisfisk.

Það er ómögulegt fyrir þá sem vilja standa sig vel að halda laxalúsinni niðri án lyfjameðhöndlunar á meðan stöðugur straumur af laxalúsalirfum berst frá sjókvíaelði annarra eins og reyndin var [haustið 2023 í Tálknafirði](#). Regluverkið hefur verið hannað fyrir umhverfissóðana. Vinnubrögð leiðandi fyrirtækja Arnarlax og Arctic Fish eru ekki í samræmi við það sem viðhaft er í heimalandi meirihlutaeigenda. Málið snýst um að ná sem mestum fjárhagslegum ávinning erlendra meirihlutaeigenda félaganna Arnarlax og Arctic Fish sem eru skráð á hlutabréfamarkað í Noregi m.a. með því að halda umhverfiskostnaði í lágmarki. Það sem þarf til eru strangar reglur um fjölda laxalúsa á eldisfiski og að stjórnvöld fylgi því eftir að viðhafðar séu mótvægisáðgerðir og notaðar umhverfisvænar aflúsunaraðferðir.

Allir þurfa að vinna í takt

Það er mikilvægt að tekið verði inn í umræðuna rek á laxalúsaliðum frá ótengdum aðilum sem gerir þeim sem vilja standa sig vel erfitt eða illmögulegt að halda niðri laxalúsaálaginu í sínum sjókvíaeldisstöðvum. Til að takmarka framleiðslu og reka laxalúsaliða þarf að gera kröfu um að aflúsað verði með umhverfisvænum mótvægisáðferðum mun fyrr en gert er í dag. Halda tíðni laxalúsar á eldislaxi lágri í sjókvíaeldisstöðvum er ein mikilvægasta mótvægisáðgerðin til að koma í veg fyrir eða lágmarka afföll á villtum laxfiskastofnum. Miklar væntingar eru um afmörkun smitvarnarsvæða með einum rekstraraðila en það mun litlu skila ef laxalúsaálaginu verður ekki haldið niðri þar sem lifurnar geta rekið auðveldlega á milli margra smitvarnarsvæða.



Náttúrulegir stofnar

Ef mikið laxalúsaálag er á göngutíma laxaseiða úr ánum til hafs geta afföll orðið mikil á seiðunum. Sjóbirtingur heldur sig lengur í sjó en sjóbleikja og verður hann því fyrir neikvæðari áhrifum af laxalús. Það geta því verið verulega afföll á sjóbirtingi, ef laxalúsaálagið er mikið í firðinum. Mikilvægt er að ekki sé eingöngu horft til laxaseiða sem eru að ganga til hafs heldur einnig áhrif á sjóbirting og sjóbleikju í nágrenni við sjókvíaeldið.

11.2 Um einstakar greinar

11.2.1 Reglulegt eftirlit og viðbrögð við lús (56. gr.)

Rekstrarleyfishafa er skylt að halda lús á hverju smitvarnarsvæði í lágmarki og fylgjast með lúsasmiti. Rekstrarleyfishafi skal tilkynna niðurstöður lúsatalningar til Matvælastofnunar. Rekstrarleyfishafar skulu starfa eftir forvarna- og viðbragðsáætlun vegna lúsasmits sem samþykkt er af Matvælastofnun og skal forvarna- og viðbragðsáætlun fela í sér aðgerðir vegna viðkomu lúsa í sjókvíaeldi.

Þarf að byggjast á trúverðugum talningum

Það verða ávallt dregnar í efa niðurstöður talninga starfsmanna laxeldisfyrirtækja á fjölda laxalúsa á eldisfiski. [NASF](#) bendir á ef fyrirtækin fá að sjá sjálf um talningu myndast sá hvati að segja ekki satt og rétt frá og bendir á dæmi og það sé vel þekkt í sjókvíaeldisíðnaðinum að fyrirtæki greina ekki rétt frá lúsaástandi í kvím sínum.

Til að stuðla að trúveruleika er mikilvægt að lúsatalning verði framkvæmd af óháðum fagaðila eða þar til gerðum búnaði sem telur laxalúsina á eldisfiskinum. Hér á landi og í nágrennalöndum er það óháður fagaðili sem sér um umhverfisvöktun á lífrænu álagi við og í nágrenni eldiskvía og rekstrarleyfishafi greiðir fyrir þá þjónustu. Það er því ekkert óeðlilegt við það að sama gildi einnig um lúsatalningar eins og t.d. [fyrirkomulagið er í Færeyjum](#).

Aðkoma Matvælastofnunar getur síðan verið að sannprófa lúsatalninguna óháðs fagaðila og talningabúnaðar, eins og annað eftirlit og vöktun sem rekstrarleyfishafi þarf að framkvæma.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um að rekstrarleyfishafar skuli grípa til sérstakra aðgerða ef rannsóknir Hafrannsóknastofnunar gefa tilefni til að ætla megi að mikil hætta sé á lúsasmiti.

Hvaða rannsóknir?

Hvaða rannsóknir Hafrannsóknastofnunar er hér átt við? Eru það rannsóknir á tíðni laxalúsar á villtum laxfiskum í nágrenni við laxeldið og gripið verði til sérstakra aðgerða ef ákveðinn fjöldi lúsa mælist? Ef svo er hver eru þá viðmiðunarmörkin þegar grípa skal til sérstakra aðgerða? Ef átt er við rannsóknir á tíðni laxalúsa á villtum laxfiskum er hægt hafa til fyrirmyndar fyrirkomulag eins og það er í Noregi er varðar [vöktun](#) og [viðbrögð](#).

Í þessu samhengi er einnig vert að benda á eins og fram kemur í umsögn [RORUM](#) að Hafrannsóknastofnun hafi aldrei stundað rannsóknir á smiti lúsa á eldisfiskum né villtum fiskum. Staðreyndir er sú að óháðir fagaðilar hafa séð um slíkar rannsóknir og/eða athuganir, þ.m.t. RORUM og einnig má nefna Náttúrustofa Vestfjarða.

Sjá einnig kafla 5.1 í umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar [Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040](#).

Tillögur:

- ✓ Greinin verði endurrituð að stórum hluta og m.a. verði haft að leiðarljósi:
 - Lúsatalning verði framkvæmda af óháðum fagaðila eða þar til gerðum búnaði samþykktum af Matvælastofnun.
 - Matvælastofnun með reglubundnum hætti sannprófi talningu óháðs fagaðila og talningabúnaðar.
 - Framkvæmd vöktunar á laxalúsaálagi á villtum laxfiskum og viðbrögð við frávikum.

11.2.1 Punktakerfi (58. gr.)

Punktar skulu skráðir á smitvarnasvæði vegna fjölda lúsasmita sem fer yfir tiltekin mörk og vegna fjölda lyfjameðferða gegn lús. Matvælastofnun skal halda opinbera skrá yfir punkta sem skráðir eru fyrir hverja kynslóð fisks í sjókvíaeldi. Taki aðgerðir aðeins til hluta sjókvía-eldisstarfsemi á smitvarnasvæði, þá skal fjöldi punkta skerðast og skal þá miða við fjölda sjó-kvíá sem sætir meðhöndlun.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð viðmið um fjölda og tegund lúsa á hverjum fiski vegna punktakerfis, tímasetningu talninga og fjölda lyfjameðferða gegn lús sem varða skráningu punkta á smitvarnasvæði, sem og þann fjölda punkta sem skráður skal í hverju tilfalli.

Refsigjald


Það eru fjölmargir annmarkar að fara þá leið að refsa með að minnka framleiðsluheimildir eins og komið er inn á í umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við stefnumótuninni [Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040](#). Það kann þó að vera skynsamlegra og e.t.v. einfaldara að miða við ákveðið gjald fyrir hverja laxalús sem finnst á eldisfiski (mynd 11.3). Í [opinberri norskri skýrslu](#) eru hugmyndir um gjaldtöku reifaðar þegar tíðni laxalúsar á eldislaxi færi yfir ákveðið viðmið.

Varðandi refsigjald þyrfti að hafa eftirfarandi í huga við innleiðingu:

- *Refsa strax:* Í staðinn fyrir að vera með niðurskölum á framleiðsluheimildum sem kæmi til framkvæmda eftir nokkra mánuði eða ár yrði í staðinn notað sérstakt refsigjald fyrir hverja laxalús sem er umfram ákveðið hámarks viðmið og refsigjald greitt strax eftir sýnatöku. Óháðir fagaðilar/eða sjálfvirkur búnaður myndi reglulega taka talningu á laxalús á eldisfiski og í framhaldinu yrði reikningur sendur til viðkomandi fyrirtækis.
- *Rukka fyrir hverja laxalús:* Við gjaldtöku yrði meðalfjöldi laxalúsa á eldislaxi í sýni margfaldaður með fjölda fiska og þannig fundið út ákveðið gjald. Sett væri ákveðið viðmið

um heimilaðan fjölda laxalúsa á eldisfiski. Þegar tíðni laxalúsar á eldisfiski færi yfir sett viðmið þyrfti rekstraraðili að greiða refsigjald.

- *Hafa hátt gjald:* Ef það væri t.d. ein lús að meðaltali á fiski og sett hámark væri 0,5 kynþroska kvenlús á fisk og ein milljón fiska í sjókvíum fyrirtækisins væru samtals 500.000 þúsund laxalús sem þyrfti að greiða refsigjald strax eftir framkvæmd sýnatöku. Miðað við gjald upp á 25 kr/lús þyrfti fyrirtækið að greiða 12.5 milljónir króna eftir hverja sýnatöku (25 kr/lús x 500.000 lús) sem myndi síðan aukast ef tíðni laxalúsar hækkaði í næstu sýnatöku.



Mynd 11.3. Stighækkandi refsigjald með aukinni tíðni kynþroska kvenlúsar á eldisfiski.

- ✓ *Umhverfissóðar greiði meira:* Til að tryggja að umhverfissóðarnir högnuðust ekki á að vera með háa tíðni af laxalús yrði gjaldið tvöfaldað þegar tíðni laxalúsar á eldisfiski færi úr 1 í 2, aftur tvöfaldað við að tíðnin fari úr 2 í 3 o.s.frv. Þegar fjöldi laxalúsa er kominn að ákveðnu viðmiði, t.d. 5 kynþroska kvenlús á eldisfiski yrði allur fiskur fjarlægður úr sjókvínni sbr. 60 gr.
- ✓ *Lyfjameðhöndlun á að vera dýr:* Lyfjameðhöndlun yrði algjört neyðarúrræði og það þyrfti að vera sérstakt refsigjald, t.d. 10 milljónir króna fyrir hverja sjókví, sem yrði töluvert meira en hefði verið í tilfelli gjaldtöku á laxalús ef meðhöndlunin hefði ekki verið framkvæmd. Þegar heimild til lyfjameðhöndlunar væri veitt lægi einnig fyrir refsigjald rekstraraðila vegna aflúsunarinnar. Þannig væru komnar forsendur fyrir rekstraraðila að meta hvort láta eigi framkvæma aflúsun eða slátra fiskinum.

Tillögur:

- ✓ Greinin verði tekin til gagngerðar endurskoðunar og þarf haft til viðmiðunar:
 - Lagt er til að skoðað verði hvatakerfi með gjaldtöku á meðan fjöldi laxalúsa er yfir viðmiðunarmörkum til að þrýsta á að viðeigandi úrbætur verði strax gerðar.
 - Refsigjald fyrir hverja kynþroska kvenlús verði 25 kr/lús fest í lögnum um lagareldi og ráðherra gefin heimild í reglugerð til stighækkandi gjaldtöku eftir því sem tíðni laxalúsar hækkar.
 - Refsigjald fyrir lyfjameðhöndlun verði t.d. 10 milljónir fyrir hverja sjókví.

11.2.3 Breyting leyfilegs lífmassa vegna lúsasmits og meðhöndlunar (59. gr.)

Leyfilegur lífmassi hvers smitvarnasvæðis skal vera 5% hærri en að öðrum kosti væri heimilt ef punktar skv. 58. gr. voru færri en fjórir vegna eldis undanfarandi kynslóðar.

Leyfilegur lífmassi hvers smitvarnasvæðis skal vera óbreyttur frá næsta undanfarandi affallatímabili ef punktar skv. 58. gr. voru fjórir til átta vegna eldis undanfarandi kynslóðar.

Leyfilegur lífmassi hvers smitvarnasvæðis skal vera 5% lægri en að öðrum kosti væri heimilt ef punktar skv. 58. gr. voru fleiri en átta vegna eldis undanfarandi kynslóðar.

Leyfilegur lífmassi samkvæmt þessari grein getur aldrei orðið meira en hámarkslífmassi samkvæmt burðarþolsmati segir til um.

Breytingar skv. 1.–3. mgr. eru ótímabundnar og verður aðeins breytt að nýju ef punkta-fjöldi breytist skv. 1.–3. mgr. eða ef nýr rekstrarleyfishafi hefur sjókvíald í viðkomandi smitvarnasvæði.

Breytingar á leyfilegum lífmassa samkvæmt þessara grein skulu miðast við leyfilegan líf-massa hverju sinni eins og hann hefur áður breyst en ekki upphaflegan hámarkslífmassa samkvæmt burðarþolsmati. Breytingar samkvæmt þessari grein skulu jafnframt miðast við hlutfall leyfilegs lífmassa sem nýttur er hverju sinni þegar breyting á sér stað. Takmarkanir eða aukning á heimildum á hverju smitvarnasvæði samkvæmt þessari grein eru til viðbótar við aðrar takmarkanir eða aukningu samkvæmt lögum þessum, m.a. vegna affalla.

Hafi ekki reynst mögulegt að hækka leyfilegan lífmassa skv. 1. mgr. vegna þess að hámarkslífmassa var þegar náð þegar hækkun hefði annars átt að koma til framkvæmda skal Matvælastofnun færa slíka hækkun á móti þeim lækkunum sem síðar kunna að koma til, þó þannig að ekki er hægt að færa slíka hækkun á móti lækkunum ef meira en fimm ár eru síðan heimild til hækkunar varð fyrst til.

Skilar litlu í nágrannalöndum

Hér er verið að fara svipaða leið eins og stuðst er við í Noregi og Færeyjum. Þetta kerfi sem hefur verið nefnt umferðaljoskerfi í Noregi hefur skilað litlu er varðar breytingar á fjölda [útsettra seiða](#) og þar á meðal á svæðum þar sem vandamálið með laxalús er mest. Sama gildir um [Færeyjar](#) en þar hefur framleiðslan verið að aukast þrátt fyrir allt. Það hefði því verið æskilegt að byrja fyrsta að taka saman greinagerð þar sem farið væri yfir reynslu Norðmanna og Færeyinga við að halda niðri laxalúsaálaginu með notkun hvatakerfis þar sem framleiðsluheimildir væru minnkaðar eða hækkaðar allt eftir frammistöðu. Skoða hvort þetta kerfi skilaði tilætluðum árangri hér á landi og þá meta hverju þyrfti að breyta til að hvatakerfið skili því sem stefnt er að.

Getur bitnað á nærsamfélaginu

Það eru ýmsir vankantar á því að koma þessu fyrirkomulagi á hér á landi. Í því sambandi má nefna að minnkun á framleiðsluheimilda hjá laxeldisfyrirtækjum bitna einnig á nærsamfélaginu vegna minni umsvifa og færri atvinnutækifæra. Í öllum rekstri er fyrirsjáanleiki mikilvægur, laxeldisfyrirtækin búin að fjárfesta í búnaði og ráða starfsmenn sem myndu ekki nýtast við niðurskölun framleiðsluheimilda. Það verður því sameiginlegt viðfangsefni allra er hafa hagsmuna að gæta að þrýsta á stjórnvöld að koma í veg fyrir niðurskölun eða lágmarka. Það eru ekki taldar miklar líkur á að fyrirhugað hvatakerfi hafi mikil áhrif á framleiðsluheimildir, skv. reynslu í Noregi og Færeyjum. Það má að vísu telja það til kostar þegar horft er til neikvæðra áhrifa á nærsamfélagið en skilar takmörkuðu árangri til að halda niðri laxalúsaálaginu og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Ef það er markmiðið að refsa þeim sem ekki eru að standa sig í að halda laxalúsinni niðri þá er skynsamlegast leiðin að vera með refsigjald sem bitnar þá eingöngu á rekstrarleyfishöfum

Tillögur:

- ✓ Greinin verði endurskrifuðu í heild sinni. Í staðinn fyrir að minnka eða auka framleiðsluheimildir verði frekar farin sú leið að vera með refsigjald sbr. tillögum í 58. gr.

11.3.4 Fjarlæging lúsasmitaðs fisks (60. gr.)

Við ákvörðun viðmiðunarmarka lúsasmits í reglugerð skal kveðið á um tiltekinn hámarksfjölda lúsa sem finnst á fiski.

Hvaða viðmiðunarmörk?

Það voru margir með samskonar umsögn við frumvarpsdrög um lagareldi á [samráðgáttinni](#). Með réttum er þar bent á að vöntun er á viðmiðunum eða ásættanlegu lúsagildi:

„Ekkert er tekið fram í frumvarpinu hver ásættanleg lúsagildi eru. Nýlega kom upp einn versti lúsafaraldur í sögu þessa iðnaðar, og það hér á Íslandi. Það er nauðsynlegt að taka þetta föstum tökum og gefa enga afslátti. Ég skora á stjórnvöld að taka upp NASCO staðlana er varða lús. Ef lús fer yfir þá staðla, ætti það að leiða af sér varanlega skerðingu á framleiðsluheimildum fyrir iðnaðinn“.

Hér er væntanlega verið að vísa til [CNL\(19\)43 - Salmon farming: NGOs demand that Governments honour the Williamsburg Resolution commitments](#) sem er að finna á vefsíðu [NASCO](#). Þar er miðað við 0,1 kynþroska kvenlús/ eldisfisk allt árið sem væri síðan hægt að hækka eða lækka allt eftir niðurstöðum vöktunar á villtum fiskistofnum.

Kröfur um viðmiðunarmörk

Ef það á að geta haldið niðri laxalúsaálaginu, sérstaklega þar sem búið er að úthluta miklum framleiðsluheimildum og mikill þéttleiki er af eldisfiski, þarf strangar viðmiðanir. Þeim viðmiðunum þurfa öll sjókvíaeldisfyrirtæki að fylgja en ekki eins og nú er þar sem sumum rekstrarleyfishöfum hefur verið leyft að hafa allt upp í annan tug kynþroska kvenlúsa á eldisfiski. Strangar kröfur um fjölda kynþroska kvenlúsa er forsenda þess að hægt verði að halda laxalúsaálaginu niðri þar sem er mikill þéttleiki á eldisfiski eins og gert er ráð fyrir í flestum fjörðum hér á landi. Til að leggja áherslu á mikilvægi þá komi fram í lögnum að hámarks viðmið verði 0,5 kynþroska kvenlús á eldisfiski.

Tillögur:

- ✓ Til að leggja áherslu á mikilvægi málsins verði sett í lögin að kröfur um hámark 0,5 kynþroska kvenlúsa/eldisfisk.

-

11.3 Mögulegar sviðsmyndir

Ef frumvarpið fer óbreytt í gegn við afgreiðslu þess á Alþingi Íslendinga mun þróunin líklega vera eftirfarandi:

- ✓ **Viðmið:** Ráðherra hefur möguleika að setja viðmið um tíðni laxalúsar í reglugerð og mikill þrýstingur mun vera að slakað verði á kröfum, m.a. með þeim rökum að minni hagsmunir þurfi að víkja fyrir meiri hagsmunum.
- ✓ **Laxalús:** Tíðni laxalúsar á eldisfiski mun minnka en framleiðsla á laxalúsalirfum aukast vegna aukins umfangs laxeldis.
- ✓ **Umhverfisáhrif:** Tíðni laxalúsar og afföll á villtum laxfiskum mun aukast vegna meiri framleiðslu á laxalúsalirfum í sjókvíeldisstöðvunum.
- ✓ **Smitvarnarsvæði:** Smitvarnarsvæði munu ekki skila því sem væntingar voru um þar sem kröfur um hámarks viðmið laxalúsar á eldisfiski er ekki nægilegar, mikil framleiðsla á laxalúsalirfum og töluvert rek á milli sjókvíaeldisstöðva.

12. Kynþroska lax (XI. kafli)

12.1 Almennt

Um kynþroska

Kynþroski dregur úr gæðum og lækkar markaðsverð á eldislaxi. Það er því mikill fjárhagslegur hvati hjá laxeldisfyrirtækjunum að halda kynþroska eldislaxi í lágmarki. Með kynbótum undanfarinna áratuga hefur dregið verulega úr kynþroska hjá eldislaxi. Ásamt kynbótum hefur verið notuð ljósastýring, þ.e.a.s. vera með stöðugt ljós á fiskinum yfir vetramánuðina til að draga úr kynþroska eldislaxa í sjókvíum. Þrátt fyrir að unnið hafi verið gott þróunarstarf á síðustu áratugum má ávallt gera ráð fyrir að ákveðið hlutfalla af eldislaxinum geti orðið kynþroska.

Heimilað kynþroskahlutfall

Í núverandi frumvarpi um lagareldi er krafan um að kynþroskahlutfall undir 1% sbr. 61. gr. Þar sem kynþroskahlutfallið hefur verið skoðað er oftast ákveðið hlutfall af eldislaxinum kynþroska þó svo að ljósastýring dragi vissulega úr því. Hér er vísað til [andmæla höfundar við áhættumat erfðablöndunar](#) og [nokkurra vísindagreina](#). Vissulega hefur átt sér stað framþróun í að halda niðri kynþroskahlutfallinu en krafan um engan kynþroska (eða undir 1%) er vart raunhæf eins og staðan er í dag.

Framkvæmd ljósastýringar

Ávallt eru einhverjir sem ekki eru að standa sig í framkvæmd mótvægisáðgerða til að draga úr kynþroska. Það má segja að slysasleppingin í Kvígindisdal í Patreksfirði í ágúst 2023 hafi komi umræðunni og kröfu um engan kynþroska af stað. Það kom snemma fram í rannsókn málsins að grunur væri á að fyrirtækið hafi ekki gætt að ljósastýringu eins og gert er grein fyrir í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#).

Í [rekstrarleyfi](#) Arctic Sea Farm (Arctic Fish í Patreksfirði er kveðið á að viðhafa ljósastýringu við kvíarnar frá 20. september til 20. mars. Það vekur athygli að [almennt er miðað við](#) að ljósastýring hefjist um áramótin og ná fram á vor/sumar. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um af hverju önnur tímasetning ljósastýringar er höfð í rekstrarleyfum hér á landi og þá hvort og hvaða áhrif það getur haft á að hemja kynþroska eldislaxa í sjókvíum.

Kynþroskahlutfallið í Patreksfirði

Þegar kannað var kynþroskahlutfall hjá Arctic Fish í sjókvíum í Kvígindisdal kom í ljós að af því úrtaki eldislaxa sem var rannsökuð voru 35% kynþroska. Til samanburðar var jafngamall lax í eldi í Arnarfirði skoðaður og reyndist [enginn fiskur kynþroska](#). Varðandi mælingarnar á kynþroskahlutfalli eldislaxa hjá Arctic Fish í Patreksfirði er haft eftir [forsvarsmanni hjá Hafrannsóknastofnun](#) „þetta eru mælingar sem okkar fólk gerði. Reyndar ekki úr þessari kví heldur úr annarri kví í Kvígindisdal“. Aðeins var um 40 fiska úrtak í sýninu sem tekið var. Í raun liggja því ekki fyrir upplýsingar um raunverulegt kynþroskahlutfall í þeirri eldiskví sem eldislaxinn slapp.



Rannsóknir kynþroskahlutfall

Það sem vekur athygli er að fyrst eftir að það kemur í ljós að hátt hlutfall af kynþroska er í eldislaxi sem slapp úr kvíum í Patreksfirði fer Hafrannsóknastofnun að rannsaka hlutfall kynþroska hjá laxeldisfyrirtækjum. Hlutfall kynþroska er ein mikilvægasta forsendan í líkani áhættumats erfðablöndunar og er athyglisvert að Hafrannsóknastofnun hafi ekki verið búin að afla raungagna. Þetta er dæmigert fyrir vinnubrögðin hjá Hafrannsóknastofnun er varðar áhættumat erfðablöndunar. Á árunum [2003](#) og [2004](#) þegar laxeldi í sjókvíum var stundað tímabundið á Austfjörðum var metið hlutfall kynþroska af veiðimálastjóra. Í þessum mælingum voru almennt nokkur prósent eldislaxanna kynþroska hvort sem það var lýsingi í kvíunum eða án lýsingar.



12.2 Um einstakar greinar

12.2.1 Eldi kynþroska eldislax (61. gr.)

Rekstrarleyfishafi skal seinka kynþroska frjós eldislax svo lengi sem verða má. Óheimilt er að ala frjóan eldislax þannig að áætlað hlutfall kynþroska eldislax í tiltekinni kynslóð eldislax eða í tiltekinni sjókví sé yfir 1% af áætluðum heildarfjölda eldisfisks í viðkomandi kynslóð eða sjókví.

Fari hlutfall kynþroska fisks í sjókví yfir 5% af áætluðum heildarfjölda eldisfisks í viðkomandi sjókví skulu allir kynþroska fiskar fjarlægðir úr sjókví. Fari hlutfall kynþroska fisks í sjókví yfir 3% af áætluðum heildarfjölda eldisfisks í viðkomandi sjókví á tímabilinu júní til nóvember skulu allir kynþroska fiskar fjarlægðir úr sjókví.

.....

Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð þar sem kveðið er á um hvernig skoðun fisks fer fram, frest til slátrunar og hvernig heildarfjöldi kynþroska eldisfisks skal áætlaður. Í reglugerð má m.a. kveða á um að skoða skuli úrtak fiska og stærð úrtaks.


Tímasetning og framkvæmdaaðili

Til að gera metið kynþroskahlutfall eldislaxa í sjókvíum þarf að taka sýni, opna fiskinn og meta stærð kynkirtla. Sé kynkirtlavísitalan $GSI < 0,3$ er ekki gert ráð fyrir að fiskur nái kynþroska að hausti skv. nýlegri breytingu á [reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi](#). Hvort krafa verður gerð um að sýni séu tekin allt árið eða t.d. frá maí til loka ársins samhliða talningu á laxalús á eldisfiski er ekki vitað. Skynsamlegast er að miða við sýntöku á sama tíma og laxalús er talin til að forðast að meðhöndla eldislaxinn yfir köldustu vetramánuðina.

Við mat á kynþroska standa starfsmenn laxeldisfyrirtækja frammi fyrir því að þeir kunna að valda atvinnurekanda sýnum verulega fjárhagslegu tjóni ef þeir finna of marga kynþroska fiska. Verður þeirra sýnataka marktæk og treystandi? Skynsamlegast er að láta óháðan aðila sjá um sýnatökuna og þá hægt að framkvæma samhliða talningu á laxalús eins og lagt er til í umsögn með 56. gr.

Stærð sýnis

Það kom upp áleitnar spurningar er varðar sýnatöku. Því lægra sem hlutfall kynþroska eldislax er í sjókvínni þá þarf fleiri sýni til að tryggja að um tölfræðilega marktæka sýnatöku sé að ræða. Það getur þurft að taka jafnvel nokkrum hundruð fiska hverju sinni til að tryggja áræðalega niðurstöðu. Ef sýni



Mynd 12.1. Fjögur viðmiðunargildi í frumvarpinu fyrir hlutfall kynþroska og viðbrögð sem rekstraraðila þurfa að fara eftir.

eru tekin einu sinni á mánuði getur þurft nokkur tonn af eldisfiski úr kvínni, ótímabær slátrun og fjárhagslegt tjón getur verið verulegt. Mikilvægt er að unnið verði eftir stöðluðum leiðbeiningum sem gildi fyrir allar laxeldisstöðvar og verði að finna í reglugerð.

Kynþroskahlutfall

Töluverður breytileiki getur verið í kynþroska af ýmsum ástæðum. [Rannsóknir](#) sýna að ekki er hægt að útiloka að upp komi kynþroski þrátt fyrir ljósastýringu. Í sjókvíaeldi er erfiðara að hafa stjórn á umhverfisþáttum en í landeldi og ekki hægt að útiloka að mismunandi birtuskilyrði/skyggni sjávar geti haft áhrif á kynþroskahlutfall á milli svæða og jafnvel ára. Það er ekki aðeins spurning um hvort 1% kynþroskahlutfall sé raunhæft heldur einnig sá breytileiki sem kanna að koma upp eftir aðstæðum og jafnvel árum. Það geta því reglulega komið upp mikill kynþroski í eldislaxi þrátt fyrir að rekstrarleyfishafi hafi verið með mótvægisáðgerðir og leggi sig verulega fram við að koma í veg fyrir kynþroska.

Viðmiðunargildi og viðbrögð

Strax við kynþroskahlutfall upp á 0,5% þarf að auka eftirlit með búnaði sbr. 63. gr. frumvarpsins. Óheimilt er að vera með hærra hlutfall en 1% kynþroska en ekki tekið á málum fyrr en við 3% yfir mánuðina júní til nóvember og við 5% á öðrum árstímum þar sem rekstraraðila er gert skylt að fjarlægja allan kynþroska eldislax úr sjókví (mynd 12.1). Það er vart raunhæft að hægt sé að flokka frá kynþroska eldislax og í raun þýðir þetta ákvæði að allur fiskurinn í sjókvínni verði slátrað.

Þrátt fyrir ákvæði í frumvarpinu kemur 61. gr. ekki í veg fyrir samskonar atvik og átti sér stað í tilfelli slyssleppingar í Patreksfirði í ágúst 2023. Rekstraraðili getur haft allt að 3,5% kynþroskahlutfall og ef miðað er við að allur eldislax sleppi úr sjókví, t.d. 100.000 fiskar þá er fjöldi kynþroska laxa 3.500 eða fleiri kynþroska eldislaxar en talið var að hafi verið úr sleppingu í Patreksfirði í ágúst 2023.

Eldislax mun alltaf sleppa úr sjókvíum m.v. núverandi eldistækni. Hægt er að lágmarka tjónið með að leit og fjarlægja hann úr veiðiám eins og gert var í tilfelli slyssleppingarinnar í Patreksfirði.

Getur haft áhrif á útsetningastærð seiða

Þróunin er sú að verið er að setja stærri og stærri seiði í sjókvíar en við það aukast líkur á kynþroska jafnvel á fyrsta ári í sjókví. Sú staða getur því komið upp að rekstrarleyfishafa verði gert skylt að slátra öllum eldislaxi á fyrsta ári hans í sjó, jafnvel upp úr nokkrum kvíum og þannig orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni. Haft skal í huga að verðmæti á eldislaxi sem kominn er upp í sláturstæð getur numið um 500 milljónir króna í einni sjókví.

Minnkar samkeppnishæfni

[Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi](#) benda á þessum ákvæðum í frumvarpsdrögum sé óraunhæft að framfylgja. Undir það er hægt að taka. Þær kröfur sem settar eru í XI. kafla frumvarpsins um kynþroska lax er ekki að finna í nágrannalöndum sem dregur úr samkeppnishæfni laxeldis í sjókvíum

á Íslandi. Hér er um að ræða kostnaðarauka og tekjur minnka í tilfelli ótímabærra slátranna. Hér er því skynsamlegt að doka við og endurskoða greinina frá grunni.

Tillögur

- ✓ Lagt er til að 61. gr. frumvarpsins verði tekin til gagngerðar endurskoðunar og þar haft til viðmiðunar:
 - Kemur ekki í veg fyrir að mikill fjöldi kynþroska eldislaxa gagni upp í veiðiár sambærilegt og í tilfelli slysasleppingarinnar í ágúst 2023 í Patreksfirði.
 - Óháður aðili verði látinn sjá um sýnatöku við mat á kynþroska og getur hún verið framkvæmd á sama tíma og talningar á laxalús á eldisfiski.
 - Í staðinn fyrir að hafa viðmiðanir um kynþroskahlutfall í lögum verði ráðherra gefin heimild að setja í reglugerð. Það væri þó haft í lögnum að við 5% kynþroskahlutfall verði rekstraraðila gert skylt að flýta slátrun.

12.2.2 Aðgerðir til að seinka kynþroska (62. gr.)

Rekstrarleyfishafi skal viðhafa áætlun til að koma í veg fyrir og seinka kynþroska eldislax. Skal áætlun rekstrarleyfishafa send Matvælastofnun til samþykktar.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um skyldu til ljósastýringar eða annarra aðgerða til að fresta eða koma í veg fyrir kynþroska.

Ein regla

Í greininni kemur fram að rekstrarleyfishafi skal viðhafa áætlun til að koma í veg fyrir og seinka kynþroska eldislax, sem Matvælastofnun samþykkir. Það hefur nú ekki reynst vel s.s. í tilfelli að halda niðri laxalús. Lagt er til að það sé ein regla fyrir alla rekstrarleyfishafa, sem er einfaldara og sanngjarnara. Mismunandi reglur geta boðið upp á mismunun og flækir eftirlit.

Hafa meira opið

Skv. 62. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um skyldu til ljósastýringar eða annarra aðgerða til að fresta eða koma í veg fyrir kynþroska. Í fyrsta lag í staðinn fyrir að nota heimilt sé notað skal. Í öðru lagi verði tekið út ljósastýring og ákvæðið haft meira opið þannig að rekstraraðili geti notað aðrar aðferðir en ljósastýringu ef kostur er á því, s.s. í tilfelli nýrrar tækni. Ráðherra setur síðan ákvæði í reglugerð ef og þegar nýjar aðferðir verða þróaðar.

Tillögur

- ✓ 1. mgr. verði alfarið felld út og 2. mgr. verði svohljóðandi:
 - Ráðherra skal með reglugerð að kveða á um skyldu til aðgerða til að fresta eða koma í veg fyrir kynþroska.

12.2.3 Sérstakt eftirlit vegna kynþroska fisks (63. gr.)

Við slátrun skal rekstrarleyfishafi hafa eftirlit með hlutfalli kynþroska lax af slátruðum laxi og skal rekstrarleyfishafi veita Matvælastofnun allar upplýsingar þar að lútandi. Matvælastofnun er jafnframt heimilt að hafa eftirlit með kynþroska laxa bæði í sjókvíum og í sláturhúsum. Kynþroska lax skal tekinn frá við slátrun og talinn sérstaklega.

Óháður fagaðili

Við slátrun skal rekstrarleyfishafi hafa eftirlit með hlutfalli kynþroska af slátruðum laxi og skal rekstrarleyfishafi veita Matvælastofnun allar upplýsingar þar að lútandi. Arnarlax, Arctic Fis og Ice Fish Farm eru öll með seiðaeldi, matfiskeldi og slátrun. Það er ekki trúverðugt að starfsmenn fyrirtækisins meti hlutfall kynþroska og er hér lagt til að óháður aðili taki reglulega sýni til að meta kynþroskahlutfall.

Ósamræmi í niðurstöðum

Það má gera ráð fyrir að mat á hlutfalli kynþroska geti verið nákvæmara í sláturhúsi en við sýnatöku í sjókví. Ef upp kemur verulegt misræmi, hvað á þá að gera við þær niðurstöður? Þegar sýni er tekið í sláturhúsi er að öllu jöfnu verið að slátra úr sjókví sem verður tæmd innan örfárra daga. Þessi sýnataka getur því vart verið annað en til að sannprófa sýnatöku og mat á kynþroskahlutfalli eldislaxa í sjókvíum.

Sé ástæða til að ætla að hlutfall kynþroska eldislax sé orðið hærra en 0,5% í sjókví skal rekstrarleyfishafi grípa til sérstakra aðgerða til þess að koma í veg fyrir strok, m.a. með aukinni tíðni köfunar eða myndatöku til að kanna ástand sjókvía og eldisbúnaðar.

Ástæða til að ætla?

Í 2. mgr. 63. gr. frumvarpsins kemur fram að sé ástæða til að ætla að hlutfall kynþroska eldislaxa sé orðið hærra en 0,5% í sjókví skal rekstrarleyfishafi grípa til sérstakra aðgerða. Hér er eðlilegt komi inn í staðinn fyrir ástæða til að ætla, að við 0,5% kynþroskahlutfall skuli rekstrarleyfishafi grípa til aðgerða. Það er síðan hlutverk ráðherra í reglugerð að setja staðlaðar reglur um framkvæmd og mat á kynþroskahlutfalli sem standast skoðun.

Aukið eftirlit

Í greininni kemur jafnframt fram að komið sé í veg fyrir strok, m.a. með aukinni tíðni köfunar eða myndatöku til að kanna ástand sjókvía og eldisbúnaðar. Í nýlegum breytingum á [reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi](#) eru kröfur hertar og og rekstrarleyfishafa ber skylda til þess að viðhafa neðansjávareftirlit með ástandi netpoka á a.m.k. 30 daga fresti. Ef meðalþyngd laxa í sjókvíum er hærra en 4 kg á tímabilinu 1. júlí til 30. nóvember skal viðhafa neðansjávareftirlit með ástandi netpoka á 14 daga fresti. Það er e.t.v. orðið full mikið að auka kröfurnar fram yfir það sem nú er orðið.

Tillögur:

- ✓ Mat á kynþroskahlutfalli eldislaxa við slátrun verði framkvæmd af óháðum fagaðila.
- ✓ Í staðinn fyrir að fram komi ástæða til að ætla, komi í staðinn við 0,5% kynþroskahlutfall.

12.3 Mögulegar sviðsmyndir

Ef engin breyting verður á frumvarpinu munu koma upp mál er varðar s.s. áræðaleika sýntöku og fjárhagslegt tjón sem laxeldisfyrirtækin verða fyrir:

- ✓ **Ónákvæmni í sýnatöku:** Fram mun koma að sýnatökur á kynþroskahlutfalli eldislaxa í sjókvíum eru mjög ónákvæmar og standast ekki skoðun.
- ✓ **Mikil frávik:** Það munu vera töluverð frávik á niðurstöðum á kynþroskahlutfalli á milli sjókvíaeldisstöðva og jafnvel á milli ára þrátt fyrir að reynt sé að vanda til verka.
- ✓ **Ótrúverðugar niðurstöður:** Sýnatökur starfsmanna laxeldisfyrirtækja munu fá það orð að vera ótrúverðugar og niðurstöðum ekki treystandi.
- ✓ **Stórseiði:** Það mun draga úr áhuga á útsetningu stórseiða vegna aukinnar hættu á að kynþroskahlutfallið aukist.

- ✓ **Fjárhagslegt tjón:** Laxeldisfyrirtækin munu verða fyrir umtalsverðu fjárhagslegu tjóni vegna ótímabærra slátrunar.
- ✓ **Óheppilegar kröfur:** Það mun vera mikill þrýstingu frá laxeldisfyrirtækjum og nærsamfélaginu á ráðherra um að kröfur verði minnkaðar varðandi kynþroskahlutfall og ekki verður hægt að koma því við vegna þess að viðmiðunarmörk eru fest í lög um lagareldi.

13. Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis (XII. kafli)

13.1 Almennt

13.1.1 Rekstrarleyfi og afturköllun

Staðan á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum er búið að gefa leyfi fyrir um 62.000 tonna hámarkslífmassa og í umsóknarferli eru 10.000 tonn. Hér er því um að ræða mikil verðmæti og það getur orðið verulegur fjárhagslegur skaði ef leyfin verða minnkuð eða tekin af rekstrarleyfishafa og jafnframt einnig fyrir nærsamfélagið.


Arctic Fish er með um 30.000 tonna hámarkslífmassa í fimm fjörðum, Patreks- og Tálknafirði, Arnarfirði, Dýrafirði og Ísafjarðardjúpi (mynd 13.1).

Arnarlax er með 23.500 tonna hámarks lífmassa og til viðbótar 10.000 tonn í umsóknarferli í Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið er með leyfi í Patreks- og Tálknafirði og Arnarfirði (mynd 13.1).


Háafell er með 6.800 tonna hámarkslífmassa í Ísafjarðardjúpi og Hábrún er einnig með 700 tonn í Djúpinu. ÍS 47 er með 1.000 tonna hámarkslífmassa í Önundarfirði.

Staðan á Austfjörðum


Á Austfjörðum er staðan mun einfaldari en á Vestfjörðum. Aðeins einn aðili er með allt eldi á Austfjörðum, fyrirtækið Ice Fish Farm. Hámarkslífmassi er um 44.000 tonn og í umsóknarferli eru 10.000 tonn í Seyðisfirði. Ice Fish Farm hefur leyfi til eldis í Berufirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði (mynd 13.2).



Mynd 13.1. Eldissvæði og hámarkslífsmassi sjókvíeldisfyrirtækja á Vestfjörðum eftir fjörðum. Eldisleyfi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi (merkt rautt) er ennþá í umsóknarferli.



Mynd 13.2. Eldissvæði og hámarkslífsmassi Ice Fish Farm á Austfjörðum.



Mynd 13.3. Leiðir sem lagðar voru til í frumvarpsdrögum um lagareldi í desember 2023 til að taka leyfi af rekstrarleyfishafa eða hækka/lækka framleiðsluheimildir.

Núverandi kerfi

Í núgildandi lögum nr. 71/2008 um fiskeldi eru ákvæði um afturköllun rekstrarleyfa einfaldari en lagt er til í þessu frumvarpi. Helstu ákvæði í lögum nr. 71/2008 eru er varðar forsendubrest:

- ✓ **Nýting innan 3-4 ára:** Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan þriggja ára frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfið úr gildi. Matvælastofnun getur veitt undanþágu ef málefnaleg sjónarmið búa að baki töfinni, þó ekki lengur en 12 mánuði.
- ✓ **Stöðvun í tvö ár:** Rekstrarleyfi skal fellt úr gildi ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í tvö ár.
- ✓ **Nýting innan fimm ára:** Matvælastofnun er heimilt, fimm árum frá útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis, að minnka leyfilegt framleiðslumagn samkvæmt rekstrarleyfi sé nýting þess minni en 50% af burðarþoli sjókvíaeldissvæðis.

13.1.2 Flókið kerfi

Umhverfismál hluti af kerfinu

Sú breyting sem fyrst var lögð fram í í frumvarpsdrögum að lagareldi í desember 2023 voru tiltölulega flóknar. Þá komu inn möguleiki að skerða og jafnvel auka heimildir vegna frammistöðu rekstrarleyfishafa í umhverfismálum. Það sem vekur þó helst athygli hve flókið kerfi er fyrirhugað að byggja upp (mynd 13.3). Við breytingu úr frumvarpsdrögum í frumvarp var fellt út ákvæði um lækkun heimilda í tilfellis stroks og eftir standa:

- ✓ **Afföll:** Heimildir geta hækkað eða lækkað allt að 3% allt eftir frammistöðu. Miðað er við smitvarnarsvæði og í tilfellum þar sem er fleiri en einn rekstraraðili, getur laxeldisfyrirtæki sem er að standa sig vel fengið lækkun á heimildum þegar aðrir rekstraraðilar eru ekki að standa sig (54 gr.).
- ✓ **Laxalús:** Það á að nota punktakerfi ef fjöldi lúsa fer yfir ákveðin mörk og tíðni notkunar lúsalyfja draga úr heimildum, en hvað felst í hverjum punkti er ennþá óljóst. Heimildir geta aukist eða minnkað um allt að 5%. Miðað er við smitvarnarsvæði og í tilfellum þar sem er fleiri en einn rekstraraðili, getur laxeldisfyrirtæki sem er að standa sig vel fengið lækkun á heimildum þegar aðrir rekstraraðilar eru ekki að standa sig (58. gr. 59 gr.).

Refsigjald kemur inn

Sú breyting var gerð frá frumvarpsdrögum til frumvarps að ekki er lengur gert ráð fyrir að lækka framleiðsluheimildir ef rekstrarleyfishafi er að missa eldislax úr sjókvíum og í staðinn tekið upp refsigjald sbr. VIII. kafla frumvarpsins um stök.

Með að vera með refsigjald vegna mikill affalla og laxalúsar mætti einfalda kerfið enn frekar. Þá félli einnig út ákv. um að hafi rekstrarleyfishafi glatað meira en 40% af upphaflegum leyfilegum lífmassa smitvarnasvæðis vegna skerðinga skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi.

Kosturinn við að nota gjald í staðinn fyrir að minnka framleiðsluheimildir er að refsingin bitnar eingöngu á rekstrarleyfishafa en ekki þjónustuaðilum og nærsamfélaginu eins og gert er grein fyrir í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Stefnumótun í lagareldi: Aðgerðir sem bitna á nærsamfélaginu.](#)



13.2 Um einstakar greinar

13.2.1 Forsendubrestur (64. gr.)

Rekstrarleyfishafi skal innan fimm ára frá fyrstu útgáfu rekstrarleyfis nýta a.m.k. einu sinni 20% af hámarkslífmassa viðkomandi smitvarnasvæðis. Ef starfsemi rekstrarleyfishafa nær ekki viðmiði skv. 1. másl. skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfið úr gildi. Matvælastofnun getur veitt undanþágu frá 1. másl. ef málefnaleg sjónarmið búa að baki töfinni, þó ekki lengur en 12 mánuði.

Að loknu upphafstímabili skv. 1. mgr. skal Matvælastofnun fella úr gildi rekstrarleyfi ef starfsemi á smitvarnasvæði stöðvast í þrjú ár eða ef mesta nýting leyfilegs lífmassa á hverju ári er undir 35% að meðaltali á ári á sex ára tímabili.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. og 2. mgr. skal Matvælastofnun veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

Hafi rekstrarleyfishafi glatað meira en 40% af upphaflegum leyfilegum lífmassa smitvarnasvæðis vegna skerðinga skv. IX. og X. kafla skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi.

Fyrirgeri rekstrarleyfishafi rétti sínum til rekstrarleyfis samkvæmt þessari grein telst rekstrarleyfishafi hafa glatað rétti til að starfa á viðkomandi smitvarnasvæði, óháð því hvort starfsleyfi sé í gildi eða ekki samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, og má bjóða smitvarnasvæðið út að nýju.

Breytingar á frumvarpi

Frá frumvarpsdrögum til frumvarps um lagareldi voru allnokkrar breytingar gerðar og þá allar þannig að slakað var á kröfum (tafla 13.1). Krafa um nýting á hámarkslífmassa einu sinni á 5-6 ára tímabili fór úr 30% í 20%. Í staðinn fyrir að rekstrarleyfi væri afturkallað eftir tvö ár var það lengt í þrjú ár. Í frumvarpsdrögum var gert ráð fyrir að afturkallað rekstrarleyfi ef mesta nýting leyfilegs lífmassa á hverju ári væri undir 50% að meðaltali á ári á fimm ára tímabili en var lækkað niður í 35% yfir sex ára tímabil.

Tafla 13.1. Samanburður á leiðum til lækkunar/hækkunar á framleiðsluheimildum eða lífmassa af frjóum laxi á lögum nr.71/2008 um fiskeldi, frumvarpsdrögum að lagareldi og frumvarpi að lagareldi.

| Lög nr. 71/2008 um fiskeldi | Frumvarpsdrög um lagareldi | Frumvarp um lagareldi |
|--|--|---|
| Nýting innan 3-4 ára: Þarf að hafa hafið rekstur. | Nýting 30%: Innan 5-6 ára frá útgáfu rekstrarleyfis þarf nýting að vera a.m.k. einu sinni 30% af hámarkslífmassa. | Nýting 20%: Innan 5-6 ára frá útgáfu rekstrarleyfis þarf nýting að vera a.m.k. einu sinni 20% af hámarkslífmassa. |
| Stöðvun í tvö ár: Rekstrarleyfi afturkallað. | Stöðvun í tvö ár: Rekstrarleyfi afturkallað. | Stöðvun í þrjú ár: Rekstrarleyfi afturkallað. |
| Nýting innan fimm ára: Afturkallað ef minni en 50% nýting af burðarþoli sjókvíaldissvæði. | Nýting innan fimm ára: Afturkallað ef mesta nýting leyfilegs lífmassa á hverju ári er undir 50% að meðaltali á ári á fimm ára tímabili. | Nýting innan sex ára: Afturkallað ef mesta nýting leyfilegs lífmassa á hverju ári er undir 35% að meðaltali á ári á sex ára tímabili |
| | Tapa 40%: Ef tapað meira en 40% af upphaflegum leyfilegum lífmassa vegna skerðinga. | Tapa 40%: Ef tapað meira en 40% af upphaflegum leyfilegum lífmassa vegna skerðinga. |

Bitnar á nærsamfélaginu

Refsingar á rekstraleyfishöfum hafa einnig áhrif á nærsamfélagið og á það er bent í umsögnum sveitafélaga við frummattdrögin. Í umsögn [Bölungavíkur](#) er bent á eftirfarandi:

„Hinsvegar er það svo að þegar fólk og fyrirtæki gera mistök og viðurlög eiga við samkvæmt frumvarpinu, þá er það óheppilegt með eindæmum að þeir sem munu hljóta mestan skaðann af slíkum refsingum sé samfélagið þar sem viðkomandi fyrirtæki er með starfsemi. Minni framleiðsla sem afleiðing af mistökum mun leiða til færri starfa og minni veltu í viðkomandi sveitarfélagi.“

Í sameiginlegri umsögn [Táknafjarðarhrepps](#) og [Vesturbyggðar](#) er bent á að:

„Um leið og umsagnaraðilar taka undir mikilvægi þess að aðilar í greininni axli ábyrgð á sinni starfsemi er bent á að sjókvíaldi er ráðandi atvinnugrein á sunnanverðum Vestfjörðum og því geta refsingar og takmarkanir í rekstri sjókvíaldisfyrirtækja haft mikil neikvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif fyrir íbúa og sveitarfélög svæðisins.“

Skerðing heimilda?

Það eru mjög litlar líkur á að rekstrarleyfishafi missi rekstrarleyfi vegna forsendubrests í 64. gr. frumvarpsins:


- ✓ **Stöðvun í þrjú ár:** Varðandi stöðvun í þrjú ár þá getur rekstrarleyfishafi tæknilega verið með eina sjókví með nokkrum fiskum til að halda leyfinu.
- ✓ **Nýting 20%:** Eftir útgáfu rekstraleyfis hefur rekstrarleyfishafi 5-6 ár til að ná 20% nýtingu á hámarkslífmassa og verður það að teljast tiltölulega litlar kröfur.
- ✓ **Nýting innan sex ára:** Þegar reksturinn er kominn á fullt er krafa um að nýting leyfilegs lífmassa á hverju ári sé yfir 35% að meðaltali á ári á sex ára tímabili og verður það að teljast tiltölulega litlar kröfur.

Ef það er ætlunin að afturkalla rekstrarleyfi vegna forsendubrest þarf að auka kröfurnar umtalsvert.

Það þarf mikið til

Ef við göngum út frá að rekstrarleyfishafi fengi fulla skerðingu (3%) vegna mikilla affalla og einnig hámarks skerðingu (5%) vegna þess að of mikið er af lús á fiskinum myndi leyfilegur lífmassi hvers smitvarnarsvæðis minnka um 8% á hverju ári. Rekstrarleyfishafi gæti verið með samfelld í um sjö ár hámarks skerðingu áður en komið er að samtals 40% skerðingu á smitvarnarsvæðinu (mynd 13.4).

Rekstrarleyfishafi gæti verið með allt niður um sig í mörg ár, mjög mikil afföll á eldisfiski, laxalús langt yfir viðmiðunum, með mjög slæmt umtal og mótmæli almennings. Á sjöunda ári tæki hann sig á í rekstrinum og á næstu fimm árum ynni til baka það sem tapaðist af leyfilegum lífmassa. Það er alveg ljóst að það þarf mjög mikið til að 40% skerðingarákvæðið valdi því að rekstrarleyfishafi missi sitt rekstrarleyfi og í raun fyrirséð að það er ekki inn í myndinni.



Mynd 13.4. Skerðing á leyfilegum lífmassa miðað við 8% lækkun á hverju ári.

13.3 Mögulegar sviðsmyndir

Ef breytingar verð ekki gerðar á frumvarp um lagareldi er varðar afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis er mjög ólíkt að það komi til skerðinga. Það verður engin afturköllun á rekstrarleyfum vegna þess að:

- ✓ Nýting hámarkslífmassa innan **5-6 ára** frá útgáfu rekstrarleyfis nær ekki **20%** af hámarkslífmassa.
- ✓ Starfsemi á smitvarnasvæði stöðvast í **þrjú ár**.
- ✓ Mesta nýting leyfilegs lífmassa á hverju ári er undir **35%** að meðaltali á ári á **sex ára** tímabili.
- ✓ Rekstrarleyfishafi hafi glatað meira en **40%** af upphaflegum leyfilegum lífmassa smitvarnasvæðis vegna skerðinga vegna affalla og laxalúsar

14. Umhverfissjóður sjókvíaeldis ((XIII. kafli)

14.1 Almennt

Umhverfissjóði sjókvíaeldis var komið á við [endurskoðun laga nr. 71/2008 um fiskeldi](#) á árinu 2014. Sjóðnum var ætlað að greiða kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Sjóðurinn starfar eftir [reglugerð nr. 874/2019](#) um



Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Í reglugerðinni er varðar hlutverk sjóðsins kemur jafnframt fram að heimilt er að veita veiðiréttarhöfum styrki úr sjóðnum til að mæta þeim kostnaði eða tekjumissi sem þeir hafa orðið fyrir vegna tjóns sem er ekki hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar. Umhverfissjóði sjókvíaeldis er með sérstakan [vef](#) þar sem veittar eru upplýsingar um sjóðinn.

14.2 Um einstakar greinar

4.2.2 Skipting úthlutunarfjár (72. gr.)

Umhverfissjóður sjókvíaeldis skal veita 80% af árlegu úthlutunarfé til Hafrannsóknarstofnunar. Skal því úthlutunarfé varið til gerðar og endurskoðunar burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar og tengdra rannsókna, allt samkvæmt nánari ákvörðun Hafrannsóknastofnunar.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis skal úthluta 20% af árlegu úthlutunarfé til styrktar rannsóknar- og menntaverkaefnum tengdum sjókvíaeldi á vegum annarra en Hafrannsóknastofnunar. Auglýsa skal eigi sjaldnar en árlega eftir umsóknum um styrki skv. þessari málsgrein.

Sjálfvirk úthlutun er ekki góð leið

Það hefur verið óheppilegt að Hafrannsóknastofnun hafi þurft að sækja árlega um í Umhverfissjóð sjókvíaeldis um fjármagn í ákveðin mikilvæg verkefni og stundum fengið afsvar. Það er heldur ekki gott að úr rannsóknasjóði sé úthlutað sjálfvirk stórum fjárhæðum. Mikilvægt er að rannsóknastofnunum sé veitt aðhald og fjármunir streymi ekki úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis án faglegs og rekstrarlegs aðhalds.

Það þarf að gæta jafnræðis


Athugasemdir opinberrar stofnunar og rannsóknafyrirtækis við frumvarpsdrögin verkja athygli. Rannsóknafyrirtækið [RORUM](#) bendir á að eyrnamerkja einni ríkisstofnun 80% af ráðstöfunarfé sjóðsins rýrir mjög möguleika annarra að sækja styrki til mikilvægra verkefna og er í raun algjörlega á skjön við heilbrigt rannsóknaumhverfi. Með því móti verður sérfræðingum á sviði rannsókna sem ekki starfa hjá Hafrannsóknastofnun ýtt út og sem hlýtur að teljast óeðlileg stjórnsýsla. [Tilraunarstöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum](#) kemur jafnframt með sambærilegar athugasemdir í sinni umsögn við frumvarpsdrögin.

Skilgreina verkefni og auglýsa

[Tilraunarstöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum](#) bendir á leið sem er viðhöfð hjá [FHF rannsóknarsjóði í Noregi](#). Þar eru verkefnin skilgreind og auglýst. Þá geta þeir aðilar sem hafa þekkingu og getu til að vinna viðkomandi verkefni sótt um. Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis myndi

Þá skilgreina rannsókn- og vöktunarverkefni í samráði við atvinnugreinina, rannsóknastofnanir / fyrirtæki og aðra er málið varðar.

Mikilvægt er fyrir Hafrannsóknastofnun og aðra stofnanir/ rannsóknafyrirtæki sem eru með langtímaverkefni í rannsóknum og vöktun að hafa fyrirsjáanleika varðandi fjármögnun a.m.k. nokkur ár fram í tímann.



Mynd 14.1. Það má margt læra af FHF rannsóknasjóðnum í Noregi sem Umhverfissjóður sjókvíaeldis haft til viðmiðunar.

Tillögur

- ✓ Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis skilgreini rannsókn- og vöktunarverkefni í samráði við atvinnugreinina, rannsóknastofnanir/fyrirtæki og aðra er málið varðar.
- ✓ Verkefnin verði síðan auglýst til nokkurra ár og úthlutað verði til þeirra sem er með bestu umsóknina, nægilega faglega þekkingu og fjárhagslega getu.

14.3 Mögulegar sviðsmyndir

Það að Hafrannsóknastofnun fá eyrarmerkt 80% af árlegri úthlutun mun valda ónægju og gagnrýnt.

15. Framleiðslugjald samfélagssjóðs (XIV. Kafli)

15.1 Almenn

15.1.1 Stefnumótunarhópurinn

Til fjárhagslegs ávinnings

Áður en farið er að fjalla um einstakar greinar í XIV. kafla frumvarpsins er fyrst farið yfir þróun mála allt frá því að starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi lagði fram sínar tillögur í [skýrslu](#) sem gefin var út á árinu 2017. Um þau vinnubrögð sem þar viðgengust hefur m.a. verið fjallað um í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#) og í blaðagreinum s.s. [Sjókvíaelði laxfiska: Draga úr kostnaði og ná fjárhagslegum ávinningi](#).

Stefnumótunarhópurinn var með tvo fulltrúa frá Landssambandi fiskeldistöðva (LF), einn frá Landssambandi veiðifélaga (LV) og þrjá frá opinberum stofnunum. Fulltrúar LF í starfshópnum voru þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða (Ice Fish Farm). Drifkrafturinn í vinnu stefnumótunarhópsins, leiddur af fulltrúum atvinnugreinarinnar var að gæta hagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila, ná fjárhagslegum ávinningi og að halda kostnaði í algjöru lágmarki.

Gjaldstofn

Eitt að mikilvægum verkefnum stefnumótunarhópsins var að koma með tillögur um gjald af afnotum á auðlindinni. Niðurstaða stefnumótunarhópsins var að miða við gjaldstofn við framleiðslu í sjó þar sem hópurinn taldi að þessi aðferð sé best til þess fallin að finna út raunverulega nýtingu þess eldisrýmis sem notað er hverju sinni (tafla 15.1). Útreikningur gjaldstofns myndi því miða við þyngd eldisfisks við slátrun að frádreginni þyngd (meðalstærð) seiða sem sett eru út í sjó. Hér var tekin mikilvæg ákvörðun um að miða við framleiðslumagn en ekki fast gjald af auðlindinni og þannig var verulega dregið úr kostnaði.

Stjórna gjaldtöku

Haft skal í huga að með því að miða við sláturmagn geta fyrirtækin stjórnað gjaldtöku. Ef gjöldin hefðu verið miðuð við framleiðsluheimildir eða hámarks lífmassa í rekstrarleyfi væru þau meiri, fyrirsjáanlegri og komið strax til gjaldtöku við úthlutun heimilda. Þannig geta fyrirtækin sem hafa sölsað undir sig eldissvæðum og framleiðsluheimildum í raun stjórnað hvaða gjöld eru greidd hverju sinni, haldið sínum svæðum fyrir eldi á ófrjóum laxi án notkunar og greiðslu auðlindagjalds í fjölmörg ár og blokkerað þannig möguleika annarra að nýta svæðin. Til að koma í veg fyrir þetta var t.d.

MORNINGBLAÐIÐ ÞRIÐJUDAGUR 5. MAÍ 2020

UMRÆÐAN | 17

Sjókvíaelði laxfiska: Draga úr kostnaði og ná fjárhagslegum ávinningi

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi ber merki um skammtissamþættingu þar sem fjárhagslegur ávinningur er drifkrafturinn. Margar tillögur í skýrslu starfshópsins, sem stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða höfðu, eru byggðar á nýjum breytingum á lögum um fiskeldi. Hér verður fjallað um nokkur atriði sem ganga út á að draga úr kostnaði laxeldisfyrirtækjanna.

Minni kostnaður vegna umhverfismála


Valdimar Ingi Gunnarsson

Þegar farið er út fyrir vinnubrögð sem felur í sér aukinn kostnað. Ef tillögur stefnumótunarhópsins eru skoðaðar þá vantar á Íslandi vinnsmáttir og djúpt hvort og þá í hvaða tilökum heimilur verða settar á framleiðsluheimildir á eldissvæðum og því fyrir minni kostnaði kostnaði. Á Íslandi er enginn vilji fyrir slíkar fyrirséggjandi algjörir. Þannig ríku skammtissamþættingarmóð fyrirtækja, þó venjuleg hætta sé á að sjúkulemar geti borist á milli svæða með tilheyrandi tjóni fyrir samfélög og fyrirtæki.

Í lífrænt alag: Í Noregi er framleiðendurum gert skyld á minnka framleiðslu á eldissvæðum eða heilla þegar farið er út fyrir vinnubrögð sem felur í sér aukinn kostnað. Ef tillögur stefnumótunarhópsins eru skoðaðar þá vantar á Íslandi vinnsmáttir og djúpt hvort og þá í hvaða tilökum heimilur verða settar á framleiðsluheimildir á eldissvæðum og því fyrir minni kostnaði kostnaði.

Staðreyndin er sú að stjórnsýsla laxeldis í sjókvíum opnar fyrir það að umhverfissjóðarnir fái að njóta sín á kostnað þeirra sem vilja standa sig vel.

- Auðlindagjald fyrir frjóva eldislax: Stefnumótunarhópurinn lagði til að komið yrði á auðlindagjöld, með sex ára biðinni á greiðslu gjaldsins, talið frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hefst úr eldisvæðum fyrirtækisins. Þessar tillögur náðu ekki að öllu leyti fram að ganga í meðferð málisins á Alþingi þar sem nú er þyrjalur um að innheimta takmarkað gjald.
- Auðlindagjald fyrir ófrjóva eldislax: Stefnumótunarhópurinn lagði til að komið yrði á auðlindagjöld, með sex ára biðinni á greiðslu gjaldsins, talið frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hefst úr eldisvæðum fyrirtækisins. Þessar tillögur náðu ekki að öllu leyti fram að ganga í meðferð málisins á Alþingi þar sem nú er þyrjalur um að innheimta takmarkað gjald.



Tafla 15.1. Samanburður á tillögum stefnumótunarhópsins, endanlegri niðurstöðu í lögum nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, frumvarpsdraga og endanlegs frumvarps.

| | Stefnumótunar- hópurinn | Lög nr. 89/2019 | Frumvarpsdrögin | Frumvarp |
|--|---|--|---|---|
| Tíma- setning greiðslu | Sex ára biðtíma á greiðslu frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hefst. | Byrja að greiða strax, en þrepaskipt hækkun og fullt gjald greitt árið 2026. | Byrjað verði að greiða fullt gjald árið 2028 skv. bráðabrigðaáákvæði VII. | Byrjað verði að greiða fullt gjald árið 2028 skv. bráðabrigðaáákvæði VII. |
| Gjaldtaka | Gjald geti verið allt að 15 kr. á hvert slátraðs kg af eldislaxi í sjó. | Stighækkandi gjald, allt upp í 3,5% af gjaldstofni (m.v. slátraðs fisks) þegar verð er 4,8 evrur/kg eða hærra. | Stighækkandi gjald, allt upp í 8% af gjaldstofni (markaðsverði) þegar verð er 11 evrur/ kg eða hærra. | 1% þegar markaðsverð er lægri en framleiðslu- kostnaður og upp í allt að 11% með hækkandi markaðsverði |
| Eldistími | | | 50% af gjaldi á frjóum laxi ef eldistími er skemur en 12 mán. | 50% af gjaldi á frjóum laxi ef eldistími er skemur en 12 mán. |
| Einn vetur og slátrað fyrir 20/10 | | | | 30% af gjaldi á frjóum laxi ef einn vetur í sjó og slátrað fyrir 20.október. |
| Ýmislegt | | | 50% af gjaldi á frjóum laxi ef alinn er með búnaði, tækni og aðferð sem dregur úr umhverfisáhrifum eða eykur dýravelferð. | 50% af gjaldi á frjóum laxi ef alinn er með búnaði, tækni og aðferð sem dregur úr umhverfisáhrifum eða eykur dýravelferð. |
| Ófrjóir laxar | Tímabundið undanþegið greiðslu | 50% af gjaldi á frjóum laxi | 50% af gjaldi á frjóum laxi og til viðbótar við aðra lækkun | 50% af gjaldi á frjóum laxi og til viðbótar við aðra lækkun |
| Regnboga- silungur | 50%af gjaldi á frjóum laxi | 50% af gjaldi á frjóum laxi | 50% af gjaldi á frjóum laxi og til viðbótar við aðra lækkun | 50% af gjaldi á frjóum laxi og til viðbótar við aðra lækkun |
| Eldis- búnaður | Engar tillögur | 50% af gjaldi á frjóum laxi | 25% af gjaldi fyrir lokaðar kvíar. 40% af gjaldi fyrir hálflokaðar kvíar. | 25% af gjaldi fyrir lokaðar kvíar. 40% af gjaldi fyrir hálflokaðar kvíar. |

haft það fyrirkomulag fyrir Umhverfissjóð sjókvíaeldis að til fullra greiðsla kæmi strax við útgáfu rekstraleyfis.

Tillögur um auðlindagjald

Stefnumótunarhópurinn lagði til að rekstrarleyfishafar greiði auðlindagjald sem miðað er við framleiðslumagn eldisfis í sjó og fái sex ára biðtíma á greiðslu auðlindagjalds talið frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hefst úr eldiskvíum fyrirtækisins (tafla 15.1):

- ✓ Auðlindagjald geti verið allt að 15 kr. á hvert framleitt kg af eldislaxi í sjó.

- ✓ Eldi ófrjórta laxa tímabundið undanþegið greiðslu auðlindagjalds og 50% afsláttur á greiðslu auðlindagjalds vegna eldis regnbogasilungs.

Bent var á að með auðlindagjaldi allt að 15 kr. á hvert framleitt kg af eldislaxi í sjó gæti gjaldið skilað rúmlega einum milljarði króna ef framleitt magn fer yfir 67.000 tonn.

15.1.2 Lögin 2019

Tillögurnar taka breytingum

Tillögur stefnumótunarhópsins um útfærslu á töku auðlindagjalds tóku breytingum eins og gert er grein fyrir í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#). Varðandi gjaldtöku þá voru gerðar allnokkrar breytingar á tillögum stefnumótunarhópsins í [lögum nr. 89/2019](#) um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð (tafla 15.1):

- ✓ Upphæð gjaldsins.
- ✓ Og hvenær ætti að byrjað greiða gjaldið.

Gjaldtaka

Í [lögum nr. 89/2019](#) er miðað við að fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax taki mið af alþjóðlegu markaðsverði á Atlantshafslaxi frá ágúst til október:

- ✓ 3,5% þegar verð er 4,8 evrur á kílógramm eða hærra,
- ✓ 2% þegar verð er 4,3 evrur á kílógramm eða hærra en þó lægra en 4,8 evrur á kílógramm,
- ✓ 0,5% þegar verð er lægra en 4,3 evrur á kílógramm.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs regnbogasilungs og ófrjórta laxa nemur helmingi af gjaldi frjórta laxa. Tillaga stefnumótunarhópsins um að ekki þyrfti að greiða gjald fyrir ófrjóla laxa náði því ekki fram (tafla 15.1).

Tímasetning greiðslu

Stefnumótunarhópurinn lagði til að laxeldisfyrirtækin fengju sex ára biðtíma á greiðslu gjalds. Þegar lögin voru samþykkt var tekið á málum þannig að byrjað var að greiða strax við fyrstu slátrun, en þrepaskipt hækkun og fullt gjald greitt árið 2026 (tafla 15.1). Jafnframt hefur verið þrýstingu á og [lækkun á fiskeldisgjaldi](#) í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar með að hægja á þrepaskiptri hækkun við afgreiðslu fjárlaga. Í þessu frumvarpi er lagt til að hægja enn frekar á þrepaskiptri hækkun og greiðsla á fullu gjaldi komi fyrst til framkvæmdar á árinu 2028.

15.2 Um einstakar greinar

15.2.1 Fjárhæð gjalds (76.gr.)


Breytingar á frumvarpinu

Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frumvarpsdrögin lögðust samtökin gegn boðuðum áformum um aukna gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó með vísan til að þau sú ótímabær, óhófleg og til þess fallin að skerða enn frekar samkeppnishæfni íslenskra fiskeldisfyrirtækja í alþjóðlegu tilliti. Helstu breytingar á frumvarpsdrögunum eru þessar (tafla 15.1):

- ✓ **Gjaldhlutfall af stofni:** Fer úr að hækka með auknu markaðsverði yfir í að gengið er út frá 1% þegar markaðsverð er lægri en framleiðslukostnaður og upp í allt að 11% með hækkanði markaðsverði.

- ✓ **Styttir eldistími:** Bætt inn nýju ákvæðu um 30% af gjaldi á frjóum laxi ef eldið er aðeins einn vetur í sjó og slátrað er fyrir 20. október.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að fyrstu gjaldþrepin verði með minni jaðarhækkun þannig að rekstraraðilar haldi eftir hærra hlutfalli þegar lítil munur er á milli framleiðslukostnaðar og heimsmarkaðsverðs. Aftur á móti hækki gjaldið hraðar þegar munur milli framleiðslukostnaðar og heimsmarkaðsverðs eykst og afkoma rekstraraðila batnar. Ef lítil munur er á milli framleiðslukostnaðar og heimsmarkaðsverðs er gjaldhlutfallið lægra en í núverandi fyrirkomulagi, en þegar mikill munur er á framleiðslukostnaði og heimsmarkaðsverði verður gjaldtakan meiri en samkvæmt núverandi fyrirkomulagi (mynd 15.1).




Mynd 15.1 Samanburður á gjaldi á milli núverandi fyrirkomulags, frumvarpsdröga og frumvarps. Hér er um arð ræða mjög grófan samanburð og gengið er út frá að ein evra sé 150 ÍSK.

Rekstrarleyfishafi skal mánaðarlega greiða gjald skv. 75. gr. í ríkissjóð sem greiðist í íslenskum krónum. Matvælastofnun skal ákvarða og birta fjárhæð gjaldsins með auglýsingu eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar til að öðlast gildi fyrir komandi almanaksmánuð. Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax skal miðast við nýjasta mánaðarmeðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á eldislaxi næsta almanaksmánuð fyrir ákvörðunardag skv. 1. mgr. Mánaðarmeðaltal alþjóðlegs markaðsverðs skv. 1. málsl. skal umreiknað í íslenskar krónur á meðaltali miðgengis Seðlabanka Íslands fyrir sama tímabil og skal gjaldið nema því hlutfalli af þeim stofni sem hér segir:

1. 1% þegar verð er lægra en áætlaður framleiðslukostnaður,
2. 2% þegar verð er 15 kr. til 149,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
3. 4% þegar verð er 150 kr. til 299,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
4. 6,5% þegar verð er 300 kr. til 449,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
5. 8% þegar verð er 450 kr. til 599,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
6. 10% þegar verð er 600 kr. til 749,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður, 7. 11% þegar verð er 750 kr. eða hærra, en áætlaður framleiðslukostnaður.

Markaðsverð

Gjaldstofn er fyrst og fremst markaðsverð sem hefur verið mjög hátt á síðustu árum (mynd 15.2). Sérstaklega er mikil hækkun á árinu 2022 og markaðsverð hefur haldist mjög hátt síðan eða yfir að meðaltal 8 evrur/kg sem samsvarar rúmum 1.200 ISK/kg. Það má þó gera ráð fyrir að markaðsverð sé lægra en viðmiðunarverð Fish Pool, alþjóðlegt meðalverð á atlantshafslaxi eins og bent er á í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frumvarpsdrögin. Markaðsverð á síðustu tveimur árum hefur verið í hæstu hæðum í samanburði við síðustu tvo áratugi (mynd 15.2). Gert er ráð fyrir því að [markaðsverð verði áfram mjög hátt á næstu árum](#).



Mynd 15.2. [Markaðsverð á laxi](#) á árunum 2008 til 2024.

Framleiðslugjald


Skv. 76. gr. frumvarpsins er greitt 1% af markaðsverði þegar framleiðslukostnaður er hærri en markaðsverð á laxi. Með hækkandi markaðsverði hækkar greiðslan og fer allt upp 11% þegar markaðsverð er meira en 750 kr en áætlaður framleiðslukostnaður.

Ef það er miðað við markaðsverð upp á 7 Evrur/kg eða um 1.050 kr/kg sem er svipað og áætlaður framleiðslukostnaður skv. frumvarpinu þarf að greiða 10 kr/kg en hefði þurft að greiða um 25 kr/kg miðað við núverandi fyrirkomulag. Það er ekki fyrr en markaðsverð er komið upp í um 1.200 kr/kg að greitt er meira (mynd 15.1) sem er aðeins lægra en markaðsverðið er nú (mynd 15.2). Það má því gera ráð fyrir svipaðri greiðslu á næstu árum á meðan markaðsverðið er mjög hátt eins og gert er ráð fyrir í mörgum spám. Fyrirséð er að ekki munu vera hækkun á framleiðslugjaldi m.v. fyrirhugaðar breytingar í frumvarpinu frá því sem nú er skv. [lögum nr. 89/2019](#).

Framleiðslukostnaður

Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) við frumvarpsdrögin kemur fram að framleiðslukostnaður sé hærri á Íslandi en í Noregi og Færeyjum. Framleiðslukostnaður hefur verið tiltölulega hár hér á landi s.s. vegna lengri eldistíma, verið er að byggja upp eldið og vegna ýmissa áfalla í eldinu. Í fiskeldi á Íslandi, þar sem laxeldisfyrirtækin vega þyngst, hefur verið tap á undanföllum árum skv. úttekt [Deloitte](#) (mynd 15.3).

Framleiðslukostnaður getur vegið þungt um ákvörðun á upphæð framleiðslugjalds. Við ákvörðun á framleiðslukostnaði er hann áætlaðu út frá ýmsum forsendum eins og raktar eru í greinargerð með frumvarpinu. Um forsendur í reiknilíkaninu mun alltaf vera skipar skoðanir og ágreiningur getur komið upp.



Mynd 15.3. Afkoma fiskeldisfyrirtækja á árunum 2018-2022 skv. úttekt [Deloitte](#).

Þarf að einfalda

Kerfið sem búið er að gera við gjaldtöku á afnot af auðlindinni íslenskir firðir er mjög flókið og krefst verulegs utnumhald. Til að koma á réttmætari gjaldtöku er skynsamara að koma á samskonar fyrirkomulagi og í tilfalli gjaldtöku hjá Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Gjald yrði greitt mánaðarlega og mögulega væri hægt að fara þá leið að miða gjaldtökuna að einhverju leiti við markaðsverð hverju sinni eins og í núverandi kerfi. Gjaldstofninum yrði breytt úr að miða við slátrað magn í að ganga út frá leyfilegum lífmassa viðkomandi smitvarnasvæðis. Með að fara þessa leið væri hægt að tryggja að sjókvíaeldisfyrirtæki sem hafa sölsað undir sig eldissvæðum og framleiðsluheimildum án nýtingar eða takmarkaðra nýtingar greiði sama gjald og þeir sem nýta svæðin að fullu. Verðmæti auðlindarinnar íslenskir firði er það sama hvort sem er í fullri nýtingu eða í engri vegna einhverra sérhagsmuna rekstrarleyfishafa við að verja sýna hagsmuni.

Fast gjald fyrir auðlindina íslenskir firðir

Bent var á annmarka núverandi kerfis í greinagerð sem send var til allra alþingismanna áður en lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019. Núverandi kerfi seinkar greiðslum og jafnframt að ekkert er greitt fyrir ónýttar framleiðsluheimildir en við það hafa laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu aðila geta lækkað greiðsluna um nokkra milljarða króna fram að þessu.

Hámarkslífmassi skv. áhættumati erfðablöndunar er 106.500 tonn ef við gögnum út frá í útreikningunum 100.000 tonnum og gjald fyrir hvert hvert tonn yrði greitt 25.000 kr væri auðlindagjaldið 2,5 milljarða króna. Gjaldið er töluvert lægra núna vegna þess að laxeldisfyrirtækin eru ekki að nota nema hluta af heimildunum.

Tillögur

- Gjaldstofni breytt úr að vera slátrað magn í að miða við leyfilegan lífmassa og greið t.d. 25.000 kr fyrir hvert tonn á ársgrundvelli.

- Mögulega væri hægt að miða að einhverju marki við mánaðarlegt gjald við markaðsverð á laxi hverju sinni.

15.3 Mögulegar sviðsmyndir

Að óbreyttu er gert ráð fyrir eftirfarandi sviðsmyndum á næstu árum:

- ✓ Það mun ekki vera hækkun á framleiðslugjaldi m.v. fyrirhugaðar breytingar í frumvarpinu frá því sem nú er skv. [lögum nr. 89/2019](#).
- ✓ Það mun ávallt vera ákveðin tortryggni og gagnrýni á framleiðslugjald, forsendur matskenndar og útreikningar flóknir.

16. Ýmis sameiginleg ákvæði (XXI. kafli)

16.1 Almenn

Nær því að vera varanleg eign

Ný ákvæði sem er að finna í frumvarpi um lagareldi stuðla að því að rekstrarleyfi og laxahlutir nálgist að vera varanlega eign rekstrarleyfishafa. Í því sambandi er m.a. vísað til greina í frumvarpinu:

- ✓ Framsal og flutningur laxafjölda milli smitvarnasvæða (39. gr.),
- ✓ Framsal og verðsetningu rekstrarleyfis (120 gr.)
- ✓ og ótímabundin rekstrarleyfi (33. gr.).



Rekstrarleyfin

Verðmæti rekstrarleyfis eru eldissvæðin sem félagið hefur til umráða og hámarks leyfilegur lífmassi. Rekstrarleyfin eru verðmæti og þau voru aukin með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlenda hlutabréfamarkað eins og fjallað hefur verið um m.a. í rannsóknaskýrslunni [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#).

Í þessum kafla er eingöngu tekið fyrir 120. gr. sem lýtur að framsali, leigu og veðsetningu rekstrarleyfis og byggir á 17. gr. gildandi laga nr. 71/2008. Hér verður fjallað um veðsetningu á rekstrarleyfi og breytingin felur í sér nýtt ákvæði um heimild á veðsetningu án samþykkis Matvælastofnunar.

16.2 Um einstakar greinar

16.2.1 Framsal og veðsetning rekstrarleyfis.120. gr.

Framsal og leiga á rekstrarleyfi, án skriflegs samþykkis Matvælastofnunar, er óheimil. Veiti Matvælastofnun skriflegt samþykki skv. 1. málsl. þá skal framsalshafi eða leigutaki uppfylla öll sömu skilyrði og framseljandi eða leigusali gera samkvæmt lögum þessum. Veðsetning á rekstrarleyfi er heimil án samþykkis Matvælastofnunar. Sama gildir um veðsetningu laxahlutar. Við fullnustu veðréttar skal veðhafi, eða annar framsalshafi eftir því sem við á ef fullnusta fer fram með framsali, uppfylla öll skilyrði sem gerð eru til rekstrarleyfishafa samkvæmt lögum þessum. Veðhafi sem gengur að rekstrarleyfi eða laxahlut, eða framsalshafi ef fullnusta fer fram með sölu, skal innan þriggja mánaða frá fullnustu uppfylla kröfur til rekstrarleyfishafa samkvæmt lögum þessum. Matvælastofnun getur veitt allt að 12 mánaða viðbót-arfrest í þessu tilliti ef tilefni er til. Uppfylli veðhafi eða framsalshafi ekki kröfur til rekstrarleyfishafa að þeim fresti liðnum skal Matvælastofnun afturkalla viðkomandi rekstrarleyfi og innkalla viðkomandi laxahlut eftir því sem við á.

Matvælastofnun er heimilt að birta opinberlega upplýsingar um framsöl, leigu og veðsetningar rekstrarleyfa.


SFS – Óljós réttindavernd

Í umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#) (SFS) kemur fram að veðtaka bæði í rekstrarleyfi og laxahluti væri torskilin. Samkvæmt frumvarpsdrögum mynda úthlutun smitvarnasvæða og laxahluta ekki eignarréttu rekstrarleyfis að mati SFS. Vekur það spurningar um í hvaða fjárveðmætum sé verið að tak veð í. SFS bendir einnig á að laxahlutir eru síðan skerðanlegur í samræmi við slyssleppingar,

sjúkdóma og önnur afföll sem rýra virði veðsins. Óljóst er hvernig skuli tryggja réttarvernd við slíkar aðstæður.

Arion banki – jákvæð breyting

Í umsögn [Arion banka](#) kemur fram að bankinn hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum er varða lagareldi hérlandis. Í tengslum við þau verkefni hefur bankinn verið í samskiptum við Matvælastofnun vegna veðsetningar á rekstrarleyfum sem hafa einkennst af talsverðri óvissu, m.a. vegna óskýrra lagakrafna. Að mati bankans er um þarfar breytingar á lagaumhverfi fiskeldisfyrirtækja með að fella út að það þurfi samþykki Matvælastofnunar til að fá heimild til veðsetningar á rekstrarleyfi. Að vísu er að mati bankans að ganga megi enn lengra en gert er í frumvarpsdrögunum og kemur með tillögu í því samhengi.



Mynd 16.1. Verðmæti hlutar Arctic Fish (Arctic Fish holding AS) á Euronext markaðinum í Osló frá apríl 2023 til apríl 2024.

Veðsetning rekstrarleyfis

Fiskeldisfyrirtækin veðsetja lífmassa eldisfisks og fasteignir og í frumvarpinu er verið að auðvelda eða leggja grunn að einnig verði hægt að veðsetja rekstrarleyfin. Þegar skoðuð eru t.d. [verðmæti leyfa Arctic Fish](#) í lok ársins 2021 var efnahagsreikningurinn um 21 milljarður ISK (4.3) og markaðsvirði 2,8 milljarða NOK eða um 42 milljarða ISK. Verðmæti hvers tonns af hámarks lífmassa er því tæplega 0,7 milljón ISK/tonn (21 milljarður ISK/27.100 tonn) á árinu 2021.

Virði veðs

Skoðum nú nánar þróun hlutabréfa Arctic Fish eða [Arctic Fish Holding AS](#) eins og félagið er nefnt á [Euronext](#) markaðinum í Osló. Frá því um miðjan september 2023 hefur hluturinn fallið úr 99,5 niður í 54 í byrjun apríl 2024 (mynd 16.1) en á sama tíma hafa hlutabréf almennt hækkað á Euronest markaðinum. Verðmæti hlutabréfa Arctic Fish höfðu því lækkað úr um 3,2 milljarða NOK niður í um 1,7 milljarða NOK. Lækkunin nemur 19 milljörðum ISK. Efnahagsreikningur í loka ársins 2023 nam um 34 milljörðum ISK skv. [ársreikningi Arctic Fish](#) og á sama tíma voru verðmæti hlutabréfa félagsins um 27 milljarða ISK. Verðmæti leyfa voru því lítils virði um áramótin. Í þessu samhengi skal tekið fram að verðmæti hlutabréfa Arctic Fish hafa verið tiltölulega lág í samanburði við Arnarlax og Ice Fish Farm en gert er grein fyrir því í rannsóknaskýrslunni [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#). Ástæða fyrir mikilli lækkun hlutabréfa Arctic Fish seinni hluta ársins má að einhverju leiti rekja til slysasleppingar í Patreksfirði og laxalúsafársins í Tálknafirði sem gert er grein fyrir í leiðbeiningum til fjölmiðla; [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#) og [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#).

Tillögur

- ✓ Heimild til verðsetningar á rekstrarleyfi verði felld út.

16.3 Mögulegar sviðsmynd

Líklegt þegar á reynir að ekki verði hægt að verðsetja rekstrarleyfi í sumum tilvikum vegna mikilla lækkunar á gegni hlutabréfa.

17. Skil og birting upplýsinga (XXII. kafli)


17.1 Almennt

Góð vinna

Það hefur verið mikil framför á sviði upplýsingargjafar um fiskeldi og þar hefur verið unnið mikil og góð vinna allt frá endurskoðun laga um fiskeldi á árinu 2019. Þar ber fyrst og fremsta að nefna [Mælaborð fiskeldis](#) sem er vistað hjá Matvælastofnun.

Jákvæð þróun

Gert er ráð fyrir að upplýsingagjöf verði aukin skv. frumvarpinu og er það jákvætt fyrir alla eða flesta aðila málsins. Ef fiskeldisfyrirtækin standa sig betur í að uppfylla og fara eftir öllum lögum og reglugerðum um fiskeldi mun aukin upplýsingagjöf draga úr tortryggni og getur haft jákvæð áhrif á greinina.



Mynd 17.1. Mælaborð fiskeldis hjá Matvælastofnun þar sem hægt er að sækja margvíslegar upplýsingar um fiskeldi.

17.2 Um einstakar greinar

17.2.1 Önnur birting upplýsinga. (123 gr.)

Matvælastofnun er heimilt, m.a. með fréttatilkynningu, að greina opinberlega frá niðurstöðum eftirlits og ákvörðunum sem fela í sér:

- afturköllun eða niðurfellingu rekstrarleyfis sem og ákvörðun Matvælastofnunar um afskráningu,
- ákvörðun um úrbætur sem unnar eru á kostnað rekstrarleyfishafa eða skráningarskylds aðila,
 - álagningu dagsekta,
 - ákvörðun um álagningu stjórnvaldssekta.

[Slow Food Reykjavík](#) leggur til að staðinn fyrir að Matvælastofnun er heimilt að í staðin verði notað er skylt. Með þessari breytingu verði upplýsingagjöf til almennings bætt. Tekið er undir þessar athugasemdir Slow Food Reykjavík.

Tillögur

- ✓ Í staðinn fyrir að Matvælastofnun verði heimilt verði sett inn í greinina að Matvælastofnun er skylt.

17.3 Mögulegar sviðsmynd

Ef fiskeldisfyrirtækin standa sig betur í að uppfylla og fara eftir öllum lögum og reglugerðum um fiskeldi mun aukin upplýsingagjöf draga úr tortryggni og getur haft jákvæð áhrif á greinina.

18. Reglugerðarheimild, refsíákvæði o.fl. (XXIV. Kafli)

18.1 Almennt

Brot og refsingar

Um ýmis brot laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila er m.a. fjallað um í rannsóknaskýrslunum [Arctic Fish - Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) og [Arnarlax - Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) sem fyrirtækin fengu að komast upp með án þess að tekið hafi verið á málunum. Í [skýrslu Ríkisendurskoðunar](#) um sjókvíældi eru talin upp frávik frá áranum 2012 til 2022 og fram kemur í niðurstöðum m.a.:

„Þrátt fyrir ríkuleg þvingunarúrræði hefur Matvælastofnun ekki beitt þeim með markvissum hætti. Dæmi hafa verið um brot gegn ákvæðum rekstrarleyfa um hámarkslífmassa og að starfsemi rekstraraðila hafi legið niðri lengur en í fimm ár án þess að stofnunin hafi hugað að niðurfellingu rekstrarleyfis, sbr. 15. gr. laga nr. 71/2008“.

Tvö mál í ferli

Tvö mál eru ennþá í ferli þ.e.a.s. brot Arctic Sea Farm er varðar eftirlit með netpoka og ljósstýringu eins og rakið er í greinagerðinni [Slyasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar](#). Lögreglustjórinn á Vestfjörðum tók málið til rannsóknar en feldi síðan niður. Matvælastofnun kærði þá ákvörðun um niðurfellingu máls til ríkissaksóknara og málið er nú aftur komið [til Lögreglustjórans á Vestfjörðum](#). Hitt máli er [stjórnsýslusekt](#) Matvælastofnunar gagnvart Arnarlaxi er varðar brot gegn skyldu um að tilkynna um strok á fiski og hefur Arnarlax greitt [120 m.kr. stjórnsýslusekt](#), en með fyrirvara um lögmæti hennar.

Alvarlegt mál án refsingar

Hér ber einkum að nefna laxalúsafárið í Tálknafirði en þar var verklag sérstaklega hjá Arctic Sea Farm mjög ábótavant og sýni í raun brotavilja til að ná mögulegum skammtímagróða. Það mál er rakið í rannsóknaskýrslunni [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#). Matvælastofnun fer einnig yfir málið, bendir á það sem var ábótavant í skýrslu sinni [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás](#). Athyglisvert er að Matvælastofnun hefur ekki lagt fram kæru í þessu máli og kann að vera að þar sé skortur á heimildum í lögum að sækja rekstraraðila til ábyrgðar.

18.2 Um einstakar greinar

18.2.1 Reglugerðarheimildir (128. gr.)

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessa með reglugerð og er oft gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Það er þó ljóst að margt sem lagt er til í frumvarpi um lagaeldi er ekki dómtækt ef málið fer fyrir íslenska dómstóla, s.s. ákveðnar greinar um strok (kafli VIII) og afföll (kafli IX). Í þessu samhengi er bent á að þrátt fyrir að gerðar hafi verið töluverðar viðbætur á refsíákvæðum í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 á árinu 2019 hefur skort á að hægt hafi verið að sækja rekstraraðila til ábyrgðar. Hætta er á að þannig verði einnig með fyrirhuguð lög um lagareldi ef ekki verður vandað betur til verka.



18.2.2 Stjórnvaldssektir. (133. gr.)

Sektir samkvæmt grein þessari geta numið frá 100.000 kr. til 500.000.000 kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. taka tillit til eðlis, umfangs og alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins. Matvælastofn-un er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti.

Athugasemdir við frumvarpsdrögin

[Samtök atvinnulífsins](#) benda á í sinni umsögn við frumvarpsdrögin að stjórnvaldssektir sem geta numið allt að 10 % af heildarveltu er með því hæsta sem þekkist hérlendis og er þessi breyting í engu rökstudd í greinargerð með frumvarpinu. Samtökin áréttuðu jafnframt í þessu tilliti að virk alþjóðleg samkeppni er á markaði með lagareldisafurðir og að innleiðing svo umfangsmikilla sektar heimilda á hendur einstökum rekstraraðilum fari langt úr hófi fram.

Í þessu samhengi er bent á að vissulega geta stjórnvaldssektir haft áhrif á rekstrarafkomu hjá einstökum rekstraraðilum en það ber að huga að sektir eru ekki kostnaðarauki hjá fyrirtækjum sem standa eðlilega og vel að rekstrinum og þannig eiga ekki að hafa áhrif á samkeppnishæfnina.

[Landsamband veiðifélaga](#) leggur til að afnema ætti hámark á stjórnvaldssekt. Samtökin benda á að smærri fyrirtæki með takmarkaða veltu geta haft jafn alvarlegar afleiðingar fyrir villta stofna og brot hjá stærri fyrirtækjum.

Breyting á frumvarpsdrögunum

Felld var brott heimild um að sektir geti numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs. Þess í stað er lagt til að sektir geti numið frá 100.000. kr. til 500.000.000 kr. Hér erum að ræða verulega lækkun á refsigjaldi og ef tekið er [Arctic Fish](#) sem dæmi þá voru tekjur um 13 milljarða króna á árinu 2023 sem hefði þýtt greiðslu upp á 1,3 milljarða króna í staðinn fyrir 0,5 milljónir.

Í þessu máli eins og mörgum öðrum ætti tjónvaldur að greiða þá upphæð tjónið veldur. Það er því lagt til að það verði ekkert þak á sektupphæð hvorki í krónutölu eða sem hlutfall af heildarveltu.

Sekt fyrir hvern kynþroska fisk úr sjókvíaelði sem finnst við slátrun, og sem ekki hefur verið fargað eða slátrað að tilmælum Matvælastofnunar, skal nema 50 kr. á hvern kynþroska fisk. Frá sektarfjárhæð sem reiknuð er skv. 1. málsl. skal draga frá fjölda fiska sem er heildarfjöldi slátraðra fiska í viðkomandi skipti, margfaldaður með 0,5%.

Mat á kynþroska

Tekið er undir umsögn [VETAQ](#) um að þrátt fyrir að rekstrarleyfishafi hafi farið í stórvægilegar aðgerðir til að sporna við kynþroska eldisfisks verður ekki komist hjá líffræðilegum breytileika bústofns sem getur valdið ótímabærum og ófyrirsjáanlegum kynþroska fisksins. VETAQ vill meina að þessi grein frumvarpsins líti að vissu leyti framhjá líffræðilegum forsendum. Einnig er mikilvægt í þessu samhengi að skilgreina hvaða stig kynþroska fiskurinn þarf að hafa náð svo sektarákvæði taki gildi.


Til að meta kynþroskahlutfall eldislaxa þarf að taka sýni, opna fiskinn og meta stærð kynkyrtla. Sé kynkirtlavísitalan GSI < 0,3 er ekki gert ráð fyrir að fiskur nái kynþroska að hausti skv. nýlegri breytingu á [reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi](#). Það er ekki hægt að meta kynþroska út frá útlitseinkennum með öruggum hætti.

Framkvæmd

Hér er spurningin hvaða krafa verður gerð um framkvæmd sýnatöku. Ef gert verður skylt að óháður aðili sjái um sýnatökuna er um aukakostnað að ræða. Í þessu samhengi skal hafa í huga að í tilfalli Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm þá eiga fyrirtækin bæði sjókvíaelðið og sláturhúsið. Ef starfsmenn eiga að meta kynþroskahlutfall geta þeir verið að valda eiganda fyrirtækisins verulegu fjárhagslegu tjóni ef þeir eru duglegir að telja kynþroska fiska.

Refsigjaldið

Það má gera ráð fyrir að kynþroski verði örfá prósent og í undantekningatilfellum verði um að ræða mikinn kynþroska.



Mynd 18.1. Kostnaður vegna aukins kynþroska. Miðað er við 10.000 tonna slátrun og rúmlega 2,2 milljónir eldislaxa.

Ef miðað er við fyrirtæki sem framleiðir 10.000 tonn af eldislaxi og að fjöldi fiska sé rúmlega 2,2 milljónir, kynþroskahlutfall um 3% þá er sektargreiðsla rúmar þrjár milljónir króna ($50 \text{ kr/fisk} \times (2,2 \text{ milljónir fiska} \times 3\% \text{ kynþroskahlutfall})$) (mynd 18.1). Þetta er það lítil upphæð sem skiptir engu máli í rekstri fyrirtækisins og er í sjálfum sér engin refsing. Það er því lagt til að þetta ákvæði verði fellt út úr frumvarpinu.

Að vera með þetta ákvæði er hrein sýndarmennska og til að hún skili viðeigandi árangri þarf að hækka refsigjald á hvern kynþroska eldislax umtalsvert.

Tillögur:

- ✓ Það er lagt til að það verði ekkert þak á sektupphæð hvorki í krónutölu eða sem hlutfall af heildarveltu.
- ✓ Sekt vegna kynþroska eldislaxa í slátrun verði feld út úr frumvarpinu.

18.3 Mögulegar sviðsmynd

Ef engin breyting verður gerð á frumvarpinu:

- ✓ **Sektarupphæð:** Í tilfalli stórtjóna mun koma fram að sekt upp á 500 milljónir króna eru ekki nægileg refsing.
- ✓ **Sekt vegna kynþroska:** Sektir vegna kynþroska fiska verða það lágar að þær skipta litlu sem engum máli fyrir rekstur fyrirtækjanna og hafa þannig lítið refsigildi.


19. Gildistökuákvæði (XXV. kafli)

19.1 Almennt

19.1.1 Fiskiteljarar

Tillaga Háafells (2016)

Á árinu 2016 lagði Háafell til að eldislax yrði fjarlægður úr veiðiám í [umhverfismati félagsins](#), en höfundur vann sem ráðgefandi aðili. Ástæðan fyrir því að lagt var til að fjarlægja eldislax úr veiðiám var að meðan á umhverfismatinu stóð tilkynntu laxeldisfyrirtækin Arnarlax og Arctic fish, umfangsmikil áform af eldi á laxi í Ísafjarðardjúpi. Eftir að hafa skoðað vel gögn og rannsóknir í öðrum löndum með laxeldi í sjókvíum og þá sérstaklega í Noregi var það niðurstaða ráðgefandi aðila að vegna mikillar sammögnunaráhrifa við fyrirhugað laxeldi Arnarlax og Arctic Fish þyrfti að fjarlægja eldislax úr veiðiám til að koma í veg fyrir eða lágmarka erfðablöndun á villtum laxi í Ísafjarðardjúpi. Ein af tillögnum í umhverfismati Háafells var að komið væri fyrir árvaka (fiskteljari) í tveimur veiðiám í Ísafjarðardjúpi, til að vakta uppgöngu eldislaxa og fjarlægja (mynd 19.1).




Mynd 19.1. Vöktun á eldislaxi með fiskteljara eða árvaka. Skematísk mynd af Riverwatcher frá Vaka, sem getur tekið myndir af fiski og sent niðurstöður áfram til móttakanda (<http://riverwatcher.is>).

Áhættumat erfðablöndunar (2017)

Í júlí 2017 lagði Hafrannsóknastofnun fram [áhættumat erfðablöndunar](#) til að meta hversu mikið eldi á frjóum laxi í sjókvíum væri óhætt að stunda án þess að óásættanleg áhætta væri tekin með náttúrulega laxastofna landsins. Í stuttu máli má komast að þeirri niðurstöðu að áhættumat erfðablöndunar gangi út á að:

- fylgjast með uppgöngu storkulaxa í veiðiár,
- bregðast ekki strax við til að fyrirbyggja tjón,
- og mæla síðan mögulega erfðablöndun.

Þetta var niðurstaðan í [greinagerð sem send var til allra alþingismann](#) á árinu 2019 og í athugasemdum umsagnaraðila við [áhættumat erfðablöndunar í Umhverfismati áætlana](#) á árinu 2021. Í áhættumati erfðablöndunar var aðeins gert ráð fyrir vöktun lykiláa með árvaka en ekki að farið væri í aðgerðir til að fjarlægja eldislax úr veiðiám.



Stefnumótunarhópurinn (2017)

Áhættumat erfðablöndunar var í aðalhlutverki í vinnu [starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) sem skilaði af sér skýrslu á árinu 2017. Stefnumótunarhópurinn er með heilan kafla til andsvar við tillögum Háafells í umhverfismati félagsins er varðar tillögur um mótvægisáðgerðir (tafla 19.1). Það var talin ástæða til að vísa í eignaréttarákvæðis stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Lög um fiskeldi samþykkt (2019)

Það kom oft fram í [umræðunni á þinginu](#), sérstaklega hjá þingmönnum í atvinnuveganefnd, sem fóru í kynnisferð til Noregs, að þar væri farið í aðgerðir til að fjarlægja strokulax í tilfelli slysasleppinga til að koma í veg fyrir erfðablöndun. Þrátt fyrir vilja sumra þingmanna að farið væri í að fjarlægja eldislax úr veiðiám var niðurstaðan þó sú að aðeins var [veitt heimild í lögunum](#) í staðinn fyrir að nota skal.

Endurskoðun á áhættumatinu (2020)

Hafrannsóknastofnun [endurskoðaði áhættumat erfðablöndunar](#) á árinu 2020 og eftir mikinn þrýsting var opnað fyrir þeim möguleika í tilfelli stórra slysasleppinga að nota árvaka til að fjarlægja eldislax úr veiðiám:

„Í sambandi við þann búnað verði gerð viðbragðsáætlun vegna stórra sleppinga úr sjókvím, sem er mikilvægt að sé til staðar svo bregðast megi við ef mikið magn eldislaxa sleppur. Lögum samkvæmt er það á forræði Fiskistofu en mat á miklum neikvæðum áhrifum slíkra sleppinga er á hendi Hafrannsóknastofnunar. Þá þarf að vera til búnaður til að skilja frá strokulaxa í slíkum tilfellum, eða aðrar aðferðir við að fjarlægja strokulaxa úr ám“.

Eftir stendur að stjórnvald skilgreini og útfæri nákvæmlega viðbragðsáætlun eins og eldisfyrirtækjum er skylt að gera en það hefur ekki verið gert svo vitað sé.

Starfshópur um stök (2023)

Í [Skýrslu starfshóps um stök í sjókvíaelldi](#) er fjallað um árvaka en það sem er athyglisvert er [umsögn Landsamband veiðifélaga](#) við skýrslu hópsins:

„Eina mögulega leiðin til að hindra að eldislax gangi upp í ár og taki þátt í hrygningu er með því að byggja fyrirstöðu með gildrum sem gefa tækifæri á að flokka eldislax frá villtum laxi. Taka þyrfti sýni úr hverjum laxi í slíkum gildrum og greina þau og staðfesta að um villtan lax sé að ræða áður en honum yrði hleypt upp ána. Þrátt fyrir fátíðleika þeirra aðgerða sem hér er lýst, þá krefst LV þess, einfaldlega vegna þeirrar ógnar sem steðjar að villtum laxastofnum, að eldisfyrirtækjum verði gert að greiða kostnað við fyrirstöður, gildrum, starfsmenn og annað sem tengist slíkum framkvæmdum í öllum þeim ám hvar veiðifélög krefjast slíkra aðgerða.“

Tafla 19.1. Andsvar starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi við tillögum Háafells í umhverfismati félagsins.

Fram hafa komið hugmyndir um mótvægisáðgerðir sem fela í sér að setja niður mannvirki í eða við veiðiá með það að markmiði að hindra göngu eldisfisks í veiðiá. Í mörgum tilvikum eru lagðar fram mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hefur ekki forræði á og óvíst er hvort veiðiréttarhafar myndu samþykka. Slíkar mótvægisáðgerðir eru því ekki framkvæmanlegar án lagabreytinga. Breyta þyrfti lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, Jafnframt þyrfti að endurskoða ákvæði laga nr. 61/2006, um lax og silungsveiði, sem og ákvæði laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, sbr. 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd. Þá þyrfti einnig að líta til eignaréttarákvæðis stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Framkvæmdaraðilar hafa í frummatsskýrslum til Skipulagsstofnunar lagt til ýmsar tillögur að mótvægisáðgerðum til þess að mæta áhættu samfara stroki laxa. Í ljósi þess að áhrif mótvægisáðgerða getur mögulega haft áhrif á áhættumat þykir rétt að fjalla stuttlega um einstakar tillögur hér að neðan. Jafnframt er þess getið hvort umrædd mótvægisáðgerð sé á forræði framkvæmdaraðila og hvort mögulegt sé að fara í aðgerðir án samvinnu við veiðiréttarhafa.

- ✓ *Veiðigildur og girðingar* – Eins og nefnt hefur verið hér að framan hafa komið upp hugmyndir um mótvægisáðgerðir sem fela í sér að setja niður mannvirki í eða við veiðiá með það að markmiði að hindra göngu eldisfisks í á. Ekki verður séð að framkvæmdaraðili hafi forræði á niðursetningu veiðigildra og girðinga við ár og óvíst er hvort veiðiréttarhafar myndu samþykka svona aðgerðir. Þær yrðu því ekki framkvæmdar án lagabreytinga.
- ✓ *Notkun gildru í fiskistigum* – Framkvæmdaraðilar hafa bent á að mögulegt sé að hindra og flokka eldislax frá villtum laxi og hleypta villta laxinum upp í veiðivatnið. Um væri að ræða aðgerð sem framkvæmdaraðili hefur ekki forræði á og óvíst er hvort veiðiréttarhafar myndu samþykka.

Hér er um stefnumótandi umsögn að ræða og fram kemur allt annað viðhorf en í Skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi en Landsamband veiðifélaga átti þar einn fulltrúa í þeim hópi og um það mál er m.a. fjallað í rannsóknarskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

19.1.2 Eignarhald

Tillögur stefnumótunarhópsins

[Starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) gaf út skýrslu á árinu 2017.

Leiðandi aðilar í hópnum voru fyrrverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða (Ice FishFarm). Um þau vinnubrögð sem voru viðhöfð er fjallað um í rannsóknarskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

Það þurfti að koma í veg fyrir að takmarkanir yrðu settar á erlent eignarhald og stærð fyrirtækja og var því lagt til í stefnumótunarskýrslunni:

„Starfshópurinn leggur til að ekki verði settar sérstakar takmarkanir á erlent eignarhald í íslensku fiskeldi“.

„Starfshópurinn mælir jafnframt ekki með þeirri aðferð að takmarka atkvæðisrétt erlendra aðila í hlutfélögum eins og gert er í færeyskum hlutfélögum sem stunda fiskeldisstarfsemi“.

Erlent eignarhald

Í stefnumótunarskýrslunni er hamrað á því að setja takmarkanir á erlent eignarhald sé brot á EES samningnum:

„Það er jafnframt nokkuð ljóst að slíkar takmarkanir á fjárfestingar erlendra aðila á EES svæðinu umfram innlenda væri brot á núverandi skuldbindingum Íslands samkvæmt EES samningnum“.

Það er ekki að finna frekari röksemdafærslu í stefnumótunarskýrslunni né hvernig þessu er háttað t.d. í Færeyjum. Nýlega voru settar [lög um erlent eignarhald](#) í laxeldisfyrirtækjum í Færeyjum þar sem ákvæði eru um 20% hámark á annaðhvort beint eða óbeint erlent eignarhald. Nú þegar er laxeldisfyrirtæki í Færeyjum í fullri eigu erlendra aðila eins og í tilfelli Mowi. [Með breytingu á regluverkinu í Færeyjum](#) er reglurnar að Mowi hefur ekki möguleika að auka umsvif sín í sjókvíaelði á laxi en er heimilt í tilfelli landeldis. Um eignarhald er m.a. fjallað um í blaðagreininni [Erlent eignarhald í laxeldi og sjávarútvegi](#) og þar m.a. komið inn á reglur um eignarhald í sjávarútvegi og spurt af hverju ekki sömu reglur fyrir fiskeldi?

Í umsögnum við lög nr. 71/2018 um fiskeldi komu athugasemdir um erlent eignarhald og krafa um að skoðað væri lögmæti og jafnframt hvernig þessu væri háttað í nágrannalöndum. Engin umræða var um eignarhald þegar fiskeldisfrumvörpin voru til meðferðar á Alþingi Íslendinga á árunum 2018 og 2019 og um það er fjallað í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Eignarhald í laxeldi á Íslandi](#).

18 | UMRÆÐAN
MORGUNBLAÐIÐ ÞRIÐJUDAGUR 12. OKTÓBER 2021

Erlent eignarhald í laxeldi og sjávarútvegi

Þú er að ráðstafa hagnaðinum í formi mikillar eignamyndunar erlendra fjárfesta, upp á tugi milljarða króna, sem byggist að mestu á virði eldisleyfa.

Engin umræða á þinginu

Eignarhald fékk enga efnislega umfjöllun á Alþingi Íslendinga og kann það að hafa söslugar eða ósöslugar skýringar. Það átti sér stað mikill hóbótismi íslenskra leppa sem haldin fást að stjórnmálum ákveðnum sjónarmiðum í þessu erlendra fjárfesta. Í því sambandi má minna á umræðu á þinginu eins og „Ág vona að þv. þingmaður sé sam- malla með um að lagðist djúpi að miðst- áhættu við lagninguverki þessa sem hefur á sér stótt um að hafa söslu- gátt“.

Efni: Valdimar Inga Gunnarsson

Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá árinu 2017 var lagt til, að ekki verði settar sérstakar takmarkanir á erlent eignarhald í íslensku fiskeldi. Slíkar reglur myndu draga úr fjárfestingum erlendra aðila í fiskeldi hér á landi og þannig skapa óvissu um framtíðina fiskeldis- . Á þessum línu voru laxeldisfyrirtæki með erlenda eignarhald þá þegar komin í meðrithlaga útlendinga. Í röklaðingum var meðal annars bent á stjórnmálum og að ekki væri heimilt að takmarka „fjárfestingar erlendra aðila í EES- svæðinu“. En er það þannig?

Valdimar Inga Gunnarsson

Það er atkvæðisrétt að stefnumótunarskýrslunni myndi... (fyrirhaldin skilja)

Þú getur sýnt sáttur reglur svæðum, m.a. af stjórnmálum. Af þessu eiga aðrar reglur að gilda um erlent eignarhald í laxeldisfyrirtækjum? Í nágrannalöndum sýkir einn af ákveðnum takmarkað eignarhald útlendinga og í því sambandi má nefna Færeyjar þar sem það á boði yfir um sjávarútveg og laxeldi.

Færeyska leiðin

Það er atkvæðisrétt að stefnumótunarskýrslunni myndi... (fyrirhaldin skilja)

Stór laxeldisfyrirtæki og lítil sjávarútvegsfyrirtæki?

MORGUNBLAÐIÐ MANDAGUR 27. SEPTEMBER 2021

Efni: Valdimar Inga Gunnarsson

Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá 2017 var „ljóst, gegn því að setja hámark á fram- leidda magni eins rekstrarskyldisfjárfesta þar sem miðkvæmt er að löggjafi á stærk- arhagsvænni rekstrarsvæði“. Talið var að slíkt ákveðið skipti fjárfelagsgæta óvissu og yfri erftíli í framkvæmd. Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða voru í stefnumótunarskipnum og með því að koma í veg fyrir að setti yfri hinde- ni á stöðu fiskeldisfyrirtækja gætu þeir tryggð sér meiri fjárfelagsgæta óvissu.

Þingmaður Vestfirðinga lagði til í upphafi umræðunnar á Alþingi að „þorð sé til minni aðila í greininni, að þeir hafi möguleika og að þeir



Valdimar Inga Gunnarsson

Fyrirhugað umfang laxeldisfyrirtækja

Arnarlax og Arete Fish Farm hafa leyfi til að vera með 43.000 toona íslenskra líffosna og ummæltarferri eru 28.000 tona, eða samtals 71.000 tona. Ef líffosni fást væri hægt að framleiða drögna rúm 90.000 tona og gæði verðmætið væri um 75 milljarðar

» Niðurstaðan var að valdað var yfir hagsmunum íslenskra fyrirtækja á Alþingi Íslendinga við setningu laga um fiskeldi á árinu 2019.

króna. Í tilfelli Fiskeldis Austfjarða og Laxa fiskeldis er leyfi til að vera

ri minna sameinuð laxeldisfyrirtæki voru röklaði atvinnufyrirtæki á Vestfirðum og Austfirðum og hafa mikinn slagkraft til að fá stítt fram með gagnavart hlífum sveit- arfjöllum og ríka vildum.

Rökkin fyrir takmörkunum í sjávarútvegi

Þegar fiskvæðingarmarlagin voru innleidd á árinu 1984 var umræða um að hafa fát og óþæg sjávarútvegsfyrirtæki en aðrirarabau var að aðrirarabau var um dæmlega eignarhald og aðillinn væri ein- göngu í eigu Íslendinga. Nik- urabau var að skilríkti fyrirtæki nasti eiga meira en 12% afahim- lidanna. Í þessu sambandi er at- kvæðisrétt að það var engin umræða um stærð laxeldisfyrirtækja á Al- þingi Íslendinga þegar lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019. Niðurstaðan getur verið að að með því að sameina öggar laxeldis- fyrirtæki sem eiga eru í meðrithlaga- eignarhald erlendra aðila verð sam- einn fyrirtæki a.m.k. þrisvar sinnum stærri en þrin sem var

Stærð fyrirtækja

Stefnumótunarhópurinn komst að eftirfarandi niðurstöðu er varðar stærð fyrirtækja:

„Þar sem ekki eru settar skorður við framsali getur einn aðili fræðilega eignast öll gildandi rekstrarleyfi og stjórnad þannig allri framleiðslu á eldisfiski og seiðaeldi á landi og í sjó“

Á árinu 2021 benti umsagnaraðili á í blaðagreininni [Stór laxeldisfyrirtæki og lítil sjávarútvegsfyrirtæki?](#) að engar takmarkanir væru gerðar á stærð fyrirtækja eins og þekktist í íslenskum sjávarútvegi. Fyrr á árinu hafði [Samkeppniseftirlitið samþykkt](#) sameiningu Fiskeldis Austfjarða (Ice Fish Farm) og Laxa fiskeldi. Næst var sameining Arnarlax og Arctic Fish en það gekk ekki eftir eða var stoppað af og um það er m.a. fjallað í rannsóknarskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

Á hlutabréfamarkað

Vinna stjórnarformanna Arnarlax og Ice Fish Farm var að undirbúa farveginn í opinberri stefnumótun til að fara með félögin á erlendan hlutabréfamarkað til að auka verðmæti eldisleyfa og ná miklum fjárhagslegum ávinningi. Á fundi stefnumótunarhópsins hinn 10. febrúar 2017 var umræða um fjármögnun í laxeldi og aðkomu áhættufjárfesta:²

„KÓ greindi frá að tímarammi á skráningu Arnarlax væri sumarið 2018“.

Í framhaldinu spurði fulltrúi Landsambands veiðifélaga um verðmat á Arnarlaxi:


„KÓ svaraði að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða“.

Fljótlega eftir að Alþingi samþykkti lög um fiskeldi fóru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlendra aðila á erlendan hlutabréfamarkað. Íslenskir firðir eru auðlindin og verðmæti eldisleyfa þriggja laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila, Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm, [gróflega áætluð um 100 milljarða krónur](#) í lok ársins 2021. Um málið er einnig fjallað í rannsóknarskýrslunum [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) og [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#).

Þrjár þingsályktunartillögur

Þrisvar sinnum hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um eignarhald í laxeldi í [mars 2022](#), [september 2022](#) og [september 2023](#) þar sem m.a. kemur fram að Alþingi álykti að fela matvælaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að:

- koma með tillögur um hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds á laxeldisleyfum,
- skoða hvort takmarka eigi eignarhald erlendra aðila á laxeldisleyfum.



Mynd 19.1. Ferli málsins, umræður og tillögur er varðar erlent eignarhald og stærð fiskeldisfyrirtækja.

² Fundagerð stefnumótunarhópsins þann 10.02.2017

Í síðustu þingsályktunartillöguninni var farið fram á að ráðherra skipi starfshóp og leggi niðurstöður hans fyrir Alþingi eigi síðar en 30. apríl 2024. Það er ekki vitað til þess að starfshópurinn hafi verið stofnaður og hvort hann hafi skilað af sér niðurstöðum með tillögum.

19.2 Um einstakar greinar

19.2.1 Fiskiteljarar (139. gr.)

Hverjum þeim sem starfrækir búnað með fastri staðsetningu til talningar, myndunar eða flokkunar fisks í ám skal skylt að láta Fiskistofu í té gögn úr viðkomandi búnaði.

Að fengnu leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. getur Hafrannsóknastofnun í samráði við landeigendur og veiðiréttarhafa látið setja upp búnað skv. 1. mgr. Ákvæði 34. gr. og 35. gr. skulu gilda um uppsetningu slíks búnaðar eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um kröfur sem gerðar eru til búnaðar skv. 1. mgr. og hvernig farið skuli með fisk og annað sem flokkað er með búnaðinum. Hafrannsóknastofnun skal árlega birta niðurstöður úr upplýsingasöfnun samkvæmt þessari grein.

Hótað í frumvarpsdrögum, en áður mátti ekki

Í frumvarpsdrögum var að finna ákvæði um að veiti veiðiréttarhafi ekki heimild til uppsetningu árvaka (fiskteljara) skal villtur nytjastofn í viðkomandi veiðiá ekki vera hluti áhættumati erfðablöndunar. Það geta verið ýmsar réttmætar málefnalegar ástæður fyrir því að veiðiréttarhafar vilji ekki setja fiskteljara í sína veiðiá. Það er óheppilegt að hótað sé að fella viðkomandi veiðiá út úr áhættumati erfðablöndunar. Skoðum nú [Skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) þar sem er að finna andmæli um mótvægisáðgerðir sem fela í sér að setja niður mannvirki í eða við veiðiá með það að markmiði að hindra uppgöngu eldisfisks sem var andsvar við tillögum í frummatsskýrslu Háafells (Box 19.1):

„Í mörgum tilvikum eru lagðar fram mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hefur ekki forræði á og óvíst er hvort veiðiréttarhafar myndu samþykka. Slíkar mótvægisáðgerðir eru því ekki framkvæmanlegar án lagabreytinga. Breyta þyrfti lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, Jafnframt þyrfti að endurskoða ákvæði laga nr. 61/2006, um lax og silungsveiði, sem og ákvæði laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, sbr. 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd. Þá þyrfti einnig að líta til eignaréttarákvæðis stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944“.

Sú breyting hefur orðið að það mátti ekki setja mannvirki í veiðiár jaðraði við brot á eignaréttarákvæðis stjórnarskrár lýðveldisins Íslands yfir í það að veiðiréttarhöfum er hótað ef þeir samþykki ekki að árvaki verði komið fyrir í þeirra veiðiá. Við útgáfu á endanlegu frumvarpinu var hótunin feld út úr greininni.

Hægt að fara aðrar leiðir

Eðlilegt er að veiðiréttarhöfum verði gert skylt að veita heimild til að leita og fjarlægja eldislax úr veiðiám til að koma í veg fyrir erfðablöndun. Síkar áðgerðir eru ekki eingöngu til að verja veiðiá veiðiréttarhafa heldur einnig nálægðar veiðiár. Gera má ráð fyrir eldisseiði eða blendingar sem alast upp í viðkomandi á, leita til hafs og við endurkomu geti einnig leitað upp í nærliggjandi veiðiár.

Í tilfellum sem veiðiréttarhafar vilja ekki gefa heimild fyrir að árvaki verði staðsettur í þeirra veiðiá er hægt að fara aðrar leiðir. Það er einfaldlega hægt að nota rekköfun, ljósveiðar eða aðrar aðferðir án mannvirkja til að leita og fjarlægja eldislax úr veiðiá. Það er því val um aðferðafræði sem eru að mörgu leiti sambærilegar til að meta hlutfall eldislaxa í veiðiám og fjarlægja eftir þörfum. Um þetta er m.a. fjallað í greinagerð sem send var til allra þingmanna á árinu 2019 [Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum](#).

Uppsetning á búnaði

Fram kemur að Hafrannsóknastofnun í samráði við landeigendur og veiðiréttarhafa geti látið setja upp árvaka að fengnu leyfi frá Fiskistofu. Það kann að vera að þetta hlutverk henti betur öðrum aðilum en Hafrannsóknastofnun. Lagt er til að halda þeim möguleika opnum að rannsóknafyrirtæki sjái um að setja upp árvaka og vakta uppgöngu eldisfisks.

Tillaga:

- ✓ Opnað verði fyrir þeim möguleika að aðrir en Hafrannsóknastofnun setji upp og reki árvaka í samráði við landeigendur og veiðiréttarhafa.



19.2.2 Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991 (139. gr.)

Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991:

a. Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimiluð lögsaga: Ísland, aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.

b. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Matvælastofnun og Umhverfisstofnun er einungis heimilt að gefa út rekstrarleyfi, tilraunaleyfi og starfsleyfi til lagareldis til eftirtalinna aðila:

a. Ríkisborgara í heimilaðri lögsögu og annarra aðila í heimilaðri lögsögu.

b. Lögaðila í heimilaðri lögsögu sem að öllu leyti eru í eigu aðila í heimilaðri lögsögu eða lögaðila í heimilaðri lögsögu sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. Eru undir yfirráðum aðila í heimilaðri lögsögu.

ii. Eru ekki í eigu aðila utan heimilaðrar lögsögu að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé.

iii. Eru að öðru leyti í eigu ríkisborgara í heimilaðri lögsögu eða lögaðila í heimilaðri lögsögu sem eru undir yfirráðum aðila í heimilaðri lögsögu.

Með aðila í heimilaðri lögsögu er í þessari grein átt við:

a. Ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði í heimilaðri lögsögu í fullri eigu þeirra.

b. Ríkisborgara í heimilaðri lögsögu sem eiga lögheimili í heimilaðri lögsögu.

c. Lögaðila sem eiga heimili í heimilaðri lögsögu og eru að öllu leyti í eigu:

i. Opinberra aðila í heimilaðri lögsögu.

ii. Ríkisborgara í heimilaðri lögsögu sem eiga lögheimili í heimilaðri lögsögu.

iii. Annarra lögaðila sem eiga heimili í heimilaðri lögsögu og eru að öllu leyti í eigu ríkisborgara í heimilaðri lögsögu sem eiga lögheimili í heimilaðri lögsögu.

Lúti rekstrarleyfishafi yfirráðum annarra aðila en sem greinir í þessari grein skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi eða tilraunaleyfi úr gildi að gefnum 12 mánaða fresti til úrbóta. Sama gildir eftir því sem við á um starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Illskiljanlegt

Þetta ákvæði í frumvarpinu er óskiljanlegt eða í best falli illskiljanlegt. Í greinagerð með 139. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæðið byggist bæði á 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991.

Uppsetning ákvæðisins byggist á 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna en að efninu til byggist ákvæðið frekar á 2. tölul. 1. mgr. sömu greinar kemur fram í greinagerð með frumvarpinu. Ákvæðið fjallar um að aðilar á (1) Evrópska efnahagssvæðinu, (2) í aðildarríkjum að stofnsamningi um Fríverslunarsamtök Evrópu og (3) í Færeyjum geti allir fengið rekstrarleyfi til lagareldis á Íslandi. Sé rekstrarleyfishafi lögaðili myndi duga að hann væri undir yfirráðum aðila á einu hinna tilteknu svæða kemur fram í greinagerð með frumvarppinu.

Flóknari og víðtækari heimildir

[Náttúruverndarsamtök Íslands](#) bend á í umsögn við frumvarpsdrögin að hér væri um að ræða flóknari heimildir til fjárfestinga erlendra aðila heldur en fyrir hendi eru í lögum varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu í landinu. Þessa víðtæku heimildir eru með öllu óþarfar og ótækar. Nægilegt væri að sömu reglur giltu og núgildandi [lög nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri](#) kemur fram í umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Af hverju ekki sömu reglur?

Í núgildandi lögum nr. 34/1991 eru mjög afdráttarlaus með takmarkað erlent eignarhald. Jafnframt hafa Færeyingar geta sett strangar reglur um heimild erlendra aðila í að fjárfesta í sjókvíaeldi. Í [lögtingslóg nr. 83 frá 25. maí 2009 um aling av fiski v.m., sum seinast broytt við lögtingslóg nr. 70 frá 22. maí 2023](#) kemur m.a. fram:

Útlenskur kapitalur¹⁾

§ 7 a. ²⁾ ¹⁾ Reglurnar í stk. 2-4 eru galdandi fyri laksaaliloyvi, sbr. § 6 a, stk. 5.

Stk. 2. ¹⁾ Eingin lögfrøðiligur ella fysiskur persónur, sum ikki er heimahoyrandi í Føroyum, kann beinleiðis ella óbeinleiðis gjøgnum tað samband, sum nevnt í § 7 í vinnufelagalógini, eiga ella hava ræði á 20 prosentum ella meira av atkvøðurættindunum í fvitøkum við laksaalilovvi.

Lagt er að útbúin verði greinagerð á „mannamáli“ þar sem verði rökstudd af hverju ekki er hægt að fara sömu leið um eignarhald erlendra aðila í jókvíaeldi á laxi hér á landi eins og í íslenskum sjávarútvegi og í sjókvíaeldi í Færeyjum.

Tillaga:

- ✓ Sömu reglur verði hér á landi eins og í Færeyjum er varðar eignarhald erlendra aðila í íslensku sjókvíaeldi.
- ✓ Alþingi láti gera greinagerð þar sem rökstuddar eru þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögum nr. 34/1991 um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.

19.3 Mögulegar sviðsmynd

Árvaki (fiskteljari)

Árvakar á eldissvæðum og í næsta nágrenni verði markvisst notaðir til að hindra uppgöngu eldislaxa og þeir flokkaðir frá og fjarlægðir en villtum laxi hleypt áfram. Árvökum verði komið fyrir í fleiri veiðiám og þeir notaðir til að vakta uppgöngu eldislaxa og þeir fjarlægðir. Það mun því draga umtalsvert úr erfðablöndun.

Erlent eignarhald

Í tilfalli Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm eiga erlendir aðilar meira en 50% í félögunum og þannig ráðandi aðili. Erlendir aðilar hafa verið að selja sinn hlut mest til Íslendinga og haft af því verulegan ávinning, fengið til baka það sem lagt var í félögin og ennþá átt verulegan hlut í þeim. Um þetta er fjallað m.a. í rannsóknaskýrslunum [Arnarlax – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) og [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#).

Ráðandi aðili í [Arnarlaxi](#) er [Salmar](#), [Mowi](#) í [Arctic Fish](#) og [Austur Holding AS](#) í [Ice Fish Farm](#) en öll eru þau á hlutabréfamarkaðinum [Euronext](#). Måsøval eigendom var áður meirihlutaeigandi en nú Austur Holding AS með íslensku eignaraðild. Erlendu félögin eru ráðandi aðilar eiga rétt rúm 50% og ekki líklegt að þau selji það mikið af sínum hlut að þau missi sín yfirráð. Það er því ekki talið líklegt að breyting verði á erlendu eignarhaldi á næstu árum og áratugum að óbreyttu.

20. Ákvæði til bráðabirgða

20.1 Bráðabirgðaákvæði 2019

Hvað má af því læra?

Í þessu frumvarpi er lagt til níu bráðabirgðaákvæði sem er sami fjöldi og þegar [lög nr. 71/2008 um fiskeldi](#) voru endurskoðuð á árinu 2019. Skoðum nú hvernig tókst til með bráðabirgðaákvæði á árinu 2019 og hvað má af því læra. Tekin eru fyrir tvö bráðabirgðaákvæði sem hafa verið einna mest gagnrýnd og veigamest (tafla 20.1), um meðferð og afgreiðslu umsókna (kafla 20.2) og eldi á ófrjóum laxi (kafla 2.3).

Um meðferð og afgreiðslu umsókna

Hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði II um meðferð og afgreiðslu umsókna til rekstrarleyfa skv. þáverandi leyfisveitingarkerfi og skurðarþröskuldurinn var lagður við frummatsskýrslu hjá Skipulagsstofnun (tafla 20.1). Aðrar umsóknir sem voru komnar styttra í umhverfismatsferlinu féllu út úr þáverandi leyfisveitingarkerfi og þurftu að fara í gegnum nýja leyfisveitingarkerfið sem var mun óhagstæðar m.t.t. kostnaðar umsækjanda. Um þetta er fjallað í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

Ófrjóir laxar

Í bráðabirgðaákvæði IV er tekið fyrir leyfi á ófrjóum laxi (tafla 20.1). Áhættumat erfðablöndunar setti takmarkanir á eldi á frjóum laxi og þannig var fyrirséð að mörg áform laxeldisfyrirtækja að nýta öll eldissvæði og framleiðsluheimildir sem voru í umhverfis- og umsóknarferli voru komin í uppnám. Bráðabirgðaákvæði um ófrjóa laxa var því sett í lög til að þeir sem höfðu farið mikið í að sölsa undir sig svæðum gætu haldið þeim með því yfirsýni að það ætti að hefja eldi. Um þetta er fjallað í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#) og í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Ófrjóir laxar til að halda eldissvæðum](#).

Tafla 20.1. Tvö bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi sem komu inn í lög til við endurskoðun á árinu 2019.


| Bráðabirgðaákvæði II | Bráðabirgðaákvæði IV |
|--|--|
| Um meðferð og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaelði á hafsvæðum sem hafa verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lokið fyrir gildistöku þessa ákvæðis eða frummatsskýrslu hefur verið skilað fyrir gildistöku þessa ákvæðis til Skipulagsstofnunar skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fer eftir eldri ákvæðum laganna. | <ul style="list-style-type: none"> • Rekstrarleyfi sem Matvælastofnun gefur út fyrir eldi á ófrjóum laxi í samræmi við áhættumat erfðablöndunar skal endurskoða fimm árum frá útgáfu rekstrarleyfisins enda liggja fyrir endurskoðaðar niðurstöður áhættumats erfðablöndunar innan þess tíma. • Hafi rekstrarleyfishafi ekki hafið eldi á ófrjóum laxi innan fimm ára frá útgáfu rekstrarleyfisins skal Matvælastofnun fella leyfið niður. Hafi rekstrarleyfishafi ekki nýtt helming eða meira af leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis á ófrjóum laxi innan sjö ára frá útgáfu rekstrarleyfisins skal Matvælastofnun lækka heimilaðan lífmassa í rekstrarleyfi sem hinu ónýtta magni nemur. • Ráðherra er heimilt að auglýsa og úthluta að nýju í samræmi við 4. gr. a eldissvæðum eða leyfilegum lífmassa rekstrarleyfis fyrir ófrjóan lax sem fellur niður skv. 2. mgr. |

20.2 Um meðferð og afgreiðslu umsókna

Skurðarpunktur

Í tillögum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi var lagt til að miðað væri við að skurðarpunkturinn á milli umsókna sem yrðu áfram í núverandi kerfi og þess sem færi í nýja kerfið væri matsáætlun hjá Skipulagsstofnun. Á þessum tíma þurftu framkvæmdaraðilar

fyrst að skila inn matsáætlun til Skipulagsstofnunar og síðan frummatsskýrslu og að lokum matsskýrslu. Með því að miða við matsáætlun sem skurðarpunktur voru flest mál hjá Skipulagsstofnun áfram inn þáverandi kerfi. Í meðferð málsins hjá Alþingi var skurðarpunktinum breytt og krafa var um að búið væri að skila inn frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar áður en breytingar á lögum um fiskeldi tækju gildi. Þessi breyting stoppaði af nokkur mál sem voru komin tiltölulega stutt í umhverfismatsferlinu þar sem gert var ráð fyrir 62.000 tonna framleiðsluheimildum (tafla 20.2).



Mynd 20.1. Staðan í Ísafjarðardjúpi um sumarið 2019. Athugið að í sumum tilvikum er um að ræða tvo ótengda aðila á sama eldissvæði, ofan í hvorum öðrum. Mynd úr matsáætlun Hábrúnar.

Flækjustig án lausnar

Það var ekki gerð tilraun til að leysa flækjustigið í núverandi kerfi, að ótengdir aðilar gætu tilkynnt framkvæmd ofan í hvern annan. Í Ísafjarðardjúpi fjölgaði t.d. eldissvæðum í tilkynntum framkvæmdum frá 15 á árinu 2017 upp í rúm 30 rétt áður en lög in voru samþykkt árið 2019 og í flestum tilvikum voru 5 km fjarlægðarmörk ekki virt skv. meginviðmiði.

Mesta flækjustigið var í Ísafjarðardjúpi þar sem Arnarlax, Arctic Fish, Akvafuture, Hábrún og Háafells voru að sækja um heimildir til eldis laxfiska (mynd 20.1). Frá því að stefnumótunarhópurinn hóf sína vinnu í lok ársins 2016 til sumarsins 2019 þegar lög um fiskeldi voru samþykkt frá Alþingi, tilkynnti Arctic Fish, Akvafuture og Hábrún um ný svæði í Ísafjarðardjúpi.

Seinkun á birtingu laga og kapphlaupið

Útgáfu laganna var seinkað og þannig gafst Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm betri tími til að skila inn frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar. Seinkun á útgáfu laganna var gerð af starfsmanni ráðuneytis og er það mál ennþá til meðferðar hjá dómstólum. Það voru ekki öll fyrirtæki sem voru með sín mál hjá Skipulagsstofnun sem fengu upplýsingar á seinkun gildistöku laganna. Eftir þessar breytingu átti sér stað mikið kapphlaup um að klára að koma inn frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar. Þrjú laxeldisfyrirtæki með um 25.000 tonna áform náðu að skila inn frummatsskýrslu innan tilsetts tíma. Arnarlax með 10.000 tonn, Arctic Fish með 8.000 tonn og Ice Fish Farm með 7.000 tonn. Í tilfalli [Hábrúnar](#) voru stoppuð af 11.500 tonna áform af regnbogasilungi kærð til [úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála](#) sem úrskurðaði að Skipulagsstofnun þyrfti að taka málið

Tafla 20.2. Áform sem voru stoppuð af með breytingum á lögum á fiskeldi á árinu 2019.

| Fyrirtæki | Fjörður | Áform (tonn) |
|---------------------|----------------------|---------------|
| Arnarlax | Arnarfjörður | 4.500 |
| Hábrún | Ísafjarðardjúpi | 11.500 |
| Akvafuture | Ísafjarðardjúpi | 6.000 |
| Arnarlax | Jökulfirðir | 10.000 |
| Akvafuture | Eyjafjörður | 20.000 |
| Fiskeldi Austfjarða | Mjóí- og Norðfjörður | 10.000 |
| Samtals | | 62.000 |

upp sem ennþá er í ferli hjá stofnuninni.

Flækjustigið í Ísafjarðardjúpi á ennþá eftir að leysa og er það eitt af verkefnum þessa frumvarps um lagareldi.

20.3 Eldi á ófrjóum laxi

Undirbúa jarðveginn

Páverandi stjórnarformenn Arnarlax og Ice Fish Farm sem voru búnir að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám, með um 70% leyfa og áforma, létu skipa sig í starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra sem fékk það verkefni að gera opinbera stefnumótun fyrir fiskeldi á árinu 2017 (mynd 20.2).

Áhættumatið setti mál í uppnám

Með upptöku áhættumats erfðablöndunar eins og tillögur voru um á árinu 2017 var fyrirséð að mörg áform á eldi frjóra laxa voru í hættu, eldissvæði og framleiðsluheimildir gætu því tapast. Hagsmunir voru miklir og andstaða við notkun ófrjorra eldislaxa gat hugsanlega komið í veg fyrir að hægt væri að halda eldissvæðum en fyrirtæki stjórnarformannanna voru með væntingar um 100.000 tonna aukningu í framleiðsluheimildum. Um þetta er m.a. fjallað um í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Ófrjóir laxar til að halda eldissvæðum](#).

Eldi á ófrjóum laxi lausnin

Eldi á ófrjóum laxi var ekki samkeppnishæft og því mikilvægt að koma á ákveðnu svigrúmi þannig að hægt væri að fresta eldinu. Eitt af verkefnum stjórnarformannanna var því að koma á tæknilegum hindrunum til að tryggja að þeir gætu haldið eldissvæðum og framleiðsluheimildum a.m.k. í fimm ár án þess að nýta eða greiða af þeim auðlindagjald



Mynd 20.2. Eldi á ófrjóum laxi – Ferli málsins.

eða önnur gjöld. Með væntingum seinna meir um að framleiðsluheimildir yrðu auknar í áhættumati erfðablöndunar og þannig hægt að skipta leyfum til eldis á ófrjóum laxi yfir í leyfi á frjóum laxi. Niðurstaðan var sú að stefnumótunarhópurinn lagði þessar tillögur til og voru þær samþykktar nær óbreyttar á Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Um þetta er m.a. fjallað í blaðagreininni [Tryggja sér eldissvæði með óraunhæfum ófrjóum eldislaxi](#).

Bent á að eldið væri ekki tímabært

Lögin um fiskeldi voru samþykkt þrátt fyrir margar alvarlegar athugasemdir í umsögnum s.s. eldi á ófrjóum laxi væri ennþá á tilraunarstigi, verið væri að blokkera svæði, eldið væri ekki ásættanlegt m.t.t. dýravelferðar svo nokkuð sé nefnt. Í umræðunni á þinginu kom jafnframt fram að eldi á ófrjóum eldisfiski væri á tilraunarstigi og ráðherra benti á að það gengið fremur illa í Noregi. Um þetta er fjallað m.a. í blaðagreininni [Áhættumatið og fjárhagslegur ávinningur](#).

Byrjað að breyta leyfum

Áhættumat erfðablöndunar var endurskoðað á árinu 2020, framleiðsluheimildir á frjóum laxi auknar úr 71.000 tonnnum í 106.500 tonn. Á árinu 2021 var byrjað að breyta leyfum á eldi á ófrjóum laxi yfir í leyfi til eldis á frjóum laxi. Um þetta er m.a. fjallað um í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).

Parf að bíða lengur eftir ófrjóum löxum

Í nýlegri skýrslu starfshóps matvælaráðherra kemur m.a. fram að líkur eru taldar á að eldi á ófrjóum laxi verði raunhæfar innan ca. 10 ára. Það geta því liðið rúm 15 ár frá því að Hafrannsóknastofnun lagði til eldi á ófrjóum laxi í áhættumati erfðablöndunar þar til að það hugsanlega raungerist. Um þetta er m.a. fjallað um í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Ófrjór laxar til að halda eldissvæðum](#).

Það þarf meira

Við næstu endurskoðun á áhættumati erfðablöndunar þarf að auka framleiðsluheimildar á frjóum laxi um 23.000 tonn til að uppfylla væntingar og áform laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendrar aðila. Hér er um að ræða eldisleyfi með verðmæti upp á tugi milljarða króna. Það er nú komið yfir lögbundinn tíma við endurskoðun á áhættumati erfðablöndunar og ekki vitað ástæðu þess hvað tefur. Um þetta er m.a. fjallað um í rannsóknaskýrslunni [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#).



MORGUNBLAÐ HÉÐ.ÚDGAUF 31. MAÍ 2020

Tryggja sér eldissvæði með óraunhæfum ófrjóum eldislaxi

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Sjóvarforsetinn Arnarfax og Fiskekís Austfarða eru vora hótar að koma kynnifæringunum í uppin, með um 70% eldislaxi, þess ségu sig í stafróp um eldið. Það verður að gera, stefnumótun fyrir fiskeldi. Eitt af verkefnum þessra var að koma á tæknilegum hindrunum til að tryggja að þeir gætu haldið eldissvæðum jafnvel án þess að nýta þau í fjölmörg ár eða greiða af þeim auðindagjald.

Fulltréar Landshandshafskeldustofnunarinnar hafa verið að huga um huga fyrst og fremst að hug stóra fyrirtækja í stóra stöðu í stefnumótunum. Stjórnun.

umhverfið er en það verður gjald séna.

Seja hindranir og veita svæði

Til að tryggja hagnæmi Arnarfax og Fiskekís Austfarða þurfti þá að seja hindranir til að laka vaxi að haldið, svæðum sem voru í samkomulagi og þar sem ekki var heimil að vera með eldi á ófrjóum laxi. Áhættumatið erfaðilíkur. Þannig var haldið um hestana að hagnæmi að halda eldissvæðum fyrir ófrjóum laxi m.a. í línum á milli þess að nýta svæðið til eldis eða greiða af því auðindagjald. Það sem er umhverfisverri er að hlattumatið erfaðilíkur. Þannig var haldið um hestana að hagnæmi að halda eldissvæðum fyrir ófrjóum laxi m.a. í línum á milli þess að nýta svæðið til eldis eða greiða af því auðindagjald. Það sem er umhverfisverri er að hlattumatið erfaðilíkur. Þannig var haldið um hestana að hagnæmi að halda eldissvæðum fyrir ófrjóum laxi m.a. í línum á milli þess að nýta svæðið til eldis eða greiða af því auðindagjald.

Þar með er líkur að þessu eldi sé á ófrjóum laxi. Engin breyting var gerð á þessu í mynduninni. Alþingi á frumvarpi. Meiri líkur eru á en minni að eldi verði haldið að þessu markspennu. Eldi á ófrjóum laxi er frá línum á milli þess að haldið eldissvæðum vera það mikil að heimil til að haldið eldissvæðum verður fræðingur eða þess?

Væntingar um fjárhagslegan ávinning

Eftir og stöðun er í dag er rannsóknir og eldi á ófrjóum laxi, en haldið eldissvæðum koma í veg fyrir erfðablöndun um við viljan líkurnar lax. Ástæðan fyrir því að ófrjóum laxi eru valdir af stefnumótunarþróun þess er rannsóknir og eldi á ófrjóum laxi. Eldi á ófrjóum laxi er frá línum á milli þess að haldið eldissvæðum vera það mikil að heimil til að haldið eldissvæðum verður fræðingur eða þess?

Þar með er líkur að þessu eldi sé á ófrjóum laxi.

20.2 Um einstakar greinar


20.2.1 Um ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal tveimur eða fleiri rekstrarleyfishöfum vera heimilt að starfrækja sjókvíældi á sama smitvarnasvæði til 1. júlí 2028. Slíkt er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafar viðhafi samræmda útsetningu fiska og seiða og hvíld eldissvæða innan smitvarnasvæðis. Jafnframt er það skilyrði að rekstrarleyfishafar vinni sameiginlega að smitvörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar, allt í samræmi við ákvæði laga þessara. Öll rekstrarleyfi og starfsleyfi sem hafa að geyma heimildir sem myndu leiða til þess að fleiri en einn rekstrarleyfishafi hafi heimild til sjókvíældis á einu og sama smitvarnasvæðinu skulu felld úr gildi af Matvælastofnun eigi síðar en þann 1. júlí 028.

Ísafjarðardjúp, staða mál

Það er vissulega jákvætt að aðeins einn rekstraraðili sé á hverju smitvarnasvæði. Öll rekstrarleyfi sem brjóta í bágu við 12. gr. skulu falla niður eigi síðar en 1. júlí 2028, þ.e.a.s. ef fleiri en einn rekstraraðili er á smitvarnasvæði.

Byrjum að skoða t.d. stöðuna í Ísafjarðardjúpi en þar hafa íslensku félögin Hábrún og Háafell verið með sjókvíældi í meira en áratug (mynd 20.3). Arctic Fish er búinn að fá leyfi og fyrirhugar er útsetning seiða við Sandeyri við Snæfjallaströnd en fyrir hin tvö eldissvæði félagsins, Kirkjusund og



Mynd 20.3. Eldissvæði Arnarlax (blátt). Arctic Fish (rautt), Hábrúnar (bleykt) og Háafells (grænt) og fjarlægð á milli eldissvæða ótengdra aðila. Kortagrunnur tekin af Mælaborði fiskeldis hjá Matvælastofnun.

Arnarnes [þarf samþykki Háafells og Hábrúnar vegna of lítilla fjarlægðarmarka](#). Arnarlax er síðan ennþá með sín mál er varðar starfs- og rekstrarleyfi í umsóknarferli og þar þarf [samkomulagi við Arctic Fish og Hábrúni](#) til að félagið geti nýtt öll sýn þrjú eldissvæði.

Mál Háafells

Háafell hóf sitt umhverfismat á árinu 2011 og þá strax afmarkaði árgangsvæði (smitvarnarsvæði) (mynd 20.4). Arnarlax og Arctic Fish komu síðan seinna inn með fyrirhugað laxeldi í Ísafjarðardjúpi. Háafell gerði fjölmargar athugasemdir við umhverfismat [Arnarlax](#) og [Arctic Fish](#) og benti á að sjúkdómar og laxalúsálfir gætu auðveldlega borist inn á eldissvæði félagsins vegna of lítilla fjarlægðarmarka.



Mynd 20.4. Tilkynning Háafells til Skipulagsstofnunar um smitvarnarsvæði (árgangsvæði) frá desember 2011.

Athugasemdir Hábrúnar

[Hábrún](#) var með umsögn við frumvarpsdrögin og bendir á að bráðabrigðaákvæðin geri:

„engan greinamun á stöðu eða forsögu eldis viðkomandi rekstraraðila á því svæði sem um er að tefla og virðist mega túlka ákvæðið svo að hin tímabundna heimild muni gilda fyrir öll rekstrarleyfi sem til staðar eru á viðkomandi smitvarnarsvæði við gildistöku laganna og þau muni öll falla niður þann 1. júlí 2028 náist engir samningar“.

Hábrún og forverar fyrirtækisins hafa stundað sjókvíaeldi í áratugi í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi og bendir á að:

„óbreyttu getur ákvæðið leitt til þess að eldi sem rekstraraðili hefur stundað um áraraðir á tilteknum eldissvæðum falli niður“.

Ef engir samningar nást falla öll leyfi niður og varla er það sanngjarnt gagnvart Hábrúnu.

Starfræki tveir eða fleiri rekstrarleyfishafar sjókvíaeldi á sama smitvarnarsvæðinu eftir gildistöku laga þessara þá skulu reglur IX. kafla um afföll og X. kafla um lús gilda sameiginlega um slíka rekstrarleyfishafa þannig að afföll og lúsasmit verði metin sameiginlega á öllu smitvarnarsvæðinu. Skerðing eða aukning leyfilegs lífmassa skal skiptast milli viðkomandi rekstrarleyfishafa í hlutfalli við leyfilegan lífmassa hvors um sig á viðkomandi smitvarnarsvæði.

Umhverfissóðarnir blómstra

Það er líklegt að tveir rekstraraðilar verði á sama smitvarnarsvæði, bæði í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi að öllu óbreyttu. Um er að ræða afar ósanngjarnt fyrirkomulag og er letjandi fyrir þá sem leggja metnað sinn að standa sig vel í umhverfismálum laxeldis. Í þessu samhengi er vert að benda á umsögn [Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi](#):

„Það verður jafnframt að teljast ómálefnalegt og í ósamræmi við jafnæðisreglu að skerða framleiðsluheimildir einstakra rekstrarleyfishafa vegna athafna eða athafnaleysis annarra leyfishafa. Er þar um að ræða óviðráðanleg og ófyrirsjáanleg atvik sem voru utan stjórnunarsviðs viðkomandi rekstrarleyfishafa, sem skerðingunni sætir, og ætti þar með ekki að leiða til lækkunar á leyfum lífmassa hans“.

Miðist við rekstraraðila

Það er ekkert því til fyrirstöðu að skerðing eða aukning leyfilegs lífmassa vegna affalla og laxalúsar gildi fyrir einstaka rekstraraðila, eins og í tilfalli slysasleppinga og kynþroska. Í þessu samhengi má einnig benda á að laxalúsalirfur geta auðveldlega borist á milli smitvarnarsvæða sérstaklega í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi og jafnvel yfir mörg smitvarnarsvæði. Þannig að viðfangsefni vegna umhverfismál eru ekki tengt eingöngu við eitt smitvarnarsvæði og mikilvægt að skoða málið í stóra samhenginu og í því samhengi má benda á [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#) þar sem laxalúsalirfur bárust frá Patreks- og Tálknafirði norður með Vestfjörðum.

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að bráðabrigðaákvæði I verði fellt út úr frumvarpinu.
- ✓ Niðurskölun eða aukning heimilda verði miðað við einstaka rekstraraðila en ekki smitvarnarsvæði.

20.2.2 Um ákvæði til bráðabirgða II.

Tilkynni rekstrarleyfishafi Matvælastofnun fyrir 1. júlí 2028 að hann hafi komist að samkomulagi við aðra rekstrarleyfishafa um að einn eða fleiri samkomulagsaðili hætti sjókvíeldi á tilteknu smitvarnarsvæði gegn því að fá að hefja sjókvíeldi á öðru smitvarnarsvæði þá skulu Matvælastofnun og Umhverfisstofnun gefa út ný rekstrarleyfi og starfsleyfi til samkomulagsaðila sem endurspeglar samkomulag þeirra, enda sé samkomulagið og það fyrirkomulag rekstrarleyfa og sjókvíeldis sem þar er gert ráð fyrir í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Ný rekstrar- og starfsleyfi sem gefin er út samkvæmt þessari grein skulu auglýst með hefðbundnum hætti.


Möguleg yfirtaka á Háafelli

Nú geta málin þróast þannig í Ísafjarðardjúpi að ekki verði samið og þá gæti farið svo að uppkaup kæmu til greina. Ef Arctic Fish keypti Hábrúnu og Háafell gæti félagið notað öll sín þrjú eldissvæði og væri jafnframt með stærstan hluta Ísafjarðardjúps undir (mynd 20.3). Í rannsóknarskýrslunni

[Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings](#) er komið inn á uppkaup á Háafelli. Bent var á að keyptur hafi verið 20% hlutur af Jakob Valgeir í Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru hf. (HG) en Háafell er í fullri eigu þess. Það er mikill ávinningur og samlegðaráhrif fyrir Arctic Fish að yfirtaka Háafell og því getur verið réttmætt að greiða hátt verð sem gæti freistað ákveðinna hluthafa HG við að selja.

Möguleg yfirtaka á Hábrúnu

Hábrún hefur verið rekin með tapi undanfarin ár skv. ársreikningum 2022 og 2021, og eigið fé lækkað mikið. Meirihlutaeigendur Hábrúnar gætu því séð sér hag í að selja fyrirtækið og þannig endurheimt það fjármagn sem upphaflega var lagt í félagið og jafnvel með góðri ávöxtun.



Mynd 20.5. Staða mála myndi einfaldast mikið í Ísafjarðardjúpi ef t.d. Arctic Fish yfirtaki Háafell og Hábrúnu.

Bráðabrigðaákvæði I og II mun auka líkur á að íslensku sjókvíaeldisfyrirtækin á Vestfjörðum verði keypt upp af Arnarlaxi og/eða Arctic Fish. Eftir stand þá tvö fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu erlendra aðila. Er það ætlunin eða markmiðið með þessu bráðabrigðaákvæði? Einnig er vísað til umsagnar IV. kafla frumvarps um smitvarnarsvæði og dýraheilheilbrigði.

Þyrfti aðeins að semja við Arnarlax

Ef t.d. Arctic Fish yfirtæki Hábrúnu og Háafell myndi staðan verða mun auðveldari. Eins og fram kemur í skýrslu Matvælastofnunar [Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023 - Greining á atburðarás](#) þá hafa Arnarlax og Arctic Fish gert samstarfssamning varðandi nýtingu eldissvæða í Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði og einnig í Ísafjarðardjúpi. Arctic Fish þyrfti þá aðeins að semja við Arnarlax sem reyndar er búið að gera.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur ráðherra, án aðkomu eða umsagna Hafrannsóknastofnunar eða Matvælastofnunar, ákveðið skiptingu hafsvæða í smitvarnarsvæði. með reglugerð og gildir sú heimild til 1. júní 2029.

Pólitík ákvörðun

Athyglisvert er að í bráðabrigðaákvæði II kemur fram þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur ráðherra, án aðkomu eða umsagna Hafrannsóknastofnunar eða Matvælastofnunar, ákveðið skiptingu hafsvæða í smitvarnarsvæði, með reglugerð og gildir sú heimild til 1. júní 2029. Hér gæti þróunin verið sú að eitt eða fleiri smitvarnarsvæði væru ákveðin af ráðherra, pólitísk ákvörðun án vísindalegs rökstuðnings. Í greinagerð með bráðabrigðaákvæði II kemur fram að um heimild ráðherra að skilgreina smitvarnarsvæði yrði líklega aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Hvaða ákvörðun tekur ráðherra?

Verður þá pólitískri ákvörðun beitt í tilfelli Ísafjarðardjúps ef ekkert verður af samningum á milli fjögurra ótengdra rekstraraðila? Mun ráðherra þá taka afstöðu með íslensku félögunum Hábrúnu og Háafelli og skilgrein smitvarnarsvæðin þeim í hag eða styðja við Arnarlax og Arctic Fish, félög í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta? Ákvörðun ráðherra mun vera erfið, umdeild og ekki víst að hún standist lög þegar á reynir. Hvað verður gert ræst mikið af sitjandi ráðherra þegar til ákvörðunar kemur og í því sambandi má t.d. nefna að það hefur verið mikill munur vinnubrögðum í tilfelli Kristjáns Þórs Júlíussonar og Svandísar Svavarsdóttir sem hefur viðhaft mun faglegru vinnubrögð.

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að bráðabrigðaákvæði II verði fellt út úr frumvarpinu.

20.2.3 Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ef fleiri en einn aðili starfar á smitvarnarsvæði eftir gildistöku laga þessara þá skal miða við að lífmassi samkvæmt rekstrarleyfi sem þá er í gildi sé leyfilegur lífmassi samkvæmt lögum þessum. Ekki er heimilt að hækka leyfilegan lífmassa rekstrarleyfishafa þegar fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfar á smitvarnarsvæði.

Athugasemd SFS

Hér er um að ræða mjög ósanngjarnt ákvæði til bráðabirgða sem gæti lagst misþungt á einstök laxeldisfyrirtæki. [Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi \(SFS\)](#) í umsögn sinni við frumvarpsdrögin kemur með afdráttalaus afstöðu og bendir á að það:

„þykir ekki málefnalegt eða sanngjarnt að gera greinamun á rekstrarleyfishöfum eftir því hvort þeir starfa einn eða fleiri á smitvarnarsvæðum, hvað varðar heimild þeirra til að sækja hækun á

leyfilegum lífmassa skv. 32. gr. laganna. Vafi er um hvort ákvæðið samræmist eignarréttarvernd 72. gr. stjórnarskrár og þeirra stjórnskipulegu jafnræðisreglu sem felst í því ákvæði, sbr. 65. gr. stjórnarskrár“.

Vandamálið leysist vart með smitvarnarsvæðum

Þetta ákvæði mun aðeins snerta sjókvífeldisfyrirtæki á Vestfjörðum en ekki Austfjörðum þar sem þar er aðeins einn rekstraraðili. Það er líklegt að í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi verði fleiri en einn rekstrarleyfisaðili á smitvarnarsvæði. Skv. þessu ákvæði veður þeim gert óheimilt að auka við leyfilegan lífmassa. Það eru vart önnur rök fyrir þessu en að þvinga menn til samtals sem leiðir af sér að einn rekstraraðili verði á hverju smitvarnarsvæði. Vandamálið er ekki hvort einn eða tveir rekstraraðilar sé á sama smitvarnarsvæði. Það snýst frekar um að sumum laxeldisfyrirtækum hefur leyft að vera umhverfissóðar til að draga úr kostnaði og þannig auka fjárhagslegan ávinning. Í þessu samhengi má bend á laxalúsafárið í Tálknafirði en gert er grein fyrir því í leiðbeiningum til fjölmiðla [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#).

Það er í sjálfum sér engin lausn að vera með einn rekstraraðila á smitvarnarsvæði. Hættan er jafnframt að þetta ákvæði muni fyrst og fremst lenda á íslensku félögunum, Hábrúnu og Háafelli.

Tillaga:

- ✓ Lagt er til að bráðabrigðaákvæði III verði fellt út.

20.2.4 Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Öll rekstrarleyfi skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi sem eru í gildi við gildistöku laga þessara skulu breytast í ótímabundin leyfi við gildistöku laganna.

Með að hafa tímabundið leyfi eins og nú er, er meiri möguleiki að taka á skipulagsmálum við endurnýjun leyfa með það að markmið að draga úr umhverfisáhrifum. Að vera með ótímabundin leyfi færast auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta eins og staðan er nú. Nánar er fjallað um málið í V. kafla frumvarps Úthlutun smitvarnarsvæða og rekstrarleyfi.

Frá og með gildistöku laga þessara skal allt eldi í sjókvíum verða kynslóðaskipt með hvíldartíma milli kynslóða án þess að slíks sé sérstaklega getið í rekstrarleyfi.

Óljóst er af hverju þetta ákvæði kemur inn í bráðabrigðaákvæðið en ekki er kveðið að kynslóðabundnu eldi a.m.k. í sumum rekstrarleyfum. Ástæðan fyrir þessu ákvæði kann að vera sú að í tilfalli Arnarlax var um að ræða útsetningu á sama eldissvæði í Tálknafirði í tvö ár í röð en gerð er grein fyrir því í leiðbeiningum fyrir fjölmiðla [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#).

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að bráðabrigðaákvæði VI er varðar ótímabundin leyfi verði fellt út.

20.2.5 Um ákvæði til bráðabirgða VII.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 76. gr. skal fjárhæð gjalds fyrir hvert kílógramm slátraðs lax og regnbogasilungs nema því hlutfalli reiknistofnsins sem hér segir: 4/7 árið 2025, 5/7 árið 2026 og 6/7 árið 2027.

Það hefur verið gagnrýnt að laxeldisfyrirtækin séu ekki að greiða nægilega mikið til samfélagsins. Það kemur því á óvart að það eigi að festa fullri greiðslu til ársins 2028 en áður var gert ráð fyrir að hún kæmi til framkvæmda á árinu 2026. Nánar er fjallað um málið í umsögn við XIV. kafla frumvarpsins um framleiðslugjald samfélagssjóðs.

Tillögur:

- ✓ Lagt er til að bráðabirgðaákvæði VII verði felld út.

20.3 Mögulegar sviðsmynd

Ef bráðabirgðagjald fer óbreytt í gegn mun sviðsmyndin líklega vera eftirfarandi:

- ✓ Arnarlax og Arctic Fish verði einu laxeldisfyrirtækin á Vestfjörðum eftir nokkur ár.
- ✓ Allt laxeldi í sjókvíum á Vestfjörðum verði í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.
- ✓ Greiður á framleiðslugjaldi í samfélagssjóð seinki enn frekar en lagt var upp með á árinu 2019.
- ✓ Jafnframt er vitnað til [þingsályktunartillögu](#) varðandi mögulega sviðsmynd;
 - „Hugsanlegt er að einn aðili eignist öll gild rekstrarleyfi og stýri þannig allri framleiðslu á eldisfiski og seiðaeldi á sjó og landi. Við það skapast sú hætta að einn aðili stjórnir stórum landsvæðum með þeim afleiðingum að samfélög, sveitarstjórnir og stjórnvöld eigi meira undir honum en góðu hófi gegnir“.

18 UMRÆÐAN
MORGUNBLAÐIÐ ÞRIÐJUDAGUR 12. OKTÓBER 2021

Erlent eignarhald í laxeldi og sjávarútvegi

Eftir Valdmar Inga Gunnarsson

Í skýrslu starfsþóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá árinu 2017 var lagt til „að ekki verði settar sérstakar talmáttakir á erlent eignarhald í íslensku fiskeldi. Slíkar reglur myndu draga úr fjárfestingum erlendra aðila í fiskeldi hér á landi og þannig skapa óvissu um framþróun fiskeldis“. Á



Valdmar Ingi Gunnarsson

(Þingskjal 1720-539. máli) kemur fram að eignarhatur erlendra aðila er mjög lítil í íslenskum sjávarútvegsdyrtækjum. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á umfangnum í fjárfestingum þar sem hefur komið fram mikil andstaða við kaup erlendra aðila á laxvelðum og landsvæðum, m.a. af stjórnsmádomnum. Af hverju eiga aðrar reglur að gilda um erlent eignarhald í laxeldi

» Búið er að ráðstafa hagnaðinum í forni mikillar eignamyndunar erlendra fjárfesta, upp á tugi milljarða króna, sem byggist að mestu á virði eldisleyfa.

Engin umræða á þinginu
Eignarhald fékk enga efnislega umfjöllun á Alþingi Íslendinga og kann það að hafa eðlilegar eða óeðlilegar skýringar. Það átti sér stað

Viðauki 1. Skýrslur og greinar um áhættumat erfðablöndunar

Greinar og rannsóknaskýrslur sem höfundur hefur birt og tengjast gagnrýni á áhættumati erfðablöndunar.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. „Fljótandi að feigðarósi“ – Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.). Þingskjal 1060 – 647. mál á 149. löggjafarþingi 2018- 2019. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 26 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 62 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 54 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar – Hver passar upp á íslenska náttúru? Bændablaðið 07.05.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar – Of fá veiðivötn skilgreind. Bændablaðið 20.05.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Það er búið að lögfesta heimild til erfðablöndunar á villtum íslenskum laxastofnum. Bændablaðið 04.06.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og sjálfbærir villtir laxastofnar. Bændablaðið 02.07.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og mótvægisáðgerðir. Bændablaðið 16.07.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og vöktun laxastofna. Bændablaðið 30.07.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og viðbrögð við slysasleppingum. Bændablaðið 20.08.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar sem íslenska leiðin. Bændablaðið 10.09.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar í nýju fót keisarans. Bændablaðið 24.09.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Rýniskýrslan og vöktun laxastofna. Bændablaðið 08.10.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnanir sem á að fórna. Bændablaðinu 05.11.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnunum fórnað til að auka framleiðsluheimildir á frjóum eldislaxi. Bændablaðinu 19.11.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnarnir – Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur. Bændablaðið 03.12.2020.

Allar greinarnar sem birtar voru í Bændablaðinu um áhættumat erfðablöndunar er hægt að lesa í [Fiskeldisfréttum 2, töluþl. 7. árg.](#) en þar mynda þær eina heild. Allar greinarnar um litlu laxastofnana er hægt að lesa í [Fiskeldisfréttum 3, töluþl. 7. árg.](#) en þar mynda þær eina heild.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Áhættumat erfðablöndunar verkfæri íslensku leiðarinnar. Morgunblaðið 25.01.2021.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana. Sjávarútvegsþjónustan. 95 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Farið er fram á að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar. Beiðni til ráðgjafanefndar Hafrannsóknastofnunar. 9 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2022. Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan. Viðauki 7 við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“. 1. útg. 99 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2022. Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi. Viðauki 5 við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“. 1. útg. 28 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumat erfðablöndunar – Hvað næst? Bændablaðið 9. febrúar 2023.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 5. 49 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumatið og fjárhagslegur ávinningur. Bændablaðið 7. september 2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Fjarlægja eldislaxa úr veiðiám – Ferli málsins. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 6: 8 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 5. 49 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumatið, forsendurnar og vöktunin. Bændablaðið 24. ágúst 2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Ófrjóir laxar til að halda eldissvæðum. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 4: 21 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumatið og aðför að íslenskum hagsmunum. Bændablaðið 20. júlí 2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumatið og annarleg sjónarmið. Bændablaðið 6. júlí 2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumatið og litlu veiðiárnar. Bændablaðið 22. júní 2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Lögfesta erfðablöndunar á laxi. Bændablaðið 08. júní 2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumat erfðablöndunar – Hafrannsóknastofnun verður svarað. Bændablaðið 27.04.2023

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar – Ferli málsins. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 2: 3 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Hlutfallið milli framleiðslumagns og hámarkslífmassa í fiskeldi. Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 1: 5 bls

Hægt er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://siavarutvegur.is/?page_id=1017 og í síðustu [árskýrslu Samfélagsverkefnis qeqn spillingu](#).

Viðauki 2. Aðrar grein höfundar

Aðrar greinar í tengslum við Samfélagsverkefni gegn spillingu aðrar en koma inn á áhættumat erfðablöndunar

- ✓ [Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin.](#) Leiðbeiningar yfir fjölmiðla nr. 9. 44 bls. 2023
- ✓ [Frumvarp um lagareldi – Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.](#) 46 bls. 2023
- ✓ [Ársskýrsla Samfélagsverkefnis gegn spillingu.](#) Fiskeldisfréttir 10(2): 1-11. 2023
- ✓ [Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar.](#) Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 8. 32 bls. 2023
- ✓ [Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040 – Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf.](#) 20 bls. 2023
- ✓ [Stefnumótun í lagareldi: Aðgerðir sem bitna á nærsamfélaginu.](#) Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 7. 5 bls. 2023
- ✓ [Strandbúnaðarmálið og þöggunin.](#) Viðauki 9 við bókina Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“ 1. útg. 55 bls. 2023
- ✓ [Áhættumatið og fjárhagslegur ávinningur.](#) Bændablaðið 7. september 2023
- ✓ [Eignarhald í laxeldi á Íslandi.](#) Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 3: 8 bls.2023
- ✓ [Skýrsla Ríkisendurskoðunar, þöggunin og beiðni um opinbera rannsókn.](#) Bændablaðið 23. febrúar. 2023
- ✓ [Lög um fiskeldi og nýja leyfisveitingakerfið.](#) Morgunblaðið 13. febrúar 2023.
- ✓ [Samfélagsverkefni gegn spillingu – Ársskýrsla 2022.](#) Fiskeldisfréttir 9(1): 3-10.
- ✓ [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan.](#) Viðauki 7 við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“ 1. útg. 99 bls. 2022
- ✓ [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi.](#) Viðauki 5 við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“ 1. útg. 28 bls. 2022
- ✓ [Arctic Fish – Leiðin til fjárhagslegs ávinnings.](#) Viðauki við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“ 1. útg. 59 bls. 2022
- ✓ [Laxeldisleyfin og fjárfestingar Íslendinga.](#) Morgunblaðið 3. ágúst 2022.
- ✓ [Eldisleyfin: Eign eða leiga?](#) Bændablaðið 21. júlí 2022.
- ✓ [Lög um fiskeldi og samfélagsverkefni gegn spillingu.](#) Morgunblaðið 21.06.2022.
- ✓ [Hagsmunagæsla, stefnumótun og stjórnsýsluúttekt fyrir fiskeldi.](#) Morgunblaðið 16.05.2022.
- ✓ [Lög um fiskeldi og ólíqarkar.](#) Morgunblaðið 25.10.2021.
- ✓ [Erlent eignarhald í laxeldi og sjávarútvegi.](#) Morgunblaðið 12.10.2021
- ✓ [Stór laxeldisfyrirtæki og lítil sjávarútvegs-fyrirtæki?](#) Morgunblaðið 27.09.2021
- ✓ [Verðmæti eldisleyfa sem eru í eigu útlendinga.](#) Bændablaðið 26.08.2021
- ✓ [Lög um fiskeldi – Vermæti eldisleyfa Fiskeldis Austfjarða.](#) Morgunblaðið 23.08.2021
- ✓ [Lög um fiskeldi – Vermæti eldisleyfa Arnarlax.](#) Morgunblaðið 09.08.2021
- ✓ [Lög um fiskeldi – Auðlind í eigu útlendinga, ný stefna á Íslandi?](#) Morgunblaðið 19.07.2021
- ✓ [Lög um fiskeldi – Grunnur lagður að erlendu eignarhaldi með „lobbíisma“ og spilltri stjórnsýslu.](#) Bændablaðið 08.07.2021
- ✓ [Lög um fiskeldi – Arnarlax „kassaði“ inn tugum milljarða með lobbíisma og spilltri stjórnsýslu.](#) Morgunblaðið 28. júní 2021
- ✓ [Lög um fiskeldi – Stefnumótun stjórnvalda um fiskeldi varð að stefnumótun sérhagsmunaaðila – Og nokkrir „kössuðu“ inn.](#) Morgunblaðið 19. maí 2021
- ✓ [Lífeyrir almennings notaður til að fjármagna íslensku leiðina.](#) Morgunblaðið 26. mars 2021
- ✓ [Áhættumat erfðablöndunar verkfæri íslensku leiðarinnar.](#) Morgunblaðið 25. janúar 2021.
- ✓ [Lög um fiskeldi – Að fanga ríkisvaldið og ná fjárhagslegum ávinningi.](#) Morgunblaðið 23. október 2020
- ✓ [Flokkast íslenska leiðin undir spillingu?](#) Morgunblaðið 25. maí 2020
- ✓ [Sjókvíaelði laxfiska: Draga úr kostnaði og ná fjárhagslegum ávinningi.](#) Morgunblaðið 5. maí 2020
- ✓ [Tryggja sér eldissvæði með óraunhæfum ófrjóum eldislaxi.](#) Morgunblaðið 30. mars 2020
- ✓ [Sjókvíaelði laxfiska – Stefnumótunarskýrslan, fiskeldisfrumvarpið og vinnubrögðin.](#) Morgunblaðið 22. febrúar 2020
- ✓ [Sjókvíaelði laxfiska – Stefnumótunarahópurinn og hagsmunagæsla.](#) Morgunblaðið 17. febrúar 2020
- ✓ [Að tryggja sínum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning.](#) Morgunblaðið 27. janúar 2020
- ✓ [Sjókvíaelði laxfiska – Vinnubrögð stjórnmalamanna og stjórnsýslunnar.](#) Morgunblaðið 14. janúar 2020.